GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ
SAFNAHÚSIÐ ÍSAFIRÐI

# SKJALASAFNIÐ ÍSAFIRÐI

Íþróttafélagið Stefnir, Suðureyri

Blaðið „Röðull“

1920 - 1925

Aðfnr. 1183/262

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af

Þjóðskjalasafni Íslands

Tekið af vef Skjalasafns Ísafjarðar

www.safnis.is

Röðull

I

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

li

iđ 3 mönn-
ar hvert.
ðrfum.
blađa broti
era minnst

gjum fundi
yjaskifti
hvert.
ast er til
senda

fa í fyrsta
ð öðru
sambandi
ir Ung-
sstefnis-
ællinu.
undir gerð
e það leið

SKJALASAFNIÐ ÍSAFIRÐI - SKJALASAFNIÐ ÍSAFIRÐI 1183

Skjalasafnið Ísafirði

1. gr.

2. gr.

3. gr.

4. gr.

5. gr.

6. gr.

Skjalasafnið Ísafirði

# Reglugjörð

## fyrir blaðið Röðul

1. gr. Ritnefnd blaðsins skal skipuð 3 mönn-
um, er kosnir séu á aðalfundi ár hvert.
Nefndin skiftir sjálf með sér störfum.

2. gr. Blaðið skal ritað í bók í 4 blaða broti
og stærð hvers tölublaðs, skal vera minst
4. mest 7 blöð.

3. gr. Blaðið skal koma út á hverjum fundi
frá 15 Oct. til Apríllóka. Árgangaskifti
blaðsins eru 1. Febrúar ár hvert.

4. gr. Ritgjörðir og annað sem ætlast er til
að birt sé í blaðinu, skal senda
ritnefnd í heilu lagi.

5. gr. Leyfi til að rita í blaðið hafa, í fyrsta
lagi allir félagar Stefnis. Í öðru
lagi allir félagar í Íþrótta sambandi
Ísland og í þriðja lagi allir Ung-
mennafélagar. Þó skulu Stefnis-
menn ávalt hafa forgangsréttinn.

6. gr. Þeir sem rita í blaðið undir gerfi-
nöfnum skulu segja ritnefnd hið

Skjalasafnið Ísafirði

rétta nafn sitt, og er þá nefndinni skylt að halda nöfnunum leyndum nema sérstakar ástæður krefji. Þagnarskyldan varir jafnt þótt nefnd~~armaður~~ láti af störfum. Nafnlausum greinum veiti nefndin ekki móttöku

7. gr. Nefndin ræður hvað hún tekur í blaðið af því sem henni berst. Neiti hún grein um rúm, endursendi hún eiganda hana ásamt ástæðum fyrir neituninni.

8. gr. Nefndin hefir leyfi til að breyta orðum í aðsendum greinum; þó skal þess ávalt gætt að* sambaud efnisins raskist ekki.

9. gr. Ritari blaðsins skal jafnan lesa það upp á fundum fjelagsins; sje hann ekki á fundi skal ritnefnd velja annan í hans stað.

10. gr. Reglugerð þessi gengur í gildi þegar hún hefir verið samþykt á fundi.

* Undirstrikað af D. Á. G.

Skjalasafnið Ísafirði

Á aðalfundi „Skefnis“ hinn 28. jan. 1934 var samþykkt sú breyting á framan skráðri reglugerð 1. gr. að ritnefnd blaðsins skuli skipuð 5 mönnum í stað þriggja áður.

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd:
Jpr. Á. Kristjánsson, Jpr. J. Þorvaldsson Friðrik Hjartarson

| 1. blað | Suðureyri 7. Nóvember 1920. | 1. ár. |
|---|---|---|

## Ávarpsorð.

Það er liðið hálft ár síðan Röðull var stofnaður; þó hann fyrst nú hefji göngu sína, annríki sumarsins og aðrar ástæður hafa hamlað útkomu hans.
Hann kemur ekki til að sýna sig fjöldanum, því starfsvið hans hefur verið ákveðið innan félagsins. Skepnir og fyrir það ber honum sérstaklega að starfa. Félagsmönnum er hann ekki óvændur gestur því þeir hafa til hans stofnað og gefið honum nafn það er hann ber, sem bendir til þess að hann eigi að verða sá aflgjafi félagsins, er veiti því andlegan yl og ljós á ókomnum árum.
Markið er hátt, en þó hefur Röðull óhræddur göngu sína í þeirri von að því verði þó að einhverju leiti náð.
Hann gerist ekki til að lofa miklu, því á aðra verður hann að treysta að því

Skjalasafnið Ísafirði

er efndirnar snertir, en hann biður fél-
agsmenn að minnast þess að þeim ber
að ljá honum lið með því að hugsa sjálfir
og leyfa honum að flytja hugsanirnar til
annara. Undir félagsmönnum er það komið,
hvort tilvera hans verður félaginu til sóma
eða vansæmdar, heilla eða óheilla, hvort
hann á heldur að dafna og þroskast eða
dragast upp og deyja andlegum hor- og
hungurdauða.
Veturinn er byrjaður og hann hefir jafn-
an verið aðal starfstími félagsins.
Með honum hefur blaðið göngu sína í
þeirri von að geta að einhverju leyti
dreift skammdegismyrkrinu með því
að hvetja félagsmenn til starfa og
hugsunar.

## Tómstundir.

Annatíminn er úti. Tómstundirnar aukast. Veltur jafnan á miklu hvernig
þeim er varið. Sjálfsagt er að Stefnismenn
noti þær til íþróttaiðkana að einhverju
leyti, en margar verða þó eftir, sem nota-

drjúgar gætu orðið ef vel væri með farið.
Hollar skemtanir eru og nauðsynlegar, en vel
fer aldrei á því að þær séu úr hófi. Aðal
ég ekki draga ykkur á því hvern veg ég tel
tómstundum vel varið. Það er með lestri góð-
a bóka. Bækur eru dýrar nú, en við erum
svo heppnir að hér er allgott bókasafn til, svo
að auðvelt er að afla bókanna, án þess að
buddunum sé um of íþyngt. Hvað á að lesa?
Bókmentir okkar eru tvennskonar. Forn bók-
mentir og miðaldarbókmentir.

Hvorutveggju á að lesa. Enginn ætti að vera
kominn yfir tvítugt, er ekki hefir lesið Íslendinga-
sögurnar, fornaldarsögur Norðurlanda og Edd-
urnar. Þetta eru gullaldarbókmentir okkar,
og þeim eigum við einna mest það að þakka að
tunga okkar og þjóðerni er til.
En einhlítt er ekki að lesa fornbókmentirnar.
Við verðum líka að lesa hinar nýju. –
Gæfan hefir verið svo gjöful við okkur um
skáldin að við höfum átt þau bæði mörg og góð.
Hafa þau sagt margt af því besta og fegursta
er tungan geymir, bæði í bundnu máli og
óbundnu, og væri hörmulegt ef við kynnum

Skjalasafnið Ísafirði

ekki að meta slíkt, vörum slíkir andlegir kryplingar, að við lyftum aldrei huga okkar frá daglegu störfunum. —

Ekki er því að neita, að til eru bækur sem lítið, eða ekkert gildi hafa. Tel ég þar til ýmsa útlenda „eldhúsrómana“ sem „óttalegur leyndardómur“ er hvað vel geðjast mönnum, og eru „kynlegir þjófar,“ bæði á fé og tíma. —

— Þá vil ég minna ykkur á tímarit okkar. Eru þau oft mjög læsileg og getur sá er vill fylgjast með „alls ekki án þess verið að lesa þau. Sama má segja um blöðin, þótt margt megi að þeim finna, en „sá verður eins“ og „álfur út úr hólum“ er aldrei lítur í neitt blað. — Blöðin verðum við að lesa, ekki vegna þess að þau bæti okkur, heldur hins vegna, að við verðum andlegir „steingervingar“ án þeirra. Þau eru dýr, en þá er ráðið að nokkrir menn séu um eitt blað. —

Að síðustu: Notið tómstundirnar til lesturs góðra bóka, tímarita og blaða. Ykkur mun aldrei iðra þess.

Í vetrarbyrjun 1920.

Friðrik Hjartarson

Skjalasafnið Ísafirði

# Stefnismenn!

Vér höfum nú stofnað blað og er þar með fengið tækifæri fyrir þá sem iðka vilja andlega leikfimi og bregða sér í bókmentalega glímu. Jeg þykist vita að margir yðar hafi löngun til að setja greinar í blaðið og veit einnig, að við umhugsun um hvað skuli segja og um hvað skuli rita, verður sá þröskuldur á götu flestra, að þeir finna sig ekkert hafa að rita um sem öðrum þætti vert að vita eða hefðu ekki áður heyrt eða þekt. Í þessu sambandi bið jeg yður athuga það, að blaðið er ekki eingöngu til þess stofnað að flytja félags-mönnum nýjungar, heldur, að eins miklu leyti eða jafnvel frekar til þess að félagsm. gefist kostur á að finna og æfa hæfileika sína til ritstarfa, alveg eins og leikfimi og glímur eru fremur æfðar og iðkaðar til stælingar hjarta og vöðvum og eflingar líkamlegrar hreysti, en til þess að sýna þau öðrum til ánægju.

Þegar þjer því veljið yður efni til að rita um, er það eitt aðalatriðið að þjer þekkið vel það sem meðhöndla skal, sem dæmi má nefna rit-gjörðir í frásögustíl, um dagleg vinnubrögð

Skjalasafnið Ísafirði

t.d. lýsingu á sjóferð við lóðafær, eða lúr á
handfæraskipi eða á degi við heyvinnu eða
frásögu af ferðalagi o.s. frv.
Vel má svo fara, að þó yður sjálfum finnist
yður ekki fimlega takast, að öðrum finnist ann-
að og svo er um eitt. Þér þurfið að athuga hvernig
hugsanir yðar, taka sig út á pappírnum.
Jeg las nýlega endurminningar eftir einn af
stjórnmálamönnum Dana. Hann getur þess
þar iðuglega, að hann hafi lesið sínar eigin
blaðagreinar til að sjá hvernig þær „tækju sig út"
á prenti. — Þjer þurfið að reyna hvernig hugs-
anir yðar hrósa sér á pappírnum og við upp-
lestur af annara vörum.
Jeg veit það af eigin reynd og af eigin sjón,
hve örðugt það er að byrja, að tala á fund-
um, þó veit enginn hve langt hann kemst
í þeirri ágætu list sem málska nefnist, nema
hann reyni það. Í sambandi við þetta kemur
mér í hug maður nokkur í einni af skáldsög-
um Dickens. Hann gat, í daglegum viðræð-
um, ekki sagt nema fáar setningar í sam-
hengi og átti bágt með að koma fyrir sig orði,
en hann skrifaði sendibrjef, bæði mörg og löng,

Skjalasafnið Ísafirði

sem voru ~~báði~~ svo flóandi af orðgnótt og mál-
skrúði að með naumindum varð komist að
efni þeirra. Hver veit nú nema svona sje ástatt
um suma af yður? Þjer hafið máske reynt að
taka þátt í umræðum og fundið að málskum-
ar braut, er yður fyrrum skráður vegur, er
þá ekki ráð að reyna hvort þér eigið ekki
hægra með að rita um það sem huganum
geymir og að höndum kemur og fyrir augu og
eyru ber? Hjer er tækifærið framboðið fyrir einn
og sjer hvern og enginn hefur ráð á því að
grafa sitt pund í jörðu og gera það sjer og öðr-
um ávaxtalaust ef annars er kostur.
Látið nú ekki blaðið satast af sulti og fyrir
skort á efni og verið ekki aldof hræddir við
það að ritnefndin hafi leyfi til að breyta
orðum í aðsendum greinum, því hún vill
aldrei breyta þeim nema til betra máls.

Kr. S. Kristjánsson.

## Íslendingasögur.

Hvenar eru Íslendingasögur ritaðar?
Blómatími íslenskrar sagnaritunar er hér um bil

Skjalasafnið Ísafirði

frá 1150–1230. Til þess að geta fært eitthvað
í letur þurfa menn auðvitað að kunna að skrif-
a, og þá list lærðu Íslendingar eigi fyr en á 11.
öld og þá ekki aðrir en prestar, enda þurftu þeir
að afrita tíðareglur o.fl. sem þeir notuðu við guðs-
þjónustu. Það ræður að líkindum að skriftar-
kunnátta Íslendinga hafi alt lengi eigi verið í
annara höndum en presta, því að almennur
siður var skrift ekki orðin fyr en um 1100, og
um 1150 er farið að rita Íslendingasögur, svo sem
áður er sagt. Hverjir ritað hafi sögurnar, vita
menn ekki, en þó mælir ekki svo lítið með því, að
munkar hafi ritað þær og þá einkum það, að efni
flestra og merkustu sagnanna gerist í þeim
héruðum sem klaustrin eru í. — Eða hví eru
sögurnar yfirleitt ekki eins úr þeim héruðum,
þar sem klaustrin voru ekki? Ætla má þó, að
eins viðburðaríkt líf til frásagna hafi verið í
þeim héruðum, og viðburðaríkt <u>var</u> lífið á Ís-
landi, þá er efnið í sögurnar gerðist, en það
var um 100 ára tíma, eða á 10. öldinni og fram
undir miðja 11. öld. 10. og 11. öldin var „vígöld
og vargöld". Þá voru uppi margir „ríkir rekkar og
gildir garpar," með brennandi tilfinningum og

Skjalasafnið Ísafirði

köldu viti, í stálhertum vilja, en „hjörtum þó sem gull ef á var reynt.“ Það voru fyrirmenn ættanna hver í sínu ríki og hetjur ættanna sem einkum gáfu efnið í sögurnar. Og Ísland var land ættanna. Stjórnarfarið var ættjöfur stjórn. Til þess að gera sér grein fyrir hversvegna söguöldin var svo viðburðarík öld, verður að líta á hugmyndir manna þá um ætturnar, þá finnur maður að ættarmetnaðurinn er aðal uppsprettan hinna söguríku atburða, er gerast á öllum þessum. Á vörum ættmannanna lifðu sögur um afrek feðranna, dáðir þeirra og drengskap, virðing þeirra, auð og völd, og það knúði ættmennina til að halda uppi „veg og gengi“ ættar sinnar. Dýrasta eign þeirra var „sómi ættarinnar“ og því var þeirra stærsti metnaður að halda uppi og verja sóma hennar, og sómi ættarinnar var „vegur hennar og gengi.“ Ef vegin var maður í ættinni, „höggvið skarð í hana“ þá var sjálfsagt að fylla skarðið, „halda uppi veg hennar og gengi“, en til þess var engin önnur leið en „hefnd“ og einkum „blóðhefnd“ víg fyrir víg, mannslíf fyrir mannslíf.

Skjalasafnið Ísafirði

Þetta leiddi til einlægra víga og mann-
hefnda. Þannig sér maður, hvernig aldarmelnað-
urinn mótar lund einstaklinganna, og ekki
nóg með það heldur og siðferðisskoðanir þjóðar-
innar í heild sinni. Blóðhefndin er því megin
siðferðiskrafa þjóðarinnar, og þar sem blóð-
hefndin er svo rík í þjóðfélaginu, er ekki
þess að vænta, að framkvæmdarvaldið eigi
sér stað, enda er ein ástæða til mannvíg-
anna sú, að framkvæmdarvaldið vantar.—
Önnur ástæða til hinna vígaríku atburða
sögualdarinnar er trúin. Samkvæmt trúnni
var líf manna eftir dauðann komið undir
því, hve hraustir þeir voru í orustunni. Eini
vegurinn til að verða Einherji hjá Óðni var
að falla á vígvellinum, og vissasti vegur-
inn til vegs og virðingar í Valhöll, var að
„bregða sér hvorki við sár né bana."
Og hverjum hraustum garp voru heimil eins
mörg rúm í Valhöll og menn þeir voru margir,
er hann vó í orustunni. Það gefur að skilja,
að slík trú, Valhallartrúin, hefir ekki dreg-
ið úr drengilegum vígaferlum sögualdarinn-
ar.

Skjalasafnið Ísafirði

Þegar þetta er nú dregið saman:
ættarmetnaðurinn, lundarfarið og siðferðisskoð-
anirnar, sem hann skapar með þjóðinni og
svo trúin, sem fer í sömu áttina, þá verða
skiljanlegar hinar söguríku minningar,
sem Íslendingasögurnar geyma. —

En eru þá þessar söguríku minningar,
með öðrum orðum Íslendingasögurnar sannar?
Að hinar elztu og helzta sögur eru sannar í höf-
uðatriðunum er óefað. Til þess liggja margar lík-
ur og nokkur rök. Og má telja þessi helzt:
ættarmetnaðurinn leitar til þess, að afrekum
ættarinnar er haldið á lofti, afrekin lifa á
vörum ættmannanna og fylgja ættinni og
verða fyrirmyndir sonanna og niðjanna inn-
an ættarinnar. Það má geta nærri að á
þessum öldum, þegar afrekin eru sómi sá,
er metnaðargjarnir ungir menn keppa eft-
ir, hafi þeir verið sólgnir í að heyra sagt
frá afrekum feðranna. Feðurnir urðu fyr-
irmyndin, og afrek hugsjónin, sem sýndi veg-
inn til dáða og vakti hjá þeim löngun til
að standa ekki feðrunum að baki, að ætt-
leraist ekki. Og því fremur hefir menn fýst

Skjalasafnið Ísafirði

að heyra svona sögur, sem það var einn hinn helsti andlegi unaður, að heyra sagðar vel sögur. Þessar sögur um hreystiverk feðranna verða arfsagnir eða ættarsagnir. Ættarmetnaðurinn heldur svo þessum ættarsögum við. Eitt er það enn, sem bendir mjög til þess að sögurnar séu sannar, það eru „ættargripir“, eða vopn og menjar, sem fundist hafa, og minna á sagnirnar og styðja þær. Ennfremur takast einstakir menn, „fróðir menn“ á hendur að læra sögurnar og segja þá þeim á þingum og mannfundum, svo að allur þingheimur hlýðir á, og þótti það jafnan hin besta skemtun. Síðan lærir hver af öðrum sagnirnar og berast þær svo út um sveitir og geymast í hugum manna. Þessir „fróðu menn“ sögumenn, og sagnaskemtun sú, er þeir vekja hjá þjóðinni, eru eitt með öðru til að gera það skiljanlegt, að sögurnar gátu geymst um svo langan tíma, þangað til (að) þær voru ritaðar, og það því fremur, sem hugir manna þá voru óskiftir og þeir höfðu engin ráð til að geyma þær, öðruvísi en í minni sér. — En eru þá Íslendingasögurnar eins og þær eru nú, í sama búningi

Skjalasafnið Ísafirði

og hinar gömlu arfsagnir voru, eins og söguminn-
inni sögðu þær og þær lifðu á vörum manna?
Nei og já. Þeir, sem hafa ritað sögurnar, hafa
a gert það með þeim ásetningi að rita sann-
ar sögur. Þeir hafa rannsakað heimildir og sög-
ustaði, og ritað svo öll einstök atriði í samfeld-
heild. En sagnastílnum munu þeir hafa
haldið óbreyttum. Og það er ekkert ólíklegt, að
sagnirnar hafi verið svo djúpt greyptar í minn-
i manna, að söguritarinn hafi getað haldið
frásagnaraðferð og orðfæri óbreyttu.

Friðrik Hjartarson.

---

# Smælki.

Konan: Mér sýndist frú Talsen ekki heilsa
þér. Hvernig stendur á því? Ég helt að þið vær-
uð góðkunningjar?
Maðurinn: Nei, við erum það ekki lengur skal
ég segja þér. Um daginn þegar kviknaði í hús-
inu hjá Talsen, hljóp ég til og reisti planka
upp að glugganum hjá frúnni, svo hún
gæti rent sér niður eftir honum og það gerði
hún líka. En ég vissi ekki að það stóð

Skjalasafnið Ísafirði

nagli út úr plankanum.

---

Læknirinn: Já, bara frá. Verkirnir í vinstra fætinum koma af elli.
Sjúklingurinn: Einmitt það hr. læknir. En hægri fóturinn er jafn gamall þeim vinstri og í honum finn jeg ekkert til.

---

Palli: Ólafur - gleymdu því að þú skuldar mér 10 krónur.
Gunnar: Nei, nei, nei, - en bíddu - bara bíddu við - þá gleymi jeg því, vertu viss.

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd:
Kr. A. Kristjánsson, Kr. G. Þorvaldsson, Friðrik Hjartarson

2. blað | Suðureyri | 1. ár

## Málshættir.

Í síðasta tölublaði „Röðuls" voru menn hvattir til þess að skrifa greinar og senda blaðinu. Var um leið minst á ýmislegt efni, er heppilegt væri byrjendum.

Mér koma nú í hug málshættirnir okkar mörgu og góðu. Er þar svo að segja óþrotlegt efni til umhugsunar, og má margt segja um hvern einstakan málshátt. – Vil eg nú benda á nokkra; rétt af handahófi, sem gott er að skrifa um:

„Morgunstund ber gull í mund."
„Safnast þegar saman kemur."
„Maður er manni stoð."
„Viljinn dregur hálft hlass."
„Kauptu ekki köttinn í sekknum;" o.fl. o.fl.

Eru það nú vinsamleg tilmæli mín, að þið takið nú eitthvað af málshættunum til meðferðar, og segið hvað ykkur finst liggja bakvið þá. Er það spá mín að þið munuð hafa af því

Skjalasafnið Ísafirði

hina mestu gleði, og þótt erfið sé för í upphafi, þá fer jafnan svo að, hálfnað er verk þá hafið er, og að alt jafnast um síðir.
Til þess nú að samma mál mitt, ætla eg nú að skrifa ofurlítið um málsháttinn: „Römm er sú taug, er rekka dregur föðurtúna til“.
„Enginn veit hvað átt hefir fyr en mist hefir, segir máltækið. Og víst er um það, að okkur mönnunum hættir við að gleyma því sem í raun og veru er gott og fagurt, þegar við höfum það sífelt fyrir augum. Við hættum að veita því sérstaka eftirtekt, það ber fyrir augað án þess að veita því nokkurt yndi. En ef við yfirgefum æskustöðvarnar, þá opnast augu okkar, þá er eins og okkur hafi aldrei þótt jafnvænt um um pabba og mömmu, bæinn og túnið. Og þá finnum við að okkur þykir vænst um þennan bæinn, þetta túnið, af því að þarna höfum við alist upp, þetta er bærinn minn, túnið mitt, segjum við. Og komum við svo til annara sveita, þá finnum við að okkur þykir þó vænst um sveitina okkar, og ef við einhverntíma komumst út yfir pollinn, þá er það landið okkar sem okkur þykir mest um vert. Þannig er eins

Skjalasafnið Ísafirði

og sjóndeildarhringurinn væri, eins og andi okkar
væri víðsýni, þegar við höfum misst eitthvað sem
við öllum. Og er eigi eðlilegt að þessu sé þannig
farið? Hafa eigi foreldrar okkar gert mest fyrir
okkur? Eigum við þeim eigi flest að þakka? Er
þá eigi eðlilegt að okkur þyki vænst um þá,
er okkur hafa verið bestir? Eða eru mikil líkindi
til þess að við elskum aðra menn - náungann -
ef við elskum ekki okkar eigin foreldra. Mér
finst að foreldraástin sé rótin, sem vex og verður
að tré, sem teygir limarnar víðsvegar - mann-
kærleikans tré -. Þannig er það eins með
sveitina og landið, við verðum fyrst að elska
okkar eigið land, áður en við förum að elska
önnur lönd. Menn segja ef til vill, að þetta
sé þröngsýni, menn eigi að elska alla menn
jafnt og öll lönd jafnt. Eg neita því eigi að
þetta er fögur hugsjón, en þess meir, sem
við elskum okkar eigið land og þjóð, þess meir
æltum við að elska önnur lönd og aðrar þjóðir,
eða hvernig getur sá maður elskað aðrar þjóð-
ir, sem eigi elskar sína eigin þjóð.
Sagan sýnir líka að það er altaf svo, að
jafn vel þótt frægð og frami hafi beðið

Skjalasafnið Ísafirði

manna í útlöndum, þá hefir þá fýst heim, heim til „hólmans í úthafinu, sem þeir vilja ekki af hendi láta fyrir öll ríki veraldarinnar og þeirra dýrð.“ – Svo römm er sú taug, er rekka dregur föðurtúna til.

Og er það vel farið.

Friðrik Hjartarson

## Peningarnir fimm.

Einu sinni var móðir, sem átti fimm syni, og þegar drengirnir fóru til kirkjunnar á sunnudögum þá fjekk hún hverjum þeirra smápening sem þeir áttu að leggja í fátækrabaukinn við kirkjudyrnar. Verður hér sagt frá hvernig það gekk einn sunnudaginn.

Þegar messa var úti og búið að blessa yfir söfnuðinn gengu drengirnir að bauknum eins og aðrir. Sá fyrsti var þungur á svip og hélt á peningnum í hnefa sínum:

„Hvaða gagn verður nú að þessu“ hugsaði hann með sér. „Hingað koma menn og gefa peningana sína og svo vita þeir ekkert um það hver nýtur þeirra. Væri nú ekki best að ég

geymdi minn pening og bætti fleirum við næstu sunnudaga, þangað til ég fengi nóg til að kaupa mér eitthvað gagnlegt fyrir þá; þessi smáskildingur er svo hvorki til matar né fata fyrir nokkurn þann sem svangur er eða klæðlítill.
Hann var í þann veginn að ganga framhjá bauknum þegar hann mundi eftir móður sinni. Hún hafði nú fengið honum peninginn með strangri skipun um að gefa hann fátækum og ef hún frétti nú af bræðrum hans að hann hefði verið henni óhlýðinn mundi hún víst refsa honum harðlega. Hann langaði ekkert í refsinguna, svo hann fleigði peningnum ólundarlega í baukinn svo hann var nærri lentur utanhjá, og skundaði brott.
En engillinn sem stóð hjá bauknum og hugði að gefendunum, sá hugsanir drengsins og tók eftir ólundarsvipnum, andvarpaði og sagði:
„Þetta var járnpeningur."
Nú kom annar drengurinn. Hann hugsaði með sér: „Þessi smái peningur sem ég

Skjalasafnið Ísafirði

kem með. Það eru víst margir sem gefa minn-
a! Ætli nokkur sjái hvað ég gef mikið."
Svo staðnæmdist hann stundarkorn svo þeir
sem á eftir komu stöðvuðust og veittu honum eftir-
tekt, svo tók hann peninginn milli gómanna
og lagði hann í baukinn með gætni, og litaðist
fljótlega um og aðgætti hvort menn tæku nú
eftir sér og gekk svo hnakkakertur út.-
Þar við hann sagði engillinn með angurblíðu
brosi:
"Þetta var eirpeningur."
Þá kom þriðji drengurinn. Hann hugsaði
nú ekki mikið um peninginn sinn, hugur
hans dvaldi við önnur mikilvægari efni; hann
var að hugsa um að komast í knattleik eða risa-
leik og fyrst aðrir létu peninga í baukinn og
hann hafði fengið pening til að leggja í hann
líka þá lét hann sinn fljóta með og svo hljóp
hann út til að leika sér.
"Þetta var nú nikkelpeningur"
sagði engillinn.
Nú nálgaðist fjórði drengurinn baukinn vin-
gjarnlegur á svipinn. Hann hafði verið að
gjöra sér í hugarlund að máske lenti nú

peninginum hans hjá fátækum dreng á hans aldri, og hugsaði um hve glaður hann mundi verða drengurinn og hvað hann mundi kaupa sér fyrir hann. „Jeg vildi að hann fengi að verzla með hann sjálfur“ hugsaði hann um leið og hann með barnsglöðu brosi geði lagði sinn pening í baukinn.
Þá brosti engillinn vingjarnlega og sagði:
„Þetta var silfurpeningur.“
Loks þegar flestallir voru komnir út, kom fimti drengurinn að bauknum. Hann hafði viljandi dregist aftur úr, og fyrirvarð sig hálfvegis fyrir peninginn sinn.
„Hvað megnar svona smápeningur að hafa úr fátæktinni og eymdinni, sem svo víða ríkir?“ hugsaði hann, „hversu fátækleg er þessi gjöf í samanburði við alt það sem Guð gefur oss öllum, svo er hann ekki einu sinni á frá mér sjálfum, eg hef ekki unnið mér hann inn, því móðir mín fékk mér hann.“
En þá datt honum í hug að hann mundi nú bráðum þroskast svo, að hann gæti þá unnið sér eitthvað inn; og gefið sjálfur af eigin eign, og um leið og hann lagði peninginn

í baukinn óskaði hann þess að hann yrði sem fyrst sterkur og stór svo hann gæti lagt fleiri en einn pening af mörkum."
Þá kysti engillinn drenginn á ennið og sagði: Þetta var gullpeningur.

K. S. Kristjánsson
þýddi

Málleysi.

Eitt af hinum andlegu verkefnum Stefnis, er verndun móðurmálsins eða eins og það er orðað í lögunum: „... fegra og hreinsa móðurmálið." Félagið hefir líka verið sér meðvitandi um þessa skyldu sína og gert tilraun, þó í smáu væri, til að vekja umhugsun hjá félagsmönnum í þessum efnum. Fyrir mörgum árum var skipuð nefnd, innan félags, sem kölluð var málleysunefnd, átti hún að halda saman óíslenskulegum orðum sem hrytu mönnum af vörum, einkum þó á fundum, skyldi svo auglýsa eða kunngera, á fundum, orðskrípin ásamt útlagi orðum og nöfnum hlutadeigenda. Þessi nefnd starfaði nú ekki

Skjalasafnið Ísafirði

lengi, mig minnir helst, aðeins einn vetur, en vel var þessu tekið og höfðu menn gaman af — líklega meira gaman en gagn. Þó verður því ekki neitað að þetta hefir vakið umhugsun sumra, og þeir fundið að víst mundi vera þess vert að reyna að vanda betur mál sitt.
Jeg tel víst, að allir sem hugsa eitthvað um þetta og veita því eftirtekt hvernig mál okkar er í daglegu tali blandið óhreinindum, bæði erlendum og innlendum, verði mér sammála um það, að þörf væri á starfsemi sem miðaði að því að, fegra og hreinsa móðurmálið.
Hvað hægt er að gera í þessu efni, skal jeg ekki fjölyrða um að þessu sinni; en á það vil ég benda að blað fjelagsins er spor í rjetta áttina, einmitt í þessu falli, þó fjelagsmenn almennt hafi ekki skoðað það sem aðalástæðu til stofnunar þess. Blaðið er meðal sem fjelagsmenn geta notað til að fegra og hreinsa mál sitt, því auðvitað reyna menn að vanda sem best, málið á greinum sínum og til þess miðar

Skjalasafnið Ísafirði

ákvadið um að ritnefndin megi breyta orð-
um til betra⁼ máls. Og vilji nú félagsmenn
vekja mállýtanefndina upp aftur, þá er ætlað-
ið — ef því er ætlað nokkurt líf — sjálfkjörið til
að birta málllýtin og orðskrípin sem hnjóta
kunna

Kr. A. Kr.

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd:
Kr. A. Kristjánsson, Kr. G. Þorvaldsson, Friðrik Hjartarson.

| 1. ár | Suðureyri 9. janúar 1921 | 3 blað |
|---|---|---|

✝

## Matthías Jochumsson er látinn.

Telur Röðull sér skylt að minnast „lárviðarskáldsins“ örfáum orðum.
Matthías er fæddur á Skógum í Reykhólasveit. 11. Nóv. 1835, bóndason. Varð stúdent 1863, kandidat af prestaskólanum 1865, prestvígðist 1867. Þjóðhátíðarárið verður hann ritstjóri „Þjóðólfs“. Hann tekur aftur prestsembætti og þá í Odda, og síðan á Akureyri, en árið 1899 veitir alþingi honum laun í viðurkenningarskyni, og hefir hann síðan lifað á Akureyri embættislaus. Hann andaðist 15. Nóv. (1920) þ. árs 85 ára gamall.
Matthías er löngu orðinn kunnur hverju mannsbarni á Íslandi, og erlendis eru þeir eigi allfáir er þekkja nafn hans. Eru það ljóð hans, sem kunnugt er, sem aflað hafa honum mestrar frægðar. „Skáldið af guðs náð“ hefir hann oft verið nefndur og það með réttu.

Skjalasafnið Ísafirði

því að mörg ljóð hans bera með sér öll einkenni þess, að ort sé af guðlegri náð. Yrkisefnin eru óteljandi, en best finnast mér kvæðin hans um einstök mikilmenni sögunnar. Vil ég benda hér á kvæðin:

„Guðbrandur Hólabiskup", „Hallgr. Pétursson" og „Eggert Olafsson".

Ytri einkenni kvæðanna eru lík. Skáldið sér í anda Guðbrand kominn að dauða, og eins Hallgrím. Og kvæði Eggerts er beinlínis frásögn um æfilok hans. Fléttar skáldið af mestu snild inn í kvæðið sögnum þeim er myndast hafa um lát Eggerts, og verður það ógleymanlegt öllum er lesa. —

En bæði er að ég er ekki maður til að dæma um skáldskap Matthíasar, enda mundi þá mál mitt verða nokkuð langt. Eitt kvæði vil ég nefna enn, það er „Ó guð vors lands". Hefir verið sagt ~~áðu~~ það kvæði eitt hefði nægt til þess að gjöra höfund þess frægan. Og munnmælasaga ein, er ég hefi heyrt, bendir líka til þess, að Matthías hafi sér þótt takast vel, er hann orti það. En sagan er á þessa leið: — Í samsæti einu hafði ~~verið~~ verið til-

rætt um ýms mikilmenni, er verið höfðu fátæk í æsku og komin af fátækum foreldrum. Hafði Matthías nefnt nokkra slíka menn og sagt að lokum: „... og þegar ég fæddist, þá voru foreldrar mínir svo fátækir, að það varð að vefja mig inní rauðan vasaklút; og þó hefi ég ort „Ó guð vors lands.“ — Þá vil ég og minnast á sálma Matthíasar. Eru þar sömu snilldarmerkin auðsæ, sem á veraldlegum ljóðum hans, nema fremur sé. Vil ég benda hér á sálminn: „Fyrst boðar guð sitt blessað náðarorðið.“ (Sb. 132) Hygg ég að þar komi einna skýrast fram lífsskoðun Matthíasar. —
Eða þetta í sálminum: „Hvað boðar nýjárs blessuð sól.“ (S.b. 487)

„Hann heyrir stormsins hörpuslátt,
hann heyrir barnsins andardrátt,“ —
og — „Í hendi guðs er allt vort stríð,
hið minsta happ, hið mesta fár,
hið mikla djúp, hið litla tár.“

Skáldið notar þarna andstæðurnar snilldarlega, og gjöra þær efnið stórum áhrifameira.
Matthías orti einnig leikrit, og er „Skuggasveinn“

Skjalasafnið Ísafirði

þeirra kunnugastur. Hann hefir og þýtt fjölda-margt, einkum úr ensku, enda munu fáir hafa verið jafn kunnugir enskum bókmentum sem hann. -

Það eru feyknin öll, er liggja eftir Matthías, bæði í bundnu máli og óbundnu. Munu allir á einu máli um það, að hann hafi auðgað bókmentir okkar stórkostlega, og mun nafn hans því lifa um aldur og æfi. Og á honum mun það rætast, er hann orti um Hallgrím að „niðjar Íslands munu minnast þín, meðan sól á kaldan jökul skín." —

Þökkum hamingjunni að hún gaf okkur Matthías, gaf okkur ljóðin hans og sálmana og barnslega trúartraustið hans, víðsýni hans og kærleika til allra er bágt áttu. —

Svo blessast okkur best minning hans, að við gleimum þessu ekki. -

-.—.

Í. Hjörtas

## Valhallartrúin og vígaferli forfeðra vorra.

Í greininni „Íslendingasögur", sem birtist í fyrsta tölublaði „Röðuls" minnist skólastjóri

Er. Hjartarson meðal annarś á vígaferli Íslendinga í fornöld, og skýrir hverjar verið hafi aðalorśakir þeirra. Hann lætur það meðal annarś þá skoðun í ljósi, að trúar-hugmyndirnar, trúin á lífið í Valhöll eftir dauðann, hafi þar verið ein ástæðan, til að viðhalda hinu herskáa þjóðlífi; skýrir hann réttilega hugmyndina um Valhallar lífið, og það að þeir einir gátu þangað komist, sem féllu fyrir vopnum í orustu eða einvígi. Það virðist sem greinarhöfundurinn telji það víst að þessi trúarhugmynd hafi verið ríkjandi meðal landsmanna hér, og þess-vegna dregur hann þá ályktun af því, að trúin hafi verið ein orsökin til íslenskra vígaferla, en þar sem ég minnist þess ekki að hafa séð neitt það í sögum vorum, sem bendi á þessa trú, þá verð ég að vera á öðru máli í þessu efni, vil ég hér reyna að færa rök fyrir því, en til þess verð ég að fara lauslega yfir trúarhugmyndir manna á Norðurlöndum fyrir þann tíma, sem landnám hófst hér, og einś það sem ráða má af sögum vorum, verð ég að fara

Skjalasafnið Ísafirði

fljótlega yfir, til þess að eyða ekki of miklu rúmi í blaðinu.
Það er vandamál að skýra fyllilega trúarhugmyndir manna á Norðurlöndum í heiðni, til þess eru heimildir þær, sem við höfum of mikið í molum, og oft í ósamræmi hver við aðra. Hinar elstu heimildir vorar eru táknmyndir á legsteinum og öðrum hlutum, sem fundist hafa frá elstu tímum, má af þeim ráða, að nokkru, í skoðanir manna, sem lifðu löngu áður en nokkrar sögur eða munnmæli ná til. Þá koma hetjusögurnar gömlu, sem lifðu í munnmælum, og gengu mann frá manni, alt fram í lok víkingaaldarinnar og að síðustu Eddukvæðin, sem álitið er að ort séu á víkingatímunum. Eddukvæðin eru fyllsta heimildin sem við höfum og það mun hafa verið álit manna, að þau gefi heildaryfirlit yfir norrænar trúarhugmyndir, en nú vilja menn álíta að þau sýni aðallega hugmyndir hinna herskáu víkinga, en friðsamari hluti þjóðanna hafi alið aðrar hugmyndir í brjósti.

Skjalasafnið Ísafirði

Eddukvæðin skýra frá tveim stöðum, sem
verði bústaðir manna eftir dauðann:
Valhöll, bústað þeirra sem féllu í hernaði
og Helheimi, bústað þeirra sem urðu sótt-
eða elli-dauðir.
Það er álit sumra sagnfræðinga, að bú-
staðurinn, hjá Hel, sé hin upphaflega trú-
arbragðamynd, en Valhallarhugmyndin hafi
fyrst komist inn hjá mönnum á vík-
ingaöldinni, þá hafi Eddukvæðin verið ort og
mun þau, sem önnur kvæði þeirra tíma,
hafa verið flutt í höllum víkinga og her-
konunga, og því aðallega lýsa þeim skoð-
unum, sem þar þóttu geðfeldar. Hvort
sem þessi skoðun er rétt eða ekki, þá er
það víst að á þessum tímum hafa ríkt
meðal manna aðrar trúarskoðanir, sem
ekki geta samrýmst hugmyndum Eddu-
kvæðanna, og mun ég síðar víkja að því.
Það má telja nokkurnveginn víst að
Vallhallartrúin hafi verið sterk hjá sum-
um Norðurlandabúum á víkingaöldinni
eða þeim tíma, sem hinar norrænu
hetju-sögur eru orðnar til á, því sjá má

Skjalasafnið Ísafirði

af þeim að gamlir herkonungar og víking-
ar, réðu sér stundum bana með sverði,
þegar þeir fundu lífsþróttinn þverra, og eins
kom það fyrir að öldunguninn fékk einhvern
vin sinn til að gera sér síðasta greiðann
og vega sig með vopni, til þess að geta átt von
á að lifa hernaðarlífinu í Valhöll, og losna
við þá óttalegu tilveru að verða að búa með
sóttdauðum lítilmennum hjá Hel.
Sagan af Starkað er ljóst dæmi þessa. Hann
var af jötnaætt, og hafði frá ungu aldri farið
um öll Norðurlönd og unnið mörg afreksverk,
en hann hafði einnig orðið til þess að vinna
mörg níðingsverk. Hann lét kaupa sig fyr-
ir gull til þess að vega konung sinn á níð-
ingslegan hátt. Samviskubitið útaf þessu
verki fylgdi honum ávalt eftir þetta,
árangurslaust leitar hann dauða síns
í orustum, og að síðustu þegar hann er
orðinn hálfblindur og örvasa, ragar hann
um manna á meðal með gullið um háls
sér, gullið sem hann hafði fengið ~~fyrir~~ að
vega herra sinn, til þess að reyna að kaup-
a einhvern til að veita sér bana og þelsa sig

Skjalasafnið Ísafirði

frá Miðauðanum.

Þegar kemur fram á þann tíma sem sögur ná til, fer maður ekki að verða var við þessar trúarhugmyndir, og eins og ég gat um áðan minnist ég þess ekki að neinn staður í sögum vorum bendi á að nokkur landnámsmanna hafi haft þessa trú, og þó það sanni ekki að trúarhugmynd þessi hafi átt sér stað hér, þá bendir það þó að minsta kosti á það að hún hafi verið mjög fátíð. Flestir hinna nafnkunnu landnámsmanna dóu á sóttarsæng og má þar t.d. (nefna) minnast á ættliðina þrjá: Kvöldúlf, Skallagrím og Egil sem allir dóu í elli. Eftir sögunni að dæma voru þeir forneskjulegri en flestir aðrir landnámsmenn og mætti því ætla að þeir hefðu öðrum fremur haldið við fornar trúarhugmyndir, og ekki mundu þeir hafa hikað við að láta vega sig með vopni, ef þeir hefðu trúað því að það hefði bætandi áhrif á síðari tilveru sína.

Eins og hvervetna meðal heiðinna þjóða, hefur goðatrú manna á Norðurlöndum

Skjalasafnið Ísafirði

ekki alstaðar verið hin sama. Eitt hérað lagði meiri trúnað á þetta goðið annað á hitt, og eins var um einstaklingana, virðist sem hver og einn hafi lignað það goð er honum var geðfeldast. Þetta nær einnig til hérlendra landnámsmanna og er það einkum Þór og Freyr, sem vart verður við, að þeir hafi sérstakan á-trúnað á.

Framhald.

Kr. G. Þorvaldsson.

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd:
Kr. A. Kristjánsson, Kr. G. Þorvaldsson, Friðrik Hjartarson

1. ár | Suðureyri | 4. blað

## Valhallartrúin og vígaferli forfeðra vorra.

Framhald

Ég gat þess áðan að á tímum hetjusagnanna hafi átt sér stað hugmyndir um lífið eftir dauðann, sem ekki geti samrýmst skoðunum Eddukvæðanna, átti ég þar við þá trú manna að maðurinn héldi lífi sínu áfram í haugi sínum. Þess er oft getið að nafnkendir menn völdu sér haugstaði þar sem þeim þótti fagurt útsýni; víkingurinn t.d. kaus að haugur sinn væri á höfða fram við sjóinn þar sem hann bjóst við að sjá víkingaskipin sigla fram hjá með þöndum seglum og þannig minna sig á sitt eigið líf, og þannig var það með Fleyri. Sögurnar um það að menn rufu hauga til að ná í vopn og dýrgripi sýna það einnig,

Skjalasafnið Ísafirði

að menn álitu að þar byggi annað og meira en rotinn líkami.
Það er enginn vafi á því að þessi hugmynd hefir borist hingað til landsins, og þó ekki sé víða hægt að sjá það af sögunum, þá kemur það þó fyrir að munnmælin sem gengið hafa alt fram á þennan dag, sanna það því betur. Það þarf ekki að leita langt eftir slíku. Landnámsmaður okkar Hallvarður Súgandi, lætur heygja sig þar sem hann sér best yfir landnám sitt. Hann hafði átt þátt í hernaði meðan hann var í Noregi, en eftir að hingað er komið lifir hann friðsömu lífi, sem sést best af því að hans er hvergi getið í sögum. Enn í dag gnæfir haugur hans við himin þar sem hann bjóst við að geta horft á friðsamar þamfarir manna í landnámi sínu á ókomnum öldum. Fleyri dæmi þessu lík má finna án þess langt sé leitað.
Eyrbyggjasaga er sú af sögum vorum sem mest fjallar um trú manna og

Skjalasafnið Ísafirði

hugmyndir um lífið eftir dauðann, en þar er sem víðar, að þar hugmyndir eru ósamræmanlegar við skoðanir Eddukvæðanna. Þórólfur Mostraskegg trúði því að hann og ættmenn hans dæu í fjallið Helgafell, hafði hann mikinn átrúnað á fjallinu og mátti enginn þangað óþveginn líta, ekki mátti heldur granda manni eða skepnu í fjallinu nema sjálft færi það an. Trúin á Helgafelli hefir haldist við að nokkru þamyfir kristnitöku, því Snorri goði var vanur að ráða þar ráðum sínum þegar honum þótti mikils varða, og kvað jafnan gefast vel þau ráðin er þar voru ráðin.

— Í sambandi við þessar hugmyndir, má minnast á það að sumir menn gröfu fé sitt í jörðu í þeirri von að geta skemt sér við það dauðir, og lengi hefir eimt eftir af þeirri trú að reimt sé þar sem fé er grafið.

Með því sem þegar er ritað, tel ég nag rök færð fyrir því, að Valhallar-

Skjalasafnið Ísafirði

hafi ekki átt þar rætur meðal lands-
manna að hún hafi getað markað
spor í íslensku þjóðlífi; en ég býst við
menn spyrji: hverjar voru þá orsakir
hinna miklu vígaferla á söguöldinni?
Þeirri spurningu er að mestu leyti svar-
að af Fr. H. í áðurnefndri grein, en ég
vil þó bæta við einni þýðingarmikilli
ástæðu, sem hefir orðið svo örlagarík fyr-
ir þjóð vora og að miklu leyti skapað sögu
hennar fram á þennan dag, og það er
valdafýknin og metorðagirndin. Að kunna
ekki að vera öðrum háður og geta ekki
vitað annan sér meiri, það er í mörgum
sögunum aðalástæðan til vígaferla
þeirra og deila sem þar greina frá;
það kemur jafnvel oft fyrir að jafn
lítilfjörleg ástæða og það að vita annan
eiga dýrmætan grip varð orsök til mann-
víga.
Í flestum sögum vorum er getið um ýms-
a afburðamenn og víða sést það ljós-
lega, að aðalástæðan til fjandskapar
óvinanna er sú, að þeim fannst

Skjalasafnið Ísafirði

mikilmennið skyggja á sig og sína frægð og vildu því ryðja því úr vegi.

Í sambandi við þetta mætti minnast á hinni níðingslegu aðferð, sem oft tíðkaðist í slíkum viðureignum, nefnilega fyrirsátrin. Í sveit hér nærendis er staður sem kallaður er „Átján manna lág“ segja munnmæli að þar hafi 18 menn fallið í viðureign, sem þar hafi átt sér stað. Staðurinn er þannig að stór lægð liggur yfir alfaraveg og sést ekker út henni til hliðar nema í heiðan himinnin, því há og brött börð eru til beggja hliða. Lágin er svo stór að þar hafa margir menn getað dulist án þess að vegfarandinn hafi vitað af, fyr en hann var kominn að kalla mætti inní miðjan hóp óvinna sinna og vopn stóðu á honum á allar hliðar. Slíka staði völdu menn oft til þess að veitast að þeim mönnum er þeir vildu vega, en treystust ekki til að mæta á

Skjalasafnið Ísafirði

opnum velli, var þá jafnan hyllst til þess að hann væri fámennur á ferð en fyrirsátin oft fjölmenn, stundum fleyri tugir móti tveim eða þremur mönnum, verða slík verk að álítast einn svartasti bletturinn á íslenskum vígaferlum.

Ég gat þess áðan, að um leið og metnaðargirni og valdafíkn hafi oft verið undirrót mannvíga á söguöldinni, þá hafi þar alt til þessa haft örlaga þrungin áhrif á þjóðlíf vort. Ég skal ekki verja mörgum orðum til að ~~verja~~ rökstyðja þá skoðun. Sagan sýnir að þessir lestir urðu til þess að þjóðveldið leið undir lok og Ísland komst undir erlend yfirráð, eins mun því ekki verða neitað með réttum rökum, að hin pólitísku hjaðningavíg, sem átt hafa sér stað á undanförnum árum, hafa oft verið af sömu rótum runnin.

Kr. G. Þorvaldsson

Skjalasafnið Ísafirði

# Íþróttakennarinn.

Í síðast liðnum desember, var ákveðið á fundi að fá íþróttakennara Jón Þorsteinsson, til að kenna hér íþróttir meðal félagsmanna um viku eða tveggja vikna tíma. Máli þessu var komið í framkvæmd og kom Jón hingað 2. janúar, og fór héðan eftir 14 daga dvöl. Jafnvel þótt engum félagsmanna sé ókunnugt um starfsemi hans hér, þá vil ég leyfa mér að biðja blaðið Röðul, að ljá mér rúm fyrir nokkrar línur, til að skýra nánar frá þessari starfsemi.

Þegar hafið var máls á þessu, var það öllum ljóst að fjárhagshliðin væri svo þung að hún yrði ekki borin af félaginu nema meðlimir þess hlypu undir bagga með frjálsum fjárframlögum, þetta hefur verið gjört og skal hér í stuttu máli skýrt frá fjárhagshliðinni:

Skjalasafnið Ísafirði

Útlagður kostnaður er:

a Þóknun til kennara .... kr. 120.00
b Fæði í 14 daga, metið kr. 4 pr. dag ... " 56.00
c Húsnæði og annar kostnaður hér " 33.95
d Fylgdarmaður og farareyrir til Arngerðareyrar — } " 50.00

Allur kostnaður kr. 259.95

Uppí þennan kostnað er innkomið frá félagsmönnum:

a Fjárframlög í peningum kr. 186.35
b Fæði kennara gjöf frá Ó.V. " 56.00

Samtals kr. 242.35

Eins og menn sjá vantar aðeins kr. 17.60 til þess að kostnaðurinn verði greiddur að fullu, og þó ekki sé komið meira enn, er enginn vafi á að þessi upphæð fáist meðal félagsmanna, því enn eru nokkrir eftir, sem lofað hafa að styðja málið, þá hafa þeir enn ekki gjört það og ekki heldur ákveðið þá upphæð er þeir ætla að láta af hendi.

Um starfsemishliðina þarf ekki að gefa miklar skýringar, því öllum félagsmönnum er hún að fullu kunn.

Skjalasafnið Ísafirði

íþróttir þær sem Jón kendi voru aðallega íslensk glíma og útiíþróttir, kringlukast og spjótkast, en sökum þess að veður var opt óhagstætt til útiveru varð þemur lítið úr þeirri kenslu, en mun þó verða til að leggja undirstöður undir, að þær íþróttir verði iðkaðar innan félagsins. Að því er glímuna snerti voru menn heppnari með að geta notað sér tilsögn kennara í þeirri grein. Þann tíma sem hann var hér gaf sjaldan á sjó og því litlar annir sem hömluðu mönnum aðsækja æfingar, enda má með sanni segja félagsmönnum til maklegs heiðurs, að þeir hafa notfært sér kensluna eftir bestu föngum, og mun það einróma mál þeirra sem vit hafa á að félagsmönn ~~...~~ hafi tekið miklum framförum á þessum tíma, einkanlega í íslenskri glímu.

Það er óhætt að fullyrða að félagið "Stefnir" hefir aldrei ráðið betur ráðum sínum en þegar það ákvað

Skjalasafnið Ísafirði

að taka í þróttakennara, og jafnframt má segja að félagið gat ekki ákosið annan betri en Jón Þorsteinsson, því með honum fékk það sannan íþróttamann með glöggu auga fyrir öllu er að íþróttum lítur og sérstaka lægni í því að auka áhuga félagsmanna, og þó hann kendi ekki sjálfur leikfimi má einnig þakka komu hans þann áhuga, sem vaknað hefir innan félagsins í þeirri grein. Það er óhætt að fullyrða að við burtför hans héðan munu honum hafa fylgt hlýjar óskir allra félagsmanna og eins mun svo fara að félagið „Stefnir“ mun jafnan minnast veru hans með þökkum og þess að hann varð til þess að kenna félögum þess að þekkja sjálfa sig og krafta sína, og hvinsa þeim úta braut frægðar og framtakssemi.

Það er ekki langt um liðið síðan, en þó má þegar sjá glögg merki þess hver áhrif það ætlar að hafa fyrir félagsheildina. Allstór hópur hinna bestu manna félagsins hafa þegar farið til

Ísafjarðar og þar getið sér hinn besta orðstýr, ekki aðeins fyrir íþróttir sínar heldur einnig fyrir göfuga og prúðmannlega framkomu, og það skilja allir hver áhrif slíkar ferðir hafa ekki aðeins fyrir félagið sjálft, heldur einnig fyrir plássið í heild sinni.

Ég vil ekki bæta meiru við þessar línur, ég vona að áhugi félagsmannanna muni ekki dofna á komandi tímunum og að þeir eigi enn eftir að koma fram annarstaðar, félagi sínu til sæmdar, en ég vil aðeins minna þá á það, sem þátt taka í slíkum ferðum, á það að frægðin er ekki öll undir sigrinum komin, hún byggist engu síður á prúðmensku og drengskap.

Suðureyri 29. jan. 1921
Jþ. G. Þorvaldsson

Sterkasta barn í heimi.

Natalie Owens í Los Angeles í Californíuríki, er álitin að vera sterkasta barn á

Skjalasafnið Ísafirði

sínum aldri í allri veröldinni. Hún er einungis 9 ára gömul, og samt getur hún hæglega lyft manni, sem vigtar 175 pund. Faðir hennar hefir mjólkurbú, og þessi dóttir hans lyftir upp og færir til af allri stærð — sum vigta um og yfir 100 pund — mjólkurhylki jafn léttilega og sterkustu vinnumennirnir á búinu. Í barnaskólanum sem hún gengur á, er hún fljótari að hlaupa en nokkur drengjanna, á hvaða aldri, og hvað stórir sem eru, og hún hefir við og getur barið hverja svo af þeim, þegar hann i[?]raður svo við að hoppa. Hún hefir oft leikið sér að því. Natalie er grönn vexti, ekki há eftir aldri og vigtar einungis 61 pund; og samt leikur hún sér að því að lyfta upp hlutum sem hver meðalmaður á full-erfitt með að láta vatn renna undir, og hún gjörir það jafn léttilega og fullvaxinn kvenmaður lyftir litilli eggja körfu.

— —

( — Sýrpa 8. ár 6. hefti — )

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd

Friðbert Friðbertsson, Örnólfur Valdimarsson og Guðni A. Guðnason

| 2 ár | Suðureyri Febrúar | 1. blað |
|---|---|---|

## Ísafjarðarferðin 1921.

Enda þótt það sé á vitorði allra Stefnismanna, að nokkrir úr félaginu fóru norður á Ísafjörð til að sýna leikfimi og glímur, þykir hlýða að biðja „Röðul" að geyma skýrslu um ferð þessa, eða ferðasöguna. —

Tildrög ferðarinnar eru í stuttu máli þessi:

Eg var í nóvinber í haust (1920) staddur vestur á Flateyri. Spyr Júlíus Rósinkransson mig þá að því hvort við í Súgandafirði munum vilja taka íþróttakennara í 1. viku eða 2. Lofaði eg að flytja þetta mál á Stefnisfund, sem eg svo gerði, og varð sú niðurstaðan að íþróttakennarinn er tekinn. Er frá því skýrt nákvæmar áður í blaðinu og skal því hér slept. Skömmu eftir að Jón Þorsteinsson íþróttakennari er kominn hingað, og tekinn til starfa, færir hann það í tal við stjórn félagsins og marga félagsmenn að við ættum að fara norður á Ísafjörð og sýna þar leikfimi og glímur, og skora helst á

Skjalasafnið Ísafirði

Hnífsdælinga að glíma á móti okkur. Var nú tillaga þessi rædd af kappi og athuguð rækilega. Fer svo að lokum að ákveðið er að fara til Ísafjarðar, sýna þar leikfimi og glímur föstudaginn 14 jan. og glíma á móti Hnífsdælingum laugardaginn 15 jan.. Er nú skorað á Hnífsdælinga og taka þeir áskoruninni.

Til fararinnar voru þessir kvaddir:

I Til að sýna leikfimi:
Daníel Ág. Daníelsson, Guðni A. Guðnason, Gunnar M. Magnússon, Hans Kristjánsson, Oddur Hallbjarnarson, Óskar Þórðarson, Páll Guðmundsson og Friðrik Hjartarson. Alls 8 menn

II Til að sýna glímur:
Daníel Ág. Daníelsson, Friðbert Guðmundsson, Guðni A. Guðnason, Guðmundur Kr. Guðnason, Gunnar M. Magnúss, Guðmundur Jóhannsson, Guðmundur Bergur Jónsson Kjartan Bjarnason, Óskar Þórðarson og Páll Guðmundsson. Alls 10 menn.

Eins og sjá má á nöfnunum eru 5 menn í hvorutveggju, svo alls voru þeir 13 er gert var ráð fyrir að sýndu.

Var nú byrjað að æfa af kappi því tíminn til stefnu var stuttur; ákveðið að sýna á Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

14. og 15. janúar en Jón íþróttakennari kom hingað 2. janúar. ——

Líða nú fram tímar; Bíóhúsið á Ísafirði er tryggt. Gerði Örnólfur Valdimarsson það f.h. stjórnarinnar, skyldi það kosta 150 kr. pr. kvöld. Sótt var um leyfi til að glíma við Hnífsdalinga, þar sem þeir voru ekki í Í.S.Í. og var leyfið veitt. —

Er nú kominn miðvikudagur 12 janúar, en þá kemur sú fregn eins og þruma úr heiðskíru lofti að Hnífsdalingar séu hættir við að glíma.

Þá hafði og brugðið til sjógæfta og var nú ekki annað sýnna en alt væri komið í strand.

Skiftust nú hugir manna og dreifðist nokkuð áhuginn. Vildu sumir fara til Bolungarvíkur, sýna þar föstudagskvöldið og halda svo til Ísafjarðar og sýna þar laugardagskvöldið. Var allmikið um þetta þingað, en ekki fékk það nægan byr.

Er því þá að lokum slegið föstu að fara skuli norður á laugardagsmorgun~~inn~~ og sýna á Ísafirði þá um kvöldið eða þann 15 jan. Á föstudagskvöldið er svo haldin lokaæfing í Samkomuhúsinu og öllu til lykta ráðið. En „Kongur vill sigla, byr hlýtur að ráða". Á laugardaginn er svo vont veður að ekki þykir fært norður. Bera menn nú höfuðin táplega jafn

Skjalasafnið Ísafirði

hátt og áður, og eru yfirleitt ekki mjög ánægðu-
legir á svip. Sögðu sumir „þetta fór illa“ og aðrir
„þetta fór bölvanlega.“ —
Jæja, „hart á móti hörðu“ hugsuðu menn, úr
því ekki er hægt að sýna á Ísafirði, þá sýnum
við hér. Þetta er gert. Var sýningin hér allvel
sótt og þótti víst ekki takast mjög illa.
Um kvöldið er Jón íþróttakennari kvaddur, því
hann ætlar að leggja af stað landveg til Ísafjarð.
morguninn eftir. Biður hann okkur að hætta
ekki við norðurferðina, þótt svona fari að þessu
sinni og var lofað að hafa þetta í huga, þótt öllum
þætti verst að missa Jón. Var nú helst haft á
orði að fara norður á mánudaginn n. k. því að
þá ætlaði Hans Kristjánsson norður með vélina í
„Farsæl“, en þó var enn ekkert fast ákveðið.
Á sunnudagsmorguninn fer Jón Þorsteinsson
af stað til Ísafjarðar landveg. Skömmu eftir að
hann er farinn, afræður Hans að fara norður á
m/b „Hig“. Eru nú sumir á því að fara með, en
aðrir mæltu þar í móti. Hafði stjórnin haft á orði
að best væri að fresta ferðinni, en vildi þó heyra
álit annara um þetta. Komu þeir þá til mín
Guðni A. Guðnason og Guðm. Kr. Guðnason og förum við

Skjalasafnið Ísafirði

að skrafa um norðurferð. Urðum við að lokum á einu máli um að best væri – að hamra járnið meðan það væri heitt – og því rétt að fara. Kom Kristján G. Þorvaldsson að í því og félst hann óðar á þetta, sem stjórnarmaður.

Var nú sent til allra er fyrr eru nefndir og fóru allir förina nema Guðmundur Jóhannsson, sem hafði meiðst ofurlítið á sýningunni hér kvöldið áður. —

Þess skal og getið að Oddur Hallbjarnarson hafði fyrir nokkru lýst því yfir að hann sæi sér ekki fært að taka þátt í sýningum, og var hann því ekki skoðaður sem þátttakandi lengur, enda sýndi ekki hér, en hann flutti okkur norður, þar sem hann er formaður á M/b. „Hug".

Var nú lagt af stað héðan kl. 1½ e. h. Veður var sæmilegt, er á stað var haldið, en versnaði er á leið. Var allhvass á móti mestalla leið, enda vorum við lengi norður. Komumst þó heilu og höldnu til Ísafjarðar um kvöldið. Þar hittum við Jón Þorsteinsson tók hann okkur tveim höndum, og lék á als oddi af gleði yfir komu okkar. Ætlaði hann að leggja af stað morguninn eftir með póstbátnum „Bragi" inn að Arngerðareyri, áleiðis suður; þótti

Skjalasafnið Ísafirði

okkur það leiðinlegt mjög og óskuðum að veður yrði svo vont næsta morgun að Braga gæfi ekki, mætti svo batna úr hádegi. Um kvöldið hittum við Guðni Albert Helga Guðbjartarson og trygðum okkur húsið næsta kvöld, báðum hann að auglýsa o. s. frv. — Þegar ég vaknaði morgunin eftir var fyrsta hugsun mín þessi: „Skyldi „Bragi" vera farinn". Ég heyrði að veður var allhvast en þorði þó ekki að treysta því að „Bragi" væri kyrr. Var ég ekki í rónni fyrri en ég fékk að vita vissu mína í þessu efni og lyftist þá á mér brúnin, því „Bragi" var kyr.

Hygg ég að svona hafi fleirum farið, en mér, af okkur félögum. —

Líður nú dagurinn. Höfðum við ýmislegt að gera svo að tíminn leið áður okkur varði. Kl. 5 e. m. höfðum við mælt okkur mót uppi í Ísafjarðar bíó. Mættum við þar allir og réðum ráðum okkar, settum kaðlana upp og plöturnar í gólfið fyrir „Barrið". Var þá svo talið að nú væri alt í lagi, og báðu nú hvorir aðra vel að lifa og heila hittast kl. 8 stundvíslega.

Framhald.

Skjalasafnið Ísafirði

# Hugleiðingar:

Þær eru vandræðagripir fyrir marga þessar svokölluðu „tómstundir“. Mörgum dauðleiðast þær, leiðist iðjuleysið, er það eðlilegt því mannsandinn krefst þess að hafa eitthvað fyrir stafni; tekst fáum til fullnustu að drepa þá starfslöngun.

Við Súgfirðingar förum ekki varhluta af tómstundum, einkum á veturnar. Atvinnan sem flestir hér stunda er stopul, landlegudagarnir margir, og þá oft erfitt að finna starf sem veitir bæði gleði og gagn. „Stefnir“ hjálpar allmjög upp á sakirnar hjá mörgum, sérstaklega þá hann starfar með slíku lífi og fjöri, sem nú. Er það vel farið og vonandi að íþróttir hér eflist og blómgist, og hnignunin á því sviði sé mjög fjarri. Mikið vantar samt á að vel sé. Fyrst og fremst eru íþróttir ekki einhlítar í baráttunni við tómstundir og svo á sitt við hvern. Fleiri hjálparmeðul þurfa, og þau eru líka til og sum að minsta kosti talsvert notuð. Má þar nefna dansinn og spilin sem margir nota óspart, getur það hvorttveggja að mínu áliti verið góð skemtun og ósaknæmt ef í hófi er haft. Fjárhættuspil, þar sem spilað er um háar upphæðir tel ég auðvitað ekki með skemtunum; líkist sú atvinna

Skjalasafnið Ísafirði

fremur ránum, vekur alloft beiskju blandna gremju í stað gleði og er þátttakendum til minkunar. Minnast má á taflið, sem nú liggur í dái hér, en þyrfti að eiga ~~eiga~~ sér viðreisnarvon. Þá er lestur, skemti og fræðibóka góð skemtun og gagnleg, jafnvel þótt aðallega séu lesnar skáldsögur, og kem ég þá að því sem ég vildi benda á í þetta sinn.

Það er töluverður vandi að velja þær bækur til til lesturs, sem að mestu gagni mega koma; hefir oft áður verið bent á ýmsar bækur er standa þar í fremstu röð og skal því slept hér. Gagnsemi bóka styðst allmjög við það að lesandinn kunni að lesa, eða með öðrum orðum, geti myndað sér sjálfstæða skoðun um það sem hann les, geti fundið hvað þar er vel sagt og hvað illa, hvað eðlilegt og hvað óeðlilegt o.s.frv. Lærist það að ég hygg einna best með því að menn ræði saman um það sem lesið er, og ætti það ef vel væri áhaldið að geta hrakið á brott einhverja leiðinda-stund. En til þess að slíkar umræður nái tilgangi sínum, verða allir er taka þátt í þeim að vera kunnugir efni því, sem um er rætt. Vildi ég í tilefni af því benda á gamla siðinn, að þar sem nokkrir menn eru saman komnir lesi einn upphátt einhvern kafla er síðan sé rætt um mikið eða lítið eftir því sem ástæður þykja til og geta leyft.

Fr. Friðriksson — meira næst.

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull.

Ritnefnd

Friðbert Friðbertsson, Örnólfur Valdimarsson, Guðni A. Guðnason.

| 2 ár | Suðureyri | 2 blað |
|---|---|---|

## Ísafjarðarferðin 1921.

Framhald

Klukkan $8\frac{1}{2}$ e. m. skyldi sýningin byrja. — Þegar klukkuna vantar 5 mínútur í hálf níu lít ég fram í húsið. Það hýrnar yfir mér; hvert sæti fullskipað og margir standa.

Á mínútunni $8\frac{1}{2}$ erum við tilbúnir. Maðurinn, sem gætir tjaldsins, brá sér fram í sal — 1 eða 2 mínútur líða. Ég er farinn að bölva tjaldmanninum — svona í hljóði — en þá kemur hann. Tjaldið er dregið upp. — Steinhljóð. Leikfimismennirnir heilsa, — Síðan er byrjað. Allir samtaka eins og einn maður. Aldrei hafði þetta gengið jafnvel — hvað þá betur. Ég blessaði drengina í huga mínum. Eftir 6 æfingar gef ég hvíld. Þá verður mér litið til Jóns Þorsteinssonar. Ég var nærri farinn að skella upp úr, þegar ég sá hve vel lá á Jóni. — Hann réð sér varla fyrir kæti.

En áfram með leikfiminna. — Jú, það fer ekki síður seinni hlutinn. Nú kemur Óskar fram

Skjalasafnið Ísafirði

Hann gerir sin stökk - þá hefst klappið, Óskar fær fyrsta klappið - Og úr því er þögnin rofin. Áhorfendurnir eru nú orðnir vissir um að það er óhætt að klappa fyrir þessu, og þegar barrið kemur, er klappað og „bravóað“ um alt húsið. -

Leikfimin er búin. - Dynjandi lófaklapp. Tjaldið fellur - 20 mínútna hlé. -

- Jón Þorsteinsson tekur þéss í hendi okkar og þakkar okkur fyrir - Við erum vel ánægðir. -

- Glímumennirnir fara að tygja sig. Dómarar eru: Jón Þorsteinsson, Hans Kristjánsson, Brynjólfur Jóhannesson, Gunnar A. Jóhannesson og Friðrik Hjartarson. Hafði Jón flautuna, Friðrik kallaði fram en skrifarar voru Brynjólfur og Gunnar. Lækni höfðum við trygt okkur. Var það héraðslæknir Ísafjarðar, Vilmundur Jónsson. -

Verðlaun skyldu veitt að glímunni afstaðinni. Önnur fyrir flesta vinninga, hin fyrir fegurðarglímu.

Hafði Jón Þorsteinsson gefið félaginu 2 verðlaunapeninga í þessu skyni.

20 mínútur búnar. Tjaldið dregið upp - Glímumennirnir 9 alls heilsa -

Skjalasafnið Ísafirði

Svo byrja glímurnar. - Voru þar í fyrstu hálf-
fjörlitlar. Kendum við því um að gólfið í
leiksviðinu hallaðist og svo hinu að við höfðum
beðið glímumennina að láta kappið ekki vera
ofmikið - Jón hvíslar að mér að við skulum
lofa glímumönnunum að hvíla sig þegar búnar
séu 18 glímur - helminginn.- Það er gert -
5 mínútna hlé - Tjaldið fellur - Fólkið klappar.
Er nú talaður kjarkur í glímumennina, og
segir Jón að þetta dugi ekki, þeir verði að glíma
fjörlegar.- Tjaldið er dregið upp - Eins og komnir
séu nýjir menn - Fjör og líf miklu meira,
enda náði nú glíman líka smátt og smátt
meiri og meiri tökum á áhorfendum.- Altaf
voru klöppin að verða tíðari og ópin hærri.-
Gerist nú fátt sögulegt fyr en þeir byrja að glíma
bræðurnir Guðni A. Guðnason og Guðmundur Kr. Guðnason.
Urðu þar sviftingar miklar og voru þeir bræður
rúmfrekir í meira lagi. Lauk svo glímunni
að Guðmundur lagði Guðna. Blés Jón þá fast í
flautuna, en áhorfendur ætluðu af göflum að
ganga. Þeir klöppuðu, stöppuðu, veifuðu höttum
og hrópuðu. Má mikið vera ef hvalir hafa
hvergi á land hlaupið, við þau óhljóð.-

Skjalasafnið Ísafirði

-Er nú haldið áfram að glíma, og var nú auð-
fundið að áhorfendur flestallir voru farnir að
glíma með- svona í huga sínum. Leikslok,
að endudum 36 glímum, urðu þau, að þeir
bræðurnir Guðni A. Guðnason og Guðmundur Kr.-
Guðnason höfðu jafna vinninga, eða sína
7 hvor. Hafði Gunnar M. Magnússon felt Guð-
mund Guðnason. Urðu þeir því að glíma urslita
glímu Guðni og Guðmundur og hafði ég ekki fyr
kallað þá fram en fólkið byrjar að hrópa og
klappa. - Glíma þeir nú um hríð en svo lýkur
að Guðni fellir Guðmund. Dynur þá húsið við af
lófataki og ópunum ætlar aldrei að linna.
Mér hafði meðan á glímunum stóð borist ósk
um það að láta glíma bændaglímu að af-
lokinni glímusýningunni. - Var nú tjaldið
látið falla örlitla stund. Bar ég þetta því næst
undir glímumennina og kváðust þeir fúsir til.
Var þá tjaldið dregið upp og fólkinu tilkynt
að nú yrði venjuleg íslensk bændaglíma.
Var þeirri tilkynningu tekið með húrra hrópum.
Fór bændaglíman hið besta fram. Voru bræðurnir
bændur. Lauk glímunni þannig að Guðni
A. Guðnason sigraði.

Skjalasafnið Ísafirði

– Að lokum voru svo úrslitin lesin upp.
Flesta vinninga hafði Guðni A. Guðnason – 8 aus-
Báru honum því 1. verðlaun. Og að einróma
áliti dómnefndar voru honum og veitt 1. verð-
laun fyrir fegurðarglímu. – Var þá óspart klapp-
að, er úrslitin voru kunn orðin. –
Að síðustu kveðja glímumennirnir. Tjaldið
fellur – Ég ætla ekki að lýsa þeim látum er
þá urðu – En betur gátu áhorfendur ekki þakk-
að, en þeir gerðu – það mega þeir eiga. – Sýning-
unni er þá lokið. – Við erum í sjöunda himni
yfir því hve vel fólkinu geðjaðist það er við höfð-
um að bjóða. Drekkum við nú allir súkkulaði
glímumenn, leikfimismenn og dómarar og spjöll-
um um hitt og þetta.
– Síðan kveðjast menn með virktum. Sérstaklega
var Jón Þorsteinsson kvaddur því nú var talið víst
að við myndum ekki sjá hann að morgni. Kvaðst
hann nú fara ánægður af Vestfjörðum.
Morguninn eftir var veður allgott.
Lagði „Bragi“ af stað inn að Arngerðareyri og
með honum fór Jón Þorsteinsson. –
En nú skildust leiðir okkar Stefnismanna. Einn
varð eftir á Ísafirði. Var það Hans Kristjánsson.

Skjalasafnið Ísafirði

3 fóru heim með M/b. „Hig" Voru það þeir: Kjartan Bjarnason, Páll Guðmundsson og Friðbert Guðmundsson
7 fóru landveg, þeir: Daníel Ág. Daníelsson, Guðni Á. Guðnason, Guðmundur Kr. Guðnason, Gunnar M. Magnússon, Guðmundur B. Jónsson, Óskar Þórðarson og Friðrik Hjartarson.
Komu allir heilir á húfi heim á þriðjudagskvöldið þ. 18. janúar. –
– Verð ég að telja að förin hafi vel tekist og verið farin félaginu til fjár og frama. – Þakka ég svo samfylgdina og læt hér staðar numið.

Suðureyri í febr. 1921.
Friðrik Hjartarson.

## Ávarp!

Félagar góðir! Nú skulum við auka við okkur einni fagurri íþrótt, sem öldum saman hefir lifað sem ágætasta list og altaf verið í hávegum höfð.
Það er <u>skákin</u>.
Stjórn „Stefnis" hefir hugsað sér að mynda taflflokk innan félagsins. Vonar hún að það hafi holl og bætandi áhrif á félagslífið. Allir vita að skákin eflir andlegt atgjörfi engu síður en fimleikar, og glímur og aðrar íþróttir efla þrótt og

Skjalasafnið Ísafirði

líkamshreysti.
Við skulum verja einhverju af tómstundum okkar til að iðka þessa fornfrægu íþrótt, okkur til gagns og gamans.
Þeim stundum er við eyðum á þann hátt er ekki illa varið. Það erum við samfara um.

Stjórnin.

## Úrslit Kappglímu á Suðureyri 15/1.-1921.

| | Dan. Ág. Daníelsson | Friðbert Guðmundsson | Guðm. A. Guðnason | Guðm. B. Jónsson | Guðm. Kr. Guðnason | Gunnar M. Magnússon | Guðm. Jóhannsson | Kjartan S. Bjarnason | Óskar Þórðarson | Páll Guðmundsson | Vinningar Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Dan. Ág. Daníelsson | " | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | =5. |
| Friðbert Guðmundsson | 0 | " | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | =1. |
| Guðm. A. Guðnason | 1 | 1 | " | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | =9. |
| Guðm. B. Jónsson | 0 | 1 | 0 | " | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | =3. |
| Guðm. Kr. Guðnason | 1 | 1 | 0 | 1 | " | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | =7+1=8 |
| Gunnar M. Magnússon | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | " | 1 | 1 | 1 | 0 | =5. |
| Guðm. Jóhannsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | " | 0 | 0 | 0 | =0. |
| Kjartan S. Bjarnason | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | 1 | " | 1 | 0 | =6. |
| Óskar Þórðarson | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | " | 0 | =1. |
| Páll Guðmundsson | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | " | =7. |

Páll og Guðmundur glíma úrslitaglímu og eftir hana hefir Guðm. 8 vinninga alls.

Skjalasafnið Ísafirði

# Úrslit, Kappglímu á Ísafirði 17/1.-1921.

| | Dan. Ág. Daníelsson | Friðbert Guðmundsson | Guðni A. Guðnason | Guðm. B. Jónsson | Guðm. Kr. Guðnason | Gunnar M. Magnússon | Kjartan Bjarnason | Óskar Þórðarson | Páll Guðmundsson | Vinningar. Alls. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Dan. Ág. Daníelsson | - | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | =6. |
| Friðbert Guðmundsson | 0 | - | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | =1. |
| Guðni A. Guðnason | 1 | 1 | - | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | =7.+1=8 |
| Guðm. B. Jónsson | 0 | 1 | 0 | - | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | =2. |
| Guðm. Kr. Guðnason | 1 | 1 | 1 | 1 | - | 0 | 1 | 1 | 1 | =7. |
| Gunnar M. Magnússon | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | - | 1 | 1 | 1 | =6. |
| Kjartan Bjarnason | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | - | 1 | 1 | =4. |
| Óskar Þórðarson | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | - | 0 | =0. |
| Páll Guðmundsson | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | - | =3. |

Guðni og Guðm. Guðnason glímdu úrslitaglímu og eftir hana hefir Guðni 8 vinninga alls.

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd
Friðbert Friðbertsson, Örnólfur Valdimarsson og Guðni A. Guðnason
2 ár | Suðureyri í mai | 3. blað

## Reykjavíkurförin 1920.

Samkvæmt fundarsamþykt frá 21. mars 1920 var ég beðinn að fara til Reykjavíkur og mæta þar á Íslands-mótinu 17.-19. júní, fyrir Stefnis hönd og taka þátt í Íslenskri-glímu, sem ég og gerði. Fór ég af stað héðan mánudaginn 7. júní, með M/K. „Höskuldi“. Ferðin suður gekk vel, fengum besta veður, komum til Reykjavíkur miðvikudaginn þann 9. kl. 5-45 f. m.

Mér var tekið mæta vel af þeim Jóhanni Á. Árnasyni og Stefáni P. Stefhensen, ekki síst er þeir fréttu til hvers ég væri kominn. Hjálpuðu þeir mér til að koma mér fyrir og tilkynna komu mína formanni „Íþróttafélag Reykjavíkur“, því að stjórn þess félags annaðist allan undirbúning mótsins.

Föstudaginn 11 s. m. kom ég á æfingu hjá Glímufélaginu „Ármann“ en tók ekki þátt í æfingu, var ég þar kyntur glímuköppunum, ásamt fleirum. Létu þar margir ánægju sína í ljósi yfir komu minni suður. Þeir Hallgrímur Benediktsson og Guðmundur

Kristinn Guðmundsson tóku mig tali, spurðu þeir mig eftir „Stefnir“ og íþróttahreifingum hjá okkur, sögðu að það lýsti áhuga hjá félaginu að senda mann til þáttöku á mótinu.
Laugardaginn var einnig æfing og tók ég þátt í henni, fór það á ýmsa vegi, eigi fór ég mjög halloka.
Sigurjón Pétursson var ekki á æfingu en Tryggvi Gunnarsson horfði á en glímdi ekki, þóttist vera veikur í fæti.
Mánudaginn komum við allir saman til æfing er taka skyldu þátt í Íslandsglímunni. Meiddist ég þá á hné. Tryggvi og Sigurjón horfðu á en tóku ekki þátt í æfingunni, kváðust vera meiddir. Þá voru og margir þar, sem aðeins horfðu á og eigi voru glímumenn. Spurðu þeir mig margir um íþróttalíf hér Vestanlands og hvort ég væri mesti glímumaður hér vestra, o. s. frv..
17. júni byrjaði mótið og var þess þá getið að Íslandsglímunni mundi frestað til 20 júni, sökum þess að keppt væri í svo mörgum íþróttum að eigi mundi tími verða fyrr til að glíma hana.
Beið nú fólk með óþreyju eftir þeim degi.
Þann 19. komum við glímumennirnir saman til skrafs og ráðagerða. Skyldum við fyrnast koma

Skjalasafnið Ísafirði

saman þann 20., úti á Íþróttavelli, sem við og gerðum. Við vorum 15 að tölu er taka skyldum þátt í glímunni. Er við höfðum haft búningaskifti, fylktum við okkur úti fyrir skálanum og var þar tekin af okkur mynd, gengum því næst út á völlinn og inn á glímupallinn, kvaðu þá við "húrra" hrópin og er við höfðum hneigt okkur fyrir áhorfendunum, sem voru 8 - 9 þúsund manns, var bæði klappað og hrópað. Gengu síðan allir til sæta sinna og glíman byrjar. Var auðheyrt að fólkið fylgdist vel með því ekki stóð á lófaklappi að hverri glímu afstaðinni. Snemma í glímunni urðu tveir menn að ganga úr sökum meiðsla. Annar maður, sem ég glímdi við í röðinni var Tryggvi Gunnarsson glímukongur, lauk svo viðureign okkar að Tryggvi lá; var þá klappað mjög.
Í næstu glímu vildi það óhapp til að ég datt á sama hnéð, sem ég meiddist í á æfingunni og tók þá að blæða úr sárinu svo eftir það hafði ég mikla tilkenningu í fætinum og versnaði er ég rak hnéð í.
Næst glímdi ég við Sigurjón Pétursson og lauk henni svo að Sigurjón féll, var þá hrópað og klappað mikið, eins og alt ætlaði "af göflunum að ganga".

Skjalasafnið Ísafirði

klappinu ætlaði aldrei að linna og strákarnir hrópuðu: „Hafið þið heyrt, að Sigurjón lá".
Eftir því, sem á glímuna leið bólgnaði fóturinn meira og átti ég þar-af-leiðandi erfiðar með að glíma, enda fór svo að ég hafði aðeins 4 vinninga eftir þetta. Hafði 6 vinninga alls.
Úrslit glímunnar urðu þau að Tryggvi Gunnarsson bar sigur af hólmi, vann Íslandsbeltið og þar með glímukonungs tignina, í annað sinn.
Bikar þann sem veittur var fyrir fegursta glímu hlaut Þorgils Guðmundsson frá Valdastöðum.
Fer svo hver heim til sín, eftir að hafa meðtekið bréf frá Íþróttafélagi Reykjavíkur, þar sem okkur var boðið að sitja í fagnaði þeim sem félagið ætlaði að halda þann 21.
23. júní lagði ég af stað með „Gullfossi" áleiðis, til Ísafjarðar, kom þangað þann 25 og samdægurs heim með M/b. Súganda er var staddur á Ísafirði.
Þetta er í fyrsta sinn, sem „Stefnir" hefir sent mann á opinbert leikmót en vonandi verður það ekki síðasta. Nú hefir hann vakið eftirtekt annara íþróttafélaga og íþróttvina á sér, og vanta þau íþróttamanna frá honum.
Trú mín er og, að sú tíð komi að „Stefnir"

Skjalasafnið Ísafirði

sendir sveit manna á Íslandsmót, sem eigi stendur öðrum að baki og taki þátt í fleyri íþróttum en íslenskri glímu, þrátt fyrir óhagstað skilyrði frá náttúrunnar hendi fyrir úti æfingar.
Keppum allir samhuga að því að svo verði, með því getum við best aukið gengi félags vors og aflað því samhygðar.
Verum þess fullviss að iðkun íþróttanna gerir oss styrkari og þolbetri og eykur heilbrigði sálar og líkama.
Að endingu óska ég að ekki verði för á íþróttamót, sem „Stefnir“ hafi minni sómd af en þessari; mættum við þá vel við una.

Guðni A. Guðnason

# Rétt vörn og röng.

Hver sá maður sem iðkar íslenska glímu ætti að gjöra sér það full ljóst að miklu er það varðandi að kunna réttar varnir. Því það er ekki nóg með það, að sá sem ekki kann varnirnar nógu vel er í raun réttri minni glímumaður en ella, heldur getur hann aldrei óhræddur fyrir slysum og meiðslum, í glímu farið. Og það er heldur enginn efi á því að

Skjalasafnið Ísafirði

meira er um vert að kunna varnirnar réttar, en að vera harðsnúinn og „brögðóttur" í sókn. Enda er sá, er varnirnar kann, miklu öruggari glímumaður en ella. Til þess að menn geti lært varnirnar, verða þeir að skilja þær, og æfa samviskusamlega. Varnirnar eru oft torskildari en brögðin, en einmitt þess vegna þarf sá, er ætlar sér að verða glímumaður að leggja meiri rækt við þær. Þær eiga að vera sjálfar og mjúkar, enda á mjúkleikinn einkum heima í vörnum og stíganda glímunnar, en aftur harðfylgi og snarræði í sókninni. Og það eru einmitt varnirnar sem við Stefnismenn þurfum að æfa miklu betur en við gjörum. Eftir því sem ég hef vit á glímu, finst mér að glímumenn Stefnis, flestir nái brögðunum sæmilega vel, sumum ágætlega, en aftur á móti sé vörnunum mjög ábótavant að minsta kosti sumum eins og t. d. vörninni við sniðglímu á lofti. („að koma niður á hendina.") En það er einmitt þessi vörn, það er einmitt þetta: að koma hendinni rétt fyrir sig, sem svo oft mistekst og hjótast þá oft slis af.

Þetta er alvörumál.

Skjalasafnið Ísafirði

Það er ekkert gaman að verða fyrir slisum eða meiðslum vegna vankunnáttu eða klaufaskapar sjálfs sín.
Það lýsir ekki svo litilli óskammfeylni að stofna limum sínum í hættu með því að glíma af ofurkappi en litilli kunnáttu
En margir gera sig seka í þessu nú á tímum, — því miður.
Það þarf að ráða bót á þessu.
Ég legg því til: að sett verði laga ákvæði innan Stefnis, sem bannaði þeim meðlimum hans sem að dómi þar til kvaddra manna ekki kunna réttar varnir í íslenskri glímu, að taka þátt í kappglímum og glímusýningum utanfélags, sem innan.
Ég er viss um að ef Stefnir setti þetta laga-ákvæði hjá sér, mundu önnur glímufélög sigla í kjölfar hans þar. Ég er ennfremur viss um að þetta mundi skapa holla samkeppni milli félaga og einstaklinga. En eins og nú standa sakir getur hver stirðbusinn — bara ef hann kann eitt bragð og er nógu ósvífinn o. s. frv. — hrósað sigri

Skjalasafnið Ísafirði

yfir sér mikið betri glímumönnum.
Læt ég svo útTalað um þetta að sinni. Vil aðeins geta þess að mér þætti mjög vænt um ef einhver eða einhverjir af félögum Stefnis vildu senda Röðli skoðanir sínar á máli þessu – á miða. Þetta mál er svo mikilsvert að það þarf athugunar við; – og svo er mér líka sagt að engir nema ritnefnd fyrnefnds blaðs riti í það. Svo má ekki lengur til ganga.
Að síðustu vil ég láta þess getið að „Glímubókin" sem Stefnir á er geymd hjá mér og geta þeir félagsmenn sem vilja, fengið hana lánaða.
Er engum vafa bundið að allir þeir er stunda glímur, hafa mjög mikið gott af að lesa hana og skilja.

Daníel Ág. Daníelsson

## I. Stefnisglíman,

var háð þann 28 Mars síðastliðinn. Keppendur voru 9 að tölu. Úrslit glímunnar urðu þau að Guðni A. Guðnason hafði flesta vinninga, feldi alla. Hlaut hann þessvegna Kappglímuverðlaunin.
Daníel Ág. Daníelsson hlaut fegurðarglímu-

Skjalasafnið Ísafirði

verðlaunin.
Einn þátttakandinn, Bjarni G. Friðriksson meiddist og varð því að ganga úr glímunni.
5 drengir innan 16 ára aldurs keptu og um fegurðar- og kappglímu-verðlaun. Úrslitin urðu þau að Ólafur Jónsson hafði flesta vinninga, feldi alla. Hlaut hann því kappglímuverðlaunin. Einar Óskar Á. Þórðarson hlaut fegurðarglímuverðlaunin.
Í dómnefnd voru: Friðbert Friðbertsson, Friðrik J. Hjartarson, Magnús Árnason, Guðmundur J. Daníelsson og Guðmundur Jóhannsson.
Hr. Vetuliði H. Guðnason var viðstaddur í umboði og fyrir hönd héraðslæknis.

Daníel Á. Daníelsson, form.

| Drengja-glíman. 1921 | E. Óskar Þórðarson | Gissur Guðmundsson | Ólafur Jónsson | Þ. Einar Þórðarson | Þorlákur Jónsson | Vinningar alls |
|---|---|---|---|---|---|---|
| E. Óskar Þórðarson | " | 1 | 0 | 1 | 1 | 3. |
| Gissur Guðmundsson | 0 | " | 0 | 1 | 1 | 2. |
| Ólafur Jónsson | 1 | 1 | " | 1 | 1 | 4. |
| Þ. Einar Þórðarson | 0 | 0 | 0 | " | 0 | 0. |
| Þorlákur J. Jónsson | 0 | 0 | 0 | 1 | " | 1. |

Skjalasafnið Ísafirði

| I. Stefnis-glíman. 1921. | Ásgrímur Jónsson | Brynj. Þorvarðss. | Dan. Á. Daníelss. | E. Sturla Jónsson | Guðni Á. Guðnason | Gunnar Magnúss. | Guðm. Kr. Guðnason | Páll Guðmunds. | Vinningar alls. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ásgrímur Jónsson | - | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Brynjólfur Þorvarðss. | 1 | - | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1. |
| Dan. Á. Daníelsson | 1 | 1 | - | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 5. |
| E. Sturla Jónsson | 1 | 1 | 0 | - | 0 | 1 | 0 | 0 | 3. |
| Guðni Á. Guðnason | 1 | 1 | 1 | 1 | - | 1 | 1 | 1 | 7. |
| Gunnar M. Magnúss. | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | - | 0 | 1 | 3. |
| Guðm. Kr. Guðnason | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | - | 1 | 6. |
| Páll Guðmundsson | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | - | 3. |

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull.

Ritnefnd:

Gunnar M. Magnússon, Örnólfur Valdimarsson og Guðni A. Guðnason

| 2 ár | Suðureyri í janúar | 4 blað |
| --- | --- | --- |

## Frelsið.

Eftir því sem sagan kemur okkur, var minna almennt frelsi áður á tímum, heldur en nú gerist.
Með fyrstu þekkingu okkar á mannkyninu, verðum við líka varir við, að lifnaðarhættir fyrri tíma manna eru talsvert frábrugnir nútímanum.
Skilyrði náttúrunnar voru þá meiri í þeim frjósömu austurlöndum. Þá var aðallega lifað af landinu og þar sem gæði þess var æði mikið, lifðu menn svo að segja frá hendinni til munnsins. Fyrri tíma menn reikuðu um með stórar hjarðir nautgripa og annara dýra. Þeir höfðu ekkert fast aðsetur og lutu lítt hvorir öðrum, því landið var allra eign, svo að ágreiningur var sjaldgæfur meðal þeirra. En þetta smá breittist, með því að sumir fara að stunda sjó og menn fara að safnast meira saman á einn stað og er það fyrsti vísirinn til þorps-myndunar. Á sama tíma fara hjarðmennirnir að taka sér land til aðseturs.
Eftir að skipulagið er orðið þannig lagað, fer meira

Skjalasafnið Ísafirði

að bera á verkaskiftingu. Jörðin, sem áður var allra eign, fellur smámsaman til einstakra manna, í formi af aðri eign þeirra. Þessir menn byggja svo öðrum eða leigja land með ýmsum kvöðum, eða þeir útvega sér hjú (þræla) til að gæta hjarðar sinna, á meðan þeir sjálfir gáfu sig að margskonar vísindum. Á þannig lögudum grundvelli getur maður sagt að sé stofnað til menningar og vísinda þeirra, sem Grikkir og Rómverjar skörudu svo fram úr, á fyrri tímum. En alir þrá frelsið, og eins var með leiguliða þessa, þeim leið oft illa, þeir gátu ekki sint sinu eigin heimili eða jörðum, heldur voru ánauðugir undir píntingasvipu yfirboðara sinna, sem gulldu þeim ekkert kaup, létu þá vinna sér, fyrir það, að þeir höfðu útvegað eða byggt þeim jarðir, sem þeir sjálfir áttu ekkert af.

Eftir því sem menningin óx, fór að minka um leiguliða, en þrælar eru teknir í staðinn.

Þrælar þessir voru mest af dökkva kynflokknum, svo sem svertingjar og kynblendingar. Þessar vesalings mannskepnur hafa gengið kaupum og sölum, frá því fyrsta að hlutir voru metnir til peninga og alt fram til nútímans.

Skjalasafnið Ísafirði

Framkoma hvítra manna gagnvart þrælum þessum hefur víðast verið hin svívirðilegasta. Þeir hafa verið barðir áfram eins og skepnur og einskis hirt um kvartanir þeirra eða örbirgðir.

Með þróun þjóðfélagsins, fer auðurinn á færri hendur og stétta skifting verður meiri. Út af því hversu auðurinn skiftist misjafnt, eru sumir neyddir til að leggja meira á sig til að geta haldið áfram sem starfandi meðlimur heildarinnar. Það verður svo til þess að þeir draga sig að nokkru leiti út úr þjóðfélaginu, því þeir geta ekki aflað sér mentunar eða fylgst sæmilega með tímanum og eru svo úti lokaðir frá að geta nokkurn tíma notið sín í mannfélaginu, þó eru þessir menn, sem allan sinn aldur eru háður öðrum að meira eða minna leiti, engu ver gefnir til sálar eða líkama en þeir, sem yfir þeim eru og njóta á ýmsan hátt árangursins af vinnu undirmanna sinna.

Sumir halda því fram að það sé ólíkt meira frelsi nú hjá hinni uppvaxandi kynslóð, en áður hafi verið. Og þetta er svo, í það minsta hjá okkur Íslendingum, því náttúruskilyrðin skapa það að nokkru leiti, hvað sjómennina snertir, sem bæði koma víða og sjá því margt fyrir sér og það að atvinnuvegur þessi hefur fjörg-

Skjalasafnið Ísafirði

andi og frjálslyndar hugsanir í för með sér.
En þessu er ekki þannig varið alstaðar. Víða í heiminum eru menn mánuðum og árum saman innilokaðir í óhollum verksmiðjum eða niðri í jörðinni í námuvinnu. Það er eins og þessir menn séu ekki til, því að þeim kveður lífið á yfirborði hins mentaða heims, og það er ekki von, sjóndeildarhringur þeirra er svo þröngur og þroskinn á svo lágu stigi að margir hverjir halda að hinn raunverulegi heimur sé ekki stærri eða öðruvísi.
Mín skoðun er sú, að til þess að einstaklingurinn fái að njóta sín, sem best, þurfi hann að byrja sem fyrst að búa sig undir lífið. Ég held að foreldrar gjöri ekki rétt, að halda börnum sínum hjá sér fram yfir þann tíma, sem þau mega heita svo þroskuð að þau geti sjálf borið umönnun fyrir sér. Vitanlega er mjög erfitt hjá mörgum foreldrum að láta börn sín fara í burtu, einmitt þegar þau ættu að geta farið að endurgjalda foreldrunum uppeldið. En ég held að það verði barninu fyrir bestu, að byrja, sem yngst að sjá fyrir sér sjálft og bera veg og vanda af gjörðum sínum því málshátturinn segir: „Heimskt er heima alið barn."
Og sannleikurinn er sá að því fyr sem hver fer að sjá sér farborða sjálfur, því þroskaðri verður hann til að

Skjalasafnið Ísafirði

mæta ýmsum örðugleikum lífsins.
Það ætti líka að vera hagur fyrir þjóðina sem heild, því margir ungir og efnilegir menn, sem fara til útlanda í bernsku, sjá margar nýjungar og koma þeim aftur með áhrif þeirra, til gagns fyrir þjóð sína, sem ekki veitir af að bæta á ýmsum sviðum.
Mér finst að til þess að við getum fylgst með lögmáli náttúrunnar, þá þurfi allir að vera sem frjálsastir, hver gagnvart öðrum. Hverugi að sjá sér farborða á sem drengilegastann hátt, án allrar hlutdrægni og án þess að troða niður þann minni máttar. Þá fyrst erum við frjálslynd börn náttúrunnar og í samræmi við fyrstu forfeður vora, sem reikuðu frjálsir um með hjarðir sínar.

Páll H. Hallbjarnarson.

## Þátttaka í næsta héraðsmóti.

Það er svo bágt að standa í stað.
J.H.

Íþróttalíf Stefnis hefir mátt heita fremur dauft í haust eftir þeim mannfjölda, sem í félaginu er. Hafa glímur og leikfimisæfingar verið slælega sóttar. Þeim sem í flokkunum voru í fyrravetur bregður við þann áhuga sem þá ríkti hjá félagsmönnum. Nú hefir þó verið safnað saman nokkrum mönnum og komið til mála að þeir fari í aðrar sveitir til að sýna

Skjalasafnið Ísafirði

íþróttir, til ágóða fyrir félagið. Væri óskandi að sú för tækist vel og yrði til sóma og gróða fyrir félagið. En ég vildi minna félagsmenn á það, að við þurfum að iðka íþróttirnar alt af þegar við höfum ástæður til, en ekki einungis áhlaupasprettu undir sýningar. Geri ég ráð fyrir að í sumar verði haldið héraðsmót á Ísafirði fyrir alla Vestfirði, svipað og haldið var síðast liðið sumar. Þar þarf Stefnir að eiga nokkra fulltrúa í ýmsum íþróttum. Eftir þeim árangri sem fram kom á þessu fyrsta móti á Ísafirði, veit ég að Stefnis-menn hefðu sýnt jöfn afrek í flestu, ef til vill betri í sumu.
Eins og menn muna ætluðu nokkrir menn héðan, að mæta á síðasta móti, úr förinni varð þó ekkert af vissum forföllum. En ég vona að félagið hugsi til hreyfings aftur, ef ástæður leyfa og treysti því að Stefnismenn sýni betri afrek en komu fram á þessu móti. Ég veit að við getum það, en þó aðeins með því að æfa okkur iðuglega, þegar við höfum tækifæri til þess, en ekki með áhlaupum. Því allir ætlu að iðka íþróttirnar með kostgæfni, fyrst og fremst sjálfs síns vegna, það mun heillavænlegast fyrir hvern og einn.
Það sem við Stefnismenn þurfum að leggja

Skjalasafnið Ísafirði

rakt við að iðka er:

I. Glímur.

II. Stökk, (hástökk, langstökk og stangarstökk)

III. Köst (með spjóti, kringlu og kúlu).

IIII Hlaup.

Er vonandi að sem flestir félagsmenn undirbúi sig sem best í þessum íþróttum. Þarf hver og einn að leggja mesta alúð við það sem hann finnur að hann muni ná sem bestum árangri í. Með því móti mun lengra verða komist.

Við þurfum að eiga sem flest vestfirsku metin á næsta móti!

Gunnar M. Magnússon.

# Reykjavíkurförin 1921.

Eftir samþykt fundar þann 16 maí og beiðni formans fór ég til Reykjavíkur til að mæta þar á Íslandsmótinu, fyrir hönd Stefnis. Skyldi ég taka þátt í íslenskri-glímu, sem ég og gerði.
Ég lagði af stað þann 9. júní með e/s Suðurland og komum til Reykjavíkur 12 sama mánaðar.
Hafði verið ákveðið að mótið skyldi byrja þann 13 júní

Skjalasafnið Ísafirði

en sökum þess að von var á leikfimisflokki frá Noregi, sem var væntanlegur þann 17., þá var mótinu frestað.
Þann 17 júní kl. 2 e.m. gengu allir þátttakendur í mótinu skrúðgöngu inn á Íþróttvöllinn, var mótið síðan sett af formanni Í.S.Í.
Síðan var kept í ýmsum íþróttum.
Kl. 10 að kvöldi þess 17. kom „Síríus“ og með honum fimleikaflokkurinn norski, gengu íþróttamenn þá skrúðgöngu fram á uppfyllinguna, til að taka á móti gestunum. Þar var sungið og hrópað margfalt „húrra“ fyrir Noregi og gestunum. Síðan var þeim fylgt með hornablæstri til bústaða sinna.
Næsta dag sýndu Norðmennirnir listir sínar sem þóttu til komu miklar, einnig var kept í ýmsum íþróttum og tóku þeir þátt í nokkrum, svo sem: Kringlukasti, hástökki og fl.. Þann 20. júní var ~~var~~ „Íslandsglíman“ háð. Veður var mjög kalt, norðan stormur. Þátttakendur voru 13. en 4 gengu úr glímunni – 3 vegna meiðsla en einn sökum þess að maður meiddist hjá honum, – en 5. maðurinn hafði lokið sínum glímum er hann gekk í burt hrufl-aður og marinn. Lauk þessari glímu svo að sigurvegari varð Hermann Jónasson með einu falli og hafði mér hlotnast sá heiður að fella glímukonginn, en sjálfur

Skjalasafnið Ísafirði

hafði ég fengið 2 föll eins og þeir Eggert Kristjánsson og Magnús Sigurðsson — er glímdu um 2 og 3 verðlaun.
Þess vil ég láta getið að hvorki Sigurjón Pétursson né Tryggvi Gunnarsson tóku þátt í glímunni að þessu sinni. —
Annars þótti þessi glíma einhver hin ljótasta er háð hefir verið, aðeins örfáar glímur ~~voru~~ voru sómilegar.
Ofan á þetta bættist að úrskurður dómnefndar var svo ranglátur að furðu sætti. Þar sem hann kom beint í bága við Glímubókina, sem er regla fyrir íslenskri glímu. Enda var skrifuð blaðagrein um úrslit glímunnar sem dómnefnd hefir eigi svarað enn, mun henni hafa fundist vera komið ónotalega við kaunin hjá sér og því eigi getað andmælt greininni. Er leiðinlegt til þess að vita, að dómnefnd sú er dæma skal á alsherjar glímumóti landsins, skuli leifa sér, að birta dóma eins og þessa og gefa þar dómnefndum út um land dæmi til eftirbreitni.
Eftir fyrirmælum Glímubókarinnar, hefði dómnefnd átt að vísa vissum mönnum úr glímunni fyrir ódrengilega framkomu í viðureigninni. Hefði það orðið til þess að menn mundu eigi leifa sér jafn ruddalega framkomu öðru sinni.
Verð ég því miður að játa að þessi för mín varð mér og félaginu eigi til eins mikils sóma og óskandi hefði

Skjalasafnið Ísafirði

verið en hitt segi ég: Betra er að falla með sæmd, en standa með vansæmd.
Enda er það markmið mitt að koma svo fram, að sjá megi að íþróttirnar geri menn drenglyndari en ~~ekki~~ eigi ruddaskap og ódrenglyndi.
Lagði eg síðan af stað heiml. þann 27. með „Gullfossi" og kom heim þann 29. s. m..
Að endingu óska eg þess að sá tími komi sem Stefnir eigi meiri og betri þátttöku í Íslandsmótinu, en hann hefir átt þingað til.

Guðni A. Guðnason

Skjalasafnið Ísafirði

# „Röðull"

Ritnefnd.
Friðrik Hjartar, Páll H. Hallbjörns, Kr. A. Kristjánsson.

3. árg. | Suðureyri 25 Febrúar 1922. | 1. blað.

## „Dægradvöl."

Til þess að fjelagsblaðið okkar Stefnirsmanna geti lifað sómilegu lífi, og verið fjelagsmönnum til skemtunar og fróðleiks, þurfa sem flestir að senda ritnefndinni efni í blaðið. Það er tæpast að búast við, að ritnefndin ein endist til þess að rita í það sí og æ. Sýndi það sig síðastliðið ár. Ritnefndin fekk þó mjög lítið aðsent efni, enda komu ekki út nema 4 tölublöð það ár, en fundir fjelagsins voru 10. Það þurfa því fleiri að skrifa í blaðið en ritnefndin ein.

Mjer hefir dottið í hug að í blaðinu ættu að birtast þrautir, gátur og þesskonar, eins og í mörgum öðrum opinberum blöðum. Ef til vill getur það orðið til skemtunar fyrir fjelagsmenn. Þrautirnar geta menn svo fengið uppskrifaðar, ráðið heima hjá sjer og sent ritnefnd ráðningar.

Ætla jeg að renna á vaðið og læt hér fylgja þrjár þrautir.

1. Sp. Hvaða skinn ber hvorki ull né hárlu?
2. Hrögnamál: Fyrir kollinn mænir niðl.

Skjalasafnið Ísafirði

Hér er ruglað stöfum í íslenskum málshætti.

3. Talnagáta.

1, 2, 3, 4, 5. Minnir dagsins endir á

2, 3, 4, 5. Um þau keppa lýðir

6, 7, 8, 9, 10, 11, 12. Sólin skín þá aldrei á

1 – 12 Eru bruna síðir.

Rjettar ráðningar birtar í næsta blaði.

G. M. Magnússon.

## Mas

Þegar jeg vaknaði í morgun, mundi jeg það að jeg komst aftur í ritnefnd fyrir „Röðull“, á síðasta stefnirsfundi. Jafnframt kom mjer til hugar að reynslan hefði þá orðið sú með blaðið, að fjelagsmenn skeyttu ekki um að skrifa í það. Gætu ritnefndirnar einar um að koma því út og má þá virðast að þeim sje sama hvort það kemur eða ekki. Hverjar ástæður eru nú til þessa? Vilja fjelagsmenn að blaðið sje ritað og lesið á fundum? Eða vilja þeir það ekki? —

Jeg held að þeir sjeu fleiri sem vilja að blaðið haldi áfram, sumum er alveg sama. Eru þá fjelagsmenn flestir svo andlega voladir að þeir geta ekkert í blaðið ritað eða vilja þeir ekki reyna? — Jeg held að þeir vilji ekki. En ef þeir geta ritað þá liggur næri að halda að leti

Skjalasafnið Ísafirði

valdi, og væri þó ekki fjarri vegi að stytta starfstíma ritnefndarinnar og skifta um hana oft á ári.

Hefur verið um þetta skrafað meðal einstakramanna og stungið upp á því að hver ritnefnd hefði aðeins um, t. d. eitt blað að hugsa; og væri þannig frá gengið að sömu menn mætti ekki endurkjósa fyrri en að svo eða svo löngum tíma liðnum. Fengju miklu fleiri tækifæri og væntanlega ríkari hvöt til að leggja sig í framkróka við ritstörfin.

Það er sennilegt að þetta verði reynt áður langir tímar líða, því ekki ætti það að vera örðugt að koma á svona-lagaðri breytingu við blaðið og sannast þá hvort þeim mönnum fjölgar sem reyna vilja að rita í það.

Jeg hef að mig minnir í 1. blaði. Röðuls bent fjelagsmönnum þeim sem byrja vildu að rita. á sumt sem byrjendur einmitt ættu að byrja á að skrifa um og skal það ekki endurtekið hjer, ekki síst af því að jeg hef ekki hagað mjer eftir því sjálfur. Vil jeg nú benda á hvað jeg er að hafast að.

Þessi smágrein er skrifuð af því að jeg er kominn aftur í ritnefndina, hún er skrifuð af skyldurækni, en er að öðruleiti ekkert annað en eyðufyllir. En nú ætla jeg að skygnast vandlega um í mínum innra manni og vita hvort út af því sem skrifað er af skyldurækni ~~getur~~ ekkert komið annað en mas. Við sjáum nú til!

Kr. A. Kristjánsson

Skjalasafnið Ísafirði

# Íþróttaiðkun.

Margir ræða og rita um það hvað gera þurfi til þess að við getum alið upp þjóð vora, svo að hver maður hafi heilbrigða sál í hraustum líkama.
Að þessu markmiði stefnir íþróttamaðurinn og það er enginn vafi á því að maður sem iðkar íþróttir, hann þroskar ekki eingöngu líkamann, heldur þroskast hann andlega um leið, hugsunarhátturinn verður hreinni og göfugri.
En einu finst mjer að menn gleymi þegar þeir tala um hrausta þjóð, og það er kvenfólkinu.
Það er alveg eins og það eigi engan þátt í að skapa manninn og komi þar alls ekki nærri.
Hvað dugir þótt allir karlmenn sjeu hraustir ef kvenþjóðin er að sálast af allskonar kvillum, mikið fyrir of miklar kyrsetur og hreyfingarleysi. Fyrst íþróttir eru hollar fyrir karlmenn, því skyldu þær ekki vera það eins fyrir kvenfólk. En það á líklega langt í land að hugsunarhátturinn eldri kvenna og karla breytist svo að það þyki ekki ókvenlegt fyrir stúlkur að iðka íþróttir.
Samt þyrfti það að komast í móð hjer, að telpur sem eru í leikfimi í barnaskólanum hætti ekki við ferminguna, heldur gangi í „Stefnir“ og myndi leikfimisflokk, sem svo mundi smá aukast með tímanum.

Skjalasafnið Ísafirði

Það er margt sem mælir með því að stúlkur iðki
íþróttir og þeim er það engu síður nauðsynlegt en karlmönnum
og jeg er vissum að hver sú stúlka sem gerði það mundi
alls ekki iðrast eftir ~~á~~ því þegar fram liðu stundir.
Ekki er það ætlun mín að stúlkur æfi íþróttir til þess
að geta sýnt þær og orðið frægar fyrir, heldur aðeins heils-
unnar vegna.

Þá vil jeg drepa lauslega á það að telpur ættu
einnig að æfa sig á skautum og skíðum.

Mjer til mikillar ánægju hef jeg nú upp á síðkastið
sjeð margar telpur hópast á skíði þegar gott hefur verið
færi, alveg eins og smástrákana og jeg vona að þær
telpur haldi áfram að æfa sig enn, hætti ekki þegar þær
komast á fermingaraldurinn.

Svo er það sundíþróttin. Hún er nú ekki síst að
hollustu til. Margir munu nú segja sem svo:, Hvað á
kvennfólk að gera með að kunna sund, sem ekki stundar
sjómensku". En það er hreinasti misskilningur að kvenn-
fólk þurfi ekki að læra sund, þótt ekki væri um neina
hollustu að ræða, þá er ekki víst nema það gæti forðað
þeim frá drukknun við landssteinana, ef þær kynni
að synda. Minna má og á það, að konur kunnu að
synda í fornöld. Sjá Harðarsögu Hólmverja.

Enda jeg svo línur þessar með því að skora á

Skjalasafnið Ísafirði

alla Stefnirsmenn að hvetja allar ungar stúlkur til að koma í „Stefnir“ og iðka þar íþróttir, sjer til andlegrar og líkamlegra heilsubóta.

Þóra Hjartar.

## Fornislenskar bókmentir.

Einhver sá besti arfur, sem forfeður vorir hafa skilið eftir handa seinnitíma mönnunum eru bókmentirnar.

Það er þó næsta óskiljanlegt hvernig þær hafa getað þróast hjer á landi, þar sem strjálbygðin og samgönguleysið við önnur lönd stóðu sem þrándur í götu fyrir hverskonar utanaðkomandi áhrifum.

Það, að Íslendingar eignast snemma svona góðar og miklar bókment er mikið að þakka því, fyrst og fremst að þjóðin að eðlisfari er mjög námfús, og á Víkingaöld eru samgöngur svo miklar við Norðm., Kelta og Engilsaxa að talið er að Íslendingar hafi orðið fyrir miklum áhrifum af þeim því Rómverska menningin var þá farin að þokast Norður í álfuna, og óx hún þó enn meir þegar Vilhjálm Bastarð braust inn í England. Einnig af því að Íslending voru af bestu ættum úr Noregi, þeim mönnum sem ekki gátu þolað yfirgang Haraldar hárfagra þegar hann var að leggja Noreg undir sig.

Skjalasafnið Ísafirði

Áður á tímum þótti mikið til þess koma að vera af góðum ættum. Menn töldu sig til þessa og þessa ættliða og gjörðu sitt ýtrasta til að halda uppi sóma þeirra. Á þennan hátt myndast munnmælasögurnar sem skáldlega ræða um ættgöfgi og hreysti forfeðranna.

Meðan ritlistin var ekki þekt geymdust sögurnar í minni manna. Þá þótti það besta skemtun, ef vel var sagt frá sögu, og þeir menn oft í hávegum hafðir, sem kunnu vel þá íþrótt.

Þingið forna var nokkurs konar miðpunktur menningarinnar hjer á landi. Það var sótt úr öllum hjeruðum landsins, þar sem málum manna var þar að mestu til lykta leitt. Þar var skemt með sögum svo að allur þingheimur hlýddi á. Þetta var til þess að allir lærðu sögurnar og þær festu rætur í hugum manna. Sögurnar hafa auðvitað fengið talsverðan skáldskaparblæ á sig eftir því sem þær voru sagðar oftar, enda þótti mest koma til þeirra sagna sem voru færðar í sem fegurstan búning.

Flestar voru sögurnar konunga sögur. Um hreysti þeirra og hugprýði, um hólmgöngur og vígaferli og kvæðin lofkvæði og lausnar kviður. En hjer var líka margt viðburða-ríkt á Söguöld, svo efnið gat orðið fjölskrúðugt.

Á 11. öld er kyrt og róstulítið hjerheima svo sögurnar verða skipulegri og ná meiri þroska. Þá er líka farið að

Skjalasafnið Ísafirði

tala um fróða menn t. d. Kolskeggur fróði Ari fróði og Sæmundur fróði. Þegar Íslendingar fóru að iðka klerk-legar listir og ýms kristin fræði, námu þeir letur gerð, og er þá auðskilið að þeir höfðu áhuga á að skrásetja eitthvað af því sem geymst hafði á vörum feðra og mæðra öld fram af öld.
Eitthvað það fyrsta sem talið er að hafi verið skráð eru fornlög og ættfræði veturinn 1117.–18. Þetta var skrifað á kálfs eða sauðskinn með fjöðurstaf. og er líklegt að andansmönnum nútímans þætti sjer lítt borgið með þeim tækjum. Um þetta leyti ritar Ari sögu sína
Á síðari hluta 12. aldar var tekið til óspilltra málanna að skrifa, og er þá talið að Íslendingasögur hafi verið ritaðar. Höfundar þeirra eru oss ókunnir og er það leitt að vita ekki hverjir hafa gefið oss, þann ágæta fjársjóð. En það lítur útfyrir að Höf. hafi þó ekki verið jafn mikið kappsmál að birta nöfn sín, eins og nú gerist. eða hitt að þeir, sem fyrstir urðu til að skrifa þær á skinnin, hafi ekki viljað telja sig höfund þeirra, vegna þess að þeir rituðu þær svo að seigja óbreyttar eins og þeim hafði verið sagðar þær.
Efnið í Íslendingasögum er aðibreytilegt. Í sumum dregur höf. fram á sjónarsviðið afburða hetjuskap og drengglund, hjá mönnum sem láta jafnt ganga yfir sig og þá sem

Skjalasafnið Ísafirði

flúið hafa á náðir þeirra og liðveislu. Í öðrum er lýsingar á lunderni manna og ráðspeki og í enn öðrum rausn í búi og gjöfum til vina og fátækra. Forlagatrú er mikil í sögunum og er eins og höf. vilji sýna þann á að feigum verði ekki forðað. Þá eru draumar miklir, sem höf. lætur koma fram við söguhetjurnar, eins og leiðbeining áður en atburðurinn kemur fram.

Stíllinn á sögunum er mjög viðfeldinn. Höf. lætur lítið á sjer bera, en leynist á bak við. Samtöl eru tíð, en jafnan í annari og þriðju persónu. Lesandinn fær því lítið að kynnast söguhetjunni af hans eiginn ummælum. Setningarnar eru stuttar og gagnorðar, en þó svo sagðar að þær verða ekki nema á einnveg skildar.

Merkir höfundar og þeir sem taldir eru vera feður íslenskra bókmenta eru þeir Ari Þorgilsson og Sæmundur Sigfússon. Menn vita furðulítið um þessa ágætismenn. Ari er breiðfirskur að ætt kominn af Guðrúnu Ósvífsd. Hann ólst upp í Haukadal hjá Halli Þórarinssyni og naut þar ágætra mentunar.

Merkasta bók Ara er Íslendingabók. Hann ritaði hana tvisvar. Hún skýrir frá sögu landsins í stórum-dráttum frá 874–1120. Í bókinni er talað um bygging landsins, fjórðungaskifting, kristnitöku og kirkjuskipun. Ari hefur verið talinn einhver frægasti

Skjalasafnið Ísafirði

# „Röðull“

Ritnefnd.
Friðrik Hjartar, Páll H. Hallbjörns og Kr. A. Kristjánsson.

| 3. árg. | Suðureyri 8 Marz 1922. | 2 blað. |
|---|---|---|

## Fornislenskar bókmentir.

Niðurlag.

Kveðskaparöldin stendur með mestum blóma frá 900–1100. Þá verða Eddurnar til. Snorra Edda, sem er skrifuð eftir Snorra Sturluson einhvern ágætasta ritsnilling á þeim tíma.

Snorri Sturluson er fæddur 1178 og er sonur Sturla Þórðarsonar, sem var mjög óstyrilátur maður, en annars margt vel gefið. Snorri ólst upp í Odda, sem þá var miðstöð alskonar menta, og hefur hann aflað sjer þar þeirra mentunar, sem fáanleg var hjer á landi. Síðar dvaldi hann oft erlendis og er sagt að hann hafi einusinni bjargað landinu frá að ganga á hönd Hákoni Noregskonungi. Snorri var mesti dugnaðar og afkastamaður. Auk Eddunnar skrifaði hann „Heimskringlu. Það rit skýrir sögu Noregskonunga alt frá elstu tíð, þangað til 1177 og ber það af öllum sögum, sem skrifaðar hafa verið um Noregskonunga.

Sæmundar Edda, sem talið er að muni vera skrifuð af Sæmundi fróða, því engum er ljóst um höfund hennar, þrátt fyrir ýmiskonar fornfræðagrúsk nútímamanna.

Menn vita ógjörla hvar Eddurnar hafi orðið til. Sumir halda því fram að þar sje kveðnar í Noregi (Finnur Jónss.)

Skjalasafnið Ísafirði

ritsnillingur sem uppi hefur verið á miðöldunum. Eftir Sæmund fróða eru engin rit til, sem vissa er fyrir að sje eftir hann. Það er haldið að hann hafi ritað Noregs-konungasögur alt frá Haraldi hárfagra fram að Magnúsi góða. En víða er vitnað í Sæmund í öðrum ritum, svo að líklegt er að meira liggi eftir hann en upphafið grafið.

Merkastar Íslendingasögur eru álitnar: Njálssaga skrifuð á þrettándu öld, Egilssaga Skallagrímssonar, Laxdæla, Vatnsdæla, Gíslasaga Súrssonar og Hrafnkelssaga o. m. fl.

Framhald.

Páll H. Hallbjörns

Skjalasafnið Ísafirði

aðrir á Íslandi (Björn Olsen) og ennaðrir jafnvel á Íslandi. Þetta er auðvitað ákaflega ilt að dæma um. Þó virðist það aði kynlegt að kvæðunum skuli lenda hjer á landi, ef þau væru ort annarsstaðar, og þar sem Íslendingar stóðu öðrum þjóðum miklu framar í skáldlegri mentun, er næsta ólíklegt að þeir hafi geymt kvæðin, en engu bætt við þau.

Efni Eddukvæðanna er margbrotið. Í þeim kynnumst við hugsunarhætti forfeðranna. Við verðum vör við hugmyndir þeirra um guð og annað líf. Siðferðishugsanir, lunderni, gleði og hrigð, menning og háttu, Ennfremur goðasagnir, kappa og vígaferli. Eddukvæðin verða til á þeim tíma sem losar að koma á heiðnina, því víða kemur fram í þeim háð og lítilsvirðing í garð goðanna.

Árið 1000 er sagt að kristnin sje lögleidd á Íslandi. Með henni kemur því blómöld íslenskra bókmenta. Þá eru reistar kirkjur og stofnsett klaustur og þangað safnast fljótt margir starfsmenn, sem hafa bæði hafi leika og tíma til að fást við skriftir og andlegstörf. Enda er enginn vafi á því að við eigum klaustrunum að þakka mest, hversu vel handritin hafa geymst þar öld eftir öld án þess að missa gildi sitt. En þegar klaustur haldinu fór að hnigna hjer á landi, fóru klerkar að verða kærulitlir með hvað var skrifað og hvernig fór um góð handrit. Þeir jafnvel skáru út af skinnunum stórmerkilegar vísindgreinar

Skjalasafnið Ísafirði

en settu í stodinn ýmsar drabbarasögur og drykkjukvæði. En þrátt fyrir það eigum við mikið að þakka þessum mönnum og stofnunum þeirra, því mikið hafa þeir oss eftir skilið af alskonar fróðleik og mentum og svo mikið að engin þjóð á Norðurlöndum á líklega jafn miklar og góðar forn-bókmentir og Íslendingar, eða í það minsta hafa útlendar-þjóðir lagt mikla stund á, að kynnast þeim. Því að þar eru ekki eingöngu sögur um Ísland og Íslendinga, heldur eru þar meir og minna saga als Germanska þjóð-flokksins. Og áskandi væri að við sem nú lifum á 20 öldinni gætum skilið ókomnum kynslóðum eftir jafn góðar og glæsilegar sögur og heimildir fyrir þeim, og þeir hafa gert, í samanburði við andlegt menningarstig nútímans, og þau tæki og skilyrði, sem forfeður vorir hafa haft á 11. og 12. Öld.

Páll H. Hallbjörns.

## „Jeg fer til skips."

Sökum þess að mig langar til að láta eitthvað í Röðul, en treysti mjer ekki til að gera nokkra ritsmíð, sem gagn eða gaman væri að, þá datt mjer í hug að minnast lítilsháttar á helstu atriði frá fyrri sjómans-

Skjalasafnið Ísafirði

árum mínum.

Í föðurgarði sat jeg ~~og~~ þar til jeg var 14 ára gamall. Hafði litið séð af heiminum, annað en höfuð, hala, horn og klaufir, var því ekki að furða þótt lifnaði yfir pilti, er hann fékk bréf frá kaupmanni, sem kallaði hann til skips á ákveðnum degi. Já þá var gleðin mikil! Þegar ákveðni dagurinn kom var lagt af stað. Síðan sett ofan og siglt út. Þá fór nú að draga úr gleðinni. Veðrið var allgott, þó fór sjóveikin að gera vart við sig. og fór svo að bólið varð að lokum að taka við karli að fullu til geymslu. Þá fór nú að grána gamanið. Ekki mátti gubba á gólfið, því þá komu ljótar skammir. Ekkert mátti fara í rúmið og ekki komst jeg upp. Þá var ekki hægt annað en skila öllu aftur, enda var það gert. Hendin látin fyrir munninn og alt sötrað aftur.

Einn góðan veðurdag var jeg rekin upp á þiljur og látinn renna færi. Ekki gekk það vel. Ilt að finna botninn, því vatnið var djúpt og enn verra var að finna til fiskjar. Þó fór svo að einn fiskur kom. Hann var steindauður og rifið upp í alla ugga, og var þar með talið mitt „fiskirí“ þann hálfamánuð sem við vorum úti. Eftir þetta fór að smálagast, þótt kverkarnar væru oftast nokkuð liðugar.

Það var á hvítasunnudag. Þá fór jeg heim til

Skjalasafnið Ísafirði

fermingar og svo til sjáfar aftur.
Skipið sem jeg var á hjet „María“ og var frá Bíldudal. 30 t. að stærð. Margt skeði þar um borð, sem jeg mun lengi muna, en fátt af því verður sagt hjer.
Einn maður var á skipsfjöl, sem þótti sjerstaklega vænt um peninga. Hann tók upp á því að draga af mat sínum í hverjum útivistartíma. og keypti hann fyrir andvirði þess snúða og annað þesshattar, sem hann síðan seldi skipverjum seinni hluta útiverutímans, með ágætum hagnaði. Þetta gekk vel um stund. En eitt sinni gerði karlinn sjerstaklega stór innkaup og hugsaði sjer nú gott til gróðans. Þetta urðu skipverjar varir við og mynda samtök um að kaupa ekki neit. Svo að alt myglar og skemist hjá karli, en það þoldi ekki verslun hans og fór því á höfuðið.
Þorskarígur var þar mjög mikill. t. d. sá jeg einn jeta hjarta og sjúga blóð úr lifandi fiski til að svala reiði sinni, en þó tók útyfir hjá öðrum. Hann skar fiskinn í mörg stikki, tróð svo á honum og að lokum kastaði hann stykkjunum sínum í hvora áttina með ljótu orðbragði.
Einn var þar sem fór mjög reiður til sængur. Hann vaknar að stundu liðinni með voða krampaleggum. Hann beit sig og reif til skaða svo það varð að sigla með hann inn til læknis.
Þannig lagaðar sögur mætti lengi telja. Þó voru þetta bestu menn þegar frá borðinu var komið.

Skjalasafnið Ísafirði

Einu sinni ætlaði skútan að verða nokkuð djúpsyld.
Við vorum þá að sigla suðvestan vind undan „Kögri“ til
Hornvíkur og vorum komnir undir Hælavíkurbjarg.
þá kom mysvindi svo ill var að sigla. Nú stóð svo á
að vindur lá niðri um stund svo skipið var ferðlaust,
en ekki leið á löngu, áður en kom sterk rokkviða
í seglin svo að skipið leggur þau að mestu á sjó.
Skipsbáturinn fyltist í böndum sínum og saltið kellist úr
kössunum. Held jeg þá að flestir hafi haldið sína daga vera
talda. En svo var þó ekki. Skútan reysti sig dálítið
aftur og við það tók hún hlaup, og hreinsaði hún þá
útbirðis alt sem lauslegt var. 2 menn tók aftur af
skipinu, en þeir báðir náðu í skaut endann svo ekkert
slis varð. Síðan var farið að moka salti og laga til, en
margt vantaði, sem út hafði farið.
Nú er „María“ seld til R.víkur og hefur verið látin
í hana mótorvjel, svo hávaðasöm að hafnar vörðurinn sá
ekki annað fært, en að reka hana út á ytri höfn, svo hún
gerði Reykjvíkinga ekki vitlausa.
Læt jeg svo hjer botn í falla og ~~og~~ óska að „Röðull“ fái
aldrei jafn tilfinnanlegan greinar slif.

Oddur V. Hallbjörns.

Skjalasafnið Ísafirði

Ráðningar á þrautum í síðasta tbl. Röðuls.

I Yfirskin.

II Kornið fyllir mælirinn.

III Kvöld - völd - Skuggar - Kvöldskuggar.

G. M. Magnússon.

# Pólitík.

Hvað er pólitík. Pólitík eru þær þjóðmálaskoðanir, sem uppi eru hjá einni þjóð í það og það skiftið. Skulu nú hjer nefndar þær stefnur í þjóðmálum - pólitík - er hjer hafa verið undanfarin ár, og eru hjer nú.

Svo má segja að stjórnmálabarátta var byrjuð með Jóni Sigurðssyni. Þó höfðu þeir Baldvin Einarsson og Fjölnismenn vakið máls á málum þessum, enda eru þeir uppi um það leyti, sem miklar frelsis og framsóknarhreyfingar breiðast út um alla Evrópu, og leiddu af júlíbyltingunni á Frakklandi 1830,

Skjalasafnið Ísafirði

Jón Sigurðsson var, sem kunnugt er, allra mesti framsóknarmaðurinn, sem þjóðin hefir eignast. Því fór þó fjarri, að allir fylgdu honum að málum, og vildu þeir þó allir þjóð sinni hið besta. Er það jafnan svo, er um pólitík er að ræða, að markmiðið er oftast hið sama hjá öllum „flokkum", andleg og efnaleg viðreisn þjóðarinnar, en deilan rís út af leiðunum, sem fara skal að markinu.

Fjölnismenn vildu t.d. hafa alþingi á Þingvöllum, Jón Sigurðsson í Reykjavík. Báðir vildu auðvitað að þingið ynni þjóðinni sem mest gagn. Svo sem kunnugt er, sigraði skoðun Jóns, í því efni, sem mörgum öðrum.

Jeg fer nú fljótt yfir söguna.

Jón Sigurðsson fellur í valinn.

Stjórnarskráin 1874, var ávöxturinn af æfilangri baráttu hans og sjálfstjórn. Og með stjórnarskránni hófst nýtt tímabil í sögu Íslend-

Skjalasafnið Ísafirði

inga. Framfarirnar, sem urðu hjer á einum manns-aldri, voru meiri en á öllum þeim öldum samanlögðum, sem erlendir menn höfðu stýrt þjóðmálaefnum Íslendinga. Merkilegustu umbæturnar, sem stjórnarskráin veitti, voru þær, að nú höfðu Íslendingar full ráð yfir fjármálum landsins, og að ekkert gat orðið að lögum í landinu, nema það sem alþingi hafði samþykt. Þó fylgdu þessu fyrirkomulagi margir annmarkar, og komu þeir æ skýrar í ljós, er lengra leið. Voru menn skamma stund ánægðir með stjórnarskrána, og merki Jóns Sigurðssonar – framsóknar – merkinu – var óðar en varði brugðið á loft. Aðalóánægjuefnið var, að yfirstjórn sjermálanna var enn í Kaupm.höfn, og auk þess var ráðgjafinn danskur, búsettur í Höfn, og ábyrgðarlaus fyrir alþingi.

Skjalasafnið Ísafirði

Rjeð hann konungi oft frá að undirrita lög þau er alþingi hafði samþykt, og þegar konungur hafði neitað undirskrift 23 sinnum þótti mörgum „setið á meðan sætt væri." – Aðalforvígismaður Íslendinga í þessari baráttu, var Benidikt Sveinsson, sýslumaður, einn af hinum fornu fylgismönnum Jóns Sigurðssonar. Var hann maður einbeittur, þrekmikill og staðfastur, og allra manna best máli farinn.

Stefna sú er hann hjelt fram var kend við hann og kölluð „Benidiskan.

Aðalkröfurnar voru að konungur skipaði landsstjóra eða jarl yfir landið með innlenda ráðgjafa sjer við hlið, er bæru ábyrgð fyrir alþingi, eða með öðrum orðum alinnlend stjórn, búsett í landinu sjálfu með fullri ábyrgð fyrir alþingi. Má segja að stefna þessi sje hjer ráðandi í 10 ár, eða frá 1885 til 1895. Höfðu þingin á þeim árum hvað eftir annað samþykt stjórnarskrár frumvörp

Skjalasafnið Ísafirði

er fóru í þessa átt, en jafnan fengið staðfestingar synjun. Þótti nú sýnt, er hjer var komið sögunni, að stjórnin mundi ekki fást til að ganga inn á kröfur Íslendinga í heild sinni.

Á þinginu 1895 var tekið til þeirra ráða að vita hvort stjórnin vildi ekki leyfa að Ísl. fengju sjerstakan ráðgjafa búsettan á Íslandi en eigi fjekst stjórnin til að sinna þessu.

Þá var það að einn af alþingismönnunum, Valtýr Guðmundsson háskólakennari, leitar hófanna hjá stjórninni um þá tilslökun að minsta kosti, að Ísland fengi sjerstakan ráðgjafa herra í Kaupm. höfn, er skildi íslenska tungu, mætti á alþingi og bæri ábyrgð fyrir því á stjórnarathöfnum sínum.

Þótti stjórninni þetta aðgengilegt, og með hennar vitund og vilja voru breytingartillögur við stjórnarskrána, er fóru í þessa átt, fluttar á þinginu 1897.

Skjalasafnið Ísafirði

Með tillögum þessum myndast ný stefna í pólitíkinni, er hlaut nafnið „Valtýskan“. Voru þegar allmargir, bæði utan þings og innan er fylgdu þessari stefnu, og töldu till. samilega rjettarbót eftir því sem við horfði.
Þó voru tillögurnar feldar á þinginu 1897. Reis nú allmikil rimma út af stefnum þessum „Benideskunni“ annarsvegar og „Valtýskunni“ hinsvegar. Skal hjer ekki lýst flokkadráttum þessum en endirinn varð sá að Valtýskan sigraði á alþingi 1901.

Framhald.

Friðrik Hjartar.

Skjalasafnið Ísafirði

# „Röðull."

## Ritnefnd.

Friðrik Hjartar, Páll Hallbjörns og Kr. Á. Kristjánss.

3. árg. | Suðureyri 2. apríl 1922. | 3 blað.

### Heiðarferð.

Við vorum fjórir saman á ferð yfir Botnsheiði í góðu veðri, núna fyrir skömmu: Þórður, Hans, Guðni og jeg.

Við fengum mótorbát til að flytja okkur inn að Kvíarnesi; gekk það með venjulegum skellum og bar ekkert til tíðinda.

Þrír okkar höfðu skíði og lítinn farangur, en Guðni var skíðalaus og bar 40 # af ull í tveimur pokum, var hann æði fyrirferðar mikill með birgði sína; Ræddum við um það á leiðinni inn að Botni, hve viljugur Guðni væri að rigast með ullina landveg, í stað þess að senda hana með nýafstaðinni bátsferð til Ísafjarðar. Guðni kvaðst ekki mundi biðja okkur að bíða sín, en hugðist mundi hökta eftirá einhvernveginn.

Þegar við gengum um túnið í Botni segir Þórður við Guðna að nú skuli hann fá sjer sleða í hjá Guðmundi undir pokana: „Nú ætla jeg að fá mjer sleða til að draga á bansetta ullina" sagði Guðni. Vatt hann sjer heim að bænum, en við hjeldum áfram

Skjalasafnið Ísafirði

í högðum. Brátt kom Guðni og náði okkur framanvið túnið, með lítinn sleða í eftirdragi. Hafði hann sírrað pakana fasta ofan í rimarnar. Var hann hinn kátasti, en kvoðst mundi tjóðra sleðann við einhvern símastaurinn, ef tregt gengi fram dalinn, því gangfærið var hjarn heiman til, en barinn snjár þegar framar kom, sökk sleðinn lítt í, en var þó allt tregur í drætti. En það kom okkur saman um að ef Guðna entist orka til að ná há-heiðinni mundi sleðinn launa alla fyrirhöfnina með vöxtum þegar kæmi til undanhaldsins á Tunguddal.— Var nú fátt rætt fram Botnsdal, en haldið sem leið liggur, og fylgdi Guðni okkur fast með sleðann.

Undir Aurbrekku sagði jeg við Guðna að jeg dáðist að þreki hans og úthaldssemi, við að draga sleðann, því jeg sá að hann gerist sveittur mjög, þótt lítt væri hann móður: "Já! sagði Guðni nú vill hann helst fara til baka, skrattinn sá arna, honum er víst ekkert um að fara svona útúr landareign sinni í óvissu." Varð hlátur að þessu svari.

Þegar upp kom á Aurbrekku bar okkur skíðamennina undan, því hjer var skíðafæri indælt, þó nokkuð hart og ósljett. Stoðnæmdumst við í heiðarskarðinu undir Kvíldarkletti og snæddum

Skjalasafnið Ísafirði

nesti okkar, en af því að jeg hafði geymt brauð mitt í bakpokanum, var það frosið og æði kalt í munni, svo jeg sveipaði pappírnum um það aftur og ljet það í vasa minn, þann sem vissi að sólu, svo það þiðnaði.
Hjeldum við nú umhverfis Búrfellið og hugðum gott til undanhaldsins. Hafði Guðni nú náð okkur aftur.
Rendum við okkur nú fram af Efri-Skipabrekku og fórum geyst, en hjer var skíðafærð ósljett, því snjóinn hafði borið saman í öldur og hóla og hoppuðu skíðin eins og ótemjur, svo mjer fanst að þar væri "alt undir slit og brot". Staðnæmdumst við niðri á Lægri-Skipabrekku og litum til baka. Var Guðni þá í neðri brekkunni á sleðanum, sem tók stórar dýfur eins og "loggorta" á kröppum sjó; Var það skrikkjótt ferðalag og sáum við það seinast að honum stakst á kaf ofanaf einni snjó-öldunni, því við sveifum afslóð fram af brekkunni eftir glitrandi fannbreiðum, sem sólin helti yfir geislaflóði sínu frá heiðskírum himninum.
Þeir Hans og Þórður hugðu að fara beint af augum, en jeg þorði það ekki. Heldur rendi mjer austureftir daldrögunum í stóran sveig umhverfis brekkuna. Fór jeg sem fugl flygi og fann að örugt varð um stjórn á skíðunum, því snjórinn harnaði eftir því sem neðar dróg. Þegar jeg hafði lokið hringferðinni

Skjalasafnið Ísafirði

og stöðnæmdist neðan undir brekkunni sá jeg að þeir höfðu orðið að hverfa frá fyrirætlan sinni og koma á eftir mjer, en ferðin á þeim var óviðráðanleg og örðugt að stoppa skíðin, enda hrökk sundur stafurinn hjá Þórði um leið og hann þaut fram hjá og hentist brotið með hinanum í háa loft. Flaug mjer þá í hug örfarnar (hjá) „Guðsnautar“ sem hurfu aftur til eigandans og mundi nú stafbrotið hverfa loftleiðis heim til Halldórs Friðrikssonar - en hann átti stafinn. Við stöðnæmdumst nú undir brekkunni og biðum Guðna; gat brátt að líta hvar hann kom fram á brekkuna og bar við loftið, með sleðann, sem nú mátti fremur nefna reiðskjóta, því Guðni tilti sjer á bak og kom í rjúkandi ferðinni niður brekkuna og brosti út undir eyru af ánægju - Þá var nú ekki að fara í kring. En ánægjan fraus á andlitinu eftir því sem neðar kom, því hann stefndi beint í ána, sem var svo óheppileg að vera opin einmitt á þessum stað, Gerðist hann ókyr á pokanum og endaði æfintýrið með því að sleðinn snar-snjerist og valt um koll um leið og Guðni kastaði sjer af baki og lágu báðir afvelta svo sem ½ faðm frá árbakkanum, sem var æði hár: „Nú varstu tæpur í því Guðni minn“ sagði Hans: „Já nú var jeg tæpur í því Hansi“ ansaði Guðni

Skjalasafnið Ísafirði

num leið og hann spratt á fætur. Ekki mælti hann fleira, en rauk af stað með sleðan í eftirdragi til að búa sig undir nýjan sprett á næstu brekku.

Við ýmist gengum svo eða rendum okkur með fram ánni, niður á heystöður. Hugðist Guðni nú að fá sjer ærlega húrra niður á Tunguleiti og settist á bak, en rjett þegar sleðinn var kominn á fulla ferð, hefur hann líklega stungið niður fótinum, því sleðinn snjerist í hring í einu vetfangi svo stafninn vissi beint í brekkuna. Steyptist Guðni aftur á bak af sleðanum og hann á hann ofan, svona tvöfaldan, svo meiðarnir vissu til himins.

Mjer varð það eitt að orði, að leitt væri að geta ekki kvikmyndað svona atburði, því við áhorfend-urnir hlógum dátt. Ekki mælti Guðni aðu-orð frá vörum í þessum ósköpum, en líklega hefur hann blótað í hljóði, því mjer sýndist handatillekt-ir hans eitthvað þykkjulegar þegar hann skreið undan sleðanum og kastaði honum á réttan kjöl. Settist hann nú á söðulinn að nýju og fór á rjúkandi ferð niður brekkuna, stóð snjóstrokan aftur af honum, eins og þar færi þraut hlaðin flutnings-(bílar) bíll eftir rykfullum Reykjavíkurgötum.

Hans var rokinn af stað á skíðunum, en við

Skjalasafnið Ísafirði

rendum okkur í fleygi ferð á eftir og stöðvuðumst fyrst niður við á, var þar hála hjarn og ill að fóta sig, jafnvel skíðalaust. En nú var Guðni fyrst orðin vel ríðandi, því hann fór í fleygi ferð heim yfir leitið. Skákaði hann okkur öllum skíðamönnonum í einum hóp að lokum og þar sem við stauluðumst og runn um í öðru hvoru sporði á hálkunni horðum við á eftir honum þjótandi fram af brekkunni; mistum við þar af síðasta þættinum í sjónleiknum, því þegar við komum ofan á eyrarnar stóð Guðni þar hjá pokunum eins og knarreistur hani, sem sloppinn er úr slagsmáli og sagðist „já maður“ hafa verið í veifu niður brekkuna og vita það eitt að hann hefði hoppað fram af einum stórum steini og svo hefði hann gert sjer þann grikk. rakarlinn sá arna“ á einum stað, að snúa sjer við og renna með sig langan veg aftur á bak; Gátum við skilið að Guðni mundi verulega hafa. tekið sig út“. þar í brekkunum og hlógum hátt og lengi að þessu æfintýri öllu.

„Hann hefur víst farið marga bratta þessi“ sagði Hans „Ja! maður“ sagði Guðni:- Hann hefur farið marga bratta þessi sleði“ - í Surtarbrandinum maður!“ Allir mundu sitt af hvoru frá þeim árum og hugsaði hvor sitt með sjer og „við hlógum allir“

Eftir þetta bar ekkert til tíðinda og hjeldum við

Skjalasafnið Ísafirði

í góðu skapi sem leið liggur út á Ísafjörð. Skildum við þar í bróðerni og Guðni hjelt sinu beina striki til Eyjólfs bókbindara.

Morguninn eftir hitti jeg Guðna og spurði auðvitað eftir sleðanum: „Já! maður“ sagði Guðni: „Jeg ætlaði að koma honum með Rask í gærkveldi, en þeir vildu ekki taka hann, en veistu hvað jeg gerði; Jeg fór í morgun, þá voru allir sofandi, og ljet sleðann á dekkið; Jeg ætla að vita hvort þeir nenna að fleygja honum fyrir borð“ Og það endaði með því að sleðinn fór, sem „blindur farþegi“ eða eins og hver annar „bannvarningur“ með Rask heim til Súgandaf.

Kr. A. Kristjánsson

## Fyr og nú.

Ekki veit jeg af hverju jeg gekk í „Hefni“, jeg heyrði stúlkur vera að tala um að ganga í fjelagið; þær voru 7, þótti mjer þá leiðinlegt að láta standa á stöku og skrifaði mig þá 8.

Af því að þetta fjelag er fyrsta fjelagið, sem stofnað

Skjalasafnið Ísafirði

var hjer, finst mjer að það megi ekki koma fyrir að það drepist eða detti úr sögunni. Jeg er ekki í neinu fjelagi til gagns, heldur mjer til gamans og til þess að heyra mentaða menn tala; samt finst mjer nú misjafnt sem þeir segja, því að ekki geta allir verið á sama máli. Það væri heldur ekki gott, því að þá yrði ekki neitt úr neinu."

Mjer datt margt í hug á síðasta fundi, þegar verið var að minnast á sparnaðinn.

Það er ekki nema gott að unglingarnir sjeu mintir á að spara. Það er satt, sem sagt var að það er leiðinlegt að vita drengi og telpur um fermingu reykja bæði vindla og sigarettur.

Þegar jeg var að alast upp var aldrei minst á að spara, en í raun og veru var það gert samt. Mjer finst alt of víkið

meira að kvenmanninum en
karlmanninum, þegar verið er
að tala um sparnað, en það er
nú kanske af því að jeg er kven-
(maður), en mín skoðun er
að það eigi að áminna bæði
jafnt. Það er satt, ekki dugir
þó einn spari, það þurfa
allir að hafa samtök með það.
Þegar jeg var um ferminguna
þá vorum við ~~til~~ stúlkurnar
til skiftis í eldhúsinu.
Á morgnana vöktum við
fólkið með kaffinu og tókum
sykur á skál, sem var með
eins mörgum molum á og
fólkið var margt því hús-
móðirin hafði skamtað það þá
dugði ekki neinum að biðja
um meira sykur eða taka
meir en honum var ætlað.
Brauðmatur var aðeins skamt-
aður á tveimur heimilum í
sveitinni, 1/2 kaka á dag á

Skjalasafnið Ísafirði

1/4 p. á hinu. Er jeg hrædd um að unga fólkinu brygði við ef það ætti að búa við jafnlítinn brauðamat nú. Þá voru til menn hér í sveitinni, sem vissu ekki hvað þeir áttu að hafa til næsta máls, og held ég að ekki sé nú meiri fátækt, en þá, enda að mér finst, auðfarnara í hreppsreikning nú en þá.

Mig langar til að minnast ofurlítið á störf okkar þegar við vorum að alast upp. Við vorum látin gefa í fjósinu undireins og við gátum. Fram yfir fermingaraldur fórum við með hey og eldivið. Mér finst ólíkt hvað frjálsræðið er orðið meira hjá ungu stúlkunum núna en áður, því hvað mikið sem okkur krakkana langaði til að skreppa á sleða, þótt ekki væri nema uppundir Stóra steininum eða eitthvað annað til að leika okkur, þá var undireins kallað á eftir okkur hvort við hefðum ekki gleymt að sópa hjá kúnum eða vatna þeim.

Mætti enn á margt minnast, sem öðruvísi var áður en nú er, og virðist mér

Skjalasafnið Ísafirði

flest af því benda á að meira
var þá unnið en minna eytt.

Kristín Kristjánsdóttir

# Pólitík.

Framh.

Væri gaman að minnast á ýmislegt frá þessum tíma, en hjer verður það ei gert nema að litlu leyti. Hinar nafnkunnu „Alþingisrímur“ eru orðnar út af deilu þessari. Segja þær frá þinginu 1899, kosningabaráttunni um aldamótin 1900, og þinginu 1901. Þá var Ísafjarðarsýsla og kaupst. alt eitt kjördæmi, og hafði tvo þingmenn. Frambjóðendurnir voru 4, þeir Hannes Hafstein, er þá var sýslumaður og bæjarfógeti í Ísaf., síra Þorvaldur Jónsson prestur þar, Skúli Thoroddsen, fyrv. sýslumaður og síra Sigurður Stefánsson í Vigur.

Þeir Hannes og Þorvaldur voru Benediktar, en Skúli og Sigurður „Valtýingar". Er svo skemtilega sagt frá kosningahitanum á Alþingisrímunum, að ég get ekki stilt mig um að taka hér upp nokkrar vísur. Svo er Hannesi lýst „Þá var fyrða fríðastur, fallega mjög sig bar hann, kempa á velli knálegur, konunglegur var hann." Talaði í ljóðum skemtinn skýr, skáldaði margan braginn og við skál var ósköp hýr, oft er leið á daginn. — Skúli átti og Hannes stríð harða þar og langa, ýmsum þótti í þá tíð ógna styrjöld ganga. Sendi Hannes seiðkonur, saman hér að draga smala; kaldrifjaðar kveldriður keptu fram til dala. Hannes kom á Horn og lét hátt sinn lúður gjalla, og með röddu hárri hét hann á galdra kalla. „Sustur nú að sunnan fer sólu byrgir skara, í dauðans hættu okkar er allarjörðin kara. Hingað brunar Heimdallur, honum Valtýr ræður, blár og digur berserkur, bændum gestur skæður. Fram hann æðir emjandi eldi spýr úr kjafti, lönd og sjóinn lemjandi löngu axarskafti. Hefir fjölda af fallbyssum fanturinn til að stríða; hér mun ekki á Hornströndum holt í kyrð að bíða. Skýrt hefir Magnús með því frá

Skjalasafnið Ísafirði

muni hann þessa daga, landið okkar suður í sjá, svikull ætla að draga. Haldið þið, piltar, Hornið í hér þarf fast að standa; sendið mig í málmagný, móti þessum fjanda – Hornstrendingum heldur brá, hvísluðu þeir í framan, kjósum Hannes Hafstein þá hrópuðu allir saman. – Kosninga úrslitin hér urðu þau að Hannes og Skúli komust að. Þótti mörgum það kynlegt, og töldu þá hafa gert mikla vitleysu er kusu „andfæting“ – (n. l. kusu andstæðingana). Kjörfundurinn var á Ísafirði, og var kosið í heyrandahljóði, – leynilegar kosningar voru þá ekki komnar. Man ég það að margir komu „görglaðir“ af kjörfundinum, og þóttust hafa gert góða för. Annars sýna úrslitin, þetta sem oft vill verða að oft er kosið einsmikið um menn einsog málefni. –

Nú kemur hið nýkosna þing saman 1901 og lauk þar til fulls deilunum á milli Benidikta og Valtýinga. Sigruðu hinir síðarnefndu þó að litlu munaði sem segir í Alþingisrímunum: „Nær því jafnmargt lýða lið laufa háði gjálfri, báðum fylgdi á sóknar svið Síra Einar hálfur.“

Þess skal getið að Benidikt Sveinsson var dáinn, þegar hér var komið sögunni – Hann andaðist í þinglokin 1899. –

~~[illegible] sögunni til [illegible]~~.

Friðrik Hjartar.

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

# „Röðull“

Ritnefnd.
Friðrik Hjartar, Páll Hallbjörns og Kr. A. Kristjánsson

| 3 árg | Suðureyri 30 Maí 1922 | 4. blað. |
| --- | --- | --- |

## Bolungarvíkurferðin 1922.

Það þykir hlýða að biðja „Röðul“ að geyma stutta ferðasögu, um förina til Bolungarvíkur.
Það mun hafa verið Hans Kristjánsson, sem fyrstur vakti máls á því að sjálfsagt væri að fara til Bol.v. og sýna þar leikf. og glímur.– Var þegar tekið vel í það og haft á orði að fara til Ísafj. líka – Var margoft búið að ráðgera ferðina til Bol.v., en af ýmsum ástæðum hafði förin jafnan farist fyrir, þar til laugardaginn þ. 8 apríl að lagt var af stað héðan um kl. 10 að morgni.
Áður var búið að biðja sýslumann leyfis og tryggja húsið í Bol.v. Það gerði Örnólfur Valdimars f. h. félagsstjórnarinnar.
Þessir Stefnirsmenn tóku þátt í sýningunni

A. Í Leikfiminni

1. Guðni A. Guðnason, 2. Hans Kristjánsson, 3. Páll Hallbjörns
4. Gunnar M. Magnússon. 5. Páll Guðmundsson

Skjalasafnið Ísafirði

6. Einar Sturla Jónsson, 7. Óskar Þórðarson, 8. Ottó Guðjónsson, 9. Friðrik Hjartar.
B. Í glímunni
1. Guðni S. Guðnason, 2 Ásgrímur Jónsson, 3 Friðbert Guðmunds.
4. Einar S. Jónsson, 5 Gunnar Magnússon, 6 Gissur Friðbertsson, 7. Ólafur Jónsson, 8 Óskar Þórðarson, 9. Páll Hallbjörns: Þessir 5 eru þátttakendur í hvorutv: 1 Guðni, 2 Páll H. 3 Gunnar, 4. Einar St. 5 Óskar Þ.- Þátttakendur því als 13.
Þórður Þórðarson stöðvarstj., flutti okkur inn í Selárd. á m/b. „Frey“.
Í förina norður slógust þeir Magnús Árnason, (og) Kr. G. Þorvaldsson og Þorleifur Guðmundsson. Urðum við því als 16 norður yfir „Gráreni“ – þaraf 15 Stefnismenn.
Veður var allhvast og talverður skafrenningur. Var svo dimt um morguninn að lítt sást til lofts og vildu sumir hætta við að fara, en af því varð þó ekki, sem betur fór, því að veður fór dagbatnandi og var orðið gott er á heiði kom. 10 af okkur höfðum skíði, og var að þeim mikkill léttir af heiðarbrún, því að þæfingsfæri var.
Höfðu sumir óttast ríg, ef þeir hefðu skíði, og kusu heldur skíðaleysið. Barið og leikfimisföt

Skjalasafnið Ísafirði

urðum við auðvitað að bera með okkur.
Gekk ferðin hið ákjósanlegasta. Við komum við í Tungu hjá Krist. G. Maríassyni, og bar Guðbjörg kona hans okkur öllum mjólk að drekka, og þótti vænt um að sjá Súgfirðingana, svo marga.
Áður en menn skildu var ákveðið að hittast í templarahúsinu kl. 5½ til þess að ráða ráðum sínum og athuga sýningarsvæðið - (leiksviðið) - þegar að templarahúsinu kom, var Jens Níelsson þar fyrir, tók hann við „Barinu" og skiðunum til geymslu. Skildu menn svo, og 8 okkar hjeldum til Jóhanns Kristjánssonar verslunarmans, sem er form. Ungmfélags. í Bolv. Tók hann okkur hið besta, og drukkum við þar allir kaffi. Hafði Jóh. auglýst skemtunina f. okkur, og reyndist okkur hinn besti drengur í hvívetna, Gistu 4 menn hjá honum og vildi hann ekki heyra borgun nefnda á nafn. Var framkoma hans öll honum sjálfum og U.m.fjelagi Bolv. til stórsóma, sem Stefni er skylt að þakka og launa ef tækifæri bjóðast síðar. Það sem hjer hefir verið sagt um Jóhannes má og segja yfirleitt um Bolvíkinga - því að enginn okkar borgaði nokkuð fyrir greiða, og sýnir þetta að enn er ekki aldauð íslensk gestrisni, jafnvel þótt í kauptúni sje. -

Skjalasafnið Ísafirði

Skemtunin skyldi byrja kl. 8 um kvöldið, en þar sem ekki átti að opna húsið fyr en 8, komum við okkur saman um að byrja kl. 8½ -
Við hittumst svo í húsinu kl. 5½. Þótti okkur þröngt og verra þó hitt að mjög lágt var undir loft, svo ekki urðu sýndar sumar æfingarnar.
Þegar við höfðum skrúfað plöturnar, er hjeldu borðinu föstu, fórum við til húsbænda vorra og báðum hvorir aðra vel að lifa og heila hittast kl. 8.-
Er nú tíðindalaust, þar til hinn ákveðni tími er kominn. Var fólk þá þegar farið að koma og fyltist húsið á svipstundu. Kl. 8½ er um við allir til búnir, en gátum þó ekki byrjað alveg strax, vegna þess að engin voru ljósin á leiksviðinu.
Hafði Jens Nielsson lykilinn, en hafði orðið seinn. Sendum við hrað boða til Jens 2 eða 3 og kristadist um salinn hversvegna ekki væri byrjað.
Lá við að í hart færi síðar um rölltina, út af þessu, því Elías Magnússon og aðrir hann templar, vitlu templara harðlega og töldu þá gera plássinu hneysu með trassaskapnum, en þetta hjaðnaði þó brátt niður, enda reyndum við að gera sem minst úr þessu og afsaka Jens. En þetta var nú útúrdúr. Áfram með sýninguna. Ljósin komin og Jens - með

Tjaldið er dregið upp. Leikfimismennirnir heilsa. Við byrjum og alt gengur ágætlega. Jeg finn á mjer eftir nokkrar æfingar að fólkið er orðið ánægt, og jeg er óhræddur um drengina. Jeg veit að þeir eru komnir í sýningar hug og öll mistök eru gleymd.

Gólfæfingarnar enda - Fólkið horfir þegjandi á - Óskar og Sturla byrja. Þeir taka kollhnýsar og ganga á höndunum. Tókst þeim báðum vel. Sjerstaklega tókst Sturla vel að ganga á höndunum - enda var klappað fyrir honum - Það var fyrsta klappið. Annars var mikið minna klappað fyrir einstökum mönnum og æfingum hjer heldur en á Ísafirði. Það var eins og menn hörðu á með hljóðri aðdáun hjer, - en á Ísafirði var aðdáunin reglulega hávaða söm.
Óskar og Sturla eru búnir - Boraæfingarnar byrja. Yfirleitt tókust þær allar mjög vel, og fyrir flestum var klappað meir og minna.
Þegar Boraæfingarnar voru búnar, tókum við loka æfingar og kveðjuna - Tjaldið fellur - Er þá óspart klappað.
Ákveðið er að hafa stutt hlje - svo skal glíman byrja - Dómarar voru: Benidikt Benid. s. Bol. v. Hans Kristjánsson og Friðrik S. Hjartar. Skrifarar: Jóhann Kristjánsson Bol. v. og Magnús Árnason.
Á ákveðnum tíma er tjaldið dregið upp.

Skjalasafnið Ísafirði

Glímumennirnir heilsa og byrja - Glímurnar tókust sjerlega vel. Var jeg hálf hræddur um að þreytu kendi vegna göngunnar, en á þessu bar furðu lítið.
Voru glímurnar flestar fjörugar og sumar skínandi fallegar. Sjerlega falleg var glíma þeirra Gunnars Magnússonar og Páls Hallbjörns. Ekki urðu úrslit í nærri öllum glímunum. Komum við okkur saman um, að þar sem þetta væri glímusýning, en ekki kappglíma, væri ekki vert að glíma til þrautar. Hættara við meiðslum ef menn þreyttust. Lotulengd ákveðin 2. mín. Flesta vinninga hafði Guðni Guðnason. Stóð enginn fyrir honum í 2 mín. nema Gunnar Magnússon. Hinir voru allir í val fallnir áður en þær voru liðnar, enda ekki heiglum hent að etja til lengdar kappi við Konungabana.
Hafði Guðni 7. vinninga að loknum glímunum -; næstir voru þeir Gunnar og Páll H. með sína 4- vinningana hvor.
Að loknum 36 glímum, kveðja glímumennirnir.
Tjaldið fellur. Þá kveður húsið við af dynjandi lófataki, sem aldrei ætlaði að enda. Við vorum í sjöunda himni. Sjerstaklega fegnir því að engin meiðsli urðu í glímunni. Síðan skyldi dansstiginn. Kom fljótt hreyfing á fólkið í

Skjalasafnið Ísafirði

salnum, en glímumennirnir fluttu sjer í fötin.
Síðan kallaði formaður fjelagsins Gunnar Magnússon.
alla í kaffi. leikfimism. glímum, dómara og skrifara.
Hefir honum sjálfsagt fundist hlýða að vel væri veitt,
eftir vel unnið verk, líkt og Jóni sterka þótti
sjálfsagt að húsbóndinn gæti gert graut. Sýslumönnum
lögrjettumönnum, skrifurum, vitnum og undirvitnum,
er staðið höfðu í þeim stórræðum að taka Skugga-
svein höndum. Ekki fjölyrði jeg um dansinn.
þarf ekki frá að segja að hann gekk með "kurt og pí"
Átti að hætta kl. 2. en þá höfðu fáir fengið nóg.
Var því framlengt og dansað til kl 4. Þá hjelt Skólastj
Sveinn Halldórsson ræðu. Þakkaði hann okkur komuna
og kvaðst Bolv. til að láta hana verða til að glæða
áhuga þeirra á íþróttum. Voru svo boðnar góðar
nætur og hjelt hver til síns heimilis.
Þótt mikill hefði nú verið sýningar hugur og dans-
hugur okkar þá höfðum við ekki gleymt að hugsa
um heimförina daginn eftir
Hafði Hans Kristjánsson orðað það við Magnús Kristjánsson
form. hvort hann mundi fáanlegur til að flytja okkur
vestur. Magnús hafði þegar haft góð-orð um það
ef veður og ástæður hömluðu ekki.
Var til hvílu gengið með þeim hug að Magnús færi

Skjalasafnið Ísafirði

af stað með okkur kl. 1. e. h. –
Um morguninn er veður ágætt, en vegna þess að fjara var, náðist bátur Magnúsar ekki á flot fyr en kl. 1. e. m og var þá haldið af stað heimleiðis. Allir hinir sömu voru veslur, er norður fóru;
Ferðin heim gekk ágætlega. Magnús tók aðeins Kr. 30. fyrir að flytja okkur og þótti öllum það mjög ódýrt. Kvöddum við Magnús þegar hingað kom og þökkuðum honum fyrir flutninginn.
Ferð þessi var í og með farin til að efla fjelaginu tekna, þar sem fjárhagur þess er mjög þröngur. Brúttó tekjur voru Kr. 229,50 Kostnaður alls Kr. 129,50. Nettó tekjur því 100,00 Kr Var ekki við að búast að betri árangur yrði í þessu efni og má vel við una.
Hitt er víst að þessi för hefur enn orðið til þess að vekja eftirtekt á fjelaginu útávið, og auka því álit. Er ekki hægt að meta það til peninga verðs. En minna má á það, að menn bæði nyrðra og syðra, hafa hjer eftir vakandi auga á íþróttastefnir og vonta þaðan góðra íþróttamanna.
Sannast hjer hið fornkveðna að vandi fylgir vegsemd hverri. Fjelaginu ríður á að missa ekki það álit

Skjalasafnið Ísafirði

sem það þegar hefur aflað sjer, en auka heldur.
Enda jeg svo þessa ferðasögu með þeirri áskorun
til hinna ungu fjelagsmanna að hafa þetta jafnan
í huga og æfa sig í öllum íþróttum af fremsta megni.
með því vinna þeir sjálfum sjer og fjelaginu mest
gagn. Svo þakka jeg öllum sem norður fóru sam-
fylgdina, og - ja hér má víst vera amenn eftir
efninu.

Friðrik Hjartar

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd
Friðrik Hjartar, Páll Hallbjörnsson og Kr. A. Kristjánsson

| 3. árg. | Suðureyri | 29. okt. 1922 | 5. blað |
|---|---|---|---|

## Stefnis félagar!

Nú er sumarið að enda, og veturinn að ganga í garð, eftir venjunni með löngum og leiðum iðjuleysisdögum handa þeim sem búa við sjáfarsíðuna. Óskar því „Röðull“ og ritnefnd hans að Stefnismeðlimir fari nú að taka sig saman í huga og höfði, með að senda þeim greinarkorn, sem mætti verða okkur öllum til gamans og gagns.

Blaðið tekur á móti allskonar greinum, jafnt fræðandi sem skemtandi, ferðasögum, íþróttagreinum og gátum eða semsagt öllu er með penna má rita og ritnefnd þykir boðlegt handa blaðinu. Í ritnefnd eru í vetur Kr. A. Kristjáns. Friðrik Hjartar Páll Hallbjörnsson. Má því koma greinum til einhvers af ~~undir~~ nefndum mönnum.

Það hafa nú þegar verið haldnir tveir fundir

Skjalasafnið Ísafirði

sem Röðull hefir ekki getað komið út, sökum þess að efni hefir vantað í hann, en ritnefnd getur ekki og vill ekki ein skrifa blaðið, ætlast hún til að þeir félagsmenn sem ekki geta fært hugsanir sínar í orð, á opinberum fundum, noti blaðið til að skýra áhugamál sín, enda mun það hafa verið stofnað með það fyrir augum, að sem flestir skrifuðu í það.

Vil ég nú skora á ykkur að láta ekki það viðgangast að blaðið verði að hætta af þeirri ástæðu engir áræði að skrifa í það, því að áræðisleysi er það en ekki getuleysi. Einhverntíma verður að byrja á því sem erfitt þykir, og þarna er einmitt lagt upp í hendurnar á okkur. Blað til þess að æfa sig í skrift, stílsetningu og máli. Einnig tími til þess að hugsa og fara með efnið. Menn þurfa ekki að vera hræddir um að greinir þeirra verði ekki teknar, eða að gert verði mikið úr þótt aflaga fari. Ég hugsa að innan félagsins séu þeir menn fáir, sem hefðu gaman af því að gera háð að okkur byrjendunum, en þó að þeir væru til, þá látum okkur vera sama, því að þeir hafa þó einhverntíma verið litlu betri

Lýk ég hér máli mínu, með þeirri ósk að við hefjumst allir handa, svo að

Skjalasafnið Ísafirði

„Röðull“ megi verða fjölskrúðugur að efni með nógum greinum til hvers fundar, eftir ýmsa, nú óþekkta, en með framtíðinni góða höfunda.

Suðureyri 16/10. 1922

Páll Hallbjarnarson

# Pólitík.

Framh.

Nú víkur sögunni til Danmerkur. Þar hafði setið að völdum afturhaldssöm stjórn svonefndir hægri-menn (~~en nú komust~~) en nú komust frjálslyndir menn þar í meiri hluta - vinstri menn. - Væntu Íslendingar að þeir - vinstrimenn - myndi frekar sinna réttmætum kröfum þeirra, enda fór ~~það~~ svo, að vinstri menn létu það að óskum Íslendinga, að skipaður yrði sérstakur ráðgjafi fyrir Ísland, búsettur í Reykjavík, sem flytti þó sérmál Íslands fyrir konungi í ríkisráðinu.

Tóku landsmenn boði þessu tveim höndum, þótt sumir væri óánægðir með ríkisráðsákvæðið. Var frumvarp þetta staðfest af konungi 3. okt. 1903.

Skjalasafnið Ísafirði

Snemma á árinu 1904 var Hannes Hafstein, skáld, fyrstur íslenskra manna skipaður ráðherra, landshöfðingjadæmið lagt niður og íslenska ráðuneytið í Kaupm. höfn afnumið. Í þess stað sett stjórnarráð í Reykjavík, og er þá kröfum Íslendinga um stjórn heima í landinu loks fullnægt.

— En deilunum við Dani var samt ekki lokið. — Kristján konungur 9. andast. Við ríkisstjórn tekur sonur hans Friðrik 8. Hann kemur hingað til lands sumarið 1907. Voru margir þingmenn og ráðherrar danskir með í förinni, en áður höfðu íslenskir þingmenn sótt heimboð til Danmerkur (Jóhannes Ólafsson, Þingeyri var þá þingmaður í Vestur Ísafj. sýslu)

Var þá mikið um dýrðir og horfur hinar bestu að nú mundi takast að ljúka deilumálum þjóðarinnar með samningi. Skipaði konungur nefnd manna Dana og Íslendinga, í þessu skyni og náðist gott samkomulag um málið; en þá var það, að einn nefndarmanna skarst úr leik á síðustu stundu, vegna þess að honum þótti eigi samningsuppkastið sem aðgengilegast Íslendingum, þessi maður var Skúli Thoroddsen.

Var nú rofið þing og boðið til nýrra kosninga sumarið 1908. Reis úr af uppkastinu,

Skjalasafnið Ísafirði

sem kallað var, hin megnasta deila, og sóttust flokkarnir með meira kappi og ákefð, en áður voru dæmi til hér á landi.

Aðalforkólfur mótspyrnunnar var Björn Jónsson ritstjóri. Lét hann mikið til sín taka, enda var hann frekmaður mikill og fylginn sér.

Varð sú niðurstaðan að andstæðingar uppkastsins - Sjálfstæðismenn - gjörsigruðu við kosningarnar, og var þá að sinni útséð um framgang (uppkastsins) málsins, þar sem kröfur þeirra - Sjálfstæðismanna fóru miklu lengra en andstæðingar þeirra heimastjórnarmanna og miklu lengra en Danir gátu þá aðhylst. Stóðu deilurnar um uppkastið nokkuð enn með ýmsum breytingum (Bræðingurinn, Grútarinn), en án árangurs.

En þegar sýnt þótti að samningar myndu ekki takast að sinni um samband milli Danmerkur og Íslands, töldu menn rétt, að láta það eigi dragast lengur að bæta úr helstu göllum þeim, er enn þóttu vera á stjórnarskránni. Voru þeir meðal annars þessir: ríkisráðsákvæðið konungkjörnir þingmenn, vildu menn í þeirra stað fá þjóðkjörna menn kosna hlutbundnum-

kosningum (Landkjörnir alþingismenn)
Varð breytingum þessum framgengt með stjórnarskrá staðfestri af konungi 19. júní 1915. Þá var um leið rýmkvaður kosningarétturinn, að menn og konum veitt kjörgengi og kosningarétt. Um leið var ákveðinn sérstakur fáni handa Íslandi, er þó eigi mátti nota utan landhelgi.

Friðrik Hjartar.

## Um íþróttir

Það sem hér verður sagt um íþróttirnar, eru leiðbeiningar þær, er við vorum látnir skrifa upp á íþróttanámskeiðinu í R.vík í vor.
Leiðbeiningar þessar gaf norski kennarinn Reidar Tönsberg. Til þess að þær komi að fullum notum, þeim er iðka vilja íþróttir, þurfa þeir að skrifa þær upp og eiga. — Geta þeir það með því að fá Röðul lánaðan.

Lýk ég svo formálanum.

## I Kafli.

### Hlaup.

Skjalasafnið Ísafirði

! Viðbragðið. (startet.)

Dregin er lína þvert á hlaupabrautina. Fremri fótur sé 10 cms. aftan við þá línu. Hlaupholur skulu vera 7–9 cm. á dýpt. Skrefin eiga að vera stutt, 10–15 metrana fyrstu, sem hlaupnir eru, og lengjast síðan smátt og smátt.

Gæta skal þess vandlega að hlaupa beint, þannig að ef dregin væri lína eftir hlaupabrautinni, þá kæmu fæturnir sinn á hvorn veg við hana. Handleggir og fætur eiga að ganga á víxl. Armsveiflur eiga að vera stórar. Gæta þess að hlaupa vel álútir fyrst, og aldrei fattir.

Þegar menn krjúpa, á andardrátturinn að vera hægur og rólegur. Þegar sagt er „viðbúnir" á að anda vel að sér. Þegar skotið er anda menn frá sér.

Á 100 metra hlaupi anda menn ekki meðan hlaupið er. Þar sem stutt hlaup svo að segja byggast á viðbragðinu þá verður að æfa það mikið. Æfið alt að 10 viðbrögð hvern æfinga-dag, einn dag í viku með eins miklum hraða og hægt er. Æfið mjög mikið armsveiflur líkamsstellingar og að hlaupa beint áfram. Æfðu með hlaupara, sem er betri í viðbragðinu, eða láttu hann vera á undan (gefðu forskot)

Skjalasafnið Ísafirði

Til þess að menn rétti sig ekki of fljótt upp, er gott, að strengja snúru þvert yfir hlaupabrautina 1 metra frá viðbragðs-línu og í 1 – 1,20 metra hæð. Eiga menn að hlaupa undir snúruna, án þess að koma við hana

Til þess að venja sig á að hlaupa beint, er gott að strengja hlaupalínu, eða taka ákveðið augnamið.

Framhald

## Skrítlur.

Keli: Pabbi, hvað er eintal?

Faðirinn: Það er þegar mamma þín og ég tölum saman

Litli Pétur: (í fyrsta sinni á hljómleik, bendir á söngstjórann)
Mamma hversvegna ~~er~~ ætlar maðurinn að lemja stúlkuna með prikinu

Móðirin: Hann ætlar ekki að lemja hana, hann er bara að slá takt fyrir hana.

Litli Pétur: Hversvegna er þá stúlkan að hljóða? (kýtt)

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd
Friðrik Hjartar, Páll Hallbjörnsson, Kr. A. Kristjáns.

| 3. árg. | Suðureyri 19. nóv. 1922 | 6. blað |
| --- | --- | --- |


## Fjallganga

Kl. 7 síðdegis þann 17. júní síðastliðinn leggjum við 13 af stað á bát frá Suðureyri yfir fjörð. Ferðinni er heitið út á Galtarnýppu, þaðan til Keflavíkur, svo til baka aftur fyrir Göltinn með sjó fram. Þessir þrettán voru: Eiríkur Kristjánss., Gissur Friðbertsson, Óskar Þórðarson, Þorleifur Örnólfsson, Þorlákur Jónsson, Páll Hallbjörnss., Kr. B. Eiríksson, Bjarni Bjarnason, Ibsen Guðmundsson, Jón Guðmundsson, Ólafur Jónsson, Ingimar Magnússon og Gunnar M. Magnússon.

Er lent á Stekknum og báturinn dreginn á land. Þegar því er lokið taka drengir á rás út og neðan í átlina upp á Göltinn. Heitt er í veðri og fer okkur brátt að hitna. Taka flestir af sér

Skjalasafnið Ísafirði

höfuðfötin og sumir fara einnig úr jakka og vesti og bera á handlegg sér. Er æði hávaðasamt í hópnum, köll og hlátrar og glaðværð. Stundum er sest niður, kastað mæðinni og horft til baka. Og svo tekinn spretturinn á ný. Og við erum á svipstundu komnir upp undir brún! Sólin er horfin bak við Göltinn og skuggi er á norðurhlíðinni. En allt í einu er Eiríkur sólbaðaður. Hann hefir fyrstur náð brúninni, og stendur nú sigurglaður, veifar húfunni og hrópar: „Húrra."

Við erum þétt á hælum honum, og ryðjumst nú hver á fætur öðrum upp á brúnina.

„Húrra, húrra! Nú er gaman!"

Við erum komnir upp í sólskinið, víðáttuna og frelsið. Og við verðum svo léttir á okkur. Og svo glaðir og kátir. Við ráðum ekki við okkur. Hlaupa sumir sem fætur toga eitthvað yfir á fjallið, aðrir út eftir því. Eftir litla stund eru allir komnir saman aftur, og hópurinn heldur út fjallið.

Skjalasafnið Ísafirði

Strákum er liðugt um málbeinið, og margt er talað, og innan skams eru allir farnir að syngja alþjóðarljóð og ýms þjóðkunn kvæði. Á fjöllum uppi og á sjó geta allir sungið.

Veðrið er ljómandi. Hafið ládautt og gáralaust svo langt sem augað eygir, og í norðvestri ljómandi litdýrð, og himinn og haf rennur saman í eitt fyrir augum okkar.

En þessi fegurð í norðvestrinu, þessi „norðvestan korgur" sem kallaður er, er óveðursboði. Svartir skýhnoðrar sjást yfir Straumnesinu. Þeir hendast með hraða frá suðaustri. Þessir hnoðrar eru á undan óveðrinu. En við sem á fjallinu erum njótum enn veðurblíðunnar. Skipin á hafinu yst við sjóndeildarhringinn sýnast sveima uppi í himninum, og reykirnir úr togurunum liggja í löngum mórauðum rákum yfir hafinu og eru lengi að eyðast.

Við höldum rakleitt út á brún, eins og til stóð. Þar var varða hálf-

Skjalasafnið Ísafirði

niðurhrunin; stöng strengd niður með vírum hafði verið upp úr henni miðri, en nú er hún fallin niður. Hér getur maður hugsað að sé veðrasamt, og „ekki holt að hafa ból."

Nú fara sumir að taka til starfa, því við öllum að laga vörðuna og endurreisa stöngina. Vinna þeir, Jón og Ibsen mest og best að þessum endurbótum, en við aðrir erum að vita hvað við þorum að standa tæpt á brúninni. Eru sumir svo djarfir, að standa þétt á brúninni og horfa ofan í fjörugrjótið. Aðrir skríða á fjórum fótum og eru þó lafhræddir.

Þeir, sem nesti hafa taka það nú upp, og gefa hinum með sér, sem ekkert hafa. Er það mest kökur úr bakaríinu og þesskonar dót, sem einhverntíma hefði ekki þótt merkilegur íslenskur fjallamatur. Þetta er samt snætt ánægjulega sem hangikjöt væri, og drukkið hvítöl með, eins og brennivín í gamla daga.

Á meðan við dveljum þarna

Skjalasafnið Ísafirði

hefir Páll setið á steini og skrifað á hné sér. Hann er að skrifa skeyti, sem hann ætlar að skilja eftir í vörðunni. Áður en við leggjum af stað, les hann það upp, lætur síðan í flösku, treður tappa í hana vandlega, og lætur síðan á hvolf ofan í vörðuna. Rifrildi af tveimur skeytum fundum við þarna í vörðunni frá mönnum er höfðu komið þarna fyrir nokkrum árum. Var annað frá Hans Kristjánssyni, en hitt frá Stefáni P. Stephensen

Kveðjum við svo vörðuna og fáum okkur sprett inneftir fjallinu. Okkur er ómögulegt að fara hægt. Við erum svo léttir á okkur.

Nú höldum við ofan fjallið að norðanverðu til Keflavíkur. Er hlaupið og stokkið niður aurskriður og gil. Það er gaman að taka löng stökk og koma niður í aurinn gljúpan og djúpan, sem lætur undan fótum okkar og rennur með okkur spölkorn. Þegar við komum niður í grasbrekkurnar setjumst við niður og hvílum okkur litla stund. Svo af stað aftur hoppandi og stökkvandi ofan grasbrekkurnar, slengjandi sér kollhnís, sumir taka kraftstökk

Skjalasafnið Ísafirði

og höfuðstökk, það er svo einstaklega gott að gjöra þetta undan brekkunni.

Keflavíkurbúar hafa séð mannaferðina ofan fjallið, við sjáum að fólkið er komið út á hlað og giskum á að því þyki hópurinn ærið óráðsettur og ærsta fenginn. Þegar við komum inn á túnið gengur Guðjón á móti okkur með harðan hatt á höfði, sem hann tekur ofan um leið og hann heilsar okkur brosandi og býður velkomna. Hann gengur með okkur um túnið og sýnir okkur útihús þeirra félaga. Við biðjum að lofa okkur að skoða vitann. Það er meira en velkomið. Oddur vitavörður er eigi heima, en Guðjón leiðir okkur þrjá í senn með sér inn í vitann, sýnir okkur hann hátt og lágt og svarar spurningum okkar. Okkur er svo öllum boðið inn í hús og gefið ~~eftir~~ kaffi og pönnukökur! Pönnukökur núna! Það er eins og fólkið hafi fundið á sér komu okkar og viljað gæða okkur, eða — ef til vill hefir það verið minning Jóns Sigurðssonar sem olli tilveru þeirra, og við svo notið hans í þessu sem fleiru. Áhrif (mikilla mikilmenna manna) vara lengi og vel

Skjalasafnið Ísafirði

Greiðinn kostar ekki neitt, en við skiljum nokkrar krónur eftir í þakklætis skyni. Ritum svo nöfn okkar í gestabók vitans, kveðjum og bjóðum góða nótt og höldum svo af stað aftur. Nú förum við örugga og gagnvæna leið fyrir Göltinn. Er þar víða tröllslegt undir hengiflugum. En hvað er að fara þessa leið nú í blíðviðrinu, margir í hóp saman. En hugsum okkur kvennmann fara þessa leið innað Gelti til sjóróðra að vetrarlagi, þegar alt er svellað og ilt yfirferðar og svipur á öllu fáránlegur og tröllslegur. Sá kvennmaður er slíkt gjörði er ekki löngu liðinn. --

Höldum við nú áfram inn Galtarbakka inn að bát okkar. Er nú kominn stinnings kaldi út fjörðinn og róum við fjórir svo betur gangi. Óveðrið sem við sáum fyrir á fjallinu er óðar skollið á, loftið er drungað og regnbólgið. Kl. rúmlega 2 um nóttina erum við búnir að setja bát okkar, og bjóðum hver öðrum góðar nætur og þökkum samfylgdina. Göngum svo þreyttir og ánægðir til náða. – Þegar ég vaknaði um morguninn hvein suðaustan veðrið á þakstygginu á húsinu, og regnið buldi á rúðunum.

30. – 10. 1922

Gunnar M. Magnúss

Skjalasafnið Ísafirði

# Um íþróttir.

framhald

## 2. Stutt hlaup

(60, 100, 200 og 400 m.)

Í öllum þessum hlaupum er aðferð og lag hið sama, aðeins með þeim mismun að í 60, 100 og að nokkru leyti í 200 m. hlaupi er hlaupið með meiri skerpu, og með eins miklum hraða frá byrjun og hægt er.

Í 400 m. og að nokkru leyti í 200 m. verða menn að ætla sér af, til þess að endast hlaupið út. Armsveiflur og fótaburður í 60, 100 og 200 m. hlaupum verður að verða mjög hratt og með fullu fylgi. Í þessum hlaupum á að hlaupa meira á tánum en í 400 m. hlaupi. Vöðvarnir mega ekki vera ofstrengdir allan tímann, sérstaklega verða fótvöðvarnir að vera linir, því að þá vinna þeir fljótara og með meira afli í því augnabliki, sem spyrnt er fram með fótunum.

Auk þess þreytast fótvöðvarnir ekki jafnmikið, eins og ef þeir væru strengdir allan tímann.

Bolvöðvarnir eiga aftur á móti altaf

Skjalasafnið Ísafirði

að vera spentir, svo að menn hafi fult vald á líkamanum og geti haldið honum í réttri stellingu – (haldið hlaupalaginu réttu)

Það ríður á að hlaupa létt og liðlega, en þó með fullu afli og fylgi. Skreflengdin verður að vera við hæfi hvers hlaupara. Í 60 og 100 m. hlaupunum kemur þetta af sjálfu sér, en í 200 m og einkum í 400 m. verða menn að venja sig á löng og þróttmikil skref. Lok (endir finish) stuttra hlaupa er mjög áríðandi. Ríður þá á að auka ferðina, og slíta að lokum marklínuna með brjóstinu.

Þá eiga menn að halla sér enn meira áfram, leggja alla áherslu á að hlaupa rétt, (halda stílnum) og láta handleggi og fætur ganga eins fljótt og hægt er.

Hver hlaupari á að hafa allan hugann við sitt eigið hlaup, og um fram alt varast að líta aftur, eða til hliðar, í því skyni að gæta að öðrum keppendum, því að við það gleymir hann sjálfum sér

Skjalasafnið Ísafirði

og hægir ósjálfrátt á sér. Stökktu ekki inn á marklínuna, en hlauptu, og skelltu brjóstinu fram að snúrunni.

Ekki má nema staðar snögglega, heldur smátt og smátt. Verið ekki kyrrir þegar hlaupinu er lokið, en gangið til og frá og andið djúpt.

## Skrítlur.

Tvær kerlingar voru eitt sinn að tala saman meðan á stríðinu stóð. Að endingu segir önnur: Alveg eru þeir snarvitlausir þessir bölvaðir kongar. Þarna láta þeir 4 stórþjóðir berjast og bítast svo sem af tekur: Þýskara og Þjóðverja – Englendinga og Breta. —

Kennarinn (í náttúrus.) Nú, nú, drengur litli. Hverskonar fugl er hrafninn?
Drengurinn: Hann er söngfugl.
Kenn.: Hvernig getur þú fengið af þjer, að segja aðra eins bölvaða vitleysu og þetta strákur?
Dreng.: Pabbi segir altaf að mamma syngi eins og hrafn.

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd
Friðrik Hjartar, Páll Hallbjörnss. og Kr. A. Kristjánss.

| 3. árg. | Suðureyri 10. des 1922 | 7. blað |
|---|---|---|

## Langoddamótið

Það þykir hlýða að „Röðull“ geymi einhverjar línur til minningar um íþróttamót það er „Stefnir“ hélt þann 3. sept. s.l. á Langodda í Norðureyrarlandi.

Mótið var aðeins ætlað Stefnismönnum til þátttöku og ekki auglýst utan fjarðarins.

Hafði stjórnin að mestu leyti allan undirbúning undir mótið, þó með hjálp nokkurra félagsmanna. Var settur upp pallur úr tré á miðjum oddanum til að glíma á, og ef til kæmi að dansa. Á einu horni hans var útbúinn ræðustóll. Þrjú tjöld lét „Stefnir“ setja þar upp, ennfremur var þar eitt einkatjald.

Dagurinn rann upp þungbrýnn og ólundarlegur, með þoku og hellirigningu. En til sigurs fyrir þessu fyrsta íþróttamóti innan Súgandafj.

Skjalasafnið Ísafirði

fór veðrið dagbatnandi með sólskini og útrœnu
kalda, sem hélst allan daginn. Þægilega
svalt veður var til kappleika. —

m/b. „Hallvarður Súgandi" flutti fólk yfir fjörðinn
einnig komu nokkrir smærri bátar.

Var mótið sæmilega sótt, þegar tillit er
tekið til ýmsra ástæða

Mótið hófst kl. 1 e. h. með því að hr. skólastj.
Fr. Hjartar hélt ræðu. Því næst var sungið:
Ó, Guð vors lands, o. s. frv.

Þá tóku við íþróttirnar. Í þeim voru þessir
þátttakendur: Ottó Guðjónsson, Páll Hallbjörnss., Daníel
Á. Daníelsson, Óskar Þórðarson, Þorlákur Jónsson, Þorleifur
Örnólfsson, Guðni Á. Guðnason, Guðm. Kr. Guðnason,
Kr. B. Eiríksson, Brynjólfur Þorvaldsson og Gunnar
M. Magnússon. Tóku sumir þátt í mörgum íþróttum.
Dómarar voru þessir: Friðrik Hjartar yfirdómari og
með honum: Hans Kristjánsson og Jón Steinþórsson

Var fyrst hlaupið 100 m. hlaup (4 þátt.) Fyrstur
varð Ottó Guðjónsson á 13 sek. næstur Gunnar
M. Magnússon á 13 1/5 sek. Þá var 100 m. hlaup
fyrir drengi yngri en 16 ára (3 þ.) Varð Óskar Þórðarson
fyrstur á 14 3/5 sek.

Næst var kringlukast (4 þ.) Lengst kastaði

Skjalasafnið Ísafirði

Daniel Ág. Daníelsson 26,36 m. þar næst Guðni Á. Guðnason 25,15 m.

(5. þáttt.)

Því næst var langstökk. Lengst stökk Gunnar M. Magnússon 5,11 m. þar næst Daníel Ág. Daníelsson 4,90 m.

Í hástökki voru 3 þáttt. en enginn komst yfir 1,35 m.

Þá var stangarstökk (3 þ.) Hæst stökk Páll Hallbjörnsson 2,03 m. þar næst Óskar Þórðarson 2,00 m.

Næst var spjótkast (3 þ.) Lengst kastaði Guðni Á. Guðnason 30,20 m.

Þegar þessum íþróttum var lokið var gefið ½ kl. st. hlé.

Á eftir hléið hélt Friðbert Friðbertsson hreppstj. ræðu. Þá voru sungin ýms lög: Blessuð sértu sveitin mín, Ó, fögur er vor fósturjörð o. fl. — Því næst byrjuðu íþróttir aftur.

Í íslenskri glímu voru 5 þátttak., úrslitin urðu þau að Guðni Á. Guðnason hafði flesta vinninga (4)

Þá var 50 m. sund (4 þ.) Fljótastur varð Páll Hallbjörnss. á 1 7/30 mín., næstur honum var Daníel Ág. Daníelsson á 1 4/5* mín.

*1 4/15

Skjalasafnið Ísafirði

Þá fór fram reipdrag á milli „Glefnis“ og utanfélagsmanna, voru 6 menn hvoru megin. Fór það svo að „Glefnir“ vann.

Þegar þessu var lokið tilkynti yfirdómari úrslit og þakkaði fyrir fél. hönd þeim er sótt höfðu mót þetta. —— Var síðan farið að flytja fólk yfir fjörðinn aftur. Var búið að leigja Samkomuhús Suðureyrar til að dansa í til kl. 12.

Mótið þótti fara allvel fram, og lét fólk í ljós ánægju sína. Og alt var virðingarvert. Enginn maður sást ölvaður — „Glefnir“ hafði ca 160 kr. ágóða fyrir aðgangseyri og veitingar til samans. Og eftir mótið á fél. þó þrjú Vestfjarða met, þó lág séu í 100 m. hlaupi, langstökki og í kringlukasti sett á Ísafirði 7. ág. af Guðna A. Guðnasyni.

Suðureyri 10. nóv. 1922.

Gunnar M. Magnússon

## Um íþróttir

framhald

### Fótaburðurinn

Taka skal fótinn lóðrétt fram í hlaupastefnu (þannig að lóðrétt lína skeri miðjan hnéliðinn, hæl og tábeig stöðulaár).

Skjalasafnið Ísafirði

Venjulega vilja hné og lær vísa út, en menn mega alls ekki hlaupa útskeifir, verða að snúa ristinni beint fram í stefnu hlaupalínunnar.

Menn eiga að lyfta sér vel upp á <u>tærnar</u> ekki vera <u>stífir</u>, öklaliðirnir verða að vera mjúkir, (fjaðurmagnaðir) og spyrna vel frá með táberginu stórutáar og lyfta hnjánum nokkuð hátt. Rétta skal alveg úr aftara fæti og sveifla honum afl-lausum fram í nýtt spor.

## Armarnir.

Armarnir skulu vera beygðir 90° um olnboga. Upphandleggurinn á að hanga eðlilega niður; framhandleggurinn skal snúa fram og lítið eitt inn á við; fingurnir eiga að vera dálítið bognir.

Armar og fætur eiga að fylgast að (vinstri hendi og hægri fótur). Armsveiflan aftur á bak verður að vera vel <u>skörp</u> og ekki niður á við, aflmikil armsveifla gerir hlaupið taktfast, því eðlilega ræður armsveiflan fótahraðanum. Háir hlauparar sveifla örmunum beinna fram heldur en lágir

Skjalasafnið Ísafirði

sem sveifla þeim dálítið á ská.

## Bolurinn

Bolurinn á að hallast vel áfram, ekki í kudung, bein lína frá höfði og niður á hæl, brjóstið skal vera eðlilega þanið fram

## Háls og höfuð.

Háls og höfuð eiga að vera í eðlilegum stellingum, menn eiga að horfa beint fram undan sér. Þegar hlaupið er sem hraðast, má ekki rjúfa ofmikið með höfuðið fram eða reigja það aftur á bak, því að við það missa menn stílinn (hið rétta hlaupalag) Því betri stíll, þess betra hlaupalag og þess meiri hraði

## Öndunin.

Þegar hlaupið er, hvort heldur er langt eða stutt hlaup, er að mestuleyti andað um munninn, skal því halda honum hálfopnum.

Í 60 og 100 m. hlaupum er staðið á öndinni, andað frá sér þegar farið er á stað (sjá kaflann um viðbragð) Á 100 m. hlaupi anda menn oft þegar 70 m. eru búnir. Í 200 m. hlaupi og sérstak-

Skjalasafnið Ísafirði

lega í 400 m. og 800 m. hlaupi, er öndunin ákaflega þýðingarmikil. Þá ríður á að anda reglulega. Ef menn anda oflítið, eða halda andanum of lengi, koma ónotalegar aðkenningar fyrir brjóstið eins og flestir kannast við og meðan svo er geta vöðvarnir ekkert afrekað. Brjóst og magavöðvar þurfa að vera mátulega linir, svo öndunin ~~sé~~ nógu djúp. Sömu vöðvar~~nir~~ verða að hjálpa til við útöndunina, og það er einmitt þetta, sem erfiðast er við áreynsluna. Þegar menn æfa sig þarf að leggja sérstaka alúð við öndunina, svo að þetta gangi af sjálfu sér seinna meir.

## Þjálf~~un~~. (Æfing)

Þjálf er töluvert mismunandi í stuttum hlaupum. Besta æfing á undan er handboltaleikur, þar læra menn að vera fljótir, þolnir, snarráðir og liðugir. Til að styrkja fæturna er gott að taka margar hællyftingar í einu. Mestur hraði næst þó með ~~nag~~ rækilegri æfingu í viðbrögðum, spretthlaupum, smáhoppum og svippum.

Skjalasafnið Ísafirði

# Til gamans.

A og B mættust og ráku sinn kinda hópinn hvor. A sagði við B: „Gefðu mér tvær kindur af þínum, því þá á eg helmingi fleiri (tvöfalt) ~~fle~~ en þú.“ „Nei,“ sagði B, „gef þú mér heldur tvær af þínum því að þá eigum við báðir jafnt.“ Hve margar kindur rak hvor?

Hér eru hljóðstafirnir úr einum alkunnum ísl. málshætti í réttri röð: i, u, e, ó, a, u, a, u,

Karlmannsnöfn (ruglað stöfum)
Rutolf, Rutals, Rudod, Ranei

Maður nokkur átti ferhyrndan kálgarð. Fjórir synir hans báðu hann að skifta garðinum á milli sín. Gerði maðurinn það, en tók 1/4 frá handa sjálfum sér í einu horni garðs- ~~ins~~ ins. Hinu skifti hann ~~svo allir~~ á milli þeirra, svo allir partarnir voru jafnstórir og eins í laginu. Hvernig fór hann að því?

Óskað er eftir að menn sendi ráðningar í næsta blað.

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd:

Friðrik Hjartar, Páll Hallbjörnsson og Kr. A. Kristjánss.

3. árg. | Suðureyri 26. Des. 1922. | 8. blað


✝

## Hannes Hafstein.

Nýlega barst hingað andlátsfregn hans. Er með honum hniginn í valinn einn allra þjóðkunnasti Íslendingurinn og um leið einn af hinum merkustu.

Þessi eru helstu æfiatriði hans. Hann er fæddur á Möðruvöllum í Hörgárdal 4. des. 1861. Faðir hans var Pétur amtmaður Hafstein, er Gísli Brynjólfsson segir um, að hafi haft manna best vit á og dýpsta tilfinningu fyrir sönnum skáldskap. Hannes varð student 1880 og tók próf í lögum 1886. Hann var landritari um hríð og síðan sýslumaður og bæjarfógeti á Ísafirði 1896. Hann var kjörinn á þing í Ísafj. sýslu og síðan í Eyjafirði og er stjórnarskrá breytingin varð 1903, varð hann ráðherra Íslands, hinn fyrsti Íslendingur í því embætti, og hinn fyrsti er setið hefir heima á Íslandi. Hann hélt því

Skjalasafnið Ísafirði

~~embætti~~ sæti til 1909. – Hann verður aftur ráðherra 1912–1914, og loks bankastjóri Íslands banka, en þá var heilsa hans mjög tekin að bila. Síðustu árin, er hann lifði var hann farinn að heilsu og andaðist þ. 13. des. s. l. † Var þannig rúmlega 61 árs gamall.

Hannes Hafstein er einn af þeim fáu mönnum, sem guðirnir sýnast taka sérstöku ástfóstri við og leggja alla alúð við að gera svo vel úr garði, sem unt er.

Hann var manna fríðastur sýnum, bæði um vöxt og andlitsfall. Hann var og manna best gefinn og hinn skemtilegasti í hvívetna. Mátti segja um hann, að honum væri flest það gefið, sem betra er að hafa en án að vera. Hann var sem kunnugt er, einn af fremstu skáldum okkar. Var hann löngu þjóðkunnur sem skáld, og kvæði hans á hvers manns vörum, er hann fór að gefa sig við stjórnmálum. Voru ljóðmæli hans fyrst gefin út 1893 og síðan ~~ljóðmæli~~ Ljóðabók 1921.

Það sem einkendi einna mest mörg fyrstu kvæði H. H. var kjarkurinn og þrekið, karlmenskan og lífsgleðin. Nægir að nefna

Skjalasafnið Ísafirði

t.d. þetta: „Ég elska þig stormur sem geisar um grund og gleðiþyt vekur í blaðstyrkum lund. – Já, hann segist elska „kraftinn sem öldurnar reisir“, og „máttinn sem þokuna leysir.“ Og hann biður menn að láta „Gamminn geisa fram í gegnum lífsins öldur“ og segir „Brekkur eru oftast lægri upp að fara en til að sjá, einstig reynast einatt hægri en þau sínast neðan frá“. – Það var ekki ófyrir synju að kveðin var þessi vísa til Hannesar:

„Þú hefir sent oss þjóðar hnoss,
þú hefir létt oss mikinn kross,
þú hefir kveðið þrótt í oss,
þú hefir borgað Goðafoss.“ –

Og ekki er Hannes að óska eftir sólskini eða blíðviðri þegar hann er að ferðast – nei „Ég vildi óska það yrði nú regn eða þá bylur á Kaldadal, og ærlegur kaldsvali okkur í gegn ofan úr háreistum jökuldal“. – Og vísast hefir Hannes fengið þessa ósk sína uppfylla, þó á annan veg nokkuð, en

Skjalasafnið Ísafirði

~~er~~ hann ætlaðist til í fyrstu.
Vísast hefir honum á stundum fundist napur kaldsvali blása um kinnar sér og sennilega hefir stundum orðið honum fullerfiður bylurinn á „Kaldadal“ lífsins.
En harpa Hannesar átti líka viðkvæma strengi og þýða. Hann fann til með öllum sem bágt áttu: Ó hvað mig tekur það sárt að sjá saklausu fuglana smáu, stolna burt sínu frelsi frá sem fleygt sér gætu þó vængum á upp um heiðloftin háu. Þið vesalings, vesalings fangar, ég veit hversu sárt ykkur langar. Einu sinni meðan Hannes var sýslum. á Ísaf. skyldi flytja gamlan mann á sveit sína. Var maðurinn vel gefinn, og kom sér alstaðar vel. Kom Hannes eittsinn að máli við karlinn, og sagði honum að hreppsnefndin vildi fá hann heim. Karl þagði litla stund en segir síðan: „Þeim sem fært er að fljúga, í fangelsi er dapurt að búa“.
Þá brosti skáldið, en framkvæmd heimflutnings drost úr hömlu hjá sýslumanni, og sagðist karlinn jafnan minnast Hannesar með hlýjum hug síðan.

Skjalasafnið Ísafirði

„Röðull" hefir ekki rúm til að minna á alla strengi í hörpu Hannesar. Hann orti ættjarðarkvæði, eftirmæli, manvísur, gamankvæði, drykkjukvæði og ýmis tækifæris kvæði og margt af þessu er þjóðkunnugt. Hann var ákaflega bjartsýnn og trúaður á framfarir lands og þjóðar. „Sé ég í anda knör og vagna knúða krafti, sem vanst úr fossa þinna skrúða, stritandi vélar starfsmenn glaða og prúða, stjórnfrjálsa þjóð með verslun eigin búða" — Og hann veit ráðið til þess að þetta megi rætast.

„Starfið er margt en eitt er bræðra bandið
boðorðið hvar sem þér í fylking standið,
hvernig sem stríðið þá og þá er blandið,
það er að elska og byggja og treysta á landið."

— Hér hefir nú aðeins verið minst á <u>skáldið</u> Hannes Hafstein. Eftir er að fara nokkrum orðum um hann sem stjórnmálamann.

Var hann svo sem kunnugt er, lengi aðalforingi heimastjórnarmanna bæði á þingi og utan þings.

Hannes Hafstein var að flestu leyti mjög vel til foringja fallinn: Prúðmenni,

Skjalasafnið Ísafirði

glæsilegur, fyndinn og fjörugur, ágætur heim að sækja, mikill risnu maður í hvívetna og gleðimaður hinn mesti. Var því ekki að undra, þótt þeir, er voru skoðunabræður hans fylktu sér fast um hann og fylgdu honum drengilega eftir. Enda mun engum flokksmanna hans hafa komið til hugar annar foringi en Hannes, meðan hans naut við.

Að öðru leyti skal hér enginn dómur lagður á stjórnmála starfsemi Hannesar H. aðeins það látið um mælt, að hann hefir áreiðanlega viljað landi sínu hið besta, þó að eigi gætu allir aðhyllst þær leiðir er hann vildi fara. Mun minning hans lengi lifa, bæði sem stjórnmálamanns, en þó sérstaklega sem skálds, og mörg kvæði hans munu lengi lesin og sungin.

Blessuð sé minning hans, og gefi það heilladísir lands vors að vér eigum eftir að eignast fleiri slíka foringja sem hann.

Friðrik Hjartar.

Skjalasafnið Ísafirði

# Hátíðlegt augnablik.

Það var árla morguns hinn 18. júní 1911. Við Súgfirðingar vorum á tveim bátum, á heimleið frá 100 ára afmælishátíð Jóns Sigurðss. á Rafnseyri við Arnarfjörð. Við höfðum lifað einn glóandi góðviðrisdag til enda. Við höfðum hlustað á söng og ræðuhöld, horft á íþróttir, mannagrúa, hestahópa og bátafjölda, étið drukkið og verið glaðir með glöðu fólki og eftir megni hjálpað til að trampa grassvörðinn af túninu svo það hefir víst ekki sprottið neitt sérstaklega vel það sumarið.
Og svo höfðum við lagt af stað um það leyti sem hafgolan lagðist til hvíldar og skildi við fjörðinn, blikandi eins og bráðið stál við bjarma hnígandi sólar í faðmi broshýrrar íslenskrar vornætur. Flestir höfðu lagt sig til svefns, skömmu eftir að af stað var farið, og á þiljum voru ekki aðrir en stýrimenn og vélstjórar. Ég vissi ekki hve lengi ég hafði sofið, er ég vaknaði, án þess ég vissi af hverju. Ég reis á fætur og gekk upp á þiljur. —— Við vorum þá nálega út af miðjum Dýrafirði. —— Ég rendi

Skjalasafnið Ísafirði

augum fram um stafn, inn yfir land og vestur yfir fjöllin og aftur um skut, gekk síðan niður aftur og lagðist til svefns. Þetta var bara örstutt stund en það er eitt hið hátíðlegasta augnablik, sem ég hefi lifað. Ég get vitanlega ekki lýst með orðum sólaruppskomu útifyrir Vestfjörðum á glöfögrum vordagsmorgni. Ég get ekki gert yður ljós litbrygðin á austurloftinu, alsettu hátt svifandi dúnléttum smáskýjum, heldur ekki hátíðleik vesturfjallanna sem rjóð í kinnum og með útbreiddum örmum meðtóku ilþrungna kossa hinnar „rósfingruðu morgungyðju". Eða ljósleita bjarmann sem vegna útrænunnar verpur á gáraðan hafflötinn um það leyti sem Skinfaxi dregur hina gullnu kerru dagsins upp og fram um ljós-bláðjúpan loftsins veg. Og þarna stóð Barðinn með hnykla í brúnum og hrukkur í kinnum, hærufjaður, með skuggadimma öldungs ásjónu. En bátarnir okkar, báðir hvítir, með öllum seglum uppi, svífandi hvor í annars kjölfar. — Þeir líktust hægt fljúgandi svönum — frjálsir á svifi og

Skjalasafnið Ísafirði

léttleik í öllum hreyfingum. — En — nei
ég get ekki lýst slíkum júnímorgni
sem þessum — Það getur enginn, hvorki með
orðum, litum eða ljóðum. Sú dýrð verður
einungis skilin augliti til auglitis — og
hún varir lengur en bara augnablikið —
Sálin varðveitir áhrifin — það veit ég af eigin
reynd, því með sannindum get ég sagt
það að í þau 11½ ár, sem liðin eru síðan
hefi ég ekki svo augum litið einn einasta
fagran vormorgun um sólarupprás, að ekki
hafi mér komið í hug þessi stutta stund,
þarna út af Dýrafirði árið 1911.

Og við umhugsun þessarar dýrmætu
minningar hefi ég stundum óskað þess,
að þessi ljómandi árdagsröðull mætti
hafa verið hinn fyrsti er skein yfir vöggu
einhvers þess sveinbarns á Vestfjörðum,
sem yrði eins innilega elskaður og dáður af íslenskri
þjóð, árið 2011, og Jón Sigurðsson sýnilega var árið
1911. Sá ~~[illegible]~~ morgun þætti mér slíkum
sveini samboðinn.

Kristján A. Kristjánsson

Skjalasafnið Ísafirði

# I Gáta

Blæja ein var breidd í vind, bygð að hreggja ráði,
eilífðar á eftir mind umhverfis hún náði.
Skullu á henni skyjaföll skörðum klaut að verjast,
þar sem höfðu hasladvöll hiti og frost að berjast.
Kynnis nafn eitt klæðið bar, kongs á Gimla storðum
ofið fyrst í vatni var af vitring mesta forðum.
Áferðin var yfrið fríð andar vondir hræddust,
flestar skepnur fordum tíð, fali þessu klæddust.
Væri fatið vel brúkað, vatni og eitri héldi
himins milli og manna það myrkra deilir veldi
Víkingur frá himni hart hleypti skeiðs á svifið
geystist klæðið gegnum snart, gat þó hvergi rifið
Loks ég að því leiði þjóð, svo fjórir ráðning valdi
að holds og anda gifting góð gerðist í því tjaldi
Ber ej nú fram beztu skil svo brellum mig ei haldið
horfa máttu hátt til og hugsa fram í aldir (Gömul gáta)

Ó. Þ.

Ráðningar á þrautum síðasta blaðs eru þessar: 1. A14 B10
2. Blindur er bóklaus maður. 3. Loftur, Skrola, Oddur og Einar
4. Garðurinn lítur þannig út.



Réttar ráðningar sendu:
Páll Hallbj. og Gunnar Magnússon (allar)
Óskar Þórðars. Réð 1. 3. 4.

Skjalasafnið Ísafirði

1. Hvaða árstíð er yndslegust? Og af hverju? Óskar Þórðarson er beðinn að svara í næsta blaði „Röðuls“

2. Hvað eiga ungir menn helst að lesa? Hversvegna? Ólafur Jónsson beðinn að svara í næsta R. bl.

Gunnar M. Magnúss.

## II Gáta.

Maður kom þar sem nokkrar stúlkur sátu. Ein þeirra heilsaði honum með kossi. Þegar maðurinn var farinn spurðu stúlkurnar hversvegna hún hefði kyst manninn. „Þykir ykkur það ~~ótilegt~~ svo undarlegt þar sem móðir hans er tengdamóðir móður minnar.“ Hver var maðurinn?

Röðull óskar Stefnismönnum allrar farsældar á komandi ári og þakkar fyrir liðna árið.

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

## Ritnefnd:

Friðrik Hjartar, Páll Hallbjörnsson og Kr. A. Kristjánsson

| 3. ár | Suðureyri 2. janúar 1923 | 9. blað |
|---|---|---|


## Pólitík

Niðurlag.

Menn undu nú allvel við stjórnarskrána frá 1915, en þó höfðu bæði Danir og Íslendingar fullan hug á að binda sem fyrst enda á deiluna um stöðu Íslands í ríkinu.

Líða svo tímar fram þar til 1918. Þá vinnur nefnd manna af hálfu Dana og Ísl. að semja uppkast að samningi á milli landanna. Starfaði nefnd sú í Reykjav. Síðan var samningur sá er nefndin gerði samþyktur á Alþingi nálega í einu hljóði. Aðeins tveir þingmenn greiddu atkvæði á móti (Magnús Torfason og Benidikt Sveinsson)

Samningurinn var síðan lagður undir þjóðaratkvæði og samþyktur með miklum meirihluta atkvæða. Undirskrifaði konungur síðan sáttmálann og gekk hann

Skjalasafnið Ísafirði

í gildi þ. 1. des. 1918.
Er sá dagur síðan nefndur fullveldisdagur Íslendinga, því með sáttmálanum er Ísland viðurkent fullvaldaríki í sambandi við Danmörku um einn og sama konung. — Þá er þar með ~~lokið~~ deilunum við Dani lokið og utanríkis pólitík er þá líka úr sögunni. Hafði deila þessi staðið látlaust, með ýmsum breytingum síðan um 1840 (Baldvin, Fjölnism. Jón Sigurðsson)
Eru þetta merkustu ártölin í ~~sögunni~~ baráttunni
1874 (stjórnarskráin) 1903 (Innl. ráðherra) 1908 (uppkastið felt.) 1915 (Ný stjórnarskrá. fáninn) og 1918 (Fullveldið). Þetta eru eins og vörður sem gnæfa yfir flatlendið og varða leiðina.
En ekki er pólitíkin úr sögunni þótt deilunum við Dani sé lokið. Má segja að nú séu hér uppi þrír flokkar manna, séreignamenn (Kapitalistar), Samvinnumenn og sameignamenn (Sosial. Bolsiv.) Kannast flestir við flokka þessa og skoðanir þær, sem hver um sig fylgir. Að öðru leyti þykir ekki rétt að

Skjalasafnið Ísafirði

fara um stefnur þessar mörgum orðum. Má sjálfsagt um þær allar segja að „hver hefir til síns ágætis nokkuð“. En mjög eru þær enn á reiki um margt, og eiga sjálfsagt eftir að breytast á ýmsa lund, með aldri og reynslu. —

Skal þá lokið þessum skrifum um pólitík, sem við borð lá að yrði óendanleg — Það er að segja í „Röðli“. ~

Friðrik Hjartar
H.

## Móðurmálið mitt góða

Allir þeir sem einhverntíma hafa farið út úr sveitinni í einhvern skóla, munu kannast við samanburðinn um málið, sem svo oft er gerður. Reynir hver að verja sig og sinn landshluta eftir megni og slíkt þó oft erfitt verk því að ekki leggja hinir í lágina, eða gleyma að berja í brestina. Kalist þar löngum hið fornkveðna að „fár bregð ur hinu betra, ef hann veit hið verra“ —
— Eru norðlendingar venjulega kampakátir, og segja sitt fólg(k) tala réttast. Austfirðinga

Skjalasafnið Ísafirði

eru fáorðir, en þykjast þó að ýmsu leyti standa næstir norðlendingum. Sunnlendingar halda sig góða, en segjast ~~og~~ þó eiga bágt með að gera „mön" á ö og u og e og i. — Og Vestfirðingar segjast vera fastheldnir við hið gamla og góða, þótt margt megi að þeim finna í þessum efnum. Það er gamla sagan að „hverjum þykir sinn fugl fagur". —

— Sjálfsagt er oft ekki mikill gróði að þessum samanburði manna um mál hinna einstöku landshluta og sveita, en þó man ég svo langt að ég óskaði þess oft af heilum hug að sum orðskrípin væru horfin úr Vestfirskunni, sem nú ganga ljósum logum. Veit ég að svo er um fleiri. Hefi ég nú hugsað mér að biðja ykkur Stefnismenn að hefja herferð gegn verstu málýtunum, sem nú tíðkast hér. Herferðinni verður best að haga þannig að þið sjálfir steinhættið að nota málýtin og bendið jafnframt öðrum á að gera hið sama — auðvitað í allri vinsemd. ——

Með þessum hætti vinnið þið að „því að fegra og hreinsa móðurmálið," eins og þið hafið lofað, er þið gerðust félagar.

Skjalasafnið Ísafirði

Skal ég svo nefna hið helsta er ~~laga~~ kerja þarf á:

Bístag = skúr, anddyri, forstofa.

Bringja = skipa upp; skipa út; útskipun, uppskipun.

„Spanda" = fata, skjóla.

„Vaska" = þvo (Farðu strákur og vaskaðu þig = farðu strákur og þvoðu þér.)

„Teppa" = hnífur. Nordan = norðan.

Harður = harður. „Orkan" = Orkan villeysa = afskapleg villeysa eða mikil villeysa.

Það ætti nú að vera auðvelt að láta þessi orð hverfa með öllu. En fleira er aðgæslu vert hér og þarf lagfæringar. Margir segja t.d. „Þú ert búinn að eyðileggja þessu fyrir mér" — Þetta er rangt mál. — Rétt er að segja „Þú ert búinn að eyðileggja þetta fyrir mér. Þarna hefir skifst um fall, þannig að þágufall er komið í stað þolfalls. — Er þessi villa verri viðureignar, vegna þess að minna ber á henni og verra fyrir menn að sjá í hverju villan liggur. Annað dæmi sömutegundar skal nefnt: „Ég skal taka því fram," eða ég er búinn að taka því fram" — Þetta er rangt mál. Rétt er: „Ég skal taka það fram eða

Skjalasafnið Ísafirði

ég er búinn að taka það fram. (Eyðileggja eitthvað, taka eitthvað fram.) Til gamans og skýringar skal hér sett ein setning, sem sýnir hve miklum málskemdum slíkar villur geta valdið. Setningin er þessi: „Honum langar til að kyssa henni" – (Í staðinn fyrir hann langar til að kyssa hana.) Þetta er nú ekki sagt hér, en er alveg hliðstætt því að eyðileggja honum, henni o. s. frv. (í stað þess að eyðileggja hann, hana.

Þá skal ég nefna sögnina ~~að~~ að troða. Hér segja margir „Ég traud mér inn um dyrnar". Þetta er rangt, á að vera „ég tróð mér inn um dyrnar. Sögnin beygist: troða, tróð, tróðum, troðinn. Að lokum skulu nefnd hér fáein orð sem oft eru rangbeygð í daglegu tali. Tökum nafnið Sturla. – Ég átti að bera þér kæra kveðju frá Sturla – Þetta er rangt, á að vera Sturlu. Orðið beygist þannig Nefnif. Sturla. Þolf. Sturlu. Þágug. Sturlu, Eignarf. Sturlu. Auðvelt er að þekkja föllin með því að setja þessi smáorð fyrir framan. –

– Það er í N.f. um í þolf. frá í þágu. og til í eignarf.

T.d. Unnur – Nefnif. Unnur Þolf. Unni, Þágu. Unni, eignarf. Unnar. Gott að setja það á sig að Unnur beygist eins og Sigríður. Freyr: N.f. Freyr, Þ.f. Frey Þágu. Frey, eignarf. Freys. Hjörtur: N.f. Hjörtur Þ.f. Hjört, þágu. Hirti, eignaf. Hjartar.

Skjalasafnið Ísafirði

Skal svo staðar numið og þess vænst að Stefnismenn gaumgæfi það, sem hér hefir verið drepið á, því að engum má á sama standa hvort málfar hér fer versnandi eða batnandi.

Friðrik Hjartar.

## Um íþróttir.

Framhald.

### Þol.

Það fá menn við að hlaupa 800 m. með hálfri ferð og seinna með 3/4. Þetta er best fyrir 400 m. hlaupara, en er einnig gott fyrir styttri hlaup. Til að fá bæði hraða og þol er gott að hlaupa til dæmis 400 m. með 3/4 hraða. Æfið vel að hlaupa eftir beinni línu eða með sólina að baki og hlaupa eftir skugga sínum. Leggið mikla áherslu á það sem þið eruð veikastir í. — 100 m. hlaupi má skifta í þrent; 1) Viðbragð 20 m. 2.) Hraðhlaup 60 m. 3) lokasprettur 20 m. Eiga menn að reyna eins oft og því verður viðkomið, hvað þeir eru lengi að hlaupa hvern part útaf fyrir sig. 400 m. hlaup verður að æfa sérlega vel. Það er t.d. gott að hlaupa 350 m. með 3/4 hraða, 100 m.

Skjalasafnið Ísafirði

eins fljótt og hægt er, og gæta ávallt að halda vel stílnum. Nóg er að æfa þrisvar í viku og þá einu sinni með fullri ferð.

Almennar villur.

(sem mönnum ber að varast.)

1. Rangur fótaburður; menn hlaupa útskeifir og hnén vísa út.
2. Menn fetta sig ofmikið,
3. Armsveiflur eru ekki nógu aflmiklar.
4. Menn hlaupa ekki nóg á tánum og spyrna ekki nógu vel þá með aftara feti 5.) Gleyma öndurninni 6.) Skenna mjaðmirnar ofmikið fram. 7.) reigja höfuðið aftur eða lúta ofmikið og 8. menn halla sér ekki nóg áfram. — — —

3. 800 og 1500 m. hlaup.

Það, sem áður hefir verið sagt um stuttu hlaupin á einnig við um 800 og 1500 m. hlaup, aðeins sá mismunur að vöðvarnir eru ekki eins stæltir og handleggirnir ekki eins bognir (hornið á milli upphandl. og framhandl. meira en 90°)

Hlaupa skal með jöfnum löngum skrefum og ekki eins hátt uppi á tánum. Öfugt við stuttu hlaupin er farið af stað standandi og skreflengd höfð milli fóta. Menn halla sér lítið

Skjalasafnið Ísafirði

áfram, og bæði hné eiga að vera lítið eitt bogin. Menn verða að æfa löng hlaup gætilega í fyrstu. Til þess að lungu og hjarta þoli æfingarnar verður að auka þær smám saman, og æfa lengri og lengri hlaup. Loka-spretturinn á einnig í þessum hlaupum að vera snarpastur — Gæta skulu menn þess að nema ekki staðar á marklínunni, en halda sprettinum yfir hana. Ganga til og frá og gera öndunar æfingar.

## II Kafli

## Stökk

### 1. Hástökk.

Leikfimishástökk er lagt til grundvallar við öll frjáls hástökk. Hér verður aðeins rætt um hið venjulega hástökk.

#### Atrennan.

Sé stökkið af vinstri fæti, er hlaupið á ská frá hægri hlið, eða beint framan frá, en aðferðin er sú sama í stökkinu.

Hæfileg atrennulengd er 10–15 m. Atrennan er mjög lík leikfimis-atrennu, hlaupið á tánum, stutt, mjúk og fjaðurmagnað skref. Stöðugt herður hraðinn og aukin skreflengdin, þó ekki

Skjalasafnið Ísafirði

svo mikið að menn missi vald á sér. Síðasta sporið á að vera dálítið styttra og þunginn á að lenda vel fram á stökkfæti.

Viðspyrnan.

Verið ekki hræddir við rána, takið viðspyrnuna svo nærri, sem hægt er, til að fá stökkið sem hæst og stökkvið yfir miðja rána. Viðspyrnufæti er fyrst stigið niður á hæl og kné látið eitt beygt, síðan lyft upp á tá og síðast spyrnt frá með tánum. Um leið og viðspyrnan er tekin, er hinum fætinum sveiflað með afli snögt upp, eins hátt og hægt er (Hnéð beygist lítið eitt). Gæta skal þess vel að þunginn sé á viðspyrnu fæti og ennfremur að vinda ekki bolinn fyr en komið er jafn hátt ránni.

Fr. Kj. (Framh. næst)

Ráðningar á gátunum í síðasta blaði eru þessar: 1. Líknabelgur. 2. Maðurinn var faðir stúlkunnar.

# Röðull

Ritnefnd:
Friðrik Hjartar, Páll Hallbjörnsson og Kr. B. Kristjánsson

3. árg. | Suðureyri 4. febr. 1923 | 10. blað

## Fyrirspurn svarað.

Í næst síðasta tölublaði Röðuls beindi Gunnar Magnússon spurningu til mín og mæltist til að ég svaraði henni í Röðli. Ætla ég að reyna til þess að verða við ósk hans, en bið þá um leið, sem svar mitt heyra að virða mér ~~þó~~ til vorkunnar þótt það verði að nokkru leyti ófullkomið. Spurningin var á þessa leið: „Hvaða árstíð er yndislegust og af hverju?"

Árstíðirnar eru fjórar og hefir hver til síns ágætis nokkuð. Flestir munu þó telja vorið bera af þeim, þar sem náttúran skrýðist þá sínum fegursta skrúða eftir vetrar dvalann; sól þá hæst á lofti, nótt engin eða sama sem engin, og hlýjum blænum strýkur „þér um kinn“ Jafnframt þessu er það, að þá lifnar yfir atvinnuvegum manna, því vorið er það, sem ræður því að mestu, hversu arður sumars

Skjalasafnið Ísafirði

ins verður þeim mikil hjálpar=hella er landbúnað stunda. Sé vorið gott sem kallað er, „jörðin ávalt betur undirbúin með að láta ríkulegar í té gæði sín. Þannig er það og til sjávarins, að hiti hans orkar því að þá streymir allskonar fiskur að landi hér, þótt mismunandi mikill sé, svo að hver smáfleyta á sér þá fengsvon að einhverju leyti. Þannig er það þá skoðun mín, að vorið sé yndislegasta árstíðin, því hún gleður sérstaklega fegurðartilfinningu mannsins og arðsvon, og stuðlar mest að því að mönnum og skepnum líði vel.

Óskar Þórðarson

# Stefnisgatan.

Það þykkir hlýða að Röðull flytji stutta skýrslu um götuna, eins og hann geymir frásögn um alt annað er félagið hefst að og framkvæmir. Svo sem kunnugt er var gatan lögð af fúsum og frjálsum vinnuframlögum margra félagsm. í októb. nóv. og desemb. mánuðum árið 1922. —

Er því miður ekki rúm í blaðinu fyrir nöfn allra þessara heiðursmanna, en sé það

Skjalasafnið Ísafirði

svo að nöfn þeirra manna, sem vinna samdarverk séu rituð á vísum stað, þar sem þau ekki máist, þá hafa allir þessir Stefnismenn bæst á það spjald í desemb. s.l. — Galan er 81 m. á lengd og ca. 4 m. á breidd. Við hana höfðu samtals orðið 533½ vinnustund og gerið það að verð-mæti með 80 aurum um tímann og að viðbættum 15 kr. í verkfærasslit 441,80 kr.. —

Var svo galan afhent hreppsnefnd Suðureyrarhr. fyrir hreppsins hönd, á fundi félags-ins 26 des. s.l. til að nota og umferðar með þeim tilmælum að hún alla tíð beri nafn félagsins.

Ég vil hér endurtaka þau ummæli mín frá fundinum að þessi gölugerð, er sú af verklegum framkvæmdum sem ég hefi með mestri ánægju augum litið, er það ekki síst fyrir þá sök að ég á 100. fundi félagsins varð til að lýsa þeirri hugsun — eflaust margra félagsmanna — að næst á eftir, sjálfu aðaltakmarki fél., æfingu íþróttanna í sem allra flestum greinum, væri það tilhlýðilegt að félagið inti af hendi eitthvert það verk, er væri almenningi og byggðarlaginu til gagns og gengis. Slíkt

Skjalasafnið Ísafirði

verk er þessi gata. Félagið á því láni að fagna að fyrir því er nú duglegur formaður. Hann var líka verkstjóri við götuna, og vildi ég óska þess að félagsm. fylgdu honum með jafn sýnilegri gleði og áhuga að iðkun hverskyns íþrótta, og þeir sýndu við götugerðina.

Kr. A. Kristjánsson

## Ekki veldur sá er varir.

Mundi það ekki tímabært að minnast þess nú að Ísfirðingar byrjuðu að æfa glímur seint í október s.l. Þeir gátu vitað Vestfjarðabeltið enn þá nær sér en í Bolungarvík. Bolvíkingum finnst að vel fari um beltið þar sem það er - og draga því ekki úr æfingum. Hnífsdælingum finnst að beltið mundi fremur prýða, svona smáþorp eins og Hnífsdalur er og hugsa því sitt.

Svo eru Önfirðingar, þá dreymir um að flytja beltið yfir Breiðadalsheiði, en til þess að draumurinn rætist áreiðanlega, þykir þeim vissara að fá glímumann úr Sleipni til að ná réttari tökum.

Á öllum þessum stöðum er sagt að megi finna svitalykt vissa daga vikunnar.

Skjalasafnið Ísafirði

Skygnir menn þykjast hafa séð vofu á sveimi hér á Suðureyri í vetur, er það haft fyrir satt að hún muni hafa í hyggju að búa sér á milli stafns og veggjar í Stefni og ætli sér að nota húsnæðið ef svo vildi til að enginn sækti glímuæfingu. — Áhugaleysi er nafn vofunnar —

Ég get ekki svarið fyrir að ég hafi séð vofuna — en svitalykt hefi ég ekki fundið, en það er „máske“ af því að „jeg er eins og jeg er.“

Kvefaður

## Þegar samviskan talar.

Eigi að útskýra hvað samviska sé, í raun og veru, þá köllum við hana venjulega „rödd“ sem tali í vorum innra manni. Og hver er sá, sem ekki hefir heyrt þessa rödd. Alt frá bernsku segir hún við oss: „þú skalt“ — „þú skalt ekki“. Og eftir því sem við eldumst verður röddin sterkari og ákveðnari. Í öllum atvikum lífsins lætur hún til sín heyra. Hún fylgir oss sem ósýnilegur andi, sem þó ávalt gerir vart við sig, stundum hvetjandi til þess sem gott er, stundum

Skjalasafnið Ísafirði

varandi við freistingum og illum atköstum.
Alltaf er hún til staðar bæði í vöku og draumi.
Og þessi rödd, sem enginn annar heyrir er svo
kávær að hún getur yfirgnæft hverskyns skarkala
umhverfis oss, og látið til sín heyra, jafnt
í glaumi og gleði á daginn sem í kyrlátum nætur-
stundum. Hún lætur ekki kúga sig eða vísa á
bug, heldur fylgir oss eins og skugginn sem ekki
verður hlaupið frá, hvert svo sem vér vildum
flýja. — Hvað er þá þessi rödd? Hvaðan
kemur sá máttur, sem getur látið forhertan
syndara krjúpa á kné og játa afbrot sitt
heilum mannsaldri eftir að það var framið?
Er það máske eitthvað af sjálfum oss sem
talar til sjálfra vor? Eitthvað í vorum innra
manni, sem eins og stendur ofar, veit alt betur,
sér inn í framtíðina og getur sagt oss að þessa og
þessa muni oss iðra ef vér gjörum það nú. Eða
lætur oss breyta þveröfugt við það sem vér helst
óskuðum í þann og þann svipinn. Hvað er þetta
sem er svo áleitið sem er eins og ljós sem skín
í myrkri en sem myrkrið á svo bágt með að sam-
þýðast? Samviska vor er eins og dómstóll, sem
dæmir oss sýkna eða seka. Oft er það að vér

Skjalasafnið Ísafirði

af frjálsum vilja, göngum fram að þessum dómstóli og spyrjum: Hefi ég breytt rétt-eða rangt! Og samviskan sem þekkir oss til hlýtar, þekkir hvatir vorar og leyndustu hugsanir; gefur með óskeikulum myndugleik sitt ákveðna svar, með eða móti.

Er þetta þá vor eigin rödd, sem getur svarað oss þannig? Eða er það máttur, sem er sterkari en vér sjálfir og heimurinn umhverfis oss, vald sem þekkir hin æðstu lög og stendur í sambandi við sjálfa eilífðina. Hinn mikli djúpshyggjumaður H. Mortinssen biskup, svarar þessu þannig: „Meðal allra þjóða og þjóðflokka, hve lágt sem þær standa að menningu og hve ófullkomin sem guðshugmynd þeirra er, hefir samviskan verið álitin ekki eingöngu mannsins heldur guðsrödd í manninum. Og einungis þannig er hægt að skýra tign og veldi samviskunnar til hlýtar. Þaðan stafar ógnar máttur hennar og hinn eilífi varanleiki í andans heimi! Guðs eigin rödd er hún, sem talar við hvern einastamann."

Á elstu tímum, – á dögum Kains og Abels Abrahams og Jakobs, heyrum vér hversu guð

Skjalasafnið Ísafirði

talaði við og opinberaði sig fyrir Ísraelsþjóð. — Slíkt skeður ekki nú á „dögum“ segja menn. „Nú er guð þöggull og er hættur að opinberast mönnunum. En hverju svörum vér því, er vér heyrum að samviskan sé rödd guðs? Þá er guð þó enn að tala við börn sín, við mig og við þig á hverjum einasta degi, á meðan vér lifum!

Daufheyrumst ekki við þessari rödd, er hún hljómar í sál vorri, heldur hlustum á hana eins og væri hún rödd einlægs vinar, sem vill oss alt hið besta. Samviskan getur að lokum hjá einstaka manni dáið eða þagnað. En þá hefir sá maður fjarlægst guð svo mjög, að ekki einusinni rödd sjálfs skaparans nær lengur inn að forherta hjarta hans.

Látum þessvegna eyra sálarinnar vera opið og hlusta eftir því, sem samviskan hefir að segja, því hún er einskonar helgidómur, sem vér getum gengið inn í fram fyrir guðs auglit og heyrt rödd hins almáttuga, sem hvetur oss til góðs og alla æfi reynir að leiða oss og styðja á hinum réttu vegum.

Þýtt úr dönsku
Kristján A. Kristjánsson

# Skrítlur.

1. Faðirinn: „Þú ert eitthvað venjufremur hnugginn núna, Siggi minn."
Sonur hans (10 ára) „Já og það er þér að kenna"
Faðirinn: Mér? Hvernig getur það verið?
Siggi: Þú manst að ég spurði þig að því í gærkvöld hvað mikið væri í miljóninni, en þú svaraðir önugur, að það væri gríðarleg ósköp af peningum. — En þegar reikningskennarinn spurði mig þessarar sömu spurningar, þá sagði ég honum svar þitt, en hann brást reiður við, sagði að ég væri þorskur og gaf mér núll fyrir frammistöðuna.

2. Faðirinn: „Mintistu nokkuð á það við kennarann, að ég hefði hjálpað þér með enska stílinn í gærkvöld?" Sonurinn: „Já – hann spurði hvort nokkur hefði hjálpað mér, og ég sagði eins og var". Faðir hans: „Og hvað sagði hann við því? Sonurinn: „Hann sagðist þá verða að hætta við að láta mig sitja eftir í þetta skiftið, því hann kynni ekki við að refsa mér fyrir heimsku-pör annara-manna.

Skjalasafnið Ísafirði

# Efnisyfirlit 3. árgangs


Bolungarvíkurferðin. F. H. 119
Dægradvöl. G. M. 83
Ekki veldur sá er varir. Kvefaður 180
Fjallganga G. M. 137
Fyr og nú. K. K. 111
Fornislenska bókmentir. Þ. H. 88. 93
Fyrirspurn svarað. Ó. Þ. 177
Hannes Hafstein. F. H. 155
Hátíðlegt augnablik. K. A. K. 161
Heiðarferð. K. A. K. 105
Íþróttaiðkun. Þ. H. 86
Jeg fer til skips Ó. H. 95
Langoddamótið G. M. 147
Mas. K. A. K. 84
Móðurmálið mitt góða. F. H. 169
Pólitík F. H. 99. 115. 131. 167
Stefnisfélagar. Þ. H. 129
Skrítlur og fl. smávegis 136. 146. 164. 165. 185
Stefnisgátan K. A. K. 178
Um íþróttir F. H. 135. 144. 150. 173
Þegar samviskan talar. - Þýtt af K. A. K. 181


Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull.

## Ritnefnd:

Friðrik Hjartar, Kr. A. Kristjánsson og Kr. G. Þorvaldss.

4. árg. | Suðureyri 25. febr. 1923. | 1. bl.

## Nýjar bækur.

Skemtilegt væri það og gagnlegt ef tvisvar til þrisvar á ári stæði grein í „Röðli" með þessari yfirskrift. Ættu þær greinar að vekja eftirtekt á nýjum, góðum og gagnlegum bókum. Aldrei les hver einstaklingur alt, sem út er gefið, og þessvegna er nauðsynlegt að velja úr, lesa það besta. Innan „Stefnirs", bæði í „Röðli" og á fundum, hefur oft verið bent á hvað helst bæri að lesa. En sjaldan hafa verið nefndar sjerstakar bækur. – Eg ætla ekki að fara að skrifa neinn ritdóm um bækur, til þess er jeg ekki fær. Samt ætla jeg að nefna nokkrar nýútkomnar bækur sem jeg álit vert að lesa, fyrir þá, sem á annað borð eyða tíma til skemtilesturs. Girnilegastur er skáldskapurinn. En hann er ekki aftur jafn heilnæmur. Áhrif sumra

Skjalasafnið Ísafirði

skáldsagna eru fjörðuð út samstundis og bókinni lokað. Aðrar hafa góð og langvinn áhrif. Þær eru lesandi. Þær sem birta manni eitthvað nýtt, eða einhverja fegurð. Eða þar sem fegurð málsins lokkar mann til framhaldslesturs. - Út í þessa sálma fer jeg ekki lengra, en nefni hjer nokkrar bækur:

Af merkisbókum ársins 1922 má nefna æfisögu Matthíasar Jochumssonar „Söguþættir af sjálfum mjer". Hún lýsir æfiferli skáldsins á þessari grýttu jörð, og lífsskoðunum þeim er honum skapast við andstreymi og örðugleika. Stærstu og veigamestu lífsskoðanirnar myndast venjulegast upp úr mestu mannraununum. Trúarskoðanir og sálarlíf þessa andans manns verður manni ljóst eftir lesturinn. Ennfremur lýsir hann mörgum andans stórmennum er hann sá og kyntist persónulega, bæði utan lands og innan. Bókina er mjög ánægjulegt að lesa, og óvíða munu finnast snjallari og einarðlegri mannlýsingar í nútíðar bókmentum okkar.

Önnur ágæt bók er „Nonni" eftir síra Jón Sveinsson. Hún segir frá ferð Nonna (síra Jóns Sv.) frá Akureyri til Kaupmannahafnar. Hann er þá 12 ára glaðvær drengur góður og trúrækinn. Eru þeir fimm vikur í ferðinni og kemur margt

Skjalasafnið Ísafirði

æfintýralegt fyrir. Sumir kaflarnir eru skrifaðir svo látlaust og innilega, að það er ~~(tá~~ fár hreinn unaður að lesa þá. Frásögnina um það þegar hann kveður móður sína, sem hann sjer aldrei aftur, og dvölina síðustu dagana heima, hugsa jeg að fáir lesi án þess að finna til með Nonna. Því Nonni getur komið út tárum og þurkað þau samstundis, og komið manni til að brosa. „Sögur Rannveigar" II. hefti eftir Einar H. Kvaran kom út á árinu. Svo þektur og góður höfundur sem Einar H. Kvaran mælir best með sjer sjálfur. En þessi bók er eflaust ekki síst af nýrri sögum hans. Einar H. Kvaran gleymir aldrei sálinni
„Silkikjólar og vaðmálsbuxur" heitir skáldsaga eftir Sigurjón Jónsson. Tekur hún fyrri bókum höf. að mörgu leyti fram. Eru víða ágætir kaflar í bókinni, skemtilegir og vel skrifaðir, en ekki felli jeg mig við sögulokin. — Felli jeg svo niður ummæli þessi, og bið velvirðingar.

7. febr. 1923. Gunnar M. Magnússon

Skjalasafnið Ísafirði

# Skíðafarir

Af því að jeg vona fastlega að nú verði alvara úr því að skíðaflokkur verði stofnaður í Stefni vil jeg skrifa nokkrar línur um skíðafarir. Vegna rúmleysis verður farið fljótt yfir sögu, en reynt að miða á aðalatriði málsins og þau sem snúa beint að væntanlegum skíðflokki og hans fyrirhugaða starfi. Vil jeg strax láta þess getið, að gengi flokksins og langlífi, og vegur og framgangur þessarar þörfu og fögru íþróttar, hjer í sveit, verður langmest undir því komið hvernig flokkurinn fer af stað og starfar, þegar frá upphafi.

Um skíðin sjálf skal jeg fátt segja. Það fer eftir efnum og ástæðum hve góð og dýr þau verða en þau skíði sem hjer eru, af útlendum (norskum) uppruna og smíði, eru með hinu svo nefnda þelamerkursniði en það hefur mest rutt sjer til rúms og af heiminum viðurkent að vera hið besta, einkum er þreyta skal stökk.

## Skíðabönd og fótbúnaður

Eins og allir vita, er hjer varla um önnur skíðabönd að ræða en tábönd, eitt saman, — Þó hafa um nokkur ár verið hjer ein skíði með einni tegund af böndum sem mest tíðkast

Skjalasafnið Ísafirði

hjá norskum skíðamönnum — hinum svonefndu Hvitfeldsböndum. — Nú er það svo að til þess að æfa stökk, svo í nokkru lagi sje, er það alveg nauðsynlegt að skíðin sjeu bundin föst á fæturna, og það með þeim böndum, ~~sem~~ er veita gott tak á skíðunum, til að stjórna þeim, bæði til hliðar og upp á við. — Þessu þarf væntanlegur flokksforingi að gefa gaum, þegar í byrjun. — ~~Enn eru~~ engin bönd til, sem sjeu þægileg fyrir þá sem nota íslenska skó. En það eru nú, ekki nærri allir, sem hafa tök á því að æfa skíðastökk á útlendum, hentugum skíðastígvjelum, verður að notast við það besta sem fæst og reyna að finna bönd, sem að gagni mega koma. Tel jeg rjettast að taka einhver norsku böndin til fyrirmyndar og reyna að mynda afbrygði sem best mætti henta íslenskum skóm og fótbúnaði. Sjálfsagt er að vera þykt og hlýlega klæddur til fótanna.

## Stafurinn.

Ekkert er jafn skaðlegt, þeim sem eru að byrja að æfa skíðaferðir, og það að nota staf sjer til stuðnings við rensli niður brekkur, stafurinn takmarkar sem sje möguleikana til ~~framfara~~ í íþróttinni. Mjer er þetta svo einstaklega vel

Skjalasafnið Ísafirði

Suðureyrar túnið og getur það ekki orðið nærtækara eða þægilegra, pallinn í stökkbrekkunni má að jafnaði mynda úr snjó eingöngu, en ef til vill sýnir það sig að fyrir kappmót þurfi að smíða trjevirki í pallinn. — En það sjest nú á sínum tíma.

Langhlaups sje jeg ekki að verði þreytt til verðlauna hjer á Suðureyri og yrði þá að taka til þess góðan dag, annaðhvort * inni í sveit, — einkum ef ís er á firðinum — eða þá úti í Staðardal. Vegalengd þarf að fást 10–15 km. og er það svip að og frá Laugum inn í Botn og til baka aftur.

Til er bók á norsku, sem kom út í annað sinn 1908, og heitir „Skiløbning", eftir norskan mann Fritz Hvitfeldt. Þykir bókin ágæt um þetta efni og vil jeg eindregið ráða skíðamönnunum í Stefni til að kynna sjer vel það sem þar er sagt, bæði um böndin,

Skjalasafnið Ísafirði

ljóst af eigin sjón og reynd. Sem stendur eru hjer nokkrir unglingar, sem renna sjer í brekkunni alveg staflaust. Fara þeir leikandi þær brekkur sem mjer og jafnöldrum mínum, þótti, á þeirra aldri, hið mesta þrekvirki að fara með stóran staf til stuðnings, var þar með tekið fyrir frekari þroska hjá mjer og öðrum stafa-riddurum en þeim sem staflausir renna skriðbrekk-ur eru einmitt hæfilega þroskaðir til að byrja að æfa stökk, en stökk er ómögulegt að æfa og fremja nema staflaust. Hins vegar mun það nú víðast tíðkað að nota heldur tvo stafi en einn við löng hlaup eða skíðagöngur t. d. í heiðarferðum. Veit jeg einnig af eigin reynslu, að það er betra að hafa tvo stafi en einn, en ekki er ætlast til að þeir sjeu lengri en sem svarar ~~alnar~~ axlarhæð skíðamannsins. Jeg vil alvarlega ráða, væntanlegum flokksforingja til að taka frá byrjun föstum tökum á æfingunum og æfa með það ákveðna mark fyrir augum að geta fyrir lok hvers vetrar haldið kappmót í skíða-ferðum þar sem veitt verði viðurkenning þeim er fram úr skara í íþróttinni. Jeg held að stökkbrekku megi mynda í brekkunni fyrir ofan

Skjalasafnið Ísafirði

notkun stafsins, sem hömlu í skíðabrekku, rjetta aðferð við stökkið, hversu gerðar eru hinar víðfrægu Þelamerkursveiflur, o. fl. o. fl.

Í bókinni er fjöldi mynda, sem skýra efnið miklu betur en nokkur orðamergð getur með nokkru móti gert.

„Íþróttir" flutti nýlega grein um skíðafarir og er hún betur rituð en ekki og dálítið á henni að græða.

Jeg byrjaði grein mína með því að ~~ég~~ láta í ljósi þá von mína, að skíðaflokkurinn yrði stofnaður, og vil enda með því að óska að svo verði og að honum auðnist að fara myndarlega af stað. Mig dreymir um það, að einhverjir frískir drengir eigi eftir að koma nafni „Stefnis" á loft og vinna fjelaginu varanlega sæmd fyrir drengileg afrek í þessari ágætu og nytsömu íþrótt.

Kr. A. Kristjánsson

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd:
Friðrik Hjartar, Kr. A. Kristjánsson, Kr. G. Þorvaldsson

| 4. árg. | Suðureyri 11. mars 1923. | 2. tbl. |
| --- | --- | --- |

## Manngildi.

Orðið manngildi flýtur oft upp á yfirborðið í huga mínum, þegar ég sé eða heyri að menn beita sér af áhuga og óeigingjörnum hvötum, fyrir góðum og nytsömum málefnum. Þegar síngirnin fær ekki að skjóta upp höfðinu, til að eitra og drepa viðgang fagurra hugsjóna. Þegar menn starfa aðeins með það fyrir augum, að málefnið beri einhverntíma árangur, og þá sjáist þó að það hafi átt tilverurétt og fyrir það alls ekki verið unnið fyrir gýg. En það þarf manndáð til að geyma trúna á sigur málefnisins árum saman, og jafnvel alla æfina án þess að sjá vonirnar rætast.

Efalaust á ekkert jafnerfitt uppdráttar í heimi hér, eins og sannleikurinn. Hversu mikið

Skjalasafnið Ísafirði

hafa ekki ýms mikilmenni orðið að líða fyrir hann í gegnum allar aldir. Og hversu margir hafa ekki einskisvirt hann og fótum troðið vegna nærsýni, viljaskorts og þrekvöntunar.

Þegar einhver, sem fundið hefur ný mikilvæg sannindi, hefur opinberað heiminum sannfæringu sína, þá hafa orð hans venjulegast látið sem argasta fjarstæða og öfugmæli í eyrum skammsýnna samtíðarmanna, er hvorki höfðu vit né manndóm til að þora að brjóta hinar reglubundnu ríkjandi siðvenjur. —

— Hvað er sannleikur? hefur verið spurt á öllum öldum, síðan Pílatus spurði svo eftirminnilega.

Og mörgum hefir hætt við að telja aðeins það gott og gagnlegt, sem væri gamalt og rótgróið, en hafa hafnað öllu nýju og óþektu, og dæmt það einskisvirði. Þess vegna hafa þau mikilmenni, sem barist hafa með sannleiksvissuna í brjósti sínu móti ofsafenginni samtíð, orðið að þola allar ómannúðlegustu og heimskulegustu árásir og margir verið líflátnir. Það er óhugsanlegt þrek og viljafesta sem þeir menn hafa átt. En með

Skjalasafnið Ísafirði

því að fórna sér öllum fyrir sannleikann, hafa þeir eftir dauða sinn sigrað, sumir ekki fyr en löngu seinna. Og þá hafa þeir orðið dýrlegir og nöfn þeirra og minning óafmáanleg í hjörtum réttrúaðra. Manndómur slíkra stórmenna verður eigi veginn. — En um sömu mund hafa nöfn andstæðinganna er hæst létu, verið sokkin í djúp gleymskunnar og aldrei skolið upp á yfirborðið aftur. —

Óefað eru einhverjir menn nú uppi einhversstaðar í heiminum, sem lifa fyrir ný sannmæli, og eiga að berjast við misskilning, afskiftaleysi og áhugaskort.

Ég gæti trúað að við Íslendingar ættum einn slíkan mann núlifandi.

Ég gæti trúað því að dr. Helgi Péturss. hefði fundið mikilvæg sannindi, sem á sínum tíma verða viðurkend, sem afarmikil umbót fyrir heiminn. Með dæmafáum sannfæringarkrafti og eftirbreytnisverðri alúð og þrautseigju — að mikilmenna sið, — eyðir hann æfi sinni, án lítilla þakka, fyrir það mál, er hann

Skjalasafnið Ísafirði

að bjargfastri trú sinni álítur lífsskilyrði
til umbóta heiminum. En eru það ekki
tiltölulega fáir, sem viðurkenna skoðanir dr.
Helga í nokkurri alvöru, en líta heldur
hornauga til hans, og ljá ekki hinum snjöllu
kenningum hans eyru sín. Menn þora ekki
að aðhyllast hann af því að hann hefur verið
álitinn ruglaður, og ekki „með öllum mjalla".
En það hafa fleiri stórmenni verið álitin.
Heimskan er oft djörf í dómum sínum.
En allir hefðu gott af að lesa rit dr.
Helga, þó ekki væri nema vegna hinnar
þróttmiklu, listafögru orðsnildar er hann á
yfir að ráða.

Ánægjulegt væri það ef embættismenn-irnir t. d. prestarnir, ynnu jafn ósleitilega
og með jafnri samviskusemi að skyldustörfum
sínum, ekki síður út á við sem slíkir, heldur
en í stólnum, eins og hin áhugasömu mikil-menni starfa af brennandi áhuga fyrir trú
sína og sannfæringu. En hinn brennandi
áhuga finst mér vanta hjá þeim prestum
og embættismönnum er ég þekki. En ég
þekki reyndar ekki marga.

Skjalasafnið Ísafirði

Menn dæma manngildið á ýmsa vegu. Mér dettur í hug smásaga um gamlan sjómann og veiðimann. Hann var að segja öðrum manni frá kostum dóttur sinnar. —

„Sú hefði getað orðið vel að sér lagsmaður."

„Jæja, er hún gáfuð, sú litla?"

„Gáfuð, ég átti nú ekki við það, en hún hefði getað orðið afbragðs skytta."

Á þenna veg vóg gamli maðurinn manngildið. Á þann veg dæma ýmsir manndóm og manngildi eftir frækleik og jafnvel augnabliks framkomu. En athuga ekki hvað gildi hefir, hvað hefur sannleikann og framtíðarþroskaskilyrði í sér fólgin.

Og hvað er um sjálfa okkur? Eygjum við sannleikann, og þorum við að viðurkenna hann? Eða daufheyrumst við við honum, og þykjumst hvorki sjá hann né heyra? Þorum við því ekki fyrir háværum dagdómum og fallvöltum mannasetningum að styðja hann? Ég svara því ekki.

En eitt ættu allir að muna. Sá sem viðurkennir sannleikann, þó í smáum stíl sé, hefir meira manngildi heldur en sá,

Skjalasafnið Ísafirði

sem siglir undir fölsku merki fyrir samlíð sinni, þó mikilfráður sé og í virðingarslóðu.
Hið mesta böl, sem hent getur nokkurn mann er að forherðast svo, að samviskan hætti að segja til syndanna. Munum það.
Margt mætti hér um fleira tala. En ég læt staðar numið. Hempulausum, fáfróðum leikmanni hæfir ef til vill ekki að fara með slíkt efni.
Þó væri þess þörf.

7. febr. 1923.

Gunnar M. Magnúss.

# Kapp og met.

Svo sem kunnugt er, hafa einstöku U. M. fjelög gengist fyrir kappslætti í sambandi við íþróttamót. Hefir fólk haft af því hina mestu ánægju og sýnt þar áhuga, engu minni, heldur en þá er um íþróttirnar var að ræða.

Skjalasafnið Ísafirði

Og slíkt er eðlilegt. Vinnan hefir það fram yfir íþróttirnar, að hún er lífsvegur allra, það, sem þeir lifa af, og afkoma oft bundin við dugnað. Telja má því víst, að menn mundu hafa mikla ánægju af að sjá menn reyna sig við ýms verk. En þarna er gagnið samfara ánægjunni, því þetta, að eiga kost á því að reyna sig við aðra, mundi vekja hollan metnað í huga allra röskra manna, og örva dugnað þeirra, hvetja þá til að verða duglegri og vandvirkari en ella. Nú er ómögulegt ~~að~~, eða ilt, að eiga við sum verk í þessu efni, en aftur eru önnur mjög vel til þessa fallin t.d. að beita, að leggja lóðir, að fletja fisk, að afhausa, að taka innan úr fiski, að spinna, að kemba, og sjálfsagt mætti nefna fleiri. Enginn veit nú með vissu hver er fljótastur að beita lóðir, og enga viðurkenningu hefur sá hlotið, væri þó gaman og gagnlegt t.d. fyrir formenn, að

Skjalasafnið Ísafirði

vita þettar, og góður verkmaður eigi síður
verður viðurkenningar, en góður íþróttamaður.
Stefnir er sjálfkjörinn til að hefjast handa í þessu
efni og gangast fyrir kappmótum í einhverjum
verkum þeim, er að framan eru nefnd.
Tel jeg víst að formenn hjer mundu taka
vel í þetta mál og hvetja menn til
að gefa og kost á sjer og reyna sig.
Vel mætti t. d. láta menn reyna sig
við að beita í ~~sal~~ samkomuhúsinu.
Yrði að gæta þess að aðstaða allra væri sú
sama, jafmargir önglar á lóð o. s. frv.
Síðan ætti að láta lagningsmennina reyna
sig á að leggja lóðirnar. Mætti gera það
samtímis (strax á eftir) og á sama stað.
Að lokum yrði að athuga hjá hverjum gengi
best út, telja hve margar beitur hrykkju af
í lagningunni o. s. frv. Sá sem fljótastur er að
beita, gengur best út eftir, og fæstar beitur
fara af í lagningu hann fær 1. verðlaun
f. beitingu. Og sá, sem fljótastur er að
leggja ber þar sigur úr býtum o. s. frv.
Jeg fjölyrði þetta ekki meir, jeg vona að menn sjeu
mjer sammála um það, að bæði sje gagn

Skjalasafnið Ísafirði

203

og gaman að slíkum mótum sem þessum.
Auðvitað ættu þau að vera árleg. Það mundi ekki
draga úr drengilegri dugnaðarhvöt margra
unglinga, heldur þvert á móti, og heiðursskjölin,
eða verðlaunin, er menn fengju á bestu árum
sínum, fyrir að skara fram úr öðrum í einhv.
verki, mundi mörgum ósvikinn ánægjuauki á
„raupsaldrinum" og jafnframt ævarandi hvöt eftir-
komendunum, að úrkynjast ekki, verða ekki eftir-
bátar feðranna heldur setja ný og ný met í
hverju verki, sem hægt er að keppa í.
Og ekki ósennilegt við að formenn eða vinnuveit-
endur, tækju ekki fljótt eftir mönnum
þeim, er skarað hefðu fram úr. Og ekki
mundu piltarnir líta þá stúlku, sem fljótust
væri að spinna, óhýrari augum, en hina, sem
varla kynni að snúa rokk.
Að svo mæltu fel jeg stjórn fjelagsins málið
til framkvæmda.

Suðureyri 26. febr. 1923.

Friðrik Hjartar

Skjalasafnið Ísafirði

# Um íþróttir

Framh.

Eftir að stökkið er upp, hangir viðspyrnufótur snöggvast afllaus. Handleggjunum er sveiflað upp. Þegar sveiflufótur er kominn yfir rána, (hægri fótur sje stokkið af vinstri) og komið er þrínæ jafnhátt ránni, er „rykkurinn“ gerður: þ. e. fótunum er skift (fótavixl). Hægra fæti er sveiflað fljótt og með afli niður, út og aftur, um leið og vinstra fæti er kipt snögt upp eins hátt og hægt er með beygðu knje.

Bolnum er um leið undið að ránni, og armarnir hjálpa til þannig: hægra armi er sveiflað upp, en hinum vinstra þrýst að bolnum, um leið og farið er yfir rána. — Það er þessvegna viðspyrnufóturinn, sveiflufóturinn og armarnir, sem lyfta líkam-

Skjalasafnið Ísafirði

annan í uppstökkinu. Það er einkum hægri fótinum, sem með rykknum, niður, aftur, út lyftir örmunum yfir rána, jafnframt því sem vinstra fæti fæti er kipt upp. Þó er hið snögga og þróttmikla fótavíxl áhrifamest, og getur það hjá duglegum hástökksmönnum, lyft mjöðmunum alt að 20 sm. frá því sem þær voru áður.

Bolvindan að ránni er auðvitað til þess að fá rassinn vel frá henni (ránni). Armarnir eiga að hjálpa til, ~~bæði~~ við rykkin og vinduna. „Rykkurinn" verður að koma eins og sprenging, því án hans komast menn alls ekki hátt.

Algengar villur.

Stökkið upp of langt frá ránni. Viðspyrnufæti kipt of snemma upp. Menn eru of fattir, og vinda bolinn of snemma (oft um leið og stokkið er upp). Sveiflufæti er ekki slegið með nógu miklu

Skjalasafnið Ísafirði

afli, niður, út, aftur, um leið og farið er yfir rána.

Þjálf.

Æfið ca 4 sinnum í viku og stökkvið ekki of hátt, því að við það missa menn lagið. Æfið legg-vöðvana með hallyftingum. Standið og sveiflið öðrum fæti eins hátt og þið getið og gerið um leið hallyftingar á hinum fætinum og sveiflið höndunum vel fram og upp. Æfið einnig fimleika, svo að þið hafið betra vald á líkam-anum. Æfið oft með rána neðarlega, jafnvel eftir að þið eruð búnir að læra stökkið, til þess að festa aðferðina.

Æfið vel hvert smáatriði út af fyrir sig frá byrjun.

Fr. Kj.

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

## Ritnefnd:

Friðrik Hjartar, Kr. A. Kristjánsson og Kr. G. Þorvaldss.

4. árg. | Suðureyri 25. mars 1923. | 3. bl.

## Ríkisskjaldarmerki Íslands.

Öll sjálfstæð ríki hafa ákveðið skjaldarmerki. Svo er og um Ísland. Munu margir hafa sjeð mynd af því. Í miðju er kóróna. Stendur hún á íslenska fánanum. Er þetta borið uppi af griðungi, stórum fugli, dreka miklum og risa með staf í hendi. Þykir mörgum þetta skjaldarmerki einkennilegt og furða sig á því ekki var valið eitt-hvað fallegra til að bera merkið uppi, heldur en dýr þau, sem að framan eru nefnd og risinn. – En þar ástæður liggja til þess, er nú skal greina. – Eitt sinn ætlaði

Skjalasafnið Ísafirði

Haraldur Gormsson Danakonungur að fara herferð til Íslands, og hefna níðs, er Íslendingar höfðu um hann ort, vegna þess að Danir tóku íslenskt skip er strandaði í Danmörku og kölluðu vágrek. Fjekk konungur mann einn fjölkunnugan, til að fara til Íslands, og freista hvers hann yrði vísari.

Frá sendiför þessari segir Snorri svo í Heimskringlu:

„Sá (sendimaður konungs) fór í hvalslíki. En er hann kom til landsins, þá fór hann vestur fyrir norðan landið; hann sá, að fjöll öll og hólar voru full af landvættum, sumt stórt, en sumt smátt. En er hann kom fyrir Vopnafjörð, þá fór ofan úr dalnum dreki mikill, og fylgdu honum margir ormar, pöddur og eðlur, og bljesu eitri á hann; en hann lagðist á brott og vestur fyrir land, alt fyrir Eyjafjörð. Fór hann inn eftir þeim firði; þar fór móti honum fugl svo mikill, að vængirnir

Skjalasafnið Ísafirði

tóku út fjöllin tveggja vegna, og fjöldi annara fugla, bæði stórir og smáir. Brott fór hann þaðan og vestur um landið, og svo suður á Breiðafjörð, og stefndi þar inn á fjörðinn; þar fór móti honum griðungur mikill og óð á sæinn út og tók að gella ógurlega; fjöldi landvætta fylgdi honum. Brott fór hann þaðan og suður um Reykjanes og vildi ganga upp á Víkarsskeið. Þar kom á móti honum bergrisi og hafði járnstaf í hendi, og bar höfuð hans hærra en fjöllin, og margir aðrir jötnar með honum. Þaðan fór hann austur með endilöngu landi; var þá ekki, segir hann, nema sandar og öræfi, og brim mikið fyrir utan, en haf svo mikið millum landanna, segir hann, að ekki er þar fært langskipum. — Þá var Broddhelgi í Vopnafirði,

Skjalasafnið Ísafirði

Eyjólfur Valgerðarson í Eyjafirði,
Þórður gellir í Breiðafirði, Þóroddur
goði í Ölfusi. Síðan snéri
Danakonungur liði sínu suður með
landi, og fór ~~til~~ síðan til Danmerkur.
Þá er nú auðskilin gerð skjaldamerk-
isins, er þessi saga er kunn.
Landvættirnar fornu, þær er komu Haraldi
konungi til að hætta við herferðina, og
bægðu þann veg hættu mikilli frá landi
og þjóð – þær eru enn sjálfkjörnar til að
bera uppi skjaldarmerki Íslands, merki
sjálfstæðis og frelsis.
Þær eru enn á verði, er um einhverja
hættur er að ræða, er bægja þarf frá
þjóðinni. Þeim er treyst til þess að bera
uppi frægð og frama landsins, og
flytja veg og gengi þjóðarinnar, vítt
yfir láð og lög með litum fánans.
En til þess að landvættirnar geti
rækt þetta starf, þarf þjóðin að vera
þeim samhent.
Það er ljóst af sögu Snorra, að land-
vættirnar standa í nánu sambandi

Skjalasafnið Ísafirði

við höfðingja þá, er sagan nefnir, og þá
rjeðu mestu hver í sínum fjórðungi.
Það er andi þeirra, sem eins og sveimar
yfir vöfnunum, og er viðbúinn hverri
hættu, sem fyrir dyrum er, svo viðbú-
inn að eigi er leyfð landvist neinum
þeim, er vinna vilja þjóð og landi
tjón. Með þessu er og gefið í skyn, að
heill landsins og heill þjóðarinnar,
sem það byggir, fari saman, sje
eitt og hið sama.
Látum því hina fornu höfðings-
lund vaka, hinn forna drengskap
lifa, og vörumst að „sigla að landi
með gapandi höfðum og ginandi
trjónum, svo að landvættir fælist við"
vörumst að styggja landvættirnar og
missa trúnað þeirra með þrælslund
eða nokkrum ódrengskap. –
Sje þessa vel gætt, megum vjer vera
þess fullvissir, að skjaldarmerki
vort er vel geymt hjá landvætt-
unum gömlu og góðu, og að þær
munu bregða því á loft til frægðar

Skjalasafnið Ísafirði

þjóðinni, svo vítt sem vindur blæs, eða vötn renna, og vaskir menn vinna drengileg verk.

Friðrik Hjartar.

## Um íþróttir.

Frh.

### 2. Langstökk.

Hjer ríður fyrst og fremst á hraða í atrennunni. Aðalskilyrði er, að hafa nákvæmlega rjetta og örugga atrennu. Mælið hana þessvegna nákvæmlega, gerið viðbragðsstrik, 27-35 m. frá stökkplankanum, og 3-4 gangskref frá plankanum annað strik. Ef menn vilja, má einnig hafa strik 4 hlaupskref frá plankanum. Frá fjórsta merki er gengið að viðbragðslínu, og þar byrjar hin eiginlega atrenna með stökkfæti. Stökkfótur á þá að hitta á hjálpar-

Skjalasafnið Ísafirði

merkið (strikið 4 hlaupskref frá
plankanum) og stökkplankann.
Ef þetta stendur ekki heima,
verður að flytja merkin að eða
frá, þar til hæfilegt er.
Það er þá talið víst, að æfing
í hraðhlaupi sje orðin svo mikil,
að skreflengdin sje orðin viss,
jöfn og ákveðin.
Nokkur mismunur verður
auðvitað á atrennulengdinni,
eftir því hvort völlurinn er
rakur eða þurr, gljúpur eða harður.
Á votum og gljúpum velli,
verða skrefin styttri en á
þurrum og hörðum.
Sje nú atrennan orðin viss,
þá mælið hana í metrum, og
látið þá mælingu ákveða, hvort
breyta þurfi atrennulengd.
Staka skal dálítið á vöðvum-
um, í 4 síðustu atrennuskref-
unum, til þess að einbeita kraftanum
að viðspyrnunni (uppstökkinu.)

Skjalasafnið Ísafirði

Slökunin má þó ekki vera svo mikil að ferðin minki, en ekki þarf hún að aukast.

## Viðspyrnan.

Líkamsþunginn verður að hvíla vel fram á stökkfæti. Stökkfæti er fyrst stigið niður á hæl, svo velta menn upp á tá (eins og í hástökki), hnje lítið eitt beygt. Sveiflufætinum er sveiflað af afli framhjá stökkfæti og hátt upp, um leið er handleggjunum sveiflað fram og upp, fljótt og af afli, alt um leið og menn lyfta sjer á tær á stökkfæti.

Stökkfóturinn hangir síðan afllaus, beint niður.

B.H.

---

# Röðull

Ritnefnd:
Friðrik Hjartar, Kr. A. Kristjánsson, og Kr. G. Þorvaldsson.

| 4. árg. | Suðureyri 8. apríl 1923. | 4. bl. |
|---|---|---|

## Þinghús Íslands.

Mjer til skemtunar og máske öðrum til fróðleiks, langar mig til að skrifa um þinghús Íslands og að nokkru leyti um skipulag innan veggja þess.

Þinghúsið er í miðbænum, og stendur við Kirkjustræti. Dómkirkjan er rjett austur af því, en Austurvöllur að vestan. Alt er húsið úr steini, tvílyft með stórum gluggum. Að baki þess liggur steingarður. Í honum eru ræktuð trje og blóm, svo að hann er fremur snotur á sumrum.

Þegar inn í húsið er komið gefst fyrst að líta langan og breiðan

~~Íg~~ gang. Í gangi þessum eru tvær langar og myndarlegar súlur, sem ná ofan úr loftinu. Þegar gengið er lengra innúeftir ganginum, eru stofur háskólans á hægri hönd, en vinnustofa prófesora og annara starfsmanna á þá vinstri.
Við endann á ganginum liggja tröppur upp á aðra hæð, en á henni eru þingdeildirnar og áheyrendapallarnir.
Ef mig langar nú til að heyra til þeirra háu herra (þingmannanna) fer jeg til dyravarðarins og bið hann að hleypa mjer inn. Þegar leyfið er fengið fer jeg að reyna að troða mjer í gegnum fjöldann, sem fyrir er á áheyrendapöllunum.
Jeg sét húfuna í vasann, hneppi vel að mjer frakkanum, fer svo hægt og gætilega, en ýti þó frá mjer þjettingsfast með öxlum og olnbogum.
Svona smá pokast jeg áfram þangað til jeg hef komist alla leið fram að „Brík“ en þá er líka takmarkinu náð. Jeg sest nú niður, blæs mæðinni

Skjalasafnið Ísafirði

og fer svo að athuga innyfli hússins.
Frá áheyrendapallinum getur maður heyrt og sjeð hvað fram fer í deildinni.
Því verður ekki neitað að oft er gaman að sitja og heyra lærða og fróða menn tala. Og einmitt þarna gefst manni kostur á því frekar en annarstaðar. Þarna eru samankomnir fulltrúar þjóðarinnar. Greindustu og færustu mennirnir, þeir sem þjóðin treysti best til að leiða sig og stýra landinu, sem til heilla mætti vera. Þjóðin hefur líka sjálf kosið þessa menn, og hefir ekki nema sjálfri sjer um að kenna, ef hún lætur færu mennina sitja heima, á meðan þeir ljelegu eru látnir fara með vandamál hennar.
Þegar deildirnar starfa báðar eru þær í sinni stofunni hvar. Þá situr n. d. í þessari stofu, sem jeg hef minst á. en Í henni sitja 28 þingmenn og margt starfsfólk.
Jeg yfirgef nú n. d. ~~og~~ en fer þá jafnframt inn í efri d. Stofa þessi er að skipulagi alveg eins og hin, en þá miklu

minni og nokkuð skreyttari. Á þessu þingi
er Halld. Steinsson forseti. Hann situr á
upphækkuðu sæti og út frá honum
skrifarar og 4 ráðhr. á báða vegu.
Í deildinni sitja 14 menn þar af eru
6 landkjörnir, en 8 kosnir af þinginu.
Flestir sem í þessari deild sitja eru
gráhærðir öldungar, reyndir og ráðsettir.
Enda virðist manni að miklu meiri
stilling eða rósemdarblær hvíli yfir þess-
ari deild en hinni. Landsstjórnin er
í báðum deildum á víxl, þegar þær
starfa báðar í senn. Stjórnin er kosin
af þinginu sjálfu. Þegar stjórnaskifti
verða, eru oftast nær mismunandi sterkir
pólitískir flokkar innan þingsins, sem
mynda hana að nýju.
Allir þingmennirnir, landstjórnin og annað
starfsfólk þingsins er alt launað eða
á föstum tekjum frá ríkissjóði.
Það eru því árlega mörg hundruð þús-
und krónur, sem ~~fer~~ fara í þingkostnað og
embættismannalaun við þingið og jaf~~ftirlaun~~vel
eftirlaun til þeirra ~~manna~~ sem

Skjalasafnið Ísafirði

annaðhvort eru búnir að útslíta sjer í
þarfir þjóðarinnar, svo að þeir eru ekki fær-
ir til annarar vinnu, eða að þeir kom-
ast á eftirlaun á þann veg að þeir hafa
verið önytjungar, sem þing og þjóð hafa
ekkert not fyrir, en þykja þó of góðir til
þess að sjá fyrir sjer sjálfir að öllu leyti.
Útfrá þingdeildunum eru mörg hliðar-
herbergi. Eru þau fyrir þingmenn til
að tala við ~~þing~~menn, og hvíla sig í.
Einnig eru þessi herbergi fyrir áheyrendur,
ef þeir þekkja því þingmenn sína eða
annara svo vel að þeir vogi sjer að biðja
þá ~~að~~ um aðgöngumiða geta þeir feng-
ið að sitja þar í miklu meiri þægind-
um, en kostur er á á pöllunum.
Hver maður má láta 2-3 aðgöngumiða
fyrir hvörn fund að hliðarstofum þessum.
Að baki hússins er nokkurskonar turn-
bygging út úr sjálfu húsinu. Það er reyk-
ingar~~salur~~ skáli fyrir þingmenn.
Í skála þessum ~~eru~~ öll þægindi og
hlýtt að vera mjög naðugt að sitja
þar á móti sólinni og fegurð vorblóm-

Skjalasafnið Ísafirði

anna í garðinum.
Enda er skáli þessi alveg fullskipaður ef hlje er á umræðunum, eða ef leiðinlegar umræður eru yfirstandandi.
Þegar þingfyndir eru yfirstandandi er Íslenski fáninn dreginn að húni.
Hann blaktir þar jafn fagur og frjáls, á meðan að útkljáð eru í húsinu, sem hann stendur á, þau mál, sem ráða heill eða óheill, sæmd eða vansæmd þjóðar hans.

Suðureyri 19/3. 1923.
Páll Hallbjörnsson

# Um íþróttir.

Tr. h.

## Stökkið.

Eftir viðspyrnuna er bolurinn þvingaður fram og upp.
Þegar menn ~~eru~~ hæst upp, er stökkfæti kipt upp að

sveiflufæti, sem er sveiflað niður, báðum með bognu hnje.
Þessi fótaburður líkist löngu skrefi. Samtímis er örmunum sveiflað af afli fram og niður. Þessar hreyfingar eru gerðar til þess að lyfta líkamanum hærra og lengja stökkið.

## Niðurstökkið.

Fæturnir eru beygðir eins langt fram og hægt er; um leið er örmunum sveiflað fram, til þess að halda jafnvæginu, þegar komið er niður.
Um leið og hælar nema við jörð, er örmum sveiflað fram og niður, (til þess að rjetta úr sjer) samtímis eru hnjen beygð vel.
Ferðin sem menn hafa í stökkinu, fær þá til að hallast áfram, svo að þeir detti síður aftur á bak. Til þess að forðast það er líka gott að fleygja sjer áfram eða til

Skjalasafnið Ísafirði

lliðar. **Algengar villur.**

Ónákvæm atrenna. Viðspyrna of þróttlítil. Menn eru of uppsjettir. Stökkfæti kippt of snemma upp. Hælunum ekki lyft nóg; vöðvar og fætur of afllitlir. Stökkið of lágt, og „setið“ í loftinu (stökkinu). Armsveiflunni gleymt, og að rjetta úr fótunum þegar komið er niður. Hnjánum haldið beinum þegar komið er niður og staðið kyrr.

**Hjálp.**

Æfið annanhvern dag, en aðeins einu sinni í viku að stökkva langt. Aðra daga aðeins æfing í atrennu, viðspyrnu og stökki með nákvæmri aðferð og lagi. Æfið rækilega viðbragð og stutt hlaup, til þess að fá ákveðna skreflengd og flýti í atrennunni. Æfið einnig með stuttri atrennu til þess að fá stökkið hátt, hafið hástökkssrá ca 2 m. framan við stökkplankann 1 m. frá jörð og stökkið yfir hana.

— // —

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

## Ritnefnd:

Friðrik Hjartar, Kristján A. Kristjánsson og Kristján G. Þorvaldss.

4. árg. | Suðureyri 25 nóv. 1923 | 5. bl.

### Kunningjabréf.

Á haustin þegar Röðull byrjar að koma út, eftir sumarhvíldina, hefir það verið venja að hvetja félagsmenn til að senda blaðinu ritsmíðar. Ég vil enn halda þessum sið og biðja Stefnismenn að muna eftir blaðinu og láta ekki verða skort á efni. Vil ég að þessu sinni benda á aðeins eina tegund ritsmíða, sem sé kunningjabréf sem sennilega, sum hver, mættu vera þess efnis að óhætt væri að birta og gætu orðið félagsmönnum til gamans að heyra. Um leið má geta þess að blaðið er sjálfkjörið til að flytja svonefnd „opin bréf“ sem félagsmenn kynnu að vilja senda hver öðrum. Ég nefni hér til bréfaskriftir vegna þess að menn berja jafnan því við að þá skorti æfingu í að skrifa og byrja svo aldrei á því.

En þar eð flestir munu eitthvað hafa fengist við bréfaskriftir, annaðhvort af þörf eða gamni,

Skjalasafnið Ísafirði

eða hvortveggja; mætti gera ráð fyrir einhverjir vildu vera til að byrja með því að leggja blaðinu til lesmál með slíkum skrifum. Ég vil því með birta lítið örstutt kunningjabréf, sem er þannig tilkomið að ég þurfti að fá endurnýjað víxil-lán vatnsveitunnar í Landsbankanum á Ísafirði. Féll það í gjalddaga 3. júlí s.l. en póstur fór héðan 4. júlí. Bréfið er vissulega engin fyrirmynd en sýnir aðeins hvernig manni getur dottið í hug að skrifa um viðskiftamál þegar nægilega kunnugur kunningi á í hlut.

Bréfið hljóðar svo:

„Kæri vinur!

Með póstinum í dag sendi ég þér lamb sem Landsbankinn ætlar að taka á gjöf um þriggja mánaða tíma. Með lambinu átti að fylgja heypoki með 250 krónum í, en pokinn gat ekki orðið lambinu samferða og sendi ég hann því aðra leið, verður hann afhentur þér á Ísafirði í dag. Ég vona að þú farir með lambið uppeftir á morgun um það leyti sem gegningar byrja í Landsbankanum því annars er hætt við að lambinu verði <u>afsögð</u> öll náð og miskunn.

Skjalasafnið Ísafirði

Vertu befaladur.
Ég er þinn einlægur."
Kr. A. Kristjansson

# Valhallartrú – Ásatrú.

Í fyrsta tölublaði „Röðuls" ritaði ég grein, er ég nefndi „Íslendingasögur". Þar hélt ég fram þeirri skoðun að trúin, Valhallartrúin, Ásatrúin væri ein ástæðan til hinna vígaríku atburða ~~á söguöldinni~~ söguaFdarinnar. Í 3ja og 4. tölublaði „Röðuls" ritar svo hr. Kr. G. Þorvaldsson grein, er hann nefnir „Valhallartrúin og vígaferli forfeðra vorra." Heldur hann þar fram þeirri skoðun, að hér hafi engin Valhallartrú ríkt, eða þá að minstakosti verið mjög fátíð. – Þar af leiðandi hafi „trúin" lítil áhrif haft á vígaferli forfeðra vorra.

Ég ætlaði mér ekki að svara grein þessari, en af því að hr. Kr. G. Þ. drap á þessa skoðun í fyrirlestri þeim, er hann hélt um „Hallvarð Súganda", þá þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um málið. –

Skjalasafnið Ísafirði

Satt er það, sem hr. Kr. G. Þ. segir í grein sinni að Íslendingasögur ræða lítt um Valhallartrú. En hann hefir sjálfur réttilega bent á það, að ekki segi Ísl. sögur frá öllu er markvert hafi verið og því er tæplega rétt að fullyrða að hér hafi engin Valhallartrú verið, þótt lítt sé hægt að sjá það af Íslendingasögunum. Þar ræða mjög lítið um trúarskoðanir manna. Þó má á stöku stað sjá, að Valhallartrúin er ekki með öllu horfin, og skal ég nefna nokkur dæmi, er mér virðist benda til þessa. Í Landnámu bls. 232 er þessi vísa: „Mín stóð búð sitz bráðra branz gekk hvárr fyr annan hyllr ok kelduns snjallir hér (féllum þá) velli. Hrósar hug fyr vísa Hjaldrs eru vig til sjaldan; gleðr oss þat er val Viðri veit ek þig gefa teitan." – Í þessu sambandi skiftir aðeins síðari helmingur máli og er þetta merkingin: „Víg eru til sjaldan; það gleður oss að ég veit þig glaðan gefa Viðri = Óðni val." Hér er bent ljóst, bardagagleðin sbr. víg eru of sjaldan og svo hitt að Óðinn eigi valinn = menn þá sem vegnir em[...]

Skjalasafnið Ísafirði

og er það alveg í samræmi við Valhallar-
trúna. Í Kormákssögu bls. 63 er sagt
frá því að þá er Kormákur var nær landi
lögðust að honum álar (ólar) fyrir hendur
honum og fætur svo að hann dró niður=
fór í kaf í sjóinn. Þá kvað Kormákur
þessa vísu: „Runnum, vanda linna
rógviðr, at mér gnógir þás of fen
fórum flokkum dikisbokkar; Gauts
mundi þá gáldar gunnsvells ef þar
fellak lundr konik litlu sprundi
löngum minst ár öngum." – Það er:
„Þorvaldur, óvinur úr djúpinu rann
flokkum (saman) að mér, þegar ég var
að synda í land, ég hefði ekki farið til
<u>Valhallar</u> ef ég hefði farist þar. Löngum
hefi ég bjargað hinni litlu konu (Steingerði)
úr vandræðum." Er hægt að hugsa sér
ákveðnari Valhallartrú en þarna kemur
fram? Ég held ekki. Það er einmitt upp-
runalega hugmyndin sem kemur Kormáki
til að kveða svo, þessi, að þeir einir, sem
fyrir vopnum falli gisti Valhöll. Á bls.
65 í sömu sögu, er sagt frá því að risi, er

Skjalasafnið Ísafirði

Kormákur bardist við, féll dauður ofan á hann og komst Kormákur eigi upp. Hafði risinn tekið svo fast um Kormák að rifin höfðu brotnað báðum megin. Hafði Kormákur látið líf sitt undir risanum, ef menn hans hefðu eigi bjargað honum. Kvað þá Kormákur vísu og er þetta merkingin: Öðru var líkt en ég hefði fríða Steingerði í faðmi, þá er ég þreytti fangbrögð við risann; mundi ég nú drekka öl að Óðins í öndvegi, hefði ekki Skrýmir dugað mér. – Aftur sama hugsunin: Ég mundi nú vera kominn til Valhallar, hefði mér ekki verið bjargað úr klóm risans. – Hr. Kr. G. Þ. nefnir þá Kveldúlf, Skallagrím og Egil og telur að ekki hafi þeir haft Valhallartrú, og verið þó fornesku legir um margt. – Ekki get ég verið með öllu samþykkur greinarhöfundi um þessa menn, og má benda á að ekki er Valhallartrúin með öllu útdauð hjá þeim Kveldúlfi og Agli. –

Þegar Kveldúlfur frétti fall Þórólfs sonar síns kveður hann vísu sbr. Egilss. bls. 58, og er merkingin þessi „Nú spurði ég Þórólf dáinn norður í eyju (Alöst.)

Skjalasafnið Ísafirði

Nornin er meir grimmri. Of snemma kaus Óðinn sér kappann. Ellin meinaði mér að ganga í bardagann. Mun því ekki fljótt hefnt, þótt ég hafi fullan hug á því." Hér er ákveðin Valhallartrú að baki. — Óðinn hefir kosið Þórólf of snemma til að berjast með sér í Valhöll.

Hinsvegar er ég *) sammála hr. Kr. G. Þorvaldssyni um það, að Valhallartrúin hefir hjá mörgum verið farin að breytast í þá átt, að ekki væri bráðnauðsynlegt, að vera með vopnum veginn, til þess að geta átt vísa Valhallarvist. Valhallartrúin hefir eflaust breyst í þá átt, hjá mörgum, að yfirleytt traustir menn og harðgerir, fengi að fara til Óðins eftir dauðann, þótt þeir deyju á sóttarsæng eða drukknuðu, þótt sumir hinsvegar héldu sér við hina upphaflegu skoðun, eins og Kormákur.

Egill er einnig gott dæmi hinna fyrri. Hann segir um Böðvar son sinn í hinu nafnkunna erfikvæði, er hann orti um sonu sína um 960, að hann hyrfi af lífi „á munveg". Munvegur er gleðibústaður, ~~eða~~ bústaður Óðins eða Glaðsheimur. Síðan segir

Egill að Böðvar sé kominn á bæ lofðsins
Kynnis að leita, og á þar við að hann hitti
þar bræður sína framliðna, og ef til vill
fleiri ættingja, en þeir höfðu dáið á sóttar-
sæng. — Og Böðvar drukknaði.
Ég þykist þá hafa sýnt fram á það,
að Valhallartrúin er ekki með öllu útdauð
hér á landi á Söguöldinni. (Mætti nefna
mörg fleiri dæmi, því til sönnunar, en
skal eigi hér gert, svo þetta verði ekki aldof
langt mál. — En segjum nú að hér hafi
engin Valhallartrú verið, þegar atburðir þeir
gerðust er Ísl. sögur segja frá. — Samt
tel umummæli mín í grein minni "Íslendinga-
sögur" rétt er ég segi að „trúin" hafi verið
ein ástæðan til vígaferla. Ég á þar auð-
vitað við trú forfeðra vorra, Ásatrúnar, og
hvað sem allri Valhallartrú líður, munum
við hr. Kr. G. J. vera sammála um það,
að hér hafi Ásatrú ríkt hjá öllum
almenningi þar til árið 1000. En
að Ásatrúin sé ótvíræð styrjaldatrú,
það hygg ég sé sameiginlegt álit allra
þeirra er á hana hafa minnst. Jafnvel

Skjalasafnið Ísafirði

Jón Aðils, sem telur enga Óðinstrú hafa verið hér, segir að Ásatrúin sé í insta eðli sínu orustu og vígatrú. „Ásatrúin krefur hefnda fyrir allar mótgerðir, Kristnin býður ~~tr~~ kærleika og umburðarlyndi," segir Jón Aðils (sbr. Gullöld Íslendinga bls. 144.) Og lesi hr. Kr. G. Þ. það sem magister Bogi Th. Melsteð segir í Ísl. sögu sinni, um áhrif Ásatrúarinnar á þjóðlíf forfeðra vorra, og mun hann þá sannfærast um að eg hefi eigi kveðið of ríkt að orði í grein minni um Ísl. sögur, og þau ummæli mín, er komu honum til að rita hina, að mörgu leyti góðu grein sína, eru ~~rétt~~ í alla staði rétt og verða aldrei hrakin, hvorki af honum né neinum öðrum.

Friðrik Hjartar

## Drangeyjarferð

Öllum sem koma til Skagafjarðar í fyrsta sinn verður starsýnt á Drangey. Vestantil í miðjum firðinum gnæfir hún eins og stöpull eða líkt og stórteningur, sem synd-

á yfirborðinu. Öllum er eyjan kær, vegna hetjunnar, sem þarna bjó og dó. Drangey er minnisvarði Grettis, og um leið veglegur bautarsteinn íslenskrar hreysti og karlmensku.

Drangey er girt þverhnípu bergi á alla vegu. Suðaustan við eyna rís há strýta úr sjónum. Það er Kerlingin. Áður var önnur strýta utan við eyna og nefndist Karlinn.

Þjóðsögur segja að Drangey sé þannig til orðin, að nátttröll tvö, karl og kerling, vildu leiða kú sína yfir á Skaga. Karl teymdi kúna en kerling rak á eftir. En þau dagaði uppi út á firðinum. — Lending við eyjuna er vond, stórgrýti víða, og undirlendi sama sem ekkert. Dálítill tangi er suðaustur úr eyjunni og mun þaðan hafa verið útræði. Eyjan er klofin í tvent að ofan og er stórt skarð á milli sem nær niður í miðja eyju.

Sumarið 1923 lágu eitt sinn mörg mótorskip sunnan til við Drangey, af því að stormur var á hafi úti. Logn og sólskin var undir eyjunni og fýsti menn mjög að fara* í land og skoða þessa fornfrægu eyju. Ég hafði heyrt margt um það skrafað og

Skjalasafnið Ísafirði

skráð hversu ilt væri að komast upp á eyju þessa, og bjóst ég þessvegna við að komast ekki upp á hana, þótt ég færi í land af því að ég er illa fær í klettum og mig sundlar. Við fórum 8 í land af skipinu sem ég var á, og var skipsbátnum róið inn í dálitla vík suðvestan til í eyjuna, er heitir Uppgönguvík, og var þar þverhnípt bjarg í sjó á báðar hliðar. Lent var í miðri víkinni og bátnum dreginn á land. Þegar það var búið, var var farið að leita til uppgöngu og hafði enginn okkar fyr komið í eyjuna. Á undan okkur fóru menn af öðru skipi, og fórum við á eftir þeim, hver á fætur öðrum. Upp á Drangey verður ekki komist nema á einum stað, — og þar er það sem við leggjum nú til uppgöngu.

Fyrst kemur urðarskriða mjög brött, síðan dálítil grasbrekka og þar fyrir ofan gengur maður eftir skáhallri hyllu í berginu og kemur síðan að bergsnös eða stalli, sem nefnist Gvendaraltari. Er þar þverhnípt bjarg niður í ginandi sjó. Sagt er að Guðm. góði hafi sungið messu þarna og haft stallinn

Skjalasafnið Ísafirði

fyrir altari, og hefði sá siður lengi haldist að menn gjörðu þarna bæn sína er upp var gengið. Dálítið seindlaði mig þarna, en ekki þuldi ég þar neina bæn. Þegar framhjá altarinu er komið tekur við há og bröttt skriða, og lá keðja af brún og niður alla skriðuna. Tókum við í keðjuna og gengum upp með henni, en höfðum af henni aðeins stuðning þangað til kom nærri upp undir brún, en þá kom hér um bil lóðrétttur kleddur um tvær mannhæðir, og verður maður þar að vega sig upp af handafli og hjálpa sér til með að sparka fótunum í misfellur, sem eru í berginu. Var þetta ekki verra en það að margir menn fóru upp í klofstígvélum, og einnig vissi ég til þess að einn maður fór bæði upp og niður á tréklossum, sem ég held að fáir telji góða skó í kletta. Þegar upp var komið var fagurt um að litast, og gengum við fyrst inn á eyjuna, sem var gróin svo loðnu grasi, að loðnara hefi ég aldrei séð. Tóftarbrot sáum við þar og töldum við að þar hefði Grettisbæli verið. Drangey er hrjóstrug um miðjuna, enda snjóst þar og eru þar háar melborgir og víða í kringum þær eru stórir flekkir af Baldursbrá. Utan til er sami gróður og inst, og

Skjalasafnið Ísafirði

mátti þar vel fela sig í grasinu, því að laut kom ef
lagst var niður. Ein heylön var suðvestan til á ey-
~~nni~~ eyjunni, og sást að höggnir höfðu verið topp
arnir af grasinu í kring en það líktist ekki nein-
um slætti. Engin sauðkind var í eyjunni enda
mun ekki gott að koma fé þangað. Margur maður-
inn skoðaði Drangey þennan dag, og vissi ég um
50 menn er voru þar jafnt og ég, einnig fóru margir
bátar í eyjuna seinna um daginn fullir af fólki.
Eftir að við höfðum dvalið 2-3 kl.st. í eyjunni fórum við
að fara ofan, fór einn í einu niður fyrir neðstu brekkuna
og síðan hver af öðrum og gekk það vel. Ég var framarlega
í röðinni og settist ég klofvega á keðjuna og lét mig svo síga
þar til ég gat komið fótunum við. Þegar komið var niður fyrir
miðja eyju voru margir, sem vildu fara upp á hinn hluta eyj
unnar sem er miklu minni og klofinn frá og heitir Kambhöfði
Hann er einnig grasivaxinn ofan. Stigi liggur upp á þennan
höfða og eru í honum 30 höft. Stiginn liggur í lausulofti frá brún og
niður, og er hann gerður úr tveimur keðjum með spýtum á milli
og var keðjunum rambyggilega fest uppi á brúninni. Flestir
sem ætluðu þarna upp hættu við, sumir á miðri leið, aðrir undir
brún, og margir er að stiganum komu. Aðeins fáeinir fóru alveg upp
en slíkt datt mér ekki í hug að reyna. Fórum við síðan um borð og
sögðum þeim frá ferðinni er frammi voru, og held ég að flestir þeirra

Skjalasafnið Ísafirði

hafi iðrast eftir að hafa ekki farið í land, er þeir heyrðu hve vel okkur gekk að komast upp. Mikil hlunnindi eru í Drangey eggja- og fuglatekja er mikil, fiskur nógur og einnig gras. Sauðfé getur gengið sjálfala í eyjunni á góðum vetrum, en komið hefir fyrir að fé hefir fallið í miklum hörkum. Hvergi sáum við vatn í eynni, enda segja munnmæli að Grettir hafi safnað rigningarvatni til drykkjar í holur í steina. Eldiviðarskortur er einnig, nema ef reki er og helst sunnan undir eynni, og rak þar viðardrumbinn forðum er fóstra Þorbjörns Öngls sendi Gretti. Þetta eru töluverðir meinbugir, sem athuga þarf áður en búskapur er byrjaður í Drangey. — Þarna er nú staðurinn, sem mikilmennið og um leið ógæfumaðurinn Grettir bjó síðustu ár æfi sinnar. Eitt er það, sem hver maður er kemur í Drangey hlýtur að undrast yfir, og það er sund það er Grettir Ásmundar. synti. Hann synti frá Drangey til Reykja, að vetrardegi, og er sú leið vika sjávar. Það þarf meir en meðalkjark til að farast slíkt sund í fang, og held ég að engum Íslendingar vilji nú né geti leikið það eftir Gretti, en vonandi verður ekki langt að bíða þess að upp vaxi á meðal vor margir vaskir menn líkir Gretti að atgervi, og leiki það eftir honum að synda yfir Reykjasund.

Sturla Jónsson

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

## Ritnefnd:

Friðrik Hjaltar, Kristján A. Kristjánsson, Kr. G. Þorvaldss.

4. árg. | Suðureyri 9. des. 1923 | 6. blað

## Sendibréf.

Grein hr. Kr. A. Kristjánssonar í síðasta tölubl. „Röðuls" hleypti þessu kunningjabréfi af stokkunum.

Suðureyri í nóv. 1923.

Góði kunningi!

Þegar ég vaknaði áðan, þá mundi ég eftir því, að þú áttir bréf hjá mér. Það var einkennilegt að ég skyldi muna eftir þér, ég sem var svo utan við mig að ég vissi hvorki í þennan heim né annan. — Líklega hefir mig dreymt þig, þó ég muni ekki eftir því. — Ég var svo lamaður af svefndrunganum, löngu eftir að ég hafði opnað augunum, að ég hreyfði mig ekki til

Skjalasafnið Ísafirði

að fara á fætur. Það var búið að kveikja í herberginu, ég heyrði að það sauð á katlinum, og þá er nú oftast notalegt inni hjá manni, og varnfjörnum freistni að leggjast á eyrað aftur. Sem ég er ekki svo mikill amlóði, að ég sofi tvö dægur í sama sólarhringnum, og dreif mig á fætur til að fara að skrifa þér. —
Auðvitað þurfti ég að teygja mig og fá mér hressingu — kaffi — annað tala ég ekki um.

Og nú er klukkan orðin sjö að kvöldi. Þessi kvöldsvefn minn stafar af því, að ég vaknaði snemma í morgun til sjóferðar; við fórum af stað, en snérum aftur, og komum heim laust fyrir hádegi.

Ég þykist vita að þig fýsi að heyra eitthvað af „Stefni". Líkamlega lifir hann laklega, efnalega á milli húsgangs og bjargálna, en andlega sæmilega. Glímuæfingar hafa verið tvær, fáinennar. Leikfimisæfing engin ennþá, býst við að hún (leikfimin) verði betur sótt.
Það lítur ekki út fyrir að strákana hérna langi til að ná glímubeltinu af honum „Nóa",

Skjalasafnið Ísafirði

eins og Bolvíkingar kalla glímukappann
sinn. — Andlega held ég að „Sleipnir" sé á
vetur setjandi. Búið er að skifta heimaver-
andi félagsmönnum í tvo flokka. Eiga flokk-
arnir að starfa til skiftis á fundunum til skemt-
unar og nytsemdar. Er þess vænst að flokkaskift-
ingin vekji nýja krafta til starfa. —

Þú lest víst mikið eins og þú hefir alltaf
gjört. Ertu búinn að lesa nýjustu bækurnar?
Ég las „Dægradvöl" æfisögu Ben. Gröndals í
haust. Ég bjóst við miklu þegar ég byrjaði
að lesa hana, en tæpast rættust allar vonir
mínar við lesturinn. Margt er þar að vísu
skemtilegt og vel sagt, og dómar hans snjallir,
en stundum finst manni þeir vera nokkuð einhliða
t.d. um B. M. Ólsen og víðar. Í sumar
komu út „Kveldglæður" sögur eftir uppáhaldið
þitt! — Sögur Guðm. eru orðnar svo einstakar
í sinni röð að mér finst að hann þyrfti
ekki að hafa nafnið sitt á ~~þeim~~ bókum
sínum, allir mundu samt finna undan hvaða
rifjum þær væru runnar. — „Sveitasögur" eftir
Kvaran hefi ég ekki lesið. Geri ráð fyrir að
Einar haldi í horfinu. — „Æfintýri" eftir Guðjón

Skjalasafnið Ísafirði

jónsson „Silkikjóla og vaðmálsbuxna" höfund
eru nýkomin út. Ég hefi séð þau en ekki
lesið. Þau eru prýdd myndum eftir Jóhanni
bróðir Ingimundar. Prýdd, ef ég á að nota það
orð, því að listin er „hálfpartinn agaleg" eins
og strákarnir segja – og fráfælandi. En bókin
er líklega góð fyrir utan alt ílt. — Nú er
„bókin búin" eins og þar stendur. Vertu svo
best kvaddur, og „sólin ~~blessuð~~ blessuð vermi
þig" eins og fífillinn sagði

Þinn
Gunnar M. Magnússon

## Kunningjabréf

Suðureyri í nóv. 1923.

Kæri vinur!

Þú spyrð hvað ég hafi starfað í sumar.
Vel á minst. Jeg var nestum altaf á skaki.
– Ekki skaltu halda að þetta sé neitt ljótt,
nei, nei, það er nýyrði og þýðir að vera á
handfæraveiðum.

Jæja, þar var oft glatt á hjalla, einkum
þegar veðrið[3] var[2] gott og fiskurinn ekki alt-
of gráðugur. Einu sinni var þoka mikil, helst

Skjalasafnið Ísafirði

hún ónáðar vökur. Voru þá sumir hræddir um að okkur mundi reka til „Flanderlands". Hvar það land er, já það er ekki gott að segja, en þú getur reynt að líta vel á landabréfinu. En það er mesta undraland. Þar ræður drotning nokkur ríkjum, sækist hún svo mjög eftir ástum þeirra, er til landsins koma fyrsta sinni, að undrum þykir sæta; en fáum þykir fýsilegt að taka ástum drotningar því að bæði er hún gömul mjög og ófríð úr hófi. Sem betur fór létti þokunni áður við kæmum til Flanderlands. Þá hló Sigmundur.

Stundum var „sá guli" ærið tregur. Voru þá ýms ráð reynd t.d. hnykkjaskak, flandersk, langskak og stuttskak. Lét „sá guli" sér segjast á milli, einkum við hnykkjaskak hjá Geira. Stundum kvað Hanni heilar vökur og oft sömu vísurnar, en Bjarni tók undir á bögunum, enda er honum sérlega hægt að syngja. Þá voru þreyttar kappræður um ýms efni og var Sturla duglegur og talaði svo ótt og títt að Bjarni komst ekki að; þarf þó mikið til. Þá var nú látið fjúka í kviðlingum á milli og bar ég þar langsamlega af hinum,

Skjalasafnið Ísafirði

eins og þú getur, verri og mátt vita !! en ég er svo
lítillátur að ég birti engar vísur, veit ekki
nema þú verðir þá of hrifinn. Heilsufar um
borð var ágætt, nema þegar gigtin hljóp í Hanna
– þá sagði Hanni ~~Æ~~ Æ, Æ, Æ" svo hátt
að þorskarnir kipptust við á þriðungi. Ekki
þurftum við hásetarnir að kvarta undan því
að formanni líkaði illa við okkur, því að
næstum í hverri inniveru fór hann til reiðar-
ans og sagði: „Addi, mikið a..... hefi ég nú
fínan mannskap" – Þú sérð að ekki er hægt
að búast við betri vitnisburði. Þannig leið
sumarið í glaumi og gleði, sjaldan rifist,
en því oftar gert að gamni sínu, og oft
hlegið dátt. Kom mér ekki ósjaldan í
hug hið fornkveðna, að „Margt er sér til
gamans gert geði þungu að kasta, það er
ekki einskis vert að eyða líð án lasta." –

Jæja, vertu í eilífri náðinni

þinn einl.

Friðrik Hjartar.

Skjalasafnið Ísafirði

# Ferð til Eyjafjarðar.

Það var 18. júní 1923. Jeg og einn af félögum mínum, vorum staddir um borð í einum af stærri bátunum á Siglufirði. Vorum við að skrafa þar við kunningja okkar, þegar við alt í einu heyrðum bát blása. Við brugðum skjótt við því við heyrðum að það var okkar bátur sem blés og var hann kominn af stað frá þeirri bryggju sem hann lá við. Mér þótti ílt að verða eftir, því mig grunaði hvert ferðinni mundi heitið. Stukkum við því í bát og fengum menn til að róa með okkur út og náðum um borð við illan leik. Heyrðist oss þá óhljóð nokkur, eins og úr fjarska og þó líkt og þegar griðungar gelta. Reyndist hljóðið stafa frá því að tveir skipstjórar voru um borð í skútunni og höfðu hvert sálir sínar í allra frekasta lagi.
Jeg var látinn taka stýri og þótti gott úr því sem komið var, þar sem okkur var búið að vanta til burtferðar. Brunar svo skútan með feiknahraða út Siglufjörð og hlakkaði eg til að sjá hinn fagra Eyjafjörð, en lánið virtist ekki ætla alveg að vera með mér, því að

Skjalasafnið Ísafirði

svarta þoka lá niður til sjávar með norðan bleytu hríð. Eftir þriggja tíma ferð fórum við framhjá gróðursælli eyju sem heitir Hrísey; frekar virtist mér hún brjóstug líklega mest vaxin smáu lyngi. Töluvert útræði er frá eyjunni. Endaði svo minni vaka, og lagðist ég til svefns í þeirri von að ~~ég~~ sjá meira er ég vaknaði næst af fallegu sveitabýlunum og dölunum stóru. Kl. 7 vaknaði ég, erum við þá við hafnarbryggju Akureyrar ásamt mörgum ~~öðrum~~ fleiri skipum, sem flest munu hafa verið í sömu erindagjörðum. Var þá komið blæjalogn og var mjög fallegt að líta yfir höfnina. En nú tilltist svo á að ekki var til síld sökum undanfarinna kulda og storma, svo að við fáum leyfi til að skoða okkur um meðan reynt er að afla beitu; því búist var við að síldinni gæti skotið upp þegar minst varði.

Var svo borðað og drukkið með góðri list. Síðan skiftu menn sér eftir því sem hver hafði löngun til. Förum við svo fjórir af stað. Ferðinni var heitið inn að gróðrastöð, þaðan til baka og upp að Glerá. Við gátum ekki annað en numið staðar til að líta á trjágarðana sem eru við allflest hús Akureyrar. Mismunandi þroskuð tré enda mismunandi gömul. Við getum

Skjalasafnið Ísafirði

heldur ekki annað en rúmið staðar við kirkju-
garðinn gamla sem nú er alsettur þ byrki trjánum svo
feikna háum og svo þéttum að tæplega mun hægt að
smeygja sér á milli. Áfram göngum við innefti
veginum, en alstaðar verða fyrir okkur garðar á
báðar hliðar alsettir trjá og blómabeðum, sumu trén
voru svo há að krónurnar teigðu sig upp undir mæni
á því og þrílyftum húsum. Við stönsuðum oft ósjálf-
rátt og gripum yfir stofnana með ~~afli~~ afli en þeir
bifuðust hvergi. Eitt feikna tré sáum við, sem við
gerðum lykkju á leið okkar til að skoða; höfðu verið
tveir stofnar á sömu rót og stóð annar, en hinn var
jafnaður við jörðu og hafði tréð kalið um veturinn
fyrir. Var einkennilegt að sjá þetta risavaxna tré
þarna undir þunga ellinnar, víða með kaunum
og fúasárum enda var það búið að lifa í 85 ár,
var jafngamalt húsinu sem það stóð við, og sem
áður var spítali. Áfram þokustum við í áttina
til gróðrastöðvarinnar enda gefst þar á að líta
skrúðgarðinn trjánum er liggur innefti, sem
við eygjum. Þar er fögur sjón að sjá trjánum
skipulega setta og blómabeðin þar á milli með alla-
vega litum blómum og ekki sést hvar ljómandi
fallegar dömur klæddar karlmannsfötum við að

Skjalasafnið Ísafirði

vökva þetta jurtalíf. Höldum við svo til
baka og líðum út eftir brekkunni fyrir ofan bæinn.
Þar er líka þéttskipað húsum og görðum, en víða
liggja stígar upp að húsunum sökum brekkuhallans
Ekki entist okkur tími til að skoða Gagnfræðaskólann
og trjágarðinn sem þar er í kring, aðeins sáum
hylla undir hann. Nú kom okkur saman
um að ekki væri rétt á móti því að fá okkur
reyk. Komum að búð og hittum svo á að stúlka er
að loka; við biðjum um vindla. „Nei við seljum
ekki meir í dag af neinu það er 19. júní." Það
voru nú vindlarnir sem við fengum. Áfram
er svo haldið út í gegnum bæinn. Á vegi okkar
verður tunnuverksmiðja; þar er starfað af kappi
vélarnar eru fjórar en mennirnir eru 5, og hefir þar
hver vél sitt hlutverk, fimti maðurinn slær saman
en hinir stjórna hver sinni vél og virðist það vera
ærið mikið verk þar sem að kveldi var hægt að
skila 200 tilbúnum tunnum. Yfirleitt eru
þarna stórhýsi og húsaskipun bænum til
prýðis. Örðugleikum virðist það bundið að fá
beinar línur þar sem verður að grafa hússtæðið
í kjallara sem eru tómt móberg. Við ætlum að bregða
okkur snöggvast upp að Glerá til að skoða rafstöðina

Skjalasafnið Ísafirði

þetta feikna mikla mannvirki. Glerá fellur niður Kræklingahlíð og rennur til sjávar skamt fyrir utan Oddeyri, og eru fallleg sveitabýli á báða vegu við ána. Við göngum fram hjá verksmiðjunni „Gefjun“ eftir rennisléttum akvegi og eftir árbakkanum voru lagðir stokkar alla leið fram að rafstöð. Eftir 15 mínútna gang sjáum við hylla undir hvítt hús niðri í djúpu klettagljúfri. Þetta var stöðin. Eftir 20 mínútur komum við þangað og vorum við þá staddir undir stórum fossi. Upp frá stöðinni liggur stór stigi og upp með þeim stiga afarmikill sívalningur, með þéttum stálgjörðum upp snarbratt berg. Þar uppi liggur sterklega byggð stýfla yfir ána, sem skellur á hana með öllum þunga sínum, en hægt að minka eða auka vatnsmagnið sem er látið renna í þennan stóra sívalning. Þetta afl rekur svo vélarnar. Voru þær fjórar, og snérust með feikna hraða, hljóðalaust, eins og þær væru ekki til. Æfintýri lentum við í þó lítið væri. Lamb hafði hrapað niður í gljúfrið frá móðurinni sinni og bað stöðvarstjórinn okkur að hjálpa sér að ná því. Var svo fengin kaðall og sigið niður, og mun niðursigið hafa verið um þrjá faðma. Fór svo einn félagi okkar niður

Skjalasafnið Ísafirði

og var svo lambið dregið upp og kvistist
það fegið frelsinu. Fengum við álit á okkur
hjá stöðvarstjóranum fyrir framan stöðuna.
Svo kvöddum við hann og höldum um borð.
Er þá kl. 8½. Þennan dag var mjög mikill hátíða-
bragur yfir Akureyrarbæ, enda um kvöldið og
nóttina mikil hátíð hjá kvennþjóðinni. Samkomu-
húsið sem er eitt af stærstu samkomuhúsum lands-
ins var svo fullt að ekki var ábætandi; var þar
til skemtunar upplestur, fyrirlestur og leikinn
sjónl. „Óskastundin“. Þótti mér þau hlutverk
prýðilega leikin. Húsið var prýtt með fánum og
blómum. Yfirleitt sýndist mér velmegun ríkja
þar meðal fólks. Geng ég svo niður á Oddeyri
og stenst þá á, að þá er beitan komin. Kveð
ég svo þessa litlu Paradís, Akureyrarbæ, með
þökk fyrir þá ánægju-stund sem hún hefir
veitt mér. Út Eyjafjörðinn brunar svo bátur-
inn með nýju síldina og þá gat að líta blóm-
skreyttar hlíðar og fagurgræn tún, en mér varð
líka litið framundan þar sem steypireyðurin
óslaði í síldartorfunni dauðspök í kvöldkyrðinni
og þótti okkur það falleg sjón. Er svo haldið inn
til Siglufjarðar og þaðan til hafs.

Guðmundur Fr. Jósefsson

Skjalasafnið Ísafirði

# Um íþróttir (framhald)

## 3 Stangarstökk

### Stangartak.

Í stökkum alt að 3 metra háum, er tekið með efri hendi (betri hendi) um stöngina, hv[illegible] handarbreidd ofan við rána. Í hærri stökkum 3-3,50 m., 1-2 þverhöndum neðan við rána. Neðri hendi er tekið ca. 35 cm. neðan við efri hendi. Efri hendi tekur um stöngina með undirgripi, neðri með yfirgripi.

### Stangarhald.

Áður en atrenna hefst, og í fyrri hluta hennar, er stönginni haldið þannig að hún viti fram og upp og myndi ca. 40° horn frá lóðréttri stefnu. Efri hendi er snúið og hún beygð aftur, neðri hendi haldið framm við brjóstið, frjálst og lauslega. Hér um bil 10 m. frá stökkránni er byrjað að láta stöngina síga í áttina að holunni, og í síðustu skrefunum er henni stungið í holuna.

### Atrenna.

Hún á að vera 20-25 m. löng og mæld eins og við langstökk svo að viðspyrnuskrefið sé hæfilegt, smá hert á ferðinni, meðan hraði

Skjalasafnið Ísafirði

Ca. 8 cm. frá holunni og er haldið síðustu skrefin (sbr. langstökk), svo að menn séu viðbúnir að beita sér rétt með stangarhald og viðspyrnu í stökkinu.

Viðspyrna og uppstökk.

Efri (betri) hendi má ekki breyta gripi. Sé viðspyrnan gerð með vinstrafæti (hægri hendi ofar) er stangarendanum stungið í holuna í síðasta skifti sem hægrifóturinn nemur jörð. Hægra armi er brugðið fljótt fram og upp með vanganum, dálítið boginum, um leið er vinstri hendi flutt upp að hægri. Síðasta skref vinstrifótar er þá viðspyrnuskrefið. Fótunum er stigið niður eins og í langstökki. Menn hanga þá með beinum örmum og beinum skrokk, svo að hann geti sveiflast eins og hengill (pendúll) fram og upp. Það er þetta sem mest á ríður í stökkinu og verður að æfa oft, helst ráarlaust.

(Fyrsta blað sem Gunnarsflokkur sér um)

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd:

Friðrik Hjartar, Kr. K. Kristjánsson og Kr. G. Þorvaldsen

| 4 árg. | Suðureyri 23. des. 1923 | 7. blað |
| --- | --- | --- |

## Gildi íslenskra bókmenta.

Eitt hið besta í eigu vorri er málið. Málið okkar heitir íslenska.

Fyrir þúsund árum töluðu allir norðurlandabúar sömu tungu, en hafa nú allir glatað henni, nema Íslendingar sem tala hana enn lítið breytta. Íslenskan er fagurt mál, og er talið að í henni sameinist kostir annara mála, bæði hljómfegurð og beygingar.

Bókmentir þjóðanna er alt það sem ritað er á þeirra tungu. Íslendingar eru bókhneigðir mjög, enda eiga þeir miklar bókmentir, bæði fornar og nýjar. Margt má læra af fornbókmentum vorum, og gefst okkur kostur á að lesa þær, nær sem er, og skyggnast inn í hugi forfeðra vorra, sem margir voru mikilmenni, og svo miklir að þeir skara fram úr nútímamönnum

Skjalasafnið Ísafirði

með allan sinn lærdóm. Það er mikilsvert fyrir okkur að eiga sögu okkar skráða frá landnámstíð, og sé þeim þakkir ~~skilið~~ er skráðu.

Eitt af mikilmennum veraldarinnar hefir sagt að þrjú gullkorn væru í fornbókmentum heimsins og þau væru: Heimskringla eftir Snorra Sturluson, Kvæði Homers og Spádómsbók Esajasar. Í fornbókmentum vorum eru mestar og bestar heimildir um trúarlíf Germanskra þjóða á þeim tíma er Ísland bygðist.

Mikið hefir bæst við bókmentir okkar á síðustu öldum og árum bæði frumsamið og þýtt. Gildi íslenskra bókmenta fyrir þjóðina er ómetanlegt, enda er þjóðin heimsfræg fyrir bókmentir sínar. Á síðustu árum hafa Íslendingar átt mörg ljóðskáld, sem mjög hafa kveðið sig inn í hugi þjóðarinnar, og eru mörg kvæði þeirra svo hugnæm, að eigi munu þau gleymast á meðan land vort byggist. Við eigum svo mikið af góðum bókum, sem almenningur getur veitt sér til lesturs með litlum kostnaði, að óþarfi er fyrir uppvaxandi menn að lesa mikið af útlendum skáldsögum, sem ekkert varanlegt gildi hafa, en láta þessar góðu íslensku

Skjalasafnið Ísafirði

bækur okkar, mygla í bókaskápnum af hreyf-
ingarleysi.

Ég get ekki hugsað mér meiri skaða fyrir íslensku þjóðina en ef ~~hún~~ allar bókmentir hennar væru brendar til kaldra kola. Þá held ég að mörgum þætti eyðilegt, því af bókunum lærum við margt.

Besti auður hverrar þjóðar er miklar og góðar bókmentir

Sturla Jónsson

— " —

## Sparsemi.

Eitt af stærstu málum þjóðarinnar nú á tímum er sparnaðar málið. Í flestum blöðum og tímaritum vorum er talað um sparnað á ýmsan hátt. Í þinginu er daglega rætt og rifist um sparnaðar~~til~~lögur, þótt lítið verði þar ágengt.

Hér er ég ekki með neitt nýtt á ferðinni. Efni þessarar greinar hefur áður komið til umræðu á „Stefnis“ fundi, og máske oftar en einusinni. En góð vísa er aldrei of oft kveðin, og gæti greinarkorn þetta komið því til leiðar að einhverjir gerðu meira, en aðeins

Skjalasafnið Ísafirði

að hlasta á efni hennar, þá hefir hún vissulega náð tilgangi sínum.

En svo ég snúi mér nú að efninu, þá tel ég það fyrsta skilyrði fyrir öllum sparnaði, að menn hafi einhverja hugmynd um tekjur sínar og gjöld. Sá, sem ekki veit hvað hann þénar og heldur ekki í hvað peningarnir fara, getur eiginlega ekkert að ráði hugsað um sparnað. En til þess að geta það, þurfa menn að hafa sérstaka bók, sem þeir geta fært inn í tekjur sínar og gjöld. — Þótt menn hafi reikningsfærslur sínar í vasabókinni sinni, innan um ýmislegt annað, sem þar er, eða fari eftir reikningum frá hinum og öðrum verslunum, getur það aldrei orðið eins nákvæmt.

— Menn fá inn fyrir vinnu sína og annað hingað og þangað, og þeir versla líka fyrir peningana hvar þeim gott þykir og leiðin liggur, svo þótt eitthvað sé nú skrifað, þá er hætt við að slíkt tapist, og að ekki verði alt fært er þurft hefði.

Ég held að allir þeir, sem lokið hafa barnaskólanámi, ættu að geta fært slíka bók. —
Vandinn sýnist ekki mikill, að skrifa að

Skjalasafnið Ísafirði

kvöldi hve mikið út hefir verið borgað. Yrði
það að vera í smáu sem stóru, alt frá eyr-
unum til krónunnar. Ennfremur að skrifa
undir tekjuliðinn alt sem inn hefir komið
á sama tíma. Ef svo meira væri viðhaft
mætti sundurliða úttektina í marga dálka.
Gera svo upp í lok hvers mánaðar, og ætti
þá mismunurinn á úttekt og innleggi að
vera til í vörslum mannsins eða sparibókinni

Besta kerfið held ég að sé að gera upp
mánaðarl. Getur maður þá farið yfir einstaka
útgjaldalið, og athugað hann vel. Spurt
svo sjálfan sig hvort þessi og þessi liður gæti
ekki lækkað. Í honum stæði margur óþarfinn
sem ég hef ekkert gagn haft af. Það eru
mér aðeins horfnir peningar. — Ef tekju-
liðirnir eru nú vel athugaðir, kemur hið
sama í ljós. Ef ég hefði verið í vinnu þarna
og þarna, og reynt til að gera mér peninga
úr þessu sem ég fleygði, þá hefði ég nú átt
þessa upphæð. Og ekki er því að neita að
gaman er að geta haft innleggs dálkinn
hærri við hvert mánaðar uppgjör. — Geta
svo farið með mismuninn og lagt hann til

Skjalasafnið Ísafirði

hliðar í aurabókinni sinni. Sparaðir aurar unglingsins geta oft orðið honum dýrmætir & árin færast yfir.

Ég held að menn geti haldið reikningsfærslu sinni í lagi, við hvaða störf sem þeir annars eru, ef viljinn er með. Hvort heldur þeir eru á sjó eða landi, eða það er mín reynsla.

Þetta sem nú var sagt getur verið gott og blessað. – En reikningsfærslan hefur fleira í för með sér er miðað getur til framfara. En það er reglusemin.

Allstaðar í heiminum eru nú gerðar háar kröfur til reglusemminnar. Auðvitað er það í víðtækari merkingu en þessar línur mínar ná yfir. Öllum ungmennum ríður á að venja sig á reglusemi, því hún er þungamiðjan í öllu sem menn hafa fyrir sjálfa sig og aðra. Ungir menn komast nú varla í stöðu, eða er trúað fyrir miklu, ef þeir láta alt vaða á súðum, jafnt fjármál, sem fatnað og alla umgengni.

Það er áreiðanlegt að góður vísir fyrir sjálfan mann er bókfærslan. Hún er spor í áttina til reglusemi í umgengni með eitt og annað. Það er dálítið aðhald að taka þennan skoflið á

Skjalasafnið Ísafirði

hverju kvöldi, til þess að fara vinnutímana sína eða útborganir. Sá, sem það gerir fer að vanda sig meira og meira. Hann lætur sér alltaf annara um hvernig það lítur út; og árangurinn verður meiri reglusemi utan húss og innan, bæði með sitt og það sem honum er trúað fyrir. — Ég hefi tekið eftir því hjá ungum mönnum, bæði hér og annarsstaðar, að þeir hirða ekki aura sína betur en svo, að þeir hafa þá lausa í vösum sínum, oft máske tveim eða fremur. Ekki þurfa þeir meira en taka upp klút sinn eða vettlinga af fötunum til þess að peningarnir hrynji óhindrað hvert sem þeir vetta vilja. Er þetta hinn mesti draslarahottur, því margt budduverðið tapast alveg á þennan hátt. — Þetta lýsir líka of miklu kæruleysi og kæmi varla fyrir, ef maður vissi aurana sína nokkurs. Það er ekki ósvipað og þegar ég sá manninn í næsta kauptúni, taka tvo óskemda krónuseðla upp úr rassvasanum og stinga þeim í loga ofnsins. (Maður þessi var rétt gáður.) Þó að peningarnir eða málmurinn sem í

Skjalasafnið Ísafirði

þeim er „sé máske ekki meira virði en þeir hlutir aðrir sem við umgöngumst daglega, þá eru þeir þó hér megin „afl þeirra hluta, sem gera skal“, og því ber að sýna þeim virðing öðrum hlutum fremur og hafa jafnan sem besta gát á þeim, svo þeir hverfi ekki úr höndum né vösum áður en varir.

Áður en ég lýk orðum mínum, er eitt atriði enn er ég vildi benda á í sambandi við bókfærsluna. Það er skriftin. Enginn getur neitað því að þarna sé mikil æfing í skrift, fyrir hvern er reikningsfærsluna heldur.

Þeir sem nærri aldrei taka sér penna í hönd, ekki til svo mikils sem skrifa nafnið sitt. Þeir myndu áreiðanlega hafa gott af æfingunni sem bókfærslan veitti. Vendust þeir á að gera tölur og skrifa mikið meira en áður var. Þeir sem byrjuðu einu sinni hættu varla aftur, og vel stendur á að byrja nú um næstu áramót. — Þetta er gaman en gagnlegt um leið, eða svo hefur mér virst, enda hefur það talsvert fleira í för með sér, en að færa tölurnar einar. Og þó að mér sé ábótavant í mörgu, sem í greininni

Skjalasafnið Ísafirði

stendur, hefi ég þó góða von um ég geti heldur þroskað það sem til vantar; því hitt veit ég að sá sem aldrei reynir, getur aldrei þroskað sjálfan sig, hvorki á þessu sviði eða öðru.

Páll Hallbjörns.

## Hellisleit.

Sunnudag einn síðastliðið sumar fóru nokkrir menn út á Sauðanes, til að leita þar að helli, sem heyrst hafði að þar væri. Mennirnir voru þessir: Gunnar M. Magnúss., Friðrik Hjartar, Oddur Hallbjörns., Jón Einarsson, Ibsen Guðmundsson, Guðm. Fr. Jósepsson, Magnús H. Guðm.son, Friðbert Friðbertsson og Þorlákur Jónsson, og var þetta mjög fritt lið til fjallgöngu. Ég var lengi á báðum áttum um hvort ég ætti að fara eða ekki af því að mig vantaði skó á fæturna. Loks afréð ég að fara, og tók ég þá stígvélaskógarma af Skúla bróðir ~~(mínum)~~ og slóst síðan í förina. Við höfðum með okkur Kungsborn-lukt, reyrstöng og nokkra faðma af línu. Þessi áhöld skyldi nota til rannsókna á hellinum.

Skjalasafnið Ísafirði

Kl. 2 síðdegis var lagt á stað og var margt skrafað sér til skemtunar á leiðinni.

Friðbert Friðbertsson átti að vera aðal-leiðsögumaðurinn af því að hann var kunnugastur okkar á þessum slóðum. Fyrsti áfangastaður okkar var á svonefndum Jónasbekk; var þar stansað dálitla stund, og síðan haldið áfram ferðinni út og upp í Kleifarskál. Var síðan farið að leita að helli í klettunum utantil við Kleifarskálina. Eftir stundarkorn hrópar Friðb. Friðbertsson: „Hér er hellir“. Þyrptust þá allir þangað til að skoða þetta furðuverk náttúrunnar. Gengum við síðan spölkorn utar, og fundum þar annan helli. Grjót var fyrir hellismunna innri hellisins, og var nú byrjað að kasta því frá, til þess að hægt væri að komast inn í hellinn. Jón Einarsson fór fyrstur, og kveikti hann á eldspýtu til að lýsa sér með í myrkrinu. Hinir sátu við hellismunnann og biðu átekta og kveiktu á luktinni. Kom Jón síðan út og lét vel yfir ferð sinni. Var hellirinn síðan mældur og var hann tæpir 16 m. á lengd eða (15,9375 m). Allir fóru inn í þenna helli, og er hann manmhæð

Skjalasafnið Ísafirði

þar sem hann er Naslur. Litlu seinna var hinn hellirinn mældur og var hann 17 m. á lengd. Þegar það var búið gengum við allir inn í Kleifaskálina, og þar skildu leiðir okkar. Fóru þeir Friðbert, Guðmundur og Oddur beina leið heim, en þeir Friðrik og Jón fóru fram í Vatnadal og komu síðastir allra heim; sögðust hafa tafist þar við skyrát, skraf og kaffidrykkju. Þeir sem út á nesið fóru voru: Gunnar M. Magnúss., Magnús H. Guðmundsson, Ibsen Guðm.son og ég.

Kvöddum við þá hina og héldum upp Hákonarheiði. Þegar upp var komið var fagurt um að litast. Rennislétt var uppi á nesinu og var þar margt sauðfé. Gengum við síðan út á nesið, og er þar grjótvarta. Settumst við þá við vörðuna og snæddum nesti, er við höfðum. Síðan skrifuðum við nöfn okkar á bréfmiða, og vöfðum margföldu bréfi utan um og stungum honum inn í vörðuna, og skildi hann vera merki um komu okkar þangað. Svo héldum við inneftir vestari brúninni, þangað til við komum inn á móts við Hundsá, breyttum við þá stefnu

og héldum inn og yfir fjallið, komum við þá fram á brúnina í þeim stað sem við ætluðum okkur. Svo fórum við niður jaðarinn innan við Kleifarskálina og gekk það vel. Héldum við svo áfram inn á Slóð, og fórum þar inn í tjald, er Magn. Guðm. s. átti þar sökum þess að hann var þar við heyskap og biðum við þar á meðan að hann hitaði fyrir okkur kaffi, og spjölluðum saman á meðan. Allir urðum við fegnir að fá kaffið því við vorum bæði þyrstir og svangir. Þegar við höfðum drukkið kaffið lögðum við af stað inn að Sudureyri og komum þar kl. 7 að kveldi, allir glaðir og léttir í lund, eftir að hafa andað að okkur hreinu og svalandi háfjalla-loftinu.

Þorlákur Jónsson

Um íþróttir (framhald.)

Hvernig fara skal yfir rána.

Því meir sem stöngin nálgast rána, beygja menn sig í mjöðmunum og um leið eru hnén beygð, jafnframt hefja menn sig upp á örmunum og snúa sér að ránni, svo að rassinn snýr upp en maginn að ránni.

Skjalasafnið Ísafirði

menn liggja nú í U stellingu (og snýr rassinn upp). Nú hrinda menn stönginni rösklega frá sér, lyfta upp brjóstinu og örmunum um leið og farið er yfir rána.

Í niðurstökkinu heldur vindan áfram og menn snúa bakinu að ránni. Gæta skulu menn þess að ofreyna ekki hnén, þegar þeir koma niður, heldur setjast og velta á hrygginn. Í stökkinu verður að gæta þess að halda handleggjum og öxlum sem næst stönginni því að menn njóta best kraftanna á þann hátt.

## Þjálf.

Stangarstökk er íþróttagrein, sem útheimtir fjölhæfasta og þroskaðasta leikfimismenn. Besta undirbúningsþjálf er að æfa skynsamlega fimleika á veturna; fimleika sem styrkja hina veikari hluta líkamans, einkum arm- axlar- hliðar- og búkvöðva. Æfið þessvegna hangandi armbeygjur, sveiflur og réttingar og armveifur, standa og ganga á höndum, liggja lárétt í rimum og ýmsar æfingar kviðvöðvana. Æfið viðbragð (start) langstökk

Skjalasafnið Ísafirði

og hástökk; æfið vel hvert smáatriði út af fyrir sig, og fáið nákvæmt lag, áður en þið farið að stökkva hátt. Best að æfa hvert atriði út af fyrir sig annan hvern dag, og stökkva lágt, aðeins nokkrum sinnum í viku hverri eins hátt og geta leyfir. Hafið sterka stöng og mjúka stökkgryfju. Holan fyrir stöngina á ~~að~~ vera 15 sm. djúp, veggurinn sem frá er lóðréttur, hinn skáhallur.

Áríðandi er að vera vel æfður undir kappleiki. Þú verður að vita hvað þú byrjar hátt, en sparaðu kraftana, svo að þú sért ekki orðinn þreyttur, þegar farið er að stökkva hátt.

Meira. Fr. Hjartar.

„Röðull“ óskar öllum félagsmönnum gleðilegra jóla og alls hins besta á komandi ári.

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

## Ritnefnd:

Friðrik Hjartar, Kr. H. Kristjánsson og Kr. G. Þorvaldsson

4. árg. | Suðureyri 13. jan. 1924. | 8. blað

### Farfuglar.

Sumarið er að kveðja okkur, blómin hafa lagst til hvíldar með öllu sínu litskrauti og fegurð. Veturinn er byrjaður að sýna að hans sé von á hverri stundu, og hvíti hjúpurinn hefur þegar lagt sig á fjöllin og ofan í hlíðargeirana, og kuldinn er að vinna bug á skáhöllum geislum sólarinnar og leggja undir sig landið með sínum bitru næðingum. Hann, þessi óvinur sumargesta okkar farfuglanna flýtir fyrir för þeirra héðan, og við kveðjum þessa smávengjuðu vini okkar með söknuði, og óskum þeim góðrar ferðar yfir hafið. Við tökum eftir hvernig þeir smáhópa sig saman, frá einum stað og á annan, eins og til að kveðja, og svo lyfta þeir sér með angurværu kvaki og fljúga til hafs, lengra og

Skjalasafnið Ísafirði

lengra frá okkur þar til þeir sýnast eins og smáflugur, og svo hverfa þeir sjónum okkar með öllu ~~og~~ út í geiminn áleiðis til heitari landanna.

Hugsum okkur hina sterku eðlishvöt þessara fugla, sem leggja út í þessar langferðir vor og haust, því vel getum við hugsað okkur að ekki muni þeir ~~alltaf~~ ávalt hafa byr undir báða vængi á þessum löngu ferðum sínum yfir hafið, enda munu margir þeirra týna lífinu, og margir aðframkomnir er þeir ná landi. Það hafa menn sagt mér sem siglt hafa milli landa, að þeir hafi séð smáfuglahópum saman hvíla sig í möstrum og reiða á skipum þeim er þeir hafa verið á. — Sjálfur var ég með því ~~vorið~~ 1916. Ég var þá staddur á skipi suðvestur af Reykjanesi, að einn af þessum fuglum kom til okkar utan af hafi, og settist á stýrishúsið, — það var þröstur auðsjáanlega dauðþreyttur. Hann var hjá okkur um fjórðung stundar, þvínæst flaug hann, sem við eygðum til lands.

Á þessu getum við séð að hart leggja þeir að sér þessir langferða vinir okkar, en þó gefast þeir ekki upp við að heimsækja okkur á

Skjalasafnið Ísafirði

hverju vori, farandi með sér ljós, líf og yl úr suðlægri átt, eða með öðrum orðum, að þegar við sjáum þessa ljúfu „vorboða" koma, þá er von um að þraulum vetrarins fari að létta, og nýtt líf fari að færast í náttúruna, og svo þegar blómin fara að lifna, þá fara þessi sólelsku náttúrubörn að byggja hreiður sín, hinir eldri á sínum fornu stöðvum; þeir yngri nema sér land á nýjum stað og byggja þar hreiður sín.

Hreiðurnar þeirra, þessi fögru snilldarverk eru svo vel gerðar að hver maður hlýtur að dást að þeim sem sér þær, því þær lýsa ást og umhyggjusemi á afkvæmum þeirra. Að fuglar þessir leiti á fornar stöðvar, byggi ég á því, sem gamlir menn hafa sagt mér um þá, og svo man ég sjálfur eftir maríerlu, sem 5 sumur hvert eftir annað, verpti í bæjarveggnum á bænum sem ég átti heima.

Ég man það að okkur krökkunum var stranglega bannað að hrekkja fuglana, því við yrðum þá ólánssöm. Um steindepilinn var okkur sagt að hann geymdi hefndina í 7 ár og léti þá detta í höfuð okkar smásteina, sem

Skjalasafnið Ísafirði

væru svo eitraðir, að við dæjum af þeim, svo það væri betra að hrekkja hann ekki. Mér var líka heldur illa við hann, en um lóuna þótti mér vænst af þeim farfuglum er ég þekti, þennan glaða frjálslega fugl, sem alltaf virtist brosandi, þó hún ætti í vök að verjast með ungana sína fyrir Krumma og „tófu“, hún kom manni til að vera léttum í lund, er hún söng sitt hljómfagra „dirrindi“.

Margt fleira gott og skemtilegt mætti skrifa um þessa fugla, af manni sem kynni með þenna að fara, en það kann ég því miður ekki, og læt ég hér því staðar numið.

Aðeins því vildi ég bæta við kæru vinir, að við megum ekki gleyma að vera þeim góðir vinir, og aldrei særa þá eða styggja, heldur verja þá fyrir óvinum þeirra og gledja ef við getum, þá munu þeir á hverju vori í brjóstum okkar vekja von og verma dapurt hjarta, og þá munu þeir framvegis byggja hér hreiður sín meðan grösin gróa og landið byggist

Gísli Maríasson.

Skjalasafnið Ísafirði

# Leikbræður.

Þeir hétu Jón og Páll, og voru aldir upp á sama bænum er Hjalli heitir. Var það stór jörð, og bjuggu þeir Árni faðir Jóns og Sigurður faðir Páls, á sinni hálflendunni hver, og fell ávalt vel á með þeim. Bærinn að Hjalla stóð nálægt sjó, og átti Sigurður sexæring, er hann réri vor og haust. Enn Árni var hreppstjóri, og þóttu þessir bændur vera fremstu menn í sinni sveit. Þeir bjuggu með sinni ráðskonunni hvor, þeir höfðu misst konur sínar fyrir nokkru. Árni var mjög vinsæll maður og hjálpaði vel fátækum, var sonur hans mjög líkur honum. Sigurður var einnig í góðu áliti meðal sveitunga sinna, umgengnis góður og hagláður maður, en sonur hans var nokkuð öðruvísi, var hann glaðlegur og framgjarn, vildi ávalt vera mestur, hvort heldur var í illu eða góðu. Jón var eins og sagt hefur verið líkur föður sínum, hægur og stiltur og vildi ekki vamm sitt vita, ávalt fell þeim samt vel sem feðrum þeirra. Er hér var komið sögunni voru þeir komnir á átjánda ár.

Skjalasafnið Ísafirði

og áttu að fara til Reykjavíkur um haustið,
Jón að læra til læknis en Páll á sjómanna-
skólann, og skyldu þeir fylgjast suður. Hlökkuðu
þeir mikið til fararinnar. Litlu síðar kemur
skipið er þeir skildu fara með suður. Feður þeirra
fylgdu þeim til skips, Sigurður fékk Páli peninga
er hann skyldi hafa fyrst í stað, svo gæti hann
skrifað eftir meiru er hann væri búinn með þá.
Árni fékk Jóni syni sínum bréf, er hann
sagði honum að fara strax með þangað er
utan á skriftin vísaði. Er hann kæmi suður átti
hann að búa hjá þeim manni er væri æskuvinur
sinn. Síðan kveðja þeir feður sína, og halda
um borð í skipið, er leggur litlu síðar á stað.
Tveim dögum síðar komu þeir til höfuðstaðar-
ins, og varð harla starsýnt á allt er fyrir
augun bar. Jón fór strax með bréfið heim
til föðurvinar síns, og var honum tekið forkunnar
vel. Hýrnir karl hann konu sinni og dóttur,
sem er á aldur við Jón. Líst þeim vel hvoru
á annað unglingunum. Sigríður hét dóttirin
og ætli hún að læra til læknis sem Jón.
Hún var og mjög skaplík honum, hæg og
stilt. Leist gömlu hjónunum vel á Jón, og

Skjalasafnið Ísafirði

hugsuð sér gott, ef það gæti orðið eitt par úr þeim. Var það heitasta ósk feðra þeirra.
Páll fór í land um sama leyti og Jón. Hann leigði sér herbergi í útjaðri bæjarins, því það var ódýrara. Síðan fór hann út að skoða bæinn. Skólinn átti að byrja næsta dag. Er Páll var búinn að skoða bæinn sem honum leist, fór hann að finna kenn-arana, síðan fór hann heim til að búa sig undir skólagönguna. Fæði fekk hann þar sem hann leigði. Síðan sofnar hann. Næsta morgun er hann hefur klætt sig og snætt, heldur hann á stað til skólans. Í skólanum kyntist hann mönnum af ýmsu tagi. Sérstaklega voru það tveir er hétu Gunnar og Geir. Það voru miklir gleðimenn og voru til í alt. Þessum mönnum kyntist Páll einna fyrst, þeir sögðu honum allskonar sögur, og var hann fljótur að trúa þeim. Voru þær miður hollar fyrir hann. Smátt og smátt fóru þeir að fá hann með sér á veit-ingastaði og aðrar skemtanir, og var hann fljótur að kynnast mörgu af því lakara. Svo fóru þeir að fá hann til að drekka vín

Skjalasafnið Ísafirði

og varð hann mjög óstiltur við það. Var hann þá til í alt, sem þeir vildu láta hann gera. Smátt og smátt fór hann að fara á drykkjukrár, án þess að þeir væru með honum Geir eða Gunnar. Svo smáleiddist hann út á braut lastanna, uns hann varð ofdrykkju-maður af verstu tegund. Hann framdi alls-konar smáglapi í ölæðinu, er leiddi til þess að hann var rekinn úr skólanum seint um vet-urinn. Réðist hann þá á útlendan togara. Ekki hafði hann skrifað föður sínum, nema nokkrum sinnum fyrst til að fá peninga.

Alt öðru vísi gekk það fyrir Jóni. Hann gekk á læknaskólann ásamt Sigurði, og hugsaði um ekkert nema námið, og fór hann heim um vorið, til að dvelja hjá föður sínum um sumarið. Hann sagði Sigurði gamla frá syni hans með sem vægustum orðum, því hann vildi ekki gjöra gamla manninum ólánið þyngra en það var. En Sigurður gamli skyldi hálfsagða sögu, og féll þetta mjög þungt. Jón Árnason fór suður um haustið, og hélt áfram námi ásamt Sigurði, og var kært á milli þeirra. Þannig gekk það, þangað

Skjalasafnið Ísafirði

til hann hafði lokið prófi, með bestu einkunn. Sömuleiðis fékk Sigríður gott próf. Ekki áræddi hann að biðja Sigríðar sér til handa, þó hann gæti varla án hennar lifað. Næsta haust, eftir að hann hafði tekið próf, sigldi hann til Hafnar og var þar að í tvö ár að fullnuma sig í ýmsu. Síðan kom hann heim og sótti um læknishéraðið í sveit sinni, er þá var nýlaust og fékk það. Þá réðst hann í að biðja Sigríðar, og var það auðsótt hjá henni, og ekki síður hjá foreldrum hennar, er höfðu séð hvað verða vildi, og giftu þau sig litlu síðar, því Jón þurfti að fara til embættis síns.

Faðir hans kom suður í veisluna, og hitti gamla kunningja. Síðan héldu ungu hjónin heim í héraðið og settust að búi, er fylgdi læknissetrinu, þurfti enginn fátækur þaðan synjandi að fara. Var Sigríður enginn eftirbátur manns síns í að gjöra gott. Ekkert fréttist af Páli Sigurðssyni allann tímann og hugði faðir hans hann dáinn vera.

Jón loksins ~~te~~ reyndi að létta undir sorg gamla mannsins sem hann gat, sömuleiðis.

Skjalasafnið Ísafirði

faðir hans. Varð læknirinn mjög vinsæll maður og frú hans, og lýkur svo hér þessari sögu.

Þórður Maríasson.

## Æska og uppeldi mitt.

Ég er fæddur á Kvíárnesi 21. mars 1895. Foreldrar mínir voru þau Helga Jónsdóttir og Bjarni Ólafsson, er bjuggu þá á Kvíárnesi. Nokkrum vikum eftir að ég fæddist, dó faðir minn, og var þá móðir mín ein með okkur fjögur sem eftir vorum hjá henni öll á unga aldri. Þegar ég var þrjátíu og þriggja vikna, var ég fluttur til Önundarfjarðar, og settur á bæ sem Mosdalur heitir. Þar var ég þangað til ég var á þrettánda árinu. Vildi þá mamma að ég færi að læra eitthvað annað en þrjóna, og tók mig þessvegna til sín að Flateyri, og ætlaði að láta mig á skóla. En þegar ég átti að fara á skólann, kom það upp að ég var veikur af þeim sjúkdóm að ég fékk ekki að vera innan um annað fólk. Svo batnaði mér þessi veiki heldur fljótt. Um vorið fór ég að

Skjalasafnið Ísafirði

Hvilft og var þar smali um sumarið, en veturinn eftir gekk ég á skóla á Flateyri. Það var síðasti veturinn minn fyrir ferminguna. Þegar ég var orðin fermdur fór ég að Flateyri aftur til bakara sem var þar og hét Sigurbjörn. Hafði hann bakaríið á Sólbakka. Þar var ég hjá honum og afgreiddi þegar hann var ekki viðlátinn. Stundum fór ég með kökur niður á Flateyri til þeirra sem seldu þær þar. Þarna var ég í hálft annað ár. Vorið 1909 fór ég að Hjarðardal til Kristjáns Jóhannessonar og konu hans Helgu Guðmundsdóttur. Hjá þeim var ég eitt ár og var mér farið að ~~þar~~ leiðast þar, af því að þar var ekkert nema gamalt fólk. Fór ég þaðan vorið eftir að Hesti til Guðmundar Bjarnasonar, sem þá var nýbyrjaður búskap þar. Hjá honum var ég eitt ár. Þá fór mig að langa til að komast lengra út í heiminn og fræðast um eitt og annað, en það varð nú lítið. Vorið eftir réðist ég svo smali að Kirkjubóli í Korpudal til Páls Rósinkranssonar, sem talinn var myndar bóndi á öllum sviðum, og bjóst ég við að geta séð þar eitthvað öðru nýrra, sem varð reyndin á.

Skjalasafnið Ísafirði

Hjá Páli var ég í tvö ár. Síðan fluttist ég hingað til Súgandafjarðar vorið 1914, og hef dvalið hér síðan. Þegar ég kom hingað var ég öllum ókunnugur nema mömmu og systkinum mínum tveimur er áttu hér heima. En það lagaðist fljótt, því ég fór strax að ganga í reitavinnu og kyntist þar mörgum góðum drengjum, sem ég hef þekt enn betur síðan. Læt ég hér staðar numið, og vona að Röðull flytji þessar línur fyrir mig.

Bjarni Bjarnason.

## Um íþróttir

Framh.

### III. Kafli
### Köst.

Öll köst útheimta alhliða þroskun. Leikfimin er því ágætur grundvöllur. Köst útheimta ekki aðeins sterka arma, og sterkan bol, eins og margir halda, heldur mjög mikinn alhliða þroska, og algert vald yfir hverri hreyfingu, auk þess stælingu, liðleika og snarleik í öllum hreyfingum.

Skjalasafnið Ísafirði

Aflið í kastinu kemur frá fótunum. Eigi fótakraftarnir að koma að fullum notum verða fæturnir að vera í nákvæmlega réttum stellingum, eftir því hvernig líkaminn hvílir. Þegar kastað er, verður fremri fóturinn að spyrna á móti (svo að þunginn hvíli á aftara fæti) og stöðva hreyfinguna fram. Aftari fótur verður að ýta líkamanum fram og upp, í skrúfuhreyfingu, sem endar á því augnabliki sem kastað er. Byrjendur mega ekki skifta um fót í kastinu, svo að þeir venjist ekki á að kasta í loftinu, því sé það gert, starfa ekki fætur og bolur sem vera ber, og láta undan áhaldinu. Þeinna meir þegar kastið er vel lært, má fyrst nota fótaskiftinguna, en hún er aðeins notuð til þess að halda jafnvæginu, þ.e.a.s. eftir að áhaldið er komið úr hendinni.

1. Kúluvarp.

(Vigt 7¼ kg.; þvermál 2,13 m.)

Kúlutak. (Teikning.)

Kúlan verður að hvíla þannig, að aðal-

Skjalasafnið Ísafirði

þunginn lendi framarlega á miðhandar-
beinunum vísifingurs og löngutangar. Þeir,
sem hafa sterka fingur, geta haldið kúlunni
framar á fingrunum. Gæta skal þess að
hafa bil milli fingranna, svo að kúlan
hvíli stöðug.

Hvar kúlan hvílir við öxl. –
Kúlan hvílir við öxlina, eða einnig oft
upp við hálsinn, þannig að höndin hvílir
við öxl undin út, olnboginn heldur lægri
en lárétt.

Kaststelling. (Með hægri hendi.)
Hægri fótur við aftari hringbrún,
og vinstri fótur ca 50 sm. framar,
þannig að staðið er bæði í hæl og tá.

meira.

K. Hjartar.

Skjalasafnið Ísafirði

# Efnisyfirlit 4. árgangs


| | | | bls. |
|---|---|---|---|
| Drangeyjarferð | eftir | Sl. Jónsson | 231 |
| Farfuglar | — " — | Gísla Maríasson | 265 |
| Ferð til Eyjafjarðar | — | Guðm. Fr. Jósefss. | 243 |
| Gildi ísl. bókmenta | — " — | Sturla Jónsson | 257 |
| Hellisleit | — " — | Þorf. Jónsson | 259 |
| Kunningjabréf | — " — | Kr. B. Kristj.son | 223 |
| — " — | — | Fr. Hjaltar | 240 |
| Kapp og mel | — " — | sama | 200 |
| Leikbræður | — " — | Þóri Maríasson | 269 |
| Manngildi | — " — | G. M. Magnús | 195 |
| Nýjar bækur | — " — | sama | 187 |
| Ríkisskjaldarm. Ísl. | — " — | Friðrik Hjaltar | 207 |
| Sendibréf | — " — | G. M. Magnús | 237 |
| Skíðafarir | — " — | Kr. B. Kristjáns | 190 |
| Sparsemi | — " — | Pál Hallbjörns | 253 |
| Um íþróttir | — " — | Fr. Hjaltar | 204 - 212 - 220 - 249 - 262 - 276. |
| Valhallartrú - Ásatrú | eftir | Fr. Hjaltar | 225 |
| Þinghús Íslands | — " — | Pál Hallbjörns | 215 |
| Æska og uppeldi nútt | — " — | Bj. Bjarnason | 274 |


Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

## Ritnefnd:

Friðrik Hjartar, Kr. R. Kristjánsson og Kr. G. Þorvaldsson

5. ár | Suðureyri 27. janúar 1924 | 1. blað

## Sólarlag.

Það var kvöld eitt seint í ágústmánuði fyrir einu eða tveimur árum, að ég var á heimleið utan frá Vatnadal. Var gott veður þennan dag, og létt skýjaður himinn, sólskin öðru hvoru. Var orðið nokkuð skuggsýnt er ég lagði af stað, og virtust geislar sólarinnar ekki megna að skína lengur gegn um hina dökku slæðu, sem þegar huldi lög og láð.

Þegar ég kom niður undir Bæ, varð mér litið yfir að Stað, og sá að gluggar þeir er vissu til norðurs glóðu allir í gullrauðum bjarma, voru þetta hinstu kveðjur sólarinnar þennan dag, sem endurspegluðust þarna í gluggarúðunum. Sólina sá ég ekki, þar sem ég var, því hér var þar skamt frá, og fól

Skjalasafnið Ísafirði

hana fyrir mér. Þegar niður á hæð þessa kom mætti augum mínum fögur sjón, var sólin þá að smáhverfa á bak við þvengmjóan þokubakka sem virtist leggja sig svo langt sem unt væri meðfram sjóndeildarhringnum, voru geislar sólarinnar í þetta sinn svo undur fagrir þar sem þeir spegluðu sig í hoppandi öldunum á hinum víðáttumikla haffleti.

Er ég hefi horft á þetta nokkur augnablik, og virt fyrir mér, lagði ég mig þarna í grasið og beið, þar til sólin var horfin á bak við sjóndeildarhringinn.

Á meðan ég lá þarna og virti fyrir mér fegurð þessa sólarlags, þá flaug í huga minn, að einmitt á slíku kvöldi sem þessu, myndi hið fagra kvæði: Haustkvöld eftir Steingrím Thorsteinsson hafa hljómað í huga hans.

Kr. B. Eiríksson.

## Þjóðtrú og þjóðlíf.

Í 5. tölublaði Röðuls 4. árg. ritar herra skólastjóri Friðrik Hjartar grein er ~~nefnist~~ hann nefnir

Skjalasafnið Ísafirði

Valhallartrú Ásatrú, er hún rituð á móti grein er ég skrifaði í fyrsta árg. Röðuls, og á um leið að vera ný sönnunargögn fyrir þeirri skoðun er hann lét í ljósi í grein sinni Íslendingasögur, er birtist í 1. tölubl. blaðsins, þar sem hann taldi aðra aðalástæðuna fyrir vígaferlum feðra vorra vera trú þeirra, og þá sérstaklega það, að aðeins þeir er féllu fyrir vopnum gætu komist í sali Óðins.

Í áður umgetinni grein minni gat ég þess að hin umrædda Óðins og Valhallatrú hefði ekki verið áberandi hér að því er séð yrði á sögum vorum, og gat þess meðal annars, að ekki vissu menn til að neinn hefði óttast sóttdauðann, þó hann samkvæmt hinni sömu Valhallartrú væri beini vegurinn til Heljar. Jafnframt benti ég á tvær orsakir vígaferlanna hér, og um leið víða annarsstaðar, sem sé metorðagirnd og valdafíkn, sem ég reyndi að sýna fram á að hefðu alt til þessa dags fylgt þjóð vorri, og haft örlagarík áhrif á sögu hennar. Vænti ég þess að þau ummæli verði ekki afsönnuð, svo ég noti sterku orðin, eins og hr. Fr. Hj. í niðurlagi síðustu greinar

Skjalasafnið Ísafirði

sinnar, þar sem hann segir: „---ég hef eigi kveðið ofrikt að orði í grein minni Ísf. sögur, og þau ummæli mín er komu honum (þ.e. mér) til að rita --- grein sína, eru í alla staði rétt og verða aldrei hrakin, hvorki af honum né nokkrum öðrum".

Þau orð er komu mér til að rita hina umræddu grein voru þessi: „Eini veguinn til að verða Einherji hjá Óðni í Valhöll, var að falla á vígvellinum, og vissasti veguinn til vegs og virðingar í Valhöll var að bregða sér hvorki við sár né bana". Þessi orð eru orðrétt tekin úr hinni fyrri grein Sr. Sig. en það voru ekki þau einstök er komu mér til að rita grein mína, heldur aðallega sú kenning er af þeim var leidd, sem sé sú að þessi trú hefði verið önnur aðalorsökin til vígaferlanna hér á landi þar sem fyllilega mátti draga af þá skoðun að menn hefðu barist af hinni andlegu þörf, þeirri að afla sér sáluvistar hjá Óðni, sem ekki hefði verið nema eðlilegt ef sú skoðun hefði verið ríkjandi er felst í hinum umræddu orðum, og sem eru rétt lýsing á Valhallartrúnni í sinni fullkomnustu mynd.

Þó að við höfum nú ritað greinar þessar, sem mörgum finnast að líkindum standa í mikilli andstöðu hver við aðra, þá vil ég ekki að mönnum

Skjalasafnið Ísafirði

dyljist það er við erum sammála um.

Hið fyrra atriði er Fr. Hj. færir fram sem orsök fyrir vígaferlunum sem eru ættarmetnaðurinn viðurkenni ég með honum. Báðir komumst við við að trú manna var ekki við eina fjölina felld, heldur trúði einn þessu og annar hinu, og hr. Fr. Hj. viðurkennir með mér að á landnámsöld okkar hafi Ásatrúin verið á hnignunarskeiði, og breitt orðin frá sinni réttu mynd.

Ég hefi haldið því fram að Óðins og um leið Valhallartrú hafi ekki verið áberandi hér, og viðurkennir hr. Fr. Hj. það að vísu, en reynir þó í þessari síðari grein sinni að færa sönnur fyrir því að hún hafi þó verið svo rík að hún hafi getað haft hin áður umræddu áhrif á þjóðlífið. Dæmi þau er hann ~~hefir~~ færir fram, sanna það að ekki hefir trúin verið alveg gleymd, og var mér kunnugt um það áður að sum skáld köstuðu því fram í vísum sínum að Óðni væri fært fórn er víg var vegið.

Það er hann segir um þá Borgarfeðga, sannar mér ekki að þeir hafi trúað á Óðinn á sama hátt og áður ~~tíðkast~~ var, enda viðurkennir hann það sjálfur með því er hann tekur úr Sonatorrek Egils, þar sem Egill vænti drukknaðs manns í Valhöll og þá um leið annara

Skjalasafnið Ísafirði

er dáið hafa, máske á sóttarsæng. Þetta sé grafarhöfundunum, en hann gætir þess ekki að um leið er það ekki framar orðið nauðsynlegt að falla fyrir vopnum, til að öðlast sælu annars lífs, og jafnframt er horfin sú ástæða er áður var til þess að trúin styddi að vígaferlum.

Hyggja menn að Skallagrímur hafi fólgið fé sitt til að hafa það með sér til Valhallar? Það var víst venja að leggja það í haug mannsins er hann vildi þangað hafa. Eða skyldi hann aðeins hafa gert það af illvilja til þess að sonur sinn nyti þess ekki eftir sig? Mér finst sennilegust sú ástæðan að hann hafi haft þá jarðbundnu trú er ég hef áður bent á, og einmitt grafið það í þeim tilgangi að fá sjálfur að njóta þess dauður, einmitt þar er hann lét það, og því kemur hann þeim fyrir kattarnef, er hjálpaði honum að koma því fyrir, að hann vildi ekki að neinn vissi um hvar það var, nema sjálfur hann.

Ég vil ennfremur taka það fram að þar sem Egill segir „að Böðvar sé kominn á bæ loftsins,“ þá er það ekki þar með sannað að hann hafi með því meint sali Óðins. — Það er ennfremur sameiginleg skoðun okkar Fr. Hj., og að líkindum allra, að Ásatrúin hafi verið styrjaldartrú, en þar kemur þó fram aðal-

Skjalasafnið Ísafirði

skoðanamunur okkar í því að það sem annar telur orsök, skoðar hinn afleiðingar.
Hr. Gr. Hj. heldur því fram að hið herskáa þjóðlíf Norðurlanda sé sprottið af trúnni, en ég get ekki séð betur en að hún sé, ef ekki algerlega upprunnin af hugsunarhætti þjóða þeirra er hana höfðu, þá að minsta mótuð af honum í þá mynd er hún hafði á hverjum tíma og þannig breyttist smátt og smátt eftir því sem hugsunarháttur þjóðanna breyttist af ýmsum ástæðum og ekki nóg með það, heldur er það vitanlegt, að á sama tíma voru mismunandi skoðanir uppi um sama goðið, því hver og einn mótaði trúna þeirri mynd er honum hugnaði best. Þetta er ekkert sérstakt um trú okkar hér á Norðurlöndum, hið sama átti sér stað bæði meðal Grikkja og Rómverja, enda voru trúarbrögð þeirra upprunnin á sama hátt og hér. Það er einnig skoðun sumra sagnfræðinga, eins og ég hef áður getið, að Ásatrúin hafi aldrei náð til allra, heldur hafi mikill hluti þjóðanna norrænu haft aðrar trúarskoðanir, og þá einnig ýmsir er höfðu trú blandna þessum mismunandi skoðunum. Það er að vísu talið að Ásatrúin hafi sérstaklega verið trú víkinganna og hins herskáari þjóðarhluta; en þó

Skjalasafnið Ísafirði

verður það ekki sannað að allir hinir hafi verið síðri í því að gerast upp á aðra eða hefna sín ef þess gerðist þörf.

Það sést einnig ljóslega að Þórsnesingar, sem argerlega höfnuðu alls Óðins og Valhallartrú, en bundu hugann við ættaróðalið bæði lífs og liðnir, þeir voru engu síðri karlmenni en aðrir, og tóku ekki síður þátt í vígaferlum. Það má ef til vill segja að það stafi af Þórstrúnni, en átrúnaður þeirra á Þór stafaði af því að hann var það goðið er best var við skap þeirra, og mjög oft munu þeir hafa dýrkað hann er að öðru leyti trúðu mest á mátt sinn og megin, og víst er það að ekki hugðu þeir vopndauðann vera neitt velferðarskilyrði, því þeir trúðu að öll ættin gisti sama stað að loknu lífi.

Það mun vera ókunnugt um hvenær Ásatrúin kom fyrst á Norðurlönd, en þó er ótrúlegt að hún hafi verið hér 100 árum f. Kr. þegar fyrst verður vart við norræna þjóðflokka í suður~~löndum~~ hluta álfunnar, en þá eru þeir svo ægilegir í augum hinna herskáu Rómverja að þeim stóð ótti af, enda óvíst þeir hefðu sigrað þá, hefðu þeir ekki haft tíma til að undirbúa sig meðan hinir smáfærðu sig yfir nágranna löndin. Sú norræna hermennska er þá var uppi, gæti

víst getað verið ávöxtur Ásatrúarinnar, og því
sennilegra að telja hana rót hennar.

Meira. Kr. G. Þorvaldsson.

## Skemtiför.

Í septembermánuði fór ég skemtiför vestur að Núpi í Dýrafirði, ásamt Örnólfi Valdimarssyni og Þuríði Hallbjarnardóttur. Fórum við snemma af stað laugardaginn 8. september frá Suðureyri í ágætisveðri. Riðum við nokkuð greitt inn með Sveitinni, komum við í tjaldi á Kvárneshlíðinni og drukkum þar kaffi, héldum svo af stað. Gekk alt vel. Þegar við komum niður á miðjar Skógarbrekkurnar mættum við fólki, er var að fara til Ísafjarðar. Hvíldum við svo hestana þegar við komum niður í Kjörrin og snæddum nesti okkar. Héldum við svo af stað eftir góða hvíld. Þegar við komum niður á veginn varð töluverð kepni í hestunum og átti Þuríður fult í fangi með þann rauða, var hann farinn að teygja sig drjúgum. Héldum við inn að Kirkjubóli í Korpudal. Spurðum við mann er við hittum þar, hvar leið lægi fram

Skjalasafnið Ísafirði

í Tungu. Ætlaði Þuríður þangað að hitta systur sína og ætlaði þar að fylgjast vestur að Núpi næsta dag. Þegar við komum í Tungu, var fólk við heyvinnu þar. Stóðum við stutt við og sagði Daníel okkur leið út með að veslanverðu, því ég ætlaði að gista í Hjarðardal, en Örnólfur í Valþjófs-dal og fara að Núpi næsta dag. Gekk ferðin greitlega útmeð. Fór ég með Örnólfi út ~~með~~ í Valþjófs-dal og var ég þar til kvölds. Fór þá Ólafur Stein-þórsson með mér inneftir. Var þá komin rigning, og leit út fyrir að það yrði ekki skemtilegt ferða-veður næsta dag. Var ég í Hjarðardal um nóttina. Þegar ég vaknaði um morguninn var sama rigningin en hvassari. Um kl 3 létti rigningunni, og kom Örnólfur þá að utan og fórum við af stað vestur og gekk ferðin vel. Þegar við komum að Núpi var mikill glaumur og gleði þar inni fyrir, var verið að dansa þar inni. Stóðum við stutt við, því að farið var að skyggja og ætluðum við endilega að skoða Skrúð, og fór Björn með okkur fram í hann. Er hann mjög fallegur, hefur Björn gróðursett tré fram með hlíðunum, og yfir hann þveran. Hæstu trén eru um 5-6 álnir. Gosbrunnur er fyrir öðrum enda garðsins, spýtir hann vatninu mjög hátt í

Skjalasafnið Ísafirði

loft upp, er það mjög fögur sjón að sjá. Dvöldum við við að skoða garðinn á annan tíma. Fórum svo heim að Núpi og var þá hætt að dansa. Þennan sama dag höfðu nokkrir Önfirðingar farið vestur, og voru að fara af stað aftur um kvöldið, og ætluðum við að fara með þeim, en þegar fara átti að leggja á hestana okkar voru þeir týndir. Var nú farið að leita í myrkrinu og voru 10 eða 15 farnir af stað, var alt árangurslaust. Fór fólkið af stað, og báðum við það að kannast við hestana okkar, ef þeir kynnu að hafa tekið upp á því að strjúka. Vorum við rólegir og fórum bara að hátta og sváfum vært um nóttina, en um morguninn þegar við vöknuðum voru hestarnir komnir. Hafði Björn farið snemma um morguninn að leita að þeim, og fann þá úti í þorpinu fyrir utan, hjá hestum þar úr þorpinu. Skoðuðum við spunavélina og náttúrugripasafn skólans, sem er orðið talsvert stórt. Fórum við svo af stað um hádegi, voru þeir með okkur: Kristinn Guðlaugsson ~~sem~~ ~~Björn~~ ætlaði yfir að Þingeyri, og Björn er ~~var~~ að fara heim til sín að Næfranesi.

Þegar við komum á miðja Gemlufellsheiðina skelti hann á okkur svíðrandi byl. Þegar við komum í Vöðin var flóð, svo við urðum að ríða inn í Kúhólma, var rokið alveg afskaplega mikið og báran gaf alveg yfir hestana, svo við urðum rennandi votir. Þegar við komum móts við Kaldá, mættum við manni með 3 hesta, hafði hann verið að fara með þær Kristeyju Hallbjarnard. og Jónu Magnúsar – er verið höfðu í kaupavinnu í Tungu – út að Flateyri. Hittum við Þuríði þar, höfðu þær systur aldrei farið vestur. Vorum við svo um kyrt á Flateyri um nóttina, en um morguninn var komið besta veður. Fórum við af stað um 10 leytið, var von á Esju til Flateyrar á hverri stundu.

Þegar við komum upp á heiðina var kökuvert af nýjum snjó, sem fenb hafði daginn áður.

Komum við svo að Suðureyri heilir á húfi hinn 10. september.

Ef að veðrið hefði verið gott, hefði ferðin orðið hin skemtilegasta.

Óskar Þórðarson.

Skjalasafnið Ísafirði

## Um íþróttir

Framh.

### Kúluvarp.

#### Aðstökk. (Sats.)

Menn gjöra hællyftingu með vinstra fæti og flytja þyngdina yfir á hægri fót. Vinstri handleggurinn veit fram og upp. Vinstra fæti er sveiflað með bognu kné aftur á bak og fram hjá hægra fæti. Um leið halla menn sér dálítið áfram, hægra kné er beygt lítið eitt, og bolnum undinn fram á við. Vinstra fæti er sveiflað með skjótri og aflmikilli hengilhreyfingu áfram, um leið er spyrnt röskelga frá með hægra fæti (fram en ekki upp) svo menn færist fram sem allra næst jörðu. Hægri fótur nemur fyrst jörðu í H (sjá skrefleikn. sitar) og um leið vinda menn sér og beygja til hægri. Það er gefið eftir á hnénu með stælltri beygju, um leið og þunginn kemur á fótinn. Vinstri fótur nemur jörðu augnabliki síðar í V, og lítið eitt framar en

Skjalasafnið Ísafirði

2a7.

hægri fótur – millibil ca 3 fet. – Allar þessar hreyfingar, verður að gjöra mjúkt og hverja á eftir annari. Síðasta stellingin er hér kölluð varpstelling.

## Varpið.

Beygja, vinda og hnébeygja sameina atrennuskrefin og varp í mjúka skrúfuhreyfingu, og í henni má hvergi nema staðar. Þetta er eitt af því þýðingarmesta við kúluvarpið.

Í varpstellingunni má engin dvöl vera, en um leið og komið er í hana, (varpstellinguna) hefst varpið með því að menn rétta fæturna röskleg, lyfta sér á kné, og ýta bolnum og öxlunum fram og upp, og vinda til vinstri hliðar í skjótri og áframhaldandi skrúfuhreyfingu. Þegar hægri öxl er komin á miðja leið, byrjar armvarpið fram og upp í ca 45° horn. Hægri öxl er ýtt vel fram og upp á eftir handleggnum, og um leið og kúlan fer úr hendinni, á hægri handleggur, hægri hlið og hægri fótur að vera í beinni línu og hallast vel áfram. Gætið þess um leið að vinstri öxl hjálpi til með því að ýta henni upp og fram.

Meira. Fr. Hjartar.

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd:
Friðrik Hjartar, Kr. A. Kristjánsson og Kr. G. Þorvaldsson
5. árg. | Suðureyri 2. Mars, 1924 | 2. blað

## Fyrsta för mín til Reykjavíkur.

Veturinn 1917 réðst ég sem háseti á m/k. „Skírnir", var það viku fyrir jól. Fórum við út næsta dag, hér ofan á Hlíðar sem kallað er, og lögðum í þrjá daga samfleytt, þá hvesti og var þá farið til Ísafjarðar og ætlaði Sigurður að leggja þar upp fiskinn, en svo breyttist það og við lögðum upp heima. Svo vorum við um kyrt um jólin, og varð þá fjörðurinn fullur af hafís á annan dag. Um Nýjárið vorum við á Flateyri og að mig minnir 3ja janúar. Fórum við héðan áleiðis til Ísafjarðar með hákarlalýsi; svo leggjum við það upp er norður kom, og förum síðan út á Prestabugt, og leggjumst þar, því það var orðið seint á degi, og hafði frést til íss í Djúpinu. Klukkan

Skjalasafnið Ísafirði

4 erum við vaktir til að létta og vera hraðir því ísinn var á leið inn fjörðinn. Förum við inn að Neðstakaupstaðarbryggju og festum okkur þar þangað til birti. Þegar birti um morguninn sáum við að við vorum innilukktir og lögðumst við þá fram á Poll, eins og önnur skip gerðu. Þarf ekki að orðlengja það, því flestir muna það að bátarnir frusu inni á Ísafirði. Eftir morgar vikur losnuðum við aftur og fluttum okkur þá heim, til að búa okkur út undir suðurferð. Svo förum við á stað að heiman um hádegi, og förum inn á Patreksfjörð um kvöldið. Um nóttina er haldið á stað aftur, og muna hugsa ég allir eftir því veðri er við fengum seinni part næsta dags, annaðhvort af sögn, eða af því að þeir hafi verið við það riðnir að einhverju leyti. — Jæja, kl. 4 næstu nótt komum við á Keflavík, með litlar skemdir, og varð ég að standa „vagt“ með Guðm. Guðnasyni. Áttum við að lagfæra það sem við gátum, jafnframt því að standa „vagt“. Kl. 8 um morguninn er haldið áfram til Reykjavíkur og komum við þar

Skjalasafnið Ísafirði

seinnipart sama dags, og var þá komið líkt veður aftur sem nóttina áður.
Ég sá harla lítið af bænum þann daginn, var vestan moldþreifandi bylur, og sást ekkert út úr augunum sem kallað er.
Samt förum við í land með síld sem við vorum með í lestinni, og bárum hana í pokum upp í íshús Geirs Zoëga. Var það töluvert erfitt, því sumstaðar fór maður í klof í sköflunum, og bylurinn var svo að ekkert sást. Þannig var mér þá heilsað af veðrinu í Reykjavík í fyrsta sinn, er ég stje þar á land. Ég varð að gæta mín að missa ekki sjónar af fjelögum mínum, svo ég villtist ekki með pokann minn eitthvað inn í bæ. Næsta dag var veðrið bjartara og fór ég þá að skoða bæinn, og varð mér heldur starsýnt á alt er fyrir augum bar. Þar ægði öllu saman hestum vögnum allskonar bifreiðum, bæði vöru- og fólksflutninga og mannagrúinn, alt í einni kássu að sjá.
Þannig mun flestum fara sem mér, er koma úr fámennu hjeraði í stórbæina, að þeir

Skjalasafnið Ísafirði

munu stara nokkuð mikið á alt nýtt, sem fyrir augum ber. Ég hugsa að hefði verið farið með mig eitthvað inn í bæ, og skilinn þar eftir, að það hefði ekki orðið mjög bein leið sem ég hefði farið til baka, og ekki stuttur tími heldur án þess að spyrja neinn til vegar. Oft hefi ég komið síðan til Reykjavíkur, og ávalt séð nýtt og nýtt, bæði gagnlegt og gott.

Þá er þessi sagan á enda, og kveð svo Reykjavík, og óska að ég ætti eftir að koma þar eftir nokkur ár ~~til~~ snöggvast, til að sjá það sem hefir komið nýtt, bæði mannvirki og annað.

Þórður Maríasson.

## Opið bréf.

Kæra vina!

Ég sest nú við að hripa þér nokkrar línur. Fátt er héðan að frétta nema að kýrnar eru farnar að bera, og þá fær maður mjólkina og ábristirnar, en mér finst þær nú ekki eins góðar og þær voru áður

Skjalasafnið Ísafirði

þá voru þar eldaðar öðruvísi en núna.
Það var eldaður þykkur grautur úr mjöllinni,
draflinum síðan látinn út í, og mjólk höfð
útá, þetta þótti mér góður matur.

Nú eru jólin að nálgast; ég
hlakka til þeirra. Nú þarf enginn að
standa sveittur við að mala grjón í
lummurnar eins og í gamla daga. Það
var um að gera að hafa þunga kvörnina,
svo að mjölið yrði nógu smátt til þess
að baka úr því.

Svo kemur nýárið, þá var gefin
stóra kakan með klípan ofan á, lunda-
baggi, magáll og hangikjöt, þar sem
það var til.

Oft var glatt á hjalla í gamla daga.
Ég man það að einu sinni gerðum við okkur
skólurođsskó fyrir jólin, og lituðum þá
græna, en ósköp héldu þeir nú illa.

Manstu nokkuð eftir því, þegar við
spiluðum einu sinni upp á peninga í
litla herberginu undir loftinu, þá tapaði
ég sjötíu aurum; en hvað ég sá eftir
þessum aurum af því ég var svo villaus

Skjalasafnið Ísafirði

og kunni ekkert að spila. Á gömlu jólunum skemtum við okkur helst með því að fara í jólaleik og syngja kvæði og ýmislegt fleira.

Við megum ekki ~~gley~~ gleyma því að valnið breyttist í vín á gömlu jólunum um dagsetrið. Enda ég nú orð mín með því að það er langt að bíða eftir vallarkökunni og töðugrautnum í sumar.

Vertu svo kært kvödd, þín
Kristín Kristjánsdóttir.

— u —

Grein þessi barst ritnefnd fyrir jól, en hefir orðið að bíða síðan ~~sökum~~ vegna rúmleysis.

— u —

## Fundarför.

Það vorum við Friðrik og Páll Hallbjarnarson, sem lögðum af stað hinn 14. janúar s.l. áleiðis til Þingeyrar. Þar skyldi halda 25. þing- og héraðsmálafund Vestur-Ísafjarðarsýslu næsta dag, og áttum við að mæta þar sem fulltrúar fyrir Suðureyrarhrepp. – Einhvern

Skjalasafnið Ísafirði

veginum höfðum við komið okkur saman
um þá vitleysu að líf þess að ná lífi
Flateyrar væri nóg að leggja af stað kl. 1
e. h. og voru varla liðnar 10 minútur yfir
þann tíma, er við þrömmuðum af stað,
með skíði öxlinni og sína mannbroddana
hver í hendinni. Gangfærið var þegar
frá upphafi hið örðugasta og það svo að
fyrir sjálfan spilltfim þótti best að
ganga á skíðum! – Veður var svona
nærri því sem kallað er þreifandi bylur
en þó með jeljum, sem ráku hvert annað
ótt og títt.

Við komum að Stað eftir tæpan
klukkutíma. Prestur kom út, og varð
svo bilt við að sjá okkur svo seint á
ferð að hann rauk um koll endilangur á
hlaðinu. Bjóst hann við hlátri frá okkur
en enginn hló. Kaffi sagði hann tilbúið,
en við kváðumst mundum þiggja það er
við kæmum aftur, og héldum af stað
sem skjótast sem leið liggur fram Lundar~~dal~~.
Skíðin voru treg og slitt milli jelja
sem fyr. Fatt var (~~talað~~) skrafað nema

Skjalasafnið Ísafirði

hvað við biðum hver öðrum fyrir því að við hefðum farið tveim tímum of seint af stað, og því að allar vötur væru í kafi.

Annars voru hugsanirnar svona: „Klofningsheiði vörðulaus“, – svarta myrkur – þreifandi bylur“, en engum datt í hug að það gæti misheppnast að komast yfir vörðulausa heiðina í svarta myrkri og blindbyl.

Upp úr dalbotninum varð ekki skíðum viðkomið, en færð all þung. Þegar upp kom fundum við þó kollsteinana á einum 5 vörðum. Vildi þá svo til að milli varð jelja svo við sluppum tafarlítið yfir heiðina, en gættum þó þeirrar varúðar að ráða okkur frá síðustu vörðunni, sem við sáum, svo ekki gæti komið til mála að við færum villur vegar, þó syrti hefði að. – Heiðarbrekkan niður í Klofningsdal, reyndist ein glerhálka og kom það sér þar vel að hafa mannbroddana undir fótunum. Hefðum við án þeirra ekki komist heilir af heiði. – – Að Flateyri komum við kl. 7. Gistum þar hjá góðu fólki, sammæltumst við fulltrúa Flateyrarhrepps þá: Kr. Sigfússon, Hinrik Þorláksson og Finn Finnsson. Auk þess slóst með í

förina Bjarni Eiríksson frá Þorfinnsstöðum. Var ákveðið að leggja af stað kl. 8 næsta morgun, en kl. var farin að ganga tíu þegar hið góða skip „Tröllara Gvendur" var kominn á flot og við rérum af stað inn og yfir Önundarfjörð. Veður var svipað og daginn áður, hríðarkóf úr hverju skarði.

Við lentum undir Hjarðardal og fórum við Bjarni þangað heim, en hinir héldu inn að Holti og sögðust mundu sjá til okkar. Bjarni ætlaði að fá sér skíði en ég ætlaði að reyna að fá Kr. Jóh.s. til að koma með okkur á fundinn. Hitti ég hann á hlaðinu og skoraði á hann að slást í förina, en hann sór og sárt við lagði að allt mundi fara aflaga á Ostabúsfundinum daginn eftir ef hann færi. Ég bað hann að lofa þeim hinum að ráða því hvort ostarnir yrðu hafðir ferkantaðir eða kringlóttir, en hann sat við sinn keip, skildum við að svo búnu en þó ekki fyrr en ég hafði lokið við að drekka svo sem 3 pela af nýmjólk. Bjarni stóð bisperrtur með skíði og staf í Innri Hjarðardal, og við þrömmuðum af stað inn hlíð. Þegar við vorum komnir gegnt Holti fórum við að vanta samferðamennina en þeir sáust hvergi; varð sú sannfæring æ ríkari í okkar hug, að þeir mundu

Skjalasafnið Ísafirði

vera komnir af stað og horfnir fram fyrir Vaðla. Í Holti gátu þeir ekki verið því þeir hlytu að hafa séð til okkar og varla hefðu þeir allir litið svo djúpt í augu heimasætunnar í Holti að þeir gleymdu erindinu. „Því trúi ég alls ekki á fimm“ sagði Bjarni. Við héldum svo áfram fram að Tröð, börðum þar að dyrum; út kom drengur. Við spurðum hvort sést hefðu fimm menn fara þar fram hjá. Hann sagði að ekki hefði því verið veitt eftirtekt. Við spurðum hvort hugsanlegt væri að fimm menn færu svo hjá að enginn yrði var við. Hann sagði að það gæti vel verið. Við kvöddum þá og héldum áfram. Gerðist léttari ferð, er fram dró í dalinn, og sáum við þess betur, sem framar kom, að ekki gátu samferðamennirnir verið komnir framhjá og gengum ~~út~~ hægðum. Reyndist þetta og rétt, því á heiðarbrekkunni á Gemlufallsheiði náðu þeir okkur. Höfðu þeir beðið eftir kaffi í Holti. Við komum að Gemlufalli um kl. 3. Voru þeir Kristinn og Björn á Núpi þar fyrir, og höfðu beðið okkar svo lengi, að Björn hafði lokið við að lesa meðalskáldsögu fyrir fólkið og hugðist að byrja á annari ef þurft hefði.

Skjalasafnið Ísafirði

Fengum við strax flutning yfir að Þingeyri, hittum fundarboðanda, og var strax ákveðið að fundur skyldi byrja kl. 6.

Ekki stóð fundur nema til kl. 9 það kvöldið; var það vegna þess að líklegt þótti að þeir fulltrúar sem komnir voru norðan yfir Gemlufallsheiði, þyrftu líkamlegrar hvíldar. Á fundinum voru mættir 14 fulltrúar; var það full tala úr 4 hreppum, en Mosvallahreppur sendi engar og úr Auðkúluhreppi komu aðeins 2 fulltrúar.

Næsta dag stóð fundurinn allan daginn með miklu fjöri. Voru þá margar ræður fluttar og töldu allir sig tala af miklu viti. Voru sumar ræðurnar svo langar og fróðlegar að nærri lá að fundarmönnum fyndust þeir vera á búnaðarnámskeiði að hlusta á fyrirlestra, en aftur voru aðrar svo stuttar, að líktist því, er kría sest á stein. Látbragð fundarins og svipur allur var svo þrunginn af alvöru og ábyrgðartilfinningu að ætla mátti að velferð lands og þjóðar væri öll komin undir aðgerðum fundarins.

Þegar fundurinn hafði staðið með nauðsyn-
(legustu

Skjalasafnið Ísafirði

hvílkum lífs mötnættis var haft fundarhlé og sest að veislu, sem fulltrúar yfirhreppsins (Þingeyrarhr.) héldu honum í tilefni af aldarfjórðungsafmæli fundarins. Var þangað boðið öllum sem einhverntíma höfðu verið fulltrúar og til náðist. Var gleðibragur mikill á þessari samkomu en þó alt í fullu velsæmi. Voru þar fluttar gamanræður og margt sagt milli gamans og alvöru. Þar var sagt að fundir slíkir sem þessi „hefðu mannbætandi áhrif" Þá var það upplýst að á þessum 25 árum hefðu samtals 60 menn úr Vestursýslunni, mætt á fundinum og væru aðeins 2 af þeim fallnir frá. Útaf því var það reiknað út, að ef ekki dæju nema 2 fulltrúar á hverjum 25 árum mundu sumir af þeim verða mjög gamlir.

Björn sagði nokkrar lygasögur frá Noregi. Snorri gerði þat einnig, og söng gamalt íslenskt rímnalag eða „Stemmu" sem hann sagði að væri svo „þjóðleg" að ekki væri hægt að koma við hana neinum nótum. Hinrik kom með lagleysu sem hann sagði vera þjóðlag, með hnykkjum í endanum, var því trúað þessvegna. Altaf var öðru hvoru sungið svo þakið lyftaði.

Skjalasafnið Ísafirði

þá var flutt þakklæti frá ýmsum hliðum.
Stóð gildið til kl. 3 um nóttina að menn
skildu og tóku á sig náðir.

Næsta morgun byrjaði fundurinn kl.
10 og stóð til kl. 3, var honum þá lokið.
Varð þá strax fyrir að hugsa til heimferðar
en veður var óblítt mjög sviðandi norðan
blind-öskur-þreifandi-frostbylur. Vildu
sumir þó fara af stað þar eð ekki væri
villuhætt á Gemlufallsheiði, en það varð þó
úr að ferðinni var frestað til næsta morguns
Ekki bar neitt sögulegt til tíðinda um
kvöldið. Þeir Snorri og Friðrik reyndu að
þyngja svo vel fyrir einn enskan togara-
skipstjóra að hann fengist til að flytja
okkur til Önundarfjarðar — en það mishepn-
aðist. „Það er ekki alt í katlinum sem
kraki er."

Að morgni þess 18. jan. lögðum við svo
af stað frá Þingeyri, þessir sömu sem þangað
komu. Var veður enn ekki betra en það
að við urðum að fá mótorbát yfir fjörðinn.
Var nú ágætis gangfæri og einnig skíðafæri
á Gemlufallsheiði og sóttist leiðin næsta

Skjalasafnið Ísafirði

greiðlega. Komum við við á Kirkjubóli og fengum sýrblöndu að drekka, var það einróma álit allra að sýrblanda mundi vera hollasti drykkurinn sem til væri í víðri veröld.

Í Holti fengum við hinar alúðlegustu viðtökur bæði mat og drykk. Fengum við þar að vita að „Tröllara-Gvendur“ væri rétt að leggja af stað frá Flateyri til að sækja okkur. Þegar við förum frá Holti fanst Snorra hann vera svo léttur á sér að hann bauð Friðrik út í skíðakapphlaup. Varð Snorri vitanlega hlutskarpari í hlaupinu en annað skíði hans hrökk í sundur í miðju. Varð hann þar af leiðandi illa staddur á einu skíði og sökk í upp að hné með hinn fótinn. En hann bar sig hraustlega og snéri meðaumkun samferðamannanna upp í hlátur með glensi og gamanyrðum.

Þegar út í bugnum kom, var þar enginn bátur kominn. Sagði Þorvaldur Stephensen sem varð okkur samferða úr Holti að það væri alkunnugt, ef Flateyringar segðu að einhver væri farinn af stað - í sendiferð af þeirra hálfu - að þá bæri að skilja það svo að hann færi eftir svo sem hálftíma. — meira

Kr. B. Kristjánsson.

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd:

Fr. Hjartar, Kr. H. Kristjánsson og Kr. G. Þorvaldsson

| 5. árg. | Suðureyri 16. mars 1924 | 3. blað |
|---|---|---|

## Sjóferð.

Það var einn fagran haustmorgun að við lögðum af stað í sjóferð, fjórir á árabát, Jón Friðriksson, Kristinn Jensson, Kjartan Bjarnason og ég. Veður var mjög fallegt, heiðskírt loft og stillilogn. — Rérum við nú út með Sauðanesi og ofan á Stiga. Rendum við þá út færum en urðum lítt varir svo við rérum dýpra, en fengum lítið af fiski enda var harður norðurstraumur. Fór nú brátt að birta af degi og vindur komin úr suðvestri. — Um kl. 12 vorum við komnir norður á Skálavík. Stóð þá vindur út úr ~~ff~~ djúpi og sigldum við þá upp, því við vorum komnir nokkuð djúpt og er kom upp undir land rendum við og fengum þá óðan fisk. — Eftir litla stund fór að bólstra upp svört ský í

Skjalasafnið Ísafirði

vestri, fór vindur þá brátt að færast yfir,
og eftir litla stund var komið rok. Var þá
sest undir árar og farið að beyja vestur, en
það gekk illa því veðrið var mikið og báturinn
varðist illa. Var nú haldið áfram þangað
til við komum vestur fyrir Keflavík, snérum
við þá undan og rérum upp í Keflavíkurvör.
Komu þá Keflavíkurmenn til að hjálpa
okkur að koma upp bátnum, og tókst það.
Gengum við svo til bæjar og þáðum góðgjörðir
en að því loknu fórum við að búa okkur út
náttstað sem var í hlöðu á túninu, lögðumst
við svo fyrir og sváfum þar til kl. 5, en þá
vorum við vaktir af háum bringu; hlupum
við þá út og inn að bát, og er við komum
þangað var hann að fara í sjóinn. Tókst
okkur nú að bjarga bátnum og settum hann
upp undir kletta. Gengum við svo heim til
bæjar og fengum okkur hressingu, fórum svo
að búa okkur til heimferðar. — En áður
en við fórum gengum við út í vita og
skoðuðum hann hátt og lágt. Er við vorum
búnir að skoða hann innan fórum við
út og upp á svalir sem liggja kring um

Skjalasafnið Ísafirði

hann. Varð okkur þá litið í gegnum rúðurnar og upp í fjallið, en urðum heldur hissa er við sáum brimið veltast niður fjallið í staðinn fyrir upp að ströndinni. 25 aura borguðum við fyrir að skoða vitann, eins og allir gjöra sem þangað koma. Þegar allir voru ferðbúnir var lagt af stað gangandi yfir heiðina og gekk það greiðlega. Fórum við svo heim að Gelti og fengum bát til að komast yfir á. Vorum við þá komnir heilir á húfi heim eftir þessa æfintýra ferð.

Jón Guðmundsson.

## Þjóðtrú og þjóðlíf.

Framh. frá bls. 289.

Hin róttæku ættarvíg sem hér áttu sér stað í fornöld eins og víðar, þurfa ekki að stafa af trúarskoðununum, þó segja megi að þau séu eðlileg, þegar trúarbrögðin eru í samræmi við þann hugsunarhátt er þau byggjast á. Í ýmsum suðurlöndum álfunnar, haldast slíkar ættadeilur með mannvígum við alt fram á þennan dag

Skjalasafnið Ísafirði

og hefir þó kristin trú verið þar óþurkend þjóðtrú í fleiri aldir. Allir vita að ekki geta vígaferli verið af hennar rótum runnin en hitt er sjáanlegt að þessi hugsunarháttur hefir verið svo rótgróinn hjá þessum þjóðum að jafnvel kristindómurinn hefir ekki getað upprætt hann þennan langa tíma.

Ef það er hægt að segja að trúarbrögð sem myndast með einni þjóð, og sem hún mótar eftir eigin geðþótta, séu undirrót þess hugsunarháttar, sem framkemur í gjörðum hennar þá má segja eins um þjóðsögurnar að þær séu orsök hjátrúar þeirrar, sem þær eru bygðar á. Ég býst ekki við að margir viðurkenni hið síðara, og ég tel hvorttveggja fjarstætt réttum sanni, en hitt er rétt, hvorttveggja verður til þess að viðhalda þeim hugsunarhætti og trú er myndaði það í fyrstu, hvort heldur er þjóðtrúin eða þjóðsögurnar.

Læt ég svo mál þetta útrætt frá minni ~~(hendi)~~ hlið, enda sé ekki ástæðu til annars, en best mun hverjum einum er um þetta hugsar að hugsa málið með ró

Skjalasafnið Ísafirði

og ekki taka á móti annara skoðunum og gera að sínum, án þess að hafa sjálfur reynt að brjóta það fyllilega til mergjar.

Ritað 20. jan. 1924

Kr. G. Þorvaldsson.

— o —

## Tapaðar stundir.

Björn sat við skrifborðið sitt og var að ljúka við grein, er átti að fara í „Viljann“. Blaðið átti að koma út daginn eftir, svo hann varð að hafa hraðann á, svo greinin kæmi í tæka tíð í prentsmiðjuna.

Björn leit upp frá skriftinni, lagði svo höfuðið í lófana. Ýmsar hugsanir streymdu í huga hans, er voru í sambandi við skriftina sem fyrir framan hann lá á borðinu. — Hann reisti sig beinn í sætinu og starði sem í leiðslu fram fyrir sig. Dökku brýrnar hans sigu um leið og sorgarsvipur færðist yfir andlitið.

Margt flaug honum fyrir hugskotssjónum. Hann var nú orðinn 26 ára gamall. Að vísu var hann að mörgu leyti orðinn vel mentaður maður, en hvað hefði hann ekki getað orðið, ef

Skjalasafnið Ísafirði

hann hefði farið að ráðum föðursins og annara góðra manna. Kristján Jensson faðir hans var vel efnaður bóndi. Hann bjó með konu sinni Margréti á býlinu Höfða í Miklafirði. Þar hafði Björn alist upp hjá foreldrum sínum í miklu eftirlæti, þangað til móðir hans dó og yfirgaf hann til handleiðslu föðursins, þá átta ára að aldri.

Höfði var rétt fyrir ofan kauptúnið Sandvík. Þaðan voru sjóróðrar stundaðir árið um kring. Skipin sem róið var, voru alt frá árabátum upp til stórra og þiljaðra seglskipa. Í Sandvíkur kauptún flykktust að menn af frá ýmsum slóðum – komu þeir til að stunda sjóróðra á vertíðinni. Fóru svo oft að heiman lokinni, eða þeir réðu sig á stærri skipin, og urðu þannig íbúar Sandvíkur, jafnt sumar sem vetur.

Á meðal innflytjenda þessara voru eins og oft vill verða misjafnir sauðir í mörgu fé. Áhrifin sem þeir komu með voru oft góð og lærdómsrík, en þau voru líka sum ill og skaðleg fyrir óþroskaðar barnssálirnar. Héraðið hafði áður verið fámennt og rólegt, en sökum mikillar fiskigengdar var nú héraðið í miklum uppgangi. Menn þessir fluttu með sér líf og fjör og margt komu þeir með sem var áður óþekt í Sandvík. Þeir sóttu sjóinn af kappi, en þess á milli

Skjalasafnið Ísafirði

vildu þeir hafa það gott og skemtilegt. – Annars urðu þeim dagarnir oflangir og lamandi. Þeir kunnu lítt af annari vinnu, en þeirri er að sjómensku laut og þeim var illa við alt annað þótt það gæfi þeim smáaura að launum. Hjá sjómönnum í Sandvík var því annaðhvort mikið erfiði á þá daga sem gaf, eða hreint iðjuleysi oft dögum og vikum saman. –

Björn mundi það svo vel þegar hann í fyrsta skifti komst á vald þessara ungu og hraustu sjómanna. Hann var þá innan við fermingu – kátur og fjörmikill, skýr og efnilegur unglingur og til var hann í alt er hann sá leikbræður sína og stalla aðhafast.

Hann gekk í hægðum sínum sem leið lá frá Höfða og ofan í Kaupstúnið. Þar hitti hann Óla. Hann var háseti hjá Snorra skipstjóra og bjó í svonefndri Snorrabúð. Óla þekti hann orðið vel, því þetta var þriðja vertíðin hans í Sandvík. Óli bauð honum með sér inn í búðina og bað hann að drekka með sér kaffi. Þegar inn kom voru margir fyrir. – Voru það bæði hásetar Snorra skipstj. og margir hásetar sem áttu heima í öðrum búðum, en höfðu slangrað þar inn til að eyða þar tímanum, ef það gengi þá betur en heima í sínum eigin búðum.

Skjalasafnið Ísafirði

Ryskingar og áflog tókust brátt með þeim sem fyrir voru. Þeir voru fjórir komnir í bendu á miðju gólfi. Allir voru hásetar þessir að sjá knáir og vel að manni. Leikurinn barst að einu rúminu í búðinni. Alt í einu steyptist allur hópurinn ofan í rúmið svo það brotnaði niður á gólf. Þeir efstu stóðu upp en sá neðsti bar sig hálf illa, því báði hafði hann átt þetta rúm og svo varð hattinn hálf illa úti í byltunni. Leikurinn endaði með stóryrðum og þrasi milli þeirra félaga.

„Ekki duga þessi læti lengur“ sagði Óli „við ættum heldur að fá okkur einn „hring“". Já, spila vildu margir. „Viltu ekki spila með okkur Bjössi?“ sagði Óli. „Ég kann ekkert spil“ hafði hann sagt. „Lander er auðlært og þar að auki skemtilegt spil“ sagði einn í hópnum, og sá sem verst hafði orðið úti í ryskingunum. Allir voru til með að spila „lander“. Bjössi vildi líka reyna ef þeir vildu hjálpa honum til fyrst í stað. Spilin voru stokkuð og peningarnir voru teknir upp. Hann hafði verið fljótur að læra spilið, og gekk nú vel því hann græddi á tá og fingri. Ýms ónot heyrði hann samt með því frá félögunum, einkum þeim sem fyrir tapinu urðu. — Loks var hætt. Sumir

Skjalasafnið Ísafirði

voru svipþungir og ætlu tíma er sömu menn
skyldu aftur setjast, því ómannlegt þótti að
fara frá spilaborði með vinning, svo ekki væri
aftur um hann spilað. – Þannig hafði
það atvikast fyrst að hann fór að venja
komur sínar í verbúðir sjómannanna í Sandvík.

Árin liðu. Hann var fermdur eins og
hin börnin. Frelsið varð nú enn meira, því faðir
hans hélt honum ekki mikið að vinnu og
sjálfur vildi hann helst vera laus við skepnu-
hirðingu eða jarðræktu í túni föður síns. Faðir
hans hafði líka alltaf fremur hugsað að koma
honum til mennta og gera þannig mann úr
honum á því svonefnda andlega sviði. Þetta
var líka hans einasta barn og fjármuni átti
hann mikla. Sjálfur var Kristján bóndi menntaður og hafði
ungur víða um lönd farið. – Einhverju sinni
hafði pabbi hans fært það í tal við hann með
alvöru mikilli hvort hann hefði engan hug á að
læra eitthvað t.d. verslunarfræði eða ganga í mennta-
skóla og taka embætti að afloknu námi. Hann
hafði þá svarað föður sínum á þá leið að hann
hefði lítið um það hugsað. – Taldi þó að hann
hefði ekkert í að læra og engan áhuga á að gegna

Skjalasafnið Ísafirði

þeim störfum sem mentunin veitti honum. Hann hafði
þá sagt að sig langaði mest til að verða sjómaður
og fara í siglingar með erlendum sjómönnum. Tal
þeirra feðga hafði svo fallið niður. – Hann hafði
svo ungur ráðist sem háseti á eitt af stærri
skipunum sem fiskveiði stunduðu frá Sandvík. Þar
hneigðist hann meira til spilanna og annara skemt-
ana en áður hafði verið. Þá hafði hann líka farið
að bera við að reykja og ýmislegt fleira í þá áttina,
því hann var nú sjómaður eins og hinir og mátti
til að fylgjast með tímanum, en slíkt var nú
tíska meðal sjómannanna í Víkinni. Nú gat hann
orðið spilað stór fjárhættuspil án þess að taka
nærri sér. Hann vakti við þau oft nótt eftir nótt
og jafnvel án þess að neyta matar síns. Marga
nóttina sat hann kaldur og svangur á milli birtu-
tíma og spilaði við félaga sína. Oft var vinningur
hans lítill og stundum tap. Á nóttunni var meira
næði til spilamenskunnar. Voru þær því notaðar til
þess fremur en dagurinn, enda var eins og það ætti
betur við sjómennina í Sandvík að vaka á nóttunni
en sofa aftur á daginn.

Á sumrin hafði hann stundum farið til
annara veiðistöðva og róið þaðan. En alltaf var

Skjalasafnið Ísafirði

við sjó á stórum skipum eða smáum. Heima var hann þó altaf á vetrum og bjó hjá föður sínum. Pabbi hans hafði þá oft beðið hann að hætta við spilin, en læra heldur eitthvað í frístundum sínum, er mætti honum að gagni verða. – Sjálfur hafði hann boðist til að kenna honum reikning, skrift og tungumál undirstöðu í ýmsum fræðum. Það gæti máske hjálpað honum ef hann síðar meir fengi sjálfur hugsun á að nema eitt-hvað, sem gæti stutt hann á ófarinni lífsleið hans. Þannig hafði gamli maðurinn látið dæluna ganga.

Framh.

Páll Hallbjörnsson.

<u>Sendibréf</u>.

S.eyri 8/3. 1924.

Góði vin!

Þegar ég vaknaði á sunnudagsmorguninum, þá mundi ég að ég ætti eftir að svara þínu góða bréfi. Lítið get ég sagt þér í fréttum, en eitthvað verður það samt að vera.

Hafísinn kom og heilsaði okkur Vestfirðingum en kvaddi nær samstundis. – Þorri beiddi

Skjalasafnið Ísafirði

Góu að verða konuna sína, en þegar hún fékk bréfið, varð hún svo reið, að hún reif sig og lamdi utan svo að snjóaði og nú sést varla í dökkan díl. Og ekki voru hrákarnir betri sem hún spýtti út úr sér, því hver sem fyrir þeim varð, veiktist og lá í marga daga. Lítið hefir fiskast hér í vetur, en vonandi að batni. – Ég held ég geti nú lítið sagt þér meir í fréttum, enda ættirðu að hafa þar nógar ef þú lest „Vesturland“ og „Pillur“ því „nú er úr móð að nefna Guð, nema góðan daginn.

Vertu svo marg krossaður
þinn vinur
Friðbert G. Guðmundsson

—— o ——

Um íþróttir.

Frh. Kúluvarp.
(varpið)

Þegar búið er að kasta kúlunni, er snögglega skift um fætur til að halda jafnvæginu.

Skjalasafnið Ísafirði

## Kúluskrefteikning.




## Algengar villur.

Vinstra fæti er sveiflað of stífum og afllausum. Menn hoppa í aðstökkinu og dvelja í varpstellingunni. Vinstri fótur nemur jörð hægra megin við hægri fót og framan við hann svo að menn geta ekki notið sín í kastinu. Skrefið, beygjan og vindan ekki nógu mjúkt, eða vinduna vantar jafnvel alveg. Kúlan verður of langt frá öxlinni í varpinu, verður kast í staðinn fyrir varp. Menn varpa of snemma með handleggnum

Skjalasafnið Ísafirði

horfa ekki í kaststefnuna, fylgja ekki kastinu
eftir með bolnum og skifta of snemma um
fætur.

## Þjálf.

Æfið mikið að kasta án aðstökks,
jafnvel eftir að þið eruð farnir að kasta langt.
Æfið aðstökkið sérstaklega. Æfið rækilega að
fá aðstökkið eins fljótt og hægt er. Gott ráð
til þessa er að æfa í halla, séu menn þá ekki
fljótir í aðstökkinu fæst ekki gott varp. Beygið
hnén ekki svo mikið að þið réttið þau ekki
til hlítar. Réttið ykkur vel upp, ekki aðeins fram
en upp, upp, <u>upp</u>. Réttið þessvegna fremra hnéð
þegar varpað er. Reynið að fá samvarpið nákvæm-
lega rétt. Æfið oft, allt að því 5 sinnum í
viku og leggið sérstaka rækt við snerpu,
samtök og krafta. Gott er að æfa viðeigandi
leikfimisæfingar á morgnana, þegar farið er á
fætur. Einu sinni í viku skal æfa kúlu-
varpið með fullu afli.

Meira.

Fr. Hjartar.

---o---

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd

Friðrik Hjartar, Kr. B. Kristjánsson og Kr. G. Þorvaldsson

5. árg. | Suðureyri 30. mars 1924 | 4. blað

## Munir.

Á öllum öldum hafa verið til afreksmenn og afrek þeirra hafa geymst með þjóðunum sumpart skráð eða aðeins í sögnum, hafa þannig sagnirnar um afrek forfeðranna lifað á vörum manna í marga mannsaldra og ávalt verið hvatning til yngri kynslóða að ættlerast ekki.

Ýmsir staðir eða hlutir eru og einnig til sem að einhverju leyti eru tengdir við sagnir um afrek manna og hafa geymst óspiltir mann fram af manni fyrir það að menn hafa talið það skyldu sína að varðveita það sem helgan hlut, sem geymdi minningu forfeðranna.

Aftur á móti hafa aðrir fótum troðið alt slíkt og talið hégóma, hefir þessvegna margt eflaust glatast, sem eigi skyldi.

Skjalasafnið Ísafirði

Mikið mun það hafa tíðkast í fyrndinni að menn reyndu afl sitt á að lyfta steinum og eru víða ~~st~~ enn til steinar sem benda á það. Einn slíkan stein höfum við Súgfirðingar átt hér, sem því miður er glataður nú.

Það er „Manni" sem allflestir munu kannast við, því ekki er svo langt síðan hann var á foldu, þótt nú sé hann það eigi.

„Manni" er ævagamall aflraunasteinn sjómanna hér. Það hefir jafnan þótt vel að manni sem hefir lyft honum frá jörðu, en sá talinn sterkur, sem rétt hefir sig upp með hann í fanginu, enda munu þeir fáir sem það hafa leikið. Gamlir menn muna frá því að segja að einn hafi lyft honum á kné, en annar á mitt læri o. s. frv.

Hefði þetta átt að hvetja okkur til að reyna afl okkar á „Manna" og komast að raun um hvort við ekki gætum náð þessum afrekum.

„Manni" vóg, að mig minnir 365 ℔.

Ýmsar sagnir benda á það að þeim mönnum hafi eigi staðið á sama um hann er til hans þekktu og talið sér skyldugt að varðveita hann

Skjalasafnið Ísafirði

frá glötun og fer ein slík ~~saga~~ hér á eftir:
Eitt sinn fyrir allmörgum árum voru menn að hlaða hér verbúðartóft, og höfðu þeir tekið „Manna" í vegginn. Þá ber þar að Þorbjörn sál. Gissursson bónda á Suðureyri, þekkir hann þegar steininn, þrífur hann úr hleðslunni og biður byggingarmenn að láta steininn kyrran, því piltar hafi hann til að leika sér að honum. Urðu þeir vel við því, enda geymdist hann síðan, þar til vorið 1922. Þá líta aðrir grjóthleðslu-menn hann girndaraugum og taka og flytja fram í fjöru og láta þar í hleðslu. — Þá var enginn Þorbjörn til sem tæki hann úr hleðslunni. — Síðan kom haust-brimið og rótaði öllu til, svo að nú er „Manni" búinn að liggja nær því tvö ár í fjörunni og er ef til vill algjörlega glataður.
„Stefnir" ætti fyrir löngu að vera búinn að taka steininn til varðveitslu, en um það tjáir ekki að sakast.
Vil ég nú skora á „Stefni" að láta leita að „Manna" í vor þegar snjóa leysir

ef ske kynni að hann fyndist og varðveita síðan. Betra er seint en aldrei.

Guðni Á. Guðnason.

— o —

## Tapaðar stundir.

Fr. h.

Hann hafði tekið þessu heldur dauflega en þó hafði hann ekki alveg viljað styggja föður sinn, sem altaf hafði verið honum góður og mildur faðir. Hann hafði svo stöku sinnum farið að læra hjá pabba sínum. En stundirnar urðu fáar, því það var eins og hann hefði aðeins gjört þetta fyrir föður sinn en ekki fyrir sig.

Leið hans hafði oftast nær legið til þeirra verbúða sem hann var vanur að spila í, en lærdómsbækurnar hafði hann lagt á hilluna, — föður sínum til mikilla vonbrigða. Honum hafði þótt svo þurt og leiðinlegt að slagast í þessum lærdómsbókum. Aftur og aftur hafði hann fleygt þeim frá sér. Hann vildi vera þar sem lífið var tilbreytingarríkara og meiri gleðskapur á ferðum.

Skjalasafnið Ísafirði

Einu sinni sem oftar hafði hann farið til verbúðar Snorra skipstjóra, þar sem hann var vanastur að spila og skemta sér. Hann hafði setið við spilaborðið með hárri „bít". Sjaldan slíku vanur tapaði hann nú óvenju miklu því oftast hafði lánið verið með honum. Hann varð ákafari og ákafari. Bauð djarfar og vogaði meiru en alt kom fyrir ekki. Lánið var ekki með honum núna. Hann var orðinn rauður og þrútinn í framan. Einkennilegir drættir voru við munninn og svitinn perlaði á andliti hans. Hann tók hvern seðilinn af öðrum úr veski sínu, en þeir hurfu hver af öðrum. Hann stóð á fætur og hætti. Í einhverju hugsunarleysi gekk hann niður að sjávarströndinni, þar sem sjórinn hamaðist í jötunmóð og norðanaldan barði miskunarlaust á malar fjörugrjótinu. Hann þurfti að vera einn svo hann gæti jafnað sig eftir spilatapann. Hann hafði nú tapað voðalega, spilað út hlutnum sínum, sem hann hafði aflað með vökum og erfiði á þessari vertíð, sem nú var að enda. „Ég er á skakkri braut" hafði hann sagt við

Skjalasafnið Ísafirði

sjálfan sig. Ég verð að ná mér upp, ná
þeim peningum sem ég hefi burt spilað; þeir
mega ekki fara burt með þessa fúlgu. En
svo hætti ég líka alveg að spila. Já, ég steinhætti.
Þannig flugu hugsanir hans hver af annari.
Hann hafði þarna náð fyrir öllum, nema
þegar báran beygði sig í lengra lagi og sleikti
fætur hans. Hann var nú ákveðinn: „Reyna
bara að ná þessu tapaða fé og hætta svo." Hann
hafði svo farið heim, sótt sparisjóðsbókina sína
farið með hana til gjaldkerans og tekið út úr
henni 200 krónur, sem pabbi hans hafði gefið
honum í afmælis og fermingargjöf og haldið
því saman fyrir hann og til þessa geymt
bókina, en eftir ferminguna hafði hann
sjálfur fengið hana til varðveitslu.

Daginn eftir gaf ekki til róðra. Hann
hafði því farið um kvöldið ofan í Snorrabúð og
boðið félögum sínum út. Eins og ekkert hefði
fyrir hann komið settist hann við spilaborðið.
Hann sökkti sér brátt svo ofan í spilin að hann
gleymdi tímanum. Að borða kvöldverð eða
fá sér nokkra hressingu, hirti hann ekkert
um. Hann var nú alveg hissa. Hans mikla

Skjalasafnið Ísafirði

spilalán var víst alveg farið. Hann tapaði nú miklu meir en í gær. Fyrst höfðu farið. Fyrst höfðu farið 10 kr. svo hafði hann séð á eftir 50 krónu seðlinum, og ennþá hafði hann látið 100 kr. á borðið. Enn hélt hann áfram, en þó var eins og hann fylgdist ekki lengur með í gangi spilamennskunnar. Hann var hás og fölur. Augun sljóf og kæruleysisleg. Það var eins og honum væri alveg sama á hverju gekki.

Félagar hans höfðu horft á hann á víxl og svo hvor á annan. Þeir eins og hálfvorkendu honum og þótti víst orðið nóg um tapa hans. Hann hafði nú átt eftir nokkra smápeninga á borðhorninu, en mikill bunki bréfpeninga lá í borði og var nú gefið og spilað um þá peninga. Hann fekk ágæt spil og bauð í alt sem í borði var. Sá sem gaf velti upp tromfinu, en það hafði ekki oltið upp í þeim lit sem gæti orðið honum til gagns. Hann fleygði spilunum út í horn. Það var eins og þau hefðu brent hann í fingurgómana. Stóð svo upp

Skjalasafnið Ísafirði

með hægt – kvaddi félaga sína, um leið og hann bað þá ei bíða sín oftar til spila.

Næsta sumar hafði hann siglt milli landa á norskum gufubát. Undi hann hag sínum vel og var hugfanginn af því marga er fyrir augun bar erlendis og hann hafði ekki þekt neitt til á meðan hann var heima á Fróni. Síðasta kvöldið sem hann spilaði í búð Snorra skipstjóra hafði hann gengið niður á ströndina eins og í fyrra sumarið. Þar hafði hann grátandi strengt þess heit að hann skyldi aldrei framar spila fjárhættuspil, helst aldrei framar taka sér spil í hönd. Honum var orðið svo illa við þessa spilaleppa.

Sjómensku hafði hann svo stundað hér og þar um nokkur ár. Hafði reynt að fara betur með aura sína en áður, og aldrei tekið sér spil í hönd.

Hann var á siglingu víða um heim. Hafði séð margt og ýmislegt hafði mótað huga hans, sýnt honum hversu störfin voru mörg og menninir misjafnir. Honum var

nú farið að leiðast við sjóinn. Þessi sífeldi erill úr einum stað í annan, og sama tilbreytingarleysið á hafinu var farið að eiga illa við hann. Honum fanst hann þurfa að vinna eitthvað sem gæti orðið fósturjörðinni og niðjum hennar ~~að~~ til framfara. Hann fann það svo vel hvað hún var langt á eftir öðrum þjóðum í svo mörgu. Jú. Hann vildi reyna að sínu leyti en til þess varð hann að nema eitthvað, því þótt hann hefði nú margt séð og reynt af heiminum þá var það ekki einhlýtt. – Undirbúningur hans undir nám var ekki góður. Hann hafði í raun og veru ekkert lært og það sem það hafði verið var fallið honum úr minni. Hann hafði nú samt treyst á mátt sinn og megin og læra vildi hann. Já! Hann skyldi hafa það í gegn.

Hann kom heim í lok sláttar. Þá hafði hann beðið föður sinn að sækja um inntöku fyrir sig í mentaskólann í höfuðborginni. Í mörg ár hafði hann ekki séð föður sinn svo glaðan því hann var

Skjalasafnið Ísafirði

oftast var fátalaður og enginn las í huga hans að japrati. En hér var nú það að gerast sem gamli maðurinn hafði lengi þráð að komist gæti í framkvæmd.

Þ.h.

Páll Hallbjörnsson

Heill og sæll „Röðull“!

Hrumur og farinn dalakarl heilsar uppá þig að þessu sinni. Þið, þú og hann eigið ekki samleið. Fullur fjörs og í æskufluginu öslar þú yfir brim og boða og ölgusjóa mannlífsins. Allt x þér fært. Þótt einhver tálmun hafi komið fyrir á vegi þínum, kemur þér ekki til hugar að leggja slíkt á minnið. Þetta þarna framundan heillar allan hug þinn og gjörir þig framsækinn, líkan garpmenni. Þú mátt vera hreykinn. Dalakarlinn ber virðingu fyrir þér. Þú átti skilið að þérast ef sá siður næði til blaðanna eða fá heiðursmerki ofan at fyrir krapt og þrótt inn-byrðis. Mér myndi ekki endast æfi mín ef ég reyndi að færa sannanir fyrir orðum

Skjalasafnið Ísafirði

mínum. Hæ! Þetta er hreinast bull og
grautargjörð hjá karlinum og ekkert annað
segir þú og klórð að fyndni þinni, þeirri,
að þér skyldi detta grautur í hug, af því
þú vissir að hann er uppáhaldsréttur karls-
ins. En varaðu þig laxi, að þú fellir þig
ekki á þínu eigin bragði. Einn er það aðal-
kostur þinn að þú gjörir þér engan manna-
mun heldur ætlar að veita karlskinninu
hýsingu hjá þér, þótt hann hafi ekki annað
til brunns að bera en slíkt léttmeti,
sem sver sig í grautarkynsættina, svo að þú
fáir að eiga hnittni þína. Svo skal ég
líka segja þér eitt sem þú mátt gjarnan
mín vegna segja aftur öllum dáendum
þínum, að miklu heldur kýs ég virkilega
ósvikinn heimagraut, heldur en kaffi-
sullið sífelda og kökurnar hans Kolla, sem
þið leggið ykkur til munns og annað svip-
aðs eðlis. Þetta er bara innskot skilur
þú. Eins og ég sagði þér í upphafi, þá
eigum við ekki samleið. Nú skal ég sanna
þér það. Svo sem þú beinir huga þínum
óskiptum allar götur fram og vilt ekkert

Skjalasafnið Ísafirði

annað fremur, þannig þvert á móti lifum við gömlu karlarnir í endurminningum liðinna stunda. Skaltu þá Röðull sæll fá að heyra eitthvað af því sem þessi karl á geymt í minnisskjóðu sinni, ef þú á annað borð hefir tómstund til að hlusta á það auðvirðilega hjal hans. Hefur hann svo frásögu sína og segir sjálfur frá atvikunum sem hann nú í stuttu máli lýsir fyrir ytcker félögum sínum.

Það var á Þorranum 1902 að ég fór fyrstu ferð út úr hreppnum. Átti hún aðallega vera til skemtunar og upplyftingar. Stefnt var til Önundarfjarðar og farin frá Suðureyri skemsta leið sem talin var, fjallveginum upp frá Kvíanesi (Grimdalsheiði) því til stóð að heimsækja yfirmanninn í Holti, prófast minn séra Janus. Slóst í för með mér unglingsmaðurinn Kr. A. Kristjánsson á Suðureyri, nú kaupm. m.m. Hrepptum við grimdarfrost og kom ég talsvert kalinn á öðrum fæti á áfangastaðinn. Svo klaufalega tiltókst fyrir mér að fyrir utan Laugar vöknaði ég á fæti, en hélt að það kynni ekki að saka. Forsjálni hefði þá meiri verið að fá sér

Skjalasafnið Ísafirði

sokk á Laugum. Í Holti varð ég að hafa fólinn tímum saman í ísköldu baði og þola íslegt skymnisbillið fylgdarmannsins. Það borgaðist eftir á. Ég mjakaðist áfram haltrandi að Flateyri frá Holti á öðrum sólarhringnum.

Frh.

Þorv. Brynjólfsson

---

## Um íþróttir.

Frh.

### Köst.

### 2. Spjótkast.

(Vegt 800 gr. lengd 2,6 m.

Spjóttak.

Spjótinu er haldið milli þumalsog vísifingurs, sín hvoru megin við aftari brún vafningsins. Hinir fingurnir kreptir um vafninginn. Haldið fast með löngutöng, lausara með baugfingri og litlafingri, sem gera lítið meira en styðja spjótinu. Spjótið á að liggja á ská um lófann, frá efsta kögli vísifingurs, yfir á handarjaðarinn, rétt

Skjalasafnið Ísafirði

336

framan við úlnlið litlafingursmegin.

## Byrjunarstelling.
(Hægri handar kast.)

Atrennulengdin verður að vera mæld og vera Ca 20-25 m.

Menn snúa sér í kaststefnu, armurinn boginn boginn og hendinni haldið því nær við eyrað, með olnboga fram. Oddurinn snýr beint fram og er ca 10 sm. lægri en afturendinn (fjöðrin.)

## Atrenna og útspyrna.

Atrennan hefst með hallyftingu og verður því hraðari sem nær dregur kastplanka, skrefin létt og stutt í byrjun. Ca 5 m. frá kastmörkum er ~~gert~~ merki, og á að stíga hægra fæti þar niður. Þegar farið er fram hjá þessu merki á einnig að leggja handlegginn beint aftur yfir öxlina, og á hægri handleggur að vera alveg beinn, þegar hægra fæti er stigið í H.K.

Fr.h.

Fr. Hjartar.

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd:

Friðrik Hjartar, Kr. B. Kristjánsson og Kr. G. Þorvaldsson

5. árg. | Suðureyri 13. apríl 1924 | 5. blað


## Sagan af Jóni útilegumanni.

Árið 1416 bjuggu hjón ein á bæ einum í Hvítafirði, sem Gnúpur heitir, áttu þau þrjú börn, tvo drengi og eina stúlku, ekki er getið um nöfn þeirra bræðra, en stúlkan hét Sigríður. Voru þau öll uppkomin þegar saga þessi gerist. Þótti mikið um fegurð Sigríðar og skörungsskap og fanst ekki hennar jafningi þar um slóðir; urðu því margir ungir menn til þess að gefa henni hýrt auga. Faðir hennar hafði mikið bú og þurfti því á vinnumanni að halda, en hann var hvergi að fá þar um slóðir, situr þetta svo kyrt til hausts að hann fær engan til að vera hjá sér um veturinn. Svo er það kvöld eitt þegar allir eru komnir til hvílu nema dóttir þeirra hjóna að barið er að dyrum nokkuð harkalega. Fer stúlkan þá fram og

Skjalasafnið Ísafirði

heilsar kaupmaður henni glaðlega. Tekur hún vel kveðju hans og spyr hann hana ýmsra spurninga og svarar hún þeim fljótt og vel og þótti honum strax mikið til ~~þeirra~~ hennar koma. Spyr hann hvort faðir hennar sé heima, og játti hún því, en sagði hann vera til hirðu genginn, svo hann yrði að koma með sér ef hann vildi hafa tal af honum. Fara þau svo inn, heilsar hann þeim sem inni voru og ber síðan upp erindi sitt, og tekur karl því vel, kvaðst hann hafa leitað þar um næstu sveitir en engan getað fengið til að vera hjá sér um veturinn. Er honum svo borinn matur síðan fylgir stúlkan honum í lítið herbergi sem var í öðrum enda baðstofunnar og sofnar hann fljótt. Um morguninn fer hann á fætur og gengur út og lítast um og hugsar með sér að þetta hafi alt gengið vel, en samt lítist sér ekki vel á þá feðga. En það er nú sama hann vinnur fram eftir vetrinum og er hann látinn hirða féð; Kom það oft fyrir að hann vantaði af fénu og stundum alt. Leitaði hann þá víða og var lengi í burtu. Þótti engum neitt vanta á heimilið þó hann vantaði nema Sigríði enda höfðu þau verið mikið

Skjalasafnið Ísafirði

saman og voru þegar búin að fá ást hvort á öðru. Einu sinni sem oftar vantar hann féð. Segir bóndi þá að hann þurfi ekki að koma fyr en hann komi með féð. Leitar hann þá í þrjá daga og finnur ekki. Fjórða daginn hugsar hann að faðir sinn kynni að geta hjálpað sér og fer hann þá í dalinn sem hann átti heima í og hitti foreldra sína og bræður og er féð þar alt á túninu. Sagði faðir hans það vera af sínum völdum, því hann hefði viljað hafa tal af honum. Sagði hann að þau hjónin myndu bæði deyja þá um veturinn og vildi hann að Jón læki við búi eftir sinn dag. Tók Jón því vel. Lofaði hann bræðrum sínum að hann skyldi koma heima um veturinn með brúði sína og taka við búi. Kvaddi hann þau svo með miklum trega og hélt heimleiðis. Þegar heim kom sagði hann engum frá ferðum sínum nema unnustu sinni. Þótti henni þetta ekki gott því hún var hrædd um að faðir sinn, myndi ekki leyfa að þau giftust og því situr bræður sínir og réttu þeir því að mestu. Jóni þótti illt í efni, þar sem þeir bræður áttu

Skjalasafnið Ísafirði

hlut að máli, en svo varð það úr þeirra á milli að þau skyldu reyna að flýja og tiltóku þau dag sem þeir feðgar ætluðu í kaupstað og gerðu og gerðu þeir ráð fyrir að þeir kæmi ekki heim fyr en næsta dag. Um nóttina leggja þau Jón og Sigríður af stað, tóku þau bestu hestana sem voru heima en þeir bræður voru á sínum hestum og voru þeir mikið fljótari; ríða þau fram eftir dalnum en þegar þau koma fremst í hann sjá þau hvar þrír menn koma á móti þeim og þekkir Sigríður að það eru bræður hennar og faðir. Spyr hún Jón hvað þau skuli taka til bragðs og segir hann að þau skuli snúa til baka, því hann geti ekki staðist þá alla í einu. Ríða þau nú alt hvað af tekur en samt dregur saman með þeim og bræðrum hennar. Sér Jón að það sé best að stansa, stíga þau af baki og bíða þeirra á flöt einni, því Jón sagðist helst geta varist þar. Varð nú fátt um kveðjur. Stökkva þeir af baki og ráðast þegar á Jón en hann var við því búinn og sló hann elsta bróðirinn slíkt högg að hann mölbraði hauskúpuna og var hann þegar dauður. Varð

Skjalasafnið Ísafirði

sá yngri þá aftur og sló til Jóns en hann
vatt sér fimlega undan og greip mótstöðu-
mann sinn hryggspennu. Tóku þeir að
glíma af kappi og féll hvorugur. Sleppti
Jón þá tökum og sló högg mikið á
handlegg honum svo í sundur gekk beinið.
Tók hann þá stein mikinn og vildi færa í
Jón en hann hljóp undir og með miklu
snarræði tókst honum að grípa um hand-
legg hans, og tók af honum steininn og
færði í höfuð hans, og drap hann með
því höggi, en rétt í þessu kemur karlinn
því hann hafði dregist aftur úr, og vill
þegar taka Jón hálstaki, en Jón var
snar og náði til hans fyrr og sló hann
högg mikið svo hann féll í svima. Bað
Sigríður hann að gefa föður sínum líf.
en hann sagði að hann myndi drepa sig
ef hann gerði það; en það varð samt úr
að Jón sagðist skyldi gefa honum líf,
ef hann mætti giftast Sigríði með leyfi
hans. Lét hann karl þá upp standa og
lofaði hann því að þau mættu giftast
með sínu leyfi, en aldrei koma fyrir sín

Skjálasafnið Ísafirði

augu framar. Giftu þau sig þar í sveitinni og fluttu svo til dalsins. Bjuggu þau þar síðan og áttu mörg börn og urðu þau hin efnilegustu. Bræður Jóns voru hjá honum. Ekki er þess getið hvort þeir kvæntust. Aldrei fréttist neitt af foreldrum Sigríðar eftir að þau fóru í dalinn. Þau enduðu bæði æfi sína þar, og er þessi saga ekki lengri.

Guðm. Herm. Guðmundsson.

## Fundarför.

Frh.

Gengum við svo stundarkorn um sandinn, uns báturinn kom. Var þegar undið upp segl er komið var undan landi því blásandi byr var á. Nú hugsaði Þrömi sér til hreyfis og bjóst til að yrkja drápu um viðburði ferðarinnar og hina hraustu kappa sem með honum voru komnir vestan yfir hina sögufrægu Gemlufallsheiði. Valdi hann sér lag með bralli miklu í endanum og brá sér svo á bak Pegasusi. En heldur þótti reiðlagið fara á ringul, hefir varla sést armæðins á landi

Skjalasafnið Ísafirði

landi hér, því klárinn komst ekki úr spor-
unum, en lagði kollhúfur og veifaði taglinu
og lá við sjálft að hann mundi ausa
riddaranum af baki. En hann bjargaði
sér alltaf yfir á „ballið" og gekk svo góða
stund. En endirinn varð sá að báðir urðu
fegnir að skilja. Mun það vera nokkuð
því að kenna, hvernig hin yngri skáld
vor eru búin að fara með þessa ágætu
skepnu, að ekki gekk betur en svona.
Þegar Snorri var stiginn af baki Pegasusar
fór hann enn með stemmuna fjörlegu
og nam ég þá erindið sem er svona:

„Út við sjó einn bóndi bjó
á bulluskóm sig þandi
heyið sló í hundamó
heim svo dró í bandi."

En að endingu sungum við hina ágætu
norðlensku stemmu við erindið „Yfir kaldan
eyðisand" meðan báturinn rendi fram hjá
nokkrum togurum, sem lágu á höfninni,
og upp að bryggjunni.
Á Flateyri hittum við þá Hans og
Arnólf, sem höfðu komið þangað daginn

Skjalasafnið Ísafirði

áður yfir Klofningsheiði, lent í dimmu, villst af leið og komist við illan leik niður Kálfeyrardal. Þeir urðu okkur samferða heim næsta dag. Á leiðinni varð einhverjum okkar fundarmanna það á að segja að þeir Arnólfur hefðu farið of seint af stað. Þeim hefir víst fundist að nú ætlaði „eggið að fara að kenna hænunni" því Hans sagði með þykkju mikilli: „Þið fóruð sjálfir of seint af stað, svo þið ættuð ekki að segja margt." Þoldu þeir illa umræður um ferð sína. Klofningsheiði fékk það áheit að gert skyldi við vörðurnar á henni og settar staur í svo margar að aldrei gætu í kaf farið.

Heim komumst við svo á 5. degi eftir að af stað var farið, hressir og glaðir yfir ferðinni afstaðinni. Veðrið hafði allajafna verið hið versta alla þessa daga, var einna best daginn sem við komum heim.

Slyttri sögu en þetta get ég ekki skrifað um svona ferð, en vegna rúmleysis í blaðinu verður hún ekki lengri að sinni.

Kr. A. Kristjánsson.

Skjalasafnið Ísafirði

## Tapaðar stundir.

Fr. h.

Inntökubeiðninni var svarað játandi. — Um haustið hafði hann svo farið til skólans. Faðir hans hafði gefið honum nóg til námskostnaðar á því ári, og beðið hann vel njóta. Jafnframt lagði hann sjálfur fram það litla sem hann hafði dregið saman. Það var eins og gamla manninn hefði grunað að hann ætti ekki eftir að sjá son sinn aftur. Hann kvaddi hann vel og innilega um leið og hann bað forsjónina að vernda hann og styðja í þeim erfiðleikum sem sífellt væri að etja við og hann sjálfur þekkti svo vel. —

Hann hafði svo siglt til höfuðborgarinnar, og tekist af sérstöku láni að yfirstíga fyrsta örðugleikann, er var í sambandi við inntöku skilyrðin og prófið, svo hann fengi að vera í skólanum. —

— Í skólanum hafði hann jafnan komið sér vel bæði við kennara og pilta. Hann las af miklu kappi, oft langt fram á nótt, en vaknaði snemma til skólagöngu

Skjalasafnið Ísafirði

og aldrei hafði hann svikist frá skólasbundum sínum. Þrátt fyrir alt hans kapp og lestur þótti samt kennurum hans hann ekki standa sig eins og þeir hefðu viljað. Og það var í rauninni eðlilegt, hann hafði komið svona aðvífandi inní skólann. Enga undirstöðu verið búin að fá, svo hann gæti fylgst með þeim sem lært og numið höfðu undirstöðuatriðin, þau sem öllum eru svo nauðsynleg til hvaða mentunar sem er. Hinir piltarnir bygðu nú ofan á góðar undirstöður, en hann, á hverju bygði hann? Ja, hann bygði bara í lausu lofti. Hans mentun hlaut að vera árangurslaus. Kennurum hans hafði altaf þótt hann kunna vel lexíur ~~sínar~~ þær er honum voru settar fyrir til þessarar og þessarar stundar, en þegar þeir (kennararnir) höfðu farið útfyrir þær, þótt ekki væri nema í Íslendingasögurnar, Eddurnar, þjóðskáldin eða merka höfunda og verk þeirra, þá hafði hann jafnan engu getað svarað. Þar hafði hann altaf verið mát.

Námsgreinir þær er í skólanum voru kendar voru erfiðar og margar. — En það var

Skjalasafnið Ísafirði

þó altaf þetta sama sem gerði honum
námið svo erfitt, torskilið og þreytandi. Hann
varð allstaðar að grípa inn í. Hann vantaði
undirstöðuatriðin í hverri einustu námsgrein.
Hversu sárt hafði hann ekki iðrað hvernig
hann hafði eytt æskuárum sínum. Hvernig
hann hefði látið þennan dýrmæta tíma
sleppa úr greipum sér. Á þeim árum
átti hann svo hægt með að læra. Já,
læra svo hann hefði nú haft góða undir-
vísun í flestu sem hér var kent. Faðir
hans hafði svo oft boðið honum að segja
honum til og það hefði hann ekki þurft
að borga. Nei, nei, það hafði faðir hans
einmitt langað til og hefði orðið honum
mikillar gleðistundir en sjálfum honum til
þroska og styrktar. En nú var faðir hans
dáinn. Dáinn. Hann hafði marghugsað
orðið og sagt það við sjálfan sig. Það
sorglega slys hafði alt orðið svo sviplegt
og borið svo skyndilega að. Það var nokkru
eftir að hann var kominn á skólann að
hann móttók bréf frá Hálfdáni gamla.
Það var vinur föður hans. Í bréfi þessu

Skjalasafnið Ísafirði

var honum tilkynt að það hefði kviknað í íbúðarhúsinu á Stöfða; það hafði brunnið ásamt þeim húsum er í kring höfðu verið; en það sem mest um vert var, ~~það~~ að hinn ljúfi og ástkæri faðir hans hafði brunnið inni. Nú var hann einstæðingur. Faðir hans sem altaf hafði verið honum svo góður var nú horfinn sjónum hans. Hann átti engan að, ekki einu sinni góðan vin. En hvað heimurinn var orðinn kaldur og ljótur. Þegar að eignaleysið bættist svo við, og hann að vera nýbyrjaður á þessu námi, sem líklegt var að hann aldrei lyki við. Lexíurnar voru honum um megn. Tímanum hafði hann áður eytt sér til engra nota, en nú var hver stundin dýrmæt. Hann varð að komast í gegn um skólann. – Hann varð að drífa sig, beita öllum sínum vilja og viti að sama punkti og aðeins ef hann gæti einlæglega beitt óskertu viljaþreki sínu, þá hlaut hann að komast áfram hjálparlaust og það skyldi hann hafa af, hvern veg sem það mætti takast hjá honum.

Fr. h.

Páll Hallbjörnsson

Skjalasafnið Ísafirði

# Um íþróttir

Fr.h.

## Spjótkast.

Spjótið á að snúa í kaststefnu. Um leið er hryggurinn fettur og menn vinda bolinn til hægri en eins lítið og hægt er. Þegar hægra fæti hefir verið stigið á 5 m. merkið, er tekið skref með vinstra fæti, síðan stigið fast með vinstra fæti í HK., og vinstra sömul. í VK. (Telja má 1-2-3)

## Kastið.

Um leið og hægra fæti er stigið í HK., og vinstra fæti stigið fram, draga menn framhandlegginn yfir öxlina og fram og upp, í sama augnabliki sem vinstra fæti er stigið í VK. – Þá eru menn í kaststellingu. Athugið það að kastið er byrjað áður en ~~t~~ vinstra fæti er stigið niður. (í VK.)

Menn rétta fætur og hrygg með miklu afli og eins fljótt og unt er, upp og fram, svo að allur líkamsþunginn

Skjalasafnið Ísafirði




fylgi eftir handlegg
og hendi. Spjótinu
er kastað upp á við
í hér um bil 40° horn,
og **beint** fram.
Um fram alt verða
menn að þrýsta hægri
öxl fljótt og með
afli fram og upp eftir
handleggnum og um
leið öllum líkamanum
(gáið að vinstri öxl-
inni) svo að aflið
frá fótunum haldi
áfram fram og upp.
Í sama vetfangi og
öxlin er hæst uppi
er spjótinu slept, þann-
ig að lófinn viti fram.
Menn leitast við með
öllum líkamanum að
komast sem best fram
og upp undir spjótið.

Fr. h.

Fr. Hjartar.

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd:
Friðrik Hjartar, Kr. A. Kristjánsson, Kr. G. Þorvaldss.

| 5. árg. | Suðureyri 23. nóv. 1924. | 6. blað. |
| --- | --- | --- |

## Tapaðar stundir.

Tíminn leið með sínum jafna hraða; Dagurinn leið og annar kom í hans stað, sem skildi eftir ýmist sorg eða gleði meðal mannannabarna. Hann hafði nú lokið þessum námsvetri með allgóðum árangri og var að útbúa sig til sjómensku, því á sumrum hafði hann oftastnær verið við sjó, en stundað námið á vetrum. Hann las af miklu kappi þann tíman, en hann las líka mikið á sumrum á milli þess, er hann rjeri, og fjekk enga arðberandi atvinnu.

Og mörg var stundin sem hann las, þegar aðrir kvíldust. Á þennan hátt hefði hann haft það af að komast uppi í skólanum og útskrifast úr honum með góðum vitnisburði. Hann hefði auðvitað að fara margs á mis, og gert sjer að góðu að taka

Skjalasafnið Ísafirði

bækurnar sínar, einmitt þegar hann vissi að námsbræður hans ætluðu að fara í skemtiferðir, í leik-húsið, eð annað sem skólapiltar gera sjer til gamans í tómstundum.

Ekki hafði hann þó mest sjeð eftir þessu. Hann sá altaf miklu meir eftir því að hafa farið illa með æskuárin. — Kjarnann er honum nú fanst vera úr öllu mannslífinu. Að hafa aftekið hugann við spilaborðið og misboðið líkama sínum á alskonar slarki og umhirðingaleisi. Þann tíma gat hann aldrei náð í aftur. Hann var honum altapaður.

Jæja! þessi, tími var honum auðvitað tapaður, en hann ætlaði nú að reyna að vara aðra við hættunni. Hann var nú búinn að velja sjer það lífsstarf, er til heilla mætti verða fyrir þá er líkt voru nú staddir og hann hefði verið. Komast upp! Hafði einu sinni verið slagorð hans, þótt ekki heyrðu það margir fleiri en hann. Hann sjálfur var nú í raun og veru kominn að því takmarki, sem hann ætlaði að ná og var nú að sá hinum fyrstu kornum, sem hann svo lengi hafði hugsað að sá. — Hann hafði

Skjalasafnið Ísafirði

svo lengi þráð það að fá að hlinna að ný-
græðingnum. Nýgræðing Íslenskukynslóðarinnar þeirra
þjóðar, sem honum hafði altaf þótt svo vænt um,
þeirra þjóðar sem hann áður hefði fundið að
var svo langt á eftir í þróun og framför,
samanborið við stór þjóðirnar og reyndar líka
þær smáu. Þess vegna fann hann köllun sína
einmitt í því að taka unglingana undir
sína handleiðslu, það voru þeir sem áttu
að taka við af feðrunum, það á þeim sem
framtíð Íslensku þjóðarinnar byggðist.

Hann var nú nýbúinn að stofna ung-
linga blað, sem bar nafnið „Viljinn"

Hann var sjálfur ritstjóri þess og á morg-
un átti það að hefja göngu sína. Það átti
að koma út daginn eftir. Hann ætlaði að
benda unglingunum á að ganga ekki þá
hálu braut, er hann hefði einu sinni
sjálfur farið. Hann ætlaði að hvetja ung-
lingana til að skrifa í blaðið. Hann vildi
um fram alt stuðla að því að þeir töpuðu
ekki æskunni í alt annað, en þeir hefðu gott
af. til þess að þá eins og hann, þyrftu aldrei
að iðra þess, að hafa farið illa með tíma

Skjalasafnið Ísafirði

sem bestur er hverjum ungling til þroska.

Birni heyrðist komið við hurðina.

Hann hrökk saman, strauk hendinni yfir ennið. En hvað hann hafði nú gleymt sjer í hugsun sinni, það var komið langt fram á kvöld. Vinnu konan sagði að kvöldverðurinn biði hans. Björn þakkaði fyrir. Hann kvaðst koma niðri strax. Því næst dreif hann pennanum í blekhylkið og lauk við fyrstu greinina, er út átti að koma í Viljanum. Fyrirsögn greinar þessarar var „Tómstundir unglinga."

Að því búnu stje Björn frá skrifborði sínu og fór til kvöldverðar.

Páll Hallbjörnsson.

## Flokkaskifting.

Flokkastarfssemi „Skefnirs" síðastliðinn vetur, er að mínu áliti, vel þess verð, að hennar sje að einhverju getið í „Röðli". Skal jeg þá fyrst skýra með

Skjalasafnið Ísafirði

þam orðum frá starfinu. Svo sem menn muna voru flokkarnir nefndir „Huginn" og „Muninn". Starfsskrá þeirra er þannig:

Í Huginn eru fluttar 9 ræður alls af 7 mönnum, í Muninn 14 ræður alls af 8 mönnum. Kappræður eru 4 alls í hvorum flokki, upplestrar 6 í Huginn, 7 í Muninn; samlestur 2 hjá hvorum flokki, kvæði flutt 6 í Huginn 9 í Muninn. Huginn á 14 greinar í Röðli ritaðar af 9 mönnum, Muninn 13 gr. ritaðar af 9 mönnum. Sögur voru sagðar 6 sinnum í Huginn, 4 sinnum í Muninn. Sungin voru 12 lög í Huginn, 2 í Muninn. Rímur voru kveðnar einu sinni í hvorum flokki, gamanvísur sungnar einu sinni í Huginn og sögð ein ferðasaga. Muninn fjekk einn nýjan fjelaga.

Að loknu starfi var stigatala flokkanna þannig fyrir störfin: Huginn hafði 4175 stig, en Muninn 4135. En þar sem Muninn hafði 23 þátttakendur, en Huginn 21, þá bættust 150 við stigatölu Munins, svo að hann hafði 110 stig yfir Huginn. Má það heita lítill munur eftir svo langan tíma, sem flokkarnir störfuðu og bendir til þess að

Skjalasafnið Ísafirði

nokkur forsjá hafði verið með kappinu, svo sem jafnan þarf að vera.

Ofurlítið voru skoðanir skiftar um gagn flokkaskiftingarinnar. Vildu sumir halda því fram, að hún væri jafnvel til ógagns. Mjer er ómögulegt að sjá að svo hafi verið. Tilgangur flokkaskiftingarinnar var sá að fá sem flesta innan fjel. til að starfa eitthvað andlega. Þetta tókst allvel. Þátttakendur voru 44 alls.

Það er hreint ekki lítið. En mestu skiftir þó það, að af þessum 44 mönnum höfðu aðeins starfað 8-10 án flokkaskiftingarinnar. En hafa þá starfendurnir haft nokkur not af starfi sínu? Það tel jeg vafalaust. Þeir sem t.d. hjeldu ræður, hafa auðgað anda sinn á því að lesa um ræðu efnið, skerpt hugann við að semja ræðuna og brotið skarð í feimnina, sem er eins og múrveggur um alla byrjendur í að tala á fundum. Og svipað má segja um alla þá er tóku að einhverju ráði, þátt í starfsemi flokkanna. Jeg verð líka að segja, að margir fóru allvel úr hlaði,

Skjalasafnið Ísafirði

og bæði ræður, og greinar í „Röðli“ voru yfirleitt myndarlegar miðað við byrjendur. Kostur var það og við þessa starfsemi að menn skrifuðu talsvert og æfðust því unglingar meir í skrift en ella hefði orðið. Þá lærðu og margir falleg kvæði og fluttu og er slíkt alls ekki einskisvirði. Yfirleitt má líkja flokkastarfsemi Stefnirs við skóla, er æfir nemendur sem mest í sjálfsnámi og sjálfsstarfi. Er jeg hissa á því að einmitt maður, sem er „selv made man“ - sjálfmentaður eins og Englendingar segja, skildi verða einna mest til að lasta starfsemi þessa. Eitt af því, er að var fundið var, að þetta starf yrði að vera í molum, ræður yrðu að vera stuttar o.s.frv. En þetta er nauðsynlegt, sjerstaklega, þegar í hlut eiga byrjendur. Og það ætti að vera sem flestum ljóst, að það er alls eigi á færi miðlungsræðu-manna að halda ræður, sem taka mikið meiri tíma, en hálfa til heila kl. stund. Það á líka að vera skýlaus krafa, að ræðumenn eiga fyrst og fremst að reyna að verða vinsælir ræðumenn; reyna að ná sem best hylli áheyrenda. En enginn ræðumaður, sem er

Skjalasafnið Ísafirði

mjög langorður, nær mikilli hylli áheyrenda, nema hann sje afburða málskur, eða efnið mjög hrífandi. Þetta er sagt til athugunar og leiðbeiningar, þeim er byrjuðu að halda ræður í fyrra og vonandi halda nú áfram, því að flokkastarfsemi á að vera í „Skefni“ í vetur með einhverju sniði.

Sú er skoðun mín, og vona jeg að svo verði.

Friðrik Hjartar.

# Um íþróttir.

Fr. h.

Fremri fótur (vinstri) er í l.k. ca 1,5 m. frá kastmörkum, svo að hægt sje að ná jafnvægi á þessu bili. (Hvorki hönd nje fótur má nema jörð f. framan kastmörk.) –

**Algengar villur.**

Spjótsoddurinn reist of hátt í byrjunar stellingu og í atrennu. Skrefin of löng og silaleg. Hraðinn eykst ekki, og numið er staðar áður en kastað er. Handleggurinn ekki beygður yfir öxlina, og ekki rjettur til fulls. – Spjótsoddurinn gengur til hliðar,

Skjalasafnið Ísafirði

ekki kastað yfir öxlina, fremra fæti stigið niður áður en kastið byrjar. Menn nota ekki til fulls, bol axlir og fætur, til að fá aflið upp á við Kasta í loftinu þ. e. a. s. stökkva upp, eða skifta fótum meðan kastað er.

Æfingar

Bæði fyrir byrjendur og æfða gildir sú regla, að æfa vel hvert atriði út af fyrir sig svo vel að gangi af sjálfu sjer. Menn eiga því að kasta sjaldan af afli, en hugsa einatt um lagið t.d. handlegg, fætur, axlir o. s. frv.

Einn daginn æfist alveg að fá kastið ljett og með rjettu lagi, annan daginn æfð snerpan, án þess þó að kastað sje af afli, þriðja daginn með einu viðbragði, en kasta með öllu afli, fjórða daginn með fullum hraða í atrennu og viðbragð af öllu afli, en kastið þróttlítið. Fimta daginn er kastað af öllu afli. Kastið þá ekki meira en 15 köst með hvorri hendi. Æfið oft en gætilega; sje æft með röngu lagi og

Skjalasafnið Ísafirði

kastað af afli, er hætt við
að menn skemmi olnboga
eða öxl. Menn geta átt
lengi í togunum í handlegg
og öxl, og meðan svo er,
verða menn að æfa afar gæti-
lega. Nudd og votir heitir
bakstrar eru bestu meðulin
til lækna þetta. Einnig reynir
það meira á handlegg að kasta
með steinum spjóti, æfið
með klökku spjóti, og geymið
hin, þar til ~~oft er~~
kept er.

Meira. Friðr. Hjartar.

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd:
Friðrik Hjartar, Kristján A. Kristjánss. og Kr. G. Þorv.

3. árg. | Suðureyri 21. des. 1924. | 7. Blað

## Brot úr ferðasögu

Góði kunningi!
Ég var búinn að lofa þér því að segja þér eitthvað af ferðalagi mínu í haust. Það ætla ég nú að gjöra. Ég vona að þú fyrirgefir þó að ég fari með bifreiða hraða yfir efnið, því að ég verð að skrifa þér þessar línur í frímínútunum mínum.

Þú vissir að ég ætlaði lengra en til R.víkur. „Austur í sveitir“ var ferðinni heitið. „Austur yfir fjall“ segja Reykvíkingar. Fjallið er Hellisheiðin og að fara austur það á jafnt við hvort sem farið er í Árnes- Rangárvalla- eða Skaftafellssýslur.

Það var 30. okt. s. l.

Kl. 10 árd. var ég ásamt systur minni mættur á bifreiðastöð Soffíusar. Hafði ég tryggt mér far hjá honum kvöldið fyrir og látið skrá okkur sem farþega. Og nú vorum við mætt stundvíslega.

Fátt var þar af farþegum, og ekki ferðasnið á neinum. Nokkrir karlar voru reyndar að bera pjönkur sínar að bílnum, poka, töskur og annað dót, en þeir hurfu jafnskjótt aftur. Frétti ég að margir væru ókomnir og leist mér ekki á blikuna þegar kl. var orðin hálfellefu og enn voru ferðamennirnir að hverfa fyrir húshornið og inn í hús — „til að kveðja" sögðu sumir. Ég sneri mér nú að bílstjóranum, sem var rennandi sveittur við að binda farangur ferðamanna á pallbrún aftan á bílnum, og spurði hvort ekki ætti að fara að leggja af stað. „Bráðum," var svarið. Og það vissi ég nú reyndar að „bráðum" eða einhvern

tíma yrði lagt af stað. En loksins fóru menn að fara upp í bílinn og fá sér sæti. Mér þótti nú ráðlegt að fara að dæmi þeirra og settist í aftasta sæti stjórnborðsmegin. Úr því ætlaði ég ekki að víkja. Og ekki heldur ~~að~~ ætlaði ég að sitja undir neinum — það er að segja karlmanni — þó bíllinn yrði troðfullur eins og búist var við. — Ég sat nú rólegur nokkra stund og beið átekta. Nú var bílstjórinn sjálfur horfinn. Líklega farinn að þurka af sér svitann. — Já ég átti kollgátuna. Þegar hann litlu síðar valt sér upp í sæti sitt, sá ég hann hafði verið hjá rakara. Heillakarlinn. Og nú var kl. 11. — Ég gat nú reyndar fyrirgefið honum þegar ég fann að bíllinn fór að mjakast af stað og hurðum var lokað. Taldi ég nú víst að ferðin væri byrjuð. En það gat nú varla talist svo. Inn á Laugavegi stöðvaðist hann og karlarnir ruddust út. Hér átti enn að bæta farþegum

Skjalasafnið Ísafirði

við, en þeir voru ekki alveg tilbúnir
þó komið væri nær hádegi. Loks sá
ég þessa nýju farþega koma, og mér
til mestu skapraunar sá ég að það
var töluverður skegglubbi á kjálkum
þeirra, og kveið ég fyrir ef þeir biddu
bílstjórann að bíða á meðan þeir létu
raka sig. Ekki gerðu þeir það, heldur
settust allir upp í bílinn og var nú
skipað hvert sæti. Bílstjórinn spurði
nú hvort allir væru með. Því var játað.
Ágætt. Og bíllinn rann á stað. En
klukkuna vantar tuttugu mínútur í tólf.

Ég lít yfir hópinn. Tólf eru höfuðin.
Flest sveitamenn sem komið hafa til
R.víkur með fjárrekstra. Þeir þekkjast
flestir. Þeir talast kunnuglega við,
Árni, Kalli, Erlendur, Siggi og Jónni.
Þeir eru háværir, hlæja og skrækja og lítilshá[ttar]
held ég sé í kollinum á sumum. Elsti
maðurinn (Erlendur frá Hlíðarenda) vekur
mesta eftirtekt mína. Það gæti ég
hugsað að hafi einhverntíma verið
„maður með mönnum". Hann

Skjalasafnið Ísafirði

er ennþá svo fullur af lífsfjöri og kátínu að hann hrífur alla með sér þegar hann hlær eða segir eitthvað lifgandi. Sonur hans roskinn maður er einnig í bílnum, en hann er eins og steindrangi. — Íslendur byrjar að syngja og margir taka undir. Og hvert lagið rekur annað. Syngja margir fullum hálsi, ekki síst eftir að eins „Spönsk" hefir verið opnuð og gengið manna á milli. „Við sjóinn frammi lengur ég er undi" syngja sveitamennirnir með innileik. Og mér fanst ég skilja þá. En rétt á eftir kemur „Ég elska hafið" —

Ég sit við einn gluggann og horfi út. Sólin skín. Það er notalegt inni en norðannepja úti. Bíllinn rennur mjúklega áfram, meðan vegurinn er góður, og ég nýt þess þegar samferðamennirnir syngja: „Þar fossinn í gljúfranna fellur þröng" —

Við förum fram hjá nokkrum bæjum: Árbæ, Baldurshaga, Geithálsi og

Lögbergi. Framundan á hægri hönd gnæfir Vífilsfell, og skamt frá því liggur vegurinn á milli holta og hæða. Landið er hrjóstrugt, beinabert brjóstin visin og fölar kinnar og hrífur síst Vestfirðingum.

Áfram er haldið og loks áð á Kolviðarhóli, en aðeins stutta stund. Bráðum tekur við Hellisheiðin nafnfræga og síðan Kambarnir illræmdu. Hálfpartinn kvíði ég fyrir þeim, en læt þó ekki á neinu bera, enda segja sumir félagar mínir að öllu sé óhætt. Það gengur vel yfir heiðina og við erum brátt á Kambabrún. Nú fyrst finn ég að það hefir borgað sig að fara þessa ferð. Afarvítt og dásamlegt útsýni opnast. Og nú er veðrið svo inndælt og bjart, svo ég sé yfir heilar stórar sveitir. Næst liggur Ölfusið, þá Flóinn, út við sjóinn sést Stokkseyri og Eyrarbakki og í hillingum sjást Vestm.eyjar. Bæirnir eru til og frá dreifðir um flatneskjuna og eru að sjá eins og

smápúsdur. Skamt frá rótum
fjallsins eru hverir og sjást reykirnir
Það gengur ljómandi ofan Kamba
Og nú tekur við sléttan. Vegurinn
liggur með Ingólfsfjalli nokkurn
spöl og beygist síðan ofan að Ölfus-
árbrúnni. Þar er áð. Og allir fara út
úr bílnum. Flestir fara að fá sér hress-
ingu, því þar er hægt að fá hvað sem
menn þarfnast. Veitingahúsið heitir
Tryggvaskáli; skamt þar frá er verslun
og nokkru austar bankaútibú.
Aftur er haldið af stað. Vegurinn liggur
yfir grösuga sléttuna og sumstaðar á milli
hæða og holta. Milli Ölfusár og Þjórsár
var mér sagt að væri 3-4 kl.st. lesta-
gangur, en við þjótum þetta á 45 mín.
Kl. 5 s.d. var ég kominn á áfanga-
staðinn. Fyrirgefðu nú flýtisparið.
Ef ég hefi tíma seinna segi ég þér
máske frá ferðinni til baka. Hún
var nefnilega sögulegri. Vertu nú sæll.

Þinn

Gunnar M. Magnússon

Skjalasafnið Ísafirði

# Sendibréf

Suðureyri 19/12 '24

Sæll kunningi!

Láttu ekki sem himininn mundi detta í höfuð þér, þótt þú opnir bréf frá mér. Ég lofaði víst að senda þér línur við tækifæri, og þó að loforð það þ sé nú gamalt orðið, þá hefir það samt geymst í undirmeðvitundinni þangað til í kvöld að því skolaði upp á yfirborðið.

Héðan er alt heldur gott að frétta. Árið hefir verið mjög hagsælt. Afurðir til lands og sjávar í mjög góðu verði, og framleiðslan með besta móti. Hagir manna hafa nú stórum batnað, og horfur sem stendur eru þær betri en verið hafa, þótt menn skygnist til baka um 3ja til 4 ára tímabil. Þar get ég sagt þér fréttir fagrar, að nú er Samkomu-húsið upprisið í annað sinn. Það var fullsmíðað fyrir skömmu. Er húsið að gerðinni líkt og áður, en miklu traustara

Skjalasafnið Ísafirði

Menn telja hér alment að það muni ekki fjúka í fyrstu kviðu sem kemur úr norðvestan átt. Að við fengum að njóta hússins í vetur eigum við að þakka sjerstökum dugnaði einstaka hreppsbúa — Raunar hafa hér margir verið því velviljaðir og lagt því liðsinti. Húsið er gott og sterkt og okkur nægilegt í bráðina, en það er líka orðið afardýrt, svo viðbúið er að það eigi erfitt uppdráttar á næstu árum. Með Samkomuhúsinu fengum við mikið. Allur félagsskapur fór aftur að lifna við. Var sem allir keptust um að fá sama stað sinn í því, jafnvel hin andlegu orð guðskenninmanna komust þar innfyrir dyr. Þar starfar nú „Dagsún" af miklum móð, því þaut góðu eða slæmu tíðindi get ég sagt þér að „Bakkus" fölnar hér dag frá degi, en mér er tjáð að fundarsalur fyrir templara verði of þröngur ef leikpallur er settur inn. Þá get ég víst sagt þér eitthvað um hann „Ellefu" okkar. Hann er

nú aftur risinn upp úr gröf sinni
Ég meina bara, að hann sé nú aftur
upphafinn frá kjallarabygð Magnúsar,
og innleiddur í dýrðlegan samkomu-
sal nýjahússins. Því manstu víst
að þeir flokkarnir „Huginn" og „Muninn"
börðust úrslitaorustu sína í kjallaranum.
Bar „Muninn" þar nafn sitt með
réttu, því „Huginn" hafði hugsað
sigurinn <u>sinn</u>, löngu fyrir fram,
en „Muninn" hafði bara ákveðið
þennan litla mun, sem hann fékk
í þakklætisskyni fyrir vel unnið
starf. Vóru sumir flokksmenn
Hugins farnir að halda að Sleipnism.
hefðu oftekið sig í lokaorustunni,
en sýnt er nú að svo hefir ekki
verið, því í Samkomuhúsinu er hann
nú aftur byrjaður alveg tvíelleftur, og
hefir hann þar sem áður skift félögum
sínum í tvo flokka er berjast
skuli í vetur en þó á öðrum grund-
velli en áður. Ekki hafa flokkar
þessir verið sæmdir neinum nöfnum,

Skjalasafnið Ísafirði

ennþá, enda þætti mér líklegt að enginn frægðarljómi lyddi við þau þótt einhver yrðu. Æfingar íþrótta eru tíðar. Gefst þar því á að líta ~~kar~~ karla knáa sem virða og skilja gamla orðtækið, sem ennþá er óbreytt frá höfundi þess „einn á móti einum“ og ekkert meir. Flestir eru íþróttamennirnir stuttir en sterkir. Þeir fræknustu koma sjaldan við gólf en þeir lakari reka oftar þumlana og fyrir kemur að þeir falla á bossann eða bringuna.

Öllum reglum félagsins er stranglega fylgt „Cicarettes“ sjást ekki á fundum og enginn sýgur pípuna innan við forstofu þröskuld, og ennþá held eg að enginn hafi verið sæmdur heiðursskjali fyrir ólæti eða olíuspýjingar á æfingum enda er mér sagt að Mangi hafi falið brúsann upp á háalofti. Mér líst hið besta á starfsemi félagsins í vetur og vona eftir miklum árangri. Leikfélagið sem flestir töldu steindautt hefir nú líkamlega lifnað við aftur. Sálin fannst

Skjalasafnið Ísafirði

hvergi. Stjórnin sendi þá Snorra út á Stað til prestsins, sem lánaði sálina með ljúfu geði. Snorri tók við og bar hana innefli í brjóstvasanum og var svo eitt ánægjubros er hann fékk formanni hana í hendur. Hér var nýlega háður þing og héraðsmálafundur Vesturssýslunnar. Var hann sá 26. í röðinni. Fundurinn var sóttur úr flestum hreppum sýslunnar. Voru fulltrúar bæði fríðir og föngulegir, gamlir og gráhærðir, ungir og efnilegir. Þeir töluðu mikið og oft og rædd voru mörg mál og sýndust fulltrúarnir ~~oft~~ ekki kafa djúpt eftir efninu. Mörgu spáðu þeir en spámaður var víst enginn. Tilheyrendur fengu fulltrúar marga, því að húsfyllir var af ungum og gömlum, og sagt er að menn sem aldrei sækji venjulega mannfundi hafi rekið þar inn nefið. Ekki var fulltrúunum ofboðið með ræðum. Þeim var gefin kvöld, en á meðan var þeim skemt með heimamanna söng, en ekki var samt sungin Gamlinn eða slík smálög. Allir þökkuðu söng

Skjalasafnið Ísafirði

inu með miklu lófaklappi, en Guðm. bjó vel um þakið eins og annað er hússmiðinum viðkemur, enda urðu engin spjöll þótt hart væri barið. Hér endar bréfið því að músa fjandarnir eru orðnir svo nærgöngulir að ég hefi engan frið þótt ég hefði gjarnan viljað bæta við nokkru enn þá. Efli bréfi þarftu ekki að vænta frá mér fyr en en á næsta Höfuðdegi. Verða þær þá vonandi mér fjarlægari fjárans mýsnar.

Einlægur
Páll Hallbjörnsson

## Um íþróttir.

framh.

### Kringlukast.

(Vigt 2 kg. Þvermál m. 2,5 cm)

Kringlunni er haldið þannig að hún liggi stöðug í hendinni, fingurnir aðskildir. Beygja skal fremstu köglana yfir kringlubrúnina, kringlubrúnin hvíli á litlafingri upp á miðjum öðrum kögli;

Skjalasafnið Ísafirði

en á fremstu liðamótunum vísifingurs. Nýjustu kringlur eru hérumbil flatar annarsvegar, en hin hliðin vel kúpt, liggur sú hlið í lófanum. Í kastinu snýr kringlan flötu hliðinni niður.

Byrjunarstelling.

Kr. skrefteikning:




Staðið er í H° og V°
Bilið á milli fóta ca 80 cm. (styttra bil fyrir lága menn) Kringlan er lögð með vinstri hendi yfir í hægri (hendi) eins og áður er sagt. Byrjað er með svonefndum liðkunar-sveiflum, til þess að finna kringlutakið, hvort kringlan sé stöðug, og til að liðka líkamann. Sveiflurnar verða að vera mjúkar og róglegar og þannig að hægri handleggur er beinn og teygður sem best út — aftur um leið og ~~og~~ eru knén beygð og bolnum undið til hægri. Framh.

Röðull óskar öllum Stefnism. gleðil. jóla.

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd:
Fr. Hjartar, Kr. K. Kristjánsson, Kr. G. Þorvaldsson
5. árg. | Suðureyri 4. jan. 1925. | 8. blað.

## Nokkrar athugasemdir

Í 6. tölublaði Röðuls er grein eftir skólastjóra Fr. Hjartar um flokkaskiftingu Stefnis síðastliðinn vetur og þar sem sú grein er hið eina er jeg minnist að í blaðinu hafi birst um það mál og er nokkuð einhliða, sem von er þá vil jeg biðja blaðið um rúm fyrir nokkrar athugasemdir því viðvíkjandi, í þeirri von að með því geymi það skýrari endurminningar um þessa starfsemi fjelagsins, og að skýrist sjer rjettilegar frá andmælum þeim er fram ~~ko~~ voru gegn flokkaskiftingunni í því formi er hún var þá.
Það mun standa mjer næst að inna þessa skyldu af hendi, bæði af því að jeg mun mest hafa mælt á móti fyrirkomulaginu

og svo hitt að jeg býst við að jeg sje sá
„selv made maður,“ sem greinarhöfundurinn
undraðist yfir að hafa verið flokksstefning-
unni andmæltur, og er sú undrun undarleg
af þeim manni er hefur fylgst með málinu
allan tímann, er eðlilegt er þó þeir er
síðar lesa greinina og ekki þekkja annað
til málanna verði greinarhöfundinum
sam-mála um þetta.
Lýsingunni á kostum þeim er ~~komu~~ fram komu
við starfsemi flokkanna ætla jeg ekki að
andmæla, hún er í aðaldráttunum rjett,
en þó er hún ekki ólík því þegar orðmjúkur
kaupmaður er að mæla með mýkomnni vöru-
tegund, en sleppum því, hitt má ekki óathugað
er hann segir um andmæli og ókostina.
Fr. Hj. segir að meðal annars hafi það
verið fundið að fyrirkomulaginu „þetta
starf yrði að vera í molum, ræður stuttar
o.s.frv.“ Eg nýmnist ekki að hafa heyrt
þessi andmæli, og hvernig var hægt að
kvarta um að ræður eigi að vera stuttar
eða starfseminni í molum, þegar engin starfsemi
var takmörkuð með tíma? eða mann notekk

eftir tillögu er reyndi að bæta úr þessari ímyndun um ófullnægjandi starfsemi flokkanna?

Það var alt annað er að var fundið en þessa, að vísu mælti jeg á móti því að ræðum væri takmarkaður tími, af því að með því áleit jeg að einskorðað væri hve stór viðfangsefni mætti taka, en það var aðeins einn maður er jeg minnist að legði til þeirra takmörkunar og þurfti því ekki að fjöna að flokkaskiftingunni frá því marki, sem hún hafði aldrei tekið.

Mótmælin gegn flokkaskiftingarfyrirkomulaginu voru þessi;

1 Að stigaveitingin vekti of mikinn metnað og mundi leiða til óánægju hjá þeim flokkum er miður tæki og mundi jafnvel geta valdið sundrung innan fjelagsins.

2. Að starfsemi flokkanna í þessu sniði mundi draga úr íþróttastarfsemi fjelagsins.

Þessa er það er jeg minnist hafa mælt fyrirkomulaginu til ámælis, og jeg hygg að fundarbókina muni ekki sýna mikið af mótbárum á öðrum grundvelli.

Það sem Fr. Hj. ritar um það að ræðumenn eigi að reyna að ná hylli tilheyrenda sinna, og að henni verði síst náð ef ræður sjeu

Skjalasafnið Ísafirði

Langar, það fer tölu vert fyrir ofan minn höfuð. Jeg hef skoðað það svo að flestir munu ræða eða lesa um það er þeim fellur sjálfum í geð, en ekki spyrja sjálfan sig að því hvort það mál muni snerta samúðar-strengi tylheirenda, enda tel jeg varhugavert að gera of mikið af því, og jeg vænti þess að Fr. Hj. verði að viðurkenna það með mjer, að þegar um það er að ræða hvort fjöldinn hefur ánægju af að hlusta á ræðumenn eða ekki, þá komi efnið og framsetning þess fyr til greina en tíminn sem verið er að flytja erindið, en hitt er auðvitað að hver af okkur sem hlustar á það er hann hefur engan áhuga fyrir, verður því fegnastur þegar því máli er lokið, en því má ekki gleyma að annar hefur áhuga fyrir því sem, hinn vill ekki ~~hey~~ heyra, og verður aldrei við það ráðið

Jeg veit að jeg hef orðið til að stinga þeim sama fyrna er Fr. Hj. sviður svo af, með því að verða of margorður, en mjer er ekki list sú ljeð, að kunna gera mikið efni ljóst í stuttri tölu og jeg veit að þó hinum viðtöl jeg hafa sagt það er ósagt mætti vera, þá

Skjalasafnið Ísafirði

muni með engu minni rjetti mega benda á
atriði, sem ekki hefði átt að vera ógetið, verður
það jafnan deilu mál, og ætlun mín er sú að
eitthvað mætti fyrna að störfum mínum í flokk-
unum sem á betri rökum sje byggt en það sem
sagt hefur verið um þetta atriði, og þó jeg
þekki vanmátt minn í góðri framsetningu, þá
veit jeg að ~~jeg~~ ræður og ritgerðir allra eiga að
leggjast undir smásjá gagnrýnimanna, þá munu
fleiri en mínar reynast gallóttar
Lengsta ræðan sem mestar umræður hefur ~~[illegible]~~ vakið
mundi vera 24-25 prentaðar síður í Andvarabroti
Nú hittist svo á að í Andvara í ár er
æfiminning sem er 23 síður og er henni það fundið
til foráttu að hafa látið svo ógetið einni
þýðingarmestu starfsemi mannsins, en geta menn
búist við að sjálfstæðisbarátta heillrar þjóðar
um 127 ára bil geti verið yfirgripsminni en
ein mannsæfi, þó merkismanns sje, ~~og~~ jeg ætla að ekki
verði margar skoðanir um ~~það~~ hvað langt
eigi að fara í að skýra frá því, eða er það
rjett að draga efnið svo saman að einskis
sje getið annars en þess sem ganga má
að vísu, að allir þekki? og hvaða erindi

Skjalasafnið Ísafirði

eiga slíkar ræður eða ritgerðir?

Jeg skal hins vegar fúslega viðurkenna að það var ekki vel valið, að koma með þetta erindi eftir að menn höfðu í 3 tíma hlustað á aðrar ræður en með því að sjáanlegt var að þessi fundur yrði síðastur í starfsemi fjelagsins var ekki annars kostur, ef ekki átti að geyma það til miðs vetrar, en eins og jeg gat um í byrjun var erindið ekki sprottið af flokkaskiftingunni, þó það kæmi fram í þágu hennar.

Læt jeg þessu svo lokið, en get ekki stilt mig um að beina þeirri spurningu til fjelagsmanna hvort þeir hyggja ekki að þó flokkarnir sjeu fámennir nú þá mundu þeir þó vera fullskipaðir ef fast hefði verið haldið við stigveldingu eins og síðast, og bendir það ekki á að reynslan hafi sýnt, að minnsta kosti sumum, að mótmælin hafi verið á ~~röngum~~ rökum bygð?

Kr. G. Þorvaldsson

# Sendibrjef

Suðureyri í janúar 1925

Skjalasafnið Ísafirði

Kæri vin!

Þökk fyrir brjefið þitt síðasta er jeg fjekk með Jólapóstinum. Þú spyrð afhverju jeg hafi ótrú á uppvaxandi kynslóð kaupstaðanna til að verða þjóðnýtir menn, það er ekki von að þú sveitabarnið skiljir í því. Jeg skal reyna að skýra fyrir þjer mína skoðun á helstu atriðum. Að mínu áliti er iðjuleisi kaupstaðanna höfuðókosturinn þeirra, sem jeg tel leiða af því að kaupstaðir flestir lifa eingöngu af sjónum, svo í landlegum er ekkert að gjöra að manni finst, en að mínu áliti þyrfti svo vera.

Allur fjöldinn gætu haft töluvert að gjöra ef letin og hugsunarleysið yrðu ekki öllu; það er svo ótalmargt margt smávegis sem hægt er að gera og læra að gjöra, ef menn hugsa um, sem þeir hefðu einhverntíman gott af í lífinu sjerstaklega unglingar sem lausir eru við barnaskólann og kannski farnir að stunda sjó, og eiga foreldra í kaupstöðunum. Þeir þyrftu aldrei að verða að ómennum. Allir unglingar gætu gert svo afskaplega margt fyrir heimilið ef þeir nendu, því hvað eru ekki margir snúningar og smávik sem unglingar gætu gjört af

Skjalasafnið Ísafirði

foreldrunum sínum eða þeim sem þeir eru
hjá; Er ekki hver unglingur skyldugur að
borga foreldrum sínum það að þau hafa veitt
alt sem í þeirra valdi stóð til að gera þau
svo úr garði, að þau gætu orðið ~~[illegible]~~ nýtir menn.
Þau geta lært að búa til ýmislegt smá ~~[illegible]~~ hluti
fyrir heimilið sem annars kostuðu peninga
og hefðu svo gott af að kunna er þau
reistu sjálf bú, því best er að vera sjálfum sjer
nógur í sem flestu, væri nú þetta ekki
betra en að ganga til og frá sjálfum sjer
og öðrum til leiðinda. Mín skoðun er sú að
af iðjuleysinu verða menn ekki jafnnýtir
menn í þjóðfjelaginu eins og þeir hefðu getað
orðið, vinnan leiðir huga unglinga frá
öllum ljettúðarskemtunum sem eiga sjer ofmikið
stað í kaupstöðunum, unglingurinn hugsar
ekki hvað mikið gott álit meðbræðra sinna
hefir að segja á lífsleiðinni, og hugsa síst um
það tapaðar stundir eru dýrar, það sjá þeir best
er þeir eignast börnin og heimili, þá sjá þeir
hvað mikið þeir hefðu getað gert eða lært
í tómstundum ungu áranna sem væri þeim
mjög mikið gagn nú. Eitt er sem unglingarnir

Skjalasafnið Ísafirði

hugsa ekki um, það er hvað þeir eru í mann-
fjelaginu, þeir eru að mínu áliti hvorki meira
nje minna en siðferðiskennarar ungviðsins, það
hugsa fáir um þegar þeir fremja allra handa
óknytti, ljúga, svíkja, og stela. Þetta er ljótt, en því
miður satt. Eins og þú veist, kæri vin, þá ætlast jeg
ekki til að unglingar vinni baki brotnu, þeir
þurfa sínar frístundir sem öll æska, en þeim tekst
vera betur varið en á sjer stað í kaupstöðunum
aðeins til að æfa sjálfan sig og kenna öðrum
óknytti; hvað mikið gera óknyttastrákar þá
inn illt, hvað mörg smábörn læra ekki af þeim,
sem af æfintýralöngun langa fljótt til að vera
með þeim stærri og reyna að vera jafnmiklir menn
og þeir hvort heldur eru í illu eða góðu einn
slæmur unglingur getur spilt fjölda barna, ef einn
slæmur strákur til að mynda er álitinn fyrir
óknytti þá segir hann bara jeg er ekki að biðja
þau að læra af mjer jeg ræð mjer sjálfur en
þau læra samt af honum. Jeg tek undir
með skáldinu sem sagði að vinnan göfgi
manninn, það er sígildur sannleikur vinnan
göfgar manninn. Ég fer nú að hætta þessu
klóri, jeg er ekki maður til að skýra þetta

Skjalasafnið Ísafirði

efni eins og jeg gjarnan vildi. Það er varla von að þú trúir þessu á Kaupstaðina en þetta er aðeins lítill hluti þess ólifnaðar sem þar viðgést fara í vöxt. Því sveitabarnið þekkir þetta ekki, sem í foreldrahúsunum hefir aflað sjer mentunar úr góðum bókum og ávalt vinnandi eitthvað sjer til undirbúnings undir lífið, enda verður þá fyrirmynd ungra manna, nýtur maður þjóðfjelagsins, virtur og elskaður af meðbræðrum sínum. Því vinnan göfgar manninn. Fátt er frjetta hjeðan. Aðfaranótt laugadagsins gerði stórt útrok og flæði mikla svo það ætlaði að verða meiningarlaust rall á grútartunnum og elti jeg einn kaggan út undir Brimnes og dró hann heim til mín; Litli skraddarinn leikur lausum hala enn þá, spýtir olíu útum plássið og stingur hveiti krónu seðlum í vasann en dregur hjá upp aftur, þú skilur, jeg tala ekki um annað smávegis, gera grín að aumingjunum, sem eru þó meira til gagns þjóðfjelaginu en hann sjálfur. Sónatilfinningin varð eftir hjerna um árið. Veðráttan er mjög slæm hjerna, vestri og norðri skiptast hvor á annan við svo hrottalega að það stendur undir að það sje

Skjalasafnið Ísafirði

hætta að fara út til að kasta vatni, hvað þá að gefa á sjó
vertu svo blessaður og sæll jeg skrifa þjer skemtilegra
bréf seinna ef jeg get. Jæja vertu þá guði falinn
það mælir þinn vinur

Þórður Maríasson

## Sjóferð til Ísafjarðar með mótorbát.

Við lögðum af stað frá Suðureyri kl 10 á mánudagsmorguninn í ágjætis veðri. Ferðin var gjörð með veikan mann sem var að fara á sjúkrahúsið á Ísafirði. Með bátnum voru margir farþegar og var það af öllum stjettum sem til eru hjer, það voru kaupmenn, bændur, ~~og~~ sjómenn og kvenfólk. Ferðin gekk vel þangað til við komum að Norðurtanganum Ísafirði. Þá fór að koma íjs út Pollinum og eftir það varð að stíma með hægri ferð alla leið upp að bæjarbryggju þar var maðurinn tekin upp og farið með hann upp á sjúkrahús. Eftir að búið var að koma honum fyrir var farið með bátin niður að Edinborgarbryggju þar var verið til kl 8 um kvöldið. Þá urðum við að fara með bátin út að Norðurtangabryggju til þess að nota vökina eftir stóru bátana, því annars hefðum við ekki komist þaðan því ísinn var orðin svo harður að engin smábátur hefði getað brotið hann upp

Skjalasafnið Ísafirði

Þegar búið var að festa bátnum lagði jeg á stað upp á land, að vísa hvort jeg hitti ekki neinn af fjelögum mínum en það var nú ekki, heldur mætti jeg ungri seimarhund sem jeg þekki og fór að tala við hana. Þegar við vorum búin að tala saman langa stund, vildi hún fá sjer göngutúr því við höfðum staðið kyr í langan tíma, við lögðum nú af stað, og segir ekki af ferðum okkar fyr en komið var upp að bíóhúsinu vildi jeg fara inn en hún ekki því í húsinu var skemtun. lagið sem verið var að leika á horn fjell svo vel í eyrum mínum, lagið var „Ó guð vors lands“. Samt fjell jeg undan og gekk með henni út í Vík, síðan gengum við niður í bæ aftur og fildi jeg henni þá heim fór jeg svo niður í bát og ætlaði að fara að sofa þó það gengi ekki að góðu því að bekkurinn var skrambi harður. samt sofnaði jeg dáldið og vaknaði við það að sauð í kaffikatlinum settist jeg þá upp og fjekk mjer góðan sopa. Var nú farið að hugsa til heimferða og eftir svotíma vorum við ferðbúinir en þá mundi jeg það að jeg var búinn með allan matinn sem jeg hafði að heiman, fór jeg því upp í búð til Guðm Brynjólfs keypti mjer kex og sikur. Síðan var nú farið af stað heim. og gekk ferðin vel því að vindur var hagstæður og fengum við leiði alla leið að Keflavík. Klukkan 3

Skjalasafnið Ísafirði

var lagt að bryggunni hjer á Suðureyri og eftir
það lét jeg staðar numið

Bjarni Bjarnason

## Um íþróttir
framh.

Vinstra fæti er lyft lítið eitt frá jörðu, svo þunginn hvíli á hægra fæti,
H. Handleggnum er sveiflað þannig fram, að bolnum er undið til vinstri og líkamsþunginn lendir á vinstra fæti og um leið er handleggnum sveiflað heldur lægra en lárjett, í boga fram og upp þannig að upphandleggurinn kemur jafn hátt munni þegar hann er kominn alla leið fram, er stutt undir kringluna með vinstri hendi svo til baka aftur o. s. frv. Lófinn snýr niður. Milli þess, sem vinstri hendi er stutt undir kringluna, er vinstri handlegg haldið dálítið til hliðar, svo að jafnvægið verði betra í hreyfingunum. Leitast skal við að halda hægri handlegg í axlarhæð (sömu stefnu og axlarflötur) og þegar handleggnum er sveiflað aftur, verður öxlin að síga dálítið. Þessi armsveifla er gerð Ca 3 sinnum áður en snúningurinn hefst.

<u>Snúningurinn og viðspyrnan.</u>

Snúningurinn hefst þegar handl. er sem

Skjalasafnið Ísafirði

lengst beygður aftur. Líkamsþunginn lendir á vinstra fæti og er snúist á honum til vinstri, án þess hallinn nemi jörðu. Snúningurinn heldur áfram og líkamsþunginn lendir nú á hægra fæti aftur. Þegar búið er að snúast því nær einn snúning, er vinstra fæti með skjótri hreyfingu stigið í VI, og hallinn þá á lofti. Knjen eru bogin í snúningnum, fótahreyfingar fljót, og sem næst jörðu. Hægri hlið og handlegg er í snúningnum haldið vel aftur á bak. Kringlan fer í bylgjuhreyfingu, og þegar stigið er í H, og V'. er hún niðri í bylgju-dalnum, og eins langt aftur á bak eins og hægt er. Þá eru menn í Kaststellingu.

## Kastið.

Kasthreyfingin byrjar fyrst í fótunum og heldur áfram skrúfu braut fram og upp. Það er rjett úr fótunum með eins miklu afli og unt er, um leið og bolurinn er rjettur upp og hægri mjöðm, öxl og handleggur er ýtt sem lengst fram og upp. Í þessu augnabliki, er eins afl mikil lokasveifla gerð með handleggnum á kringlunni og unt er, og kringlan flýgur úr hendinni frá vísifingri; og fer um leið snúning (á sig) til hægri

Röðull óskar öllum Stefnismönnum gleðilegs árs og þakkar fyrir hið liðna.

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull


## Ritnefnd:

Friðrik Hjartar, Kristján A. Kristjánsson og Kr. G. Þorvalds

| | | |
|---|---|---|
| 5. árg. | Suðureyri 18. jan. 1925 | 9. blað |


## Fjallaskagi

heitir ysti bær í hinum fagra Dýrafirði, og ætla ég nú að lýsa hinu fagra landslagi á Fjallaskaga.

Almennt er Fjallaskagi nefndur Skagi, og skerst hann út í breiðan fjörðinn í suðvestur. Hann er töluvert langur en lágur fremst, en hækkar með smáhólum eftir því sem ofar dregur, og efst undir fjallinu stendur bærinn. Það er mjög fögur sjón að sjá landslagið á Skaga þegar maður liggur fram á litlu höfninni sem hann myndar; þegar maður kemur upp á Skaga sér maður ekkert annað en stórgrýt holt og lægðir, og skilur maður þá ekki hvernig bóndi

Skjalasafnið Ísafirði

sá er þar býr getur aflað heyja fyrir skepnur þær er hann hefir.
En nú skulum við ganga á land og skoða Skaga. Fyrst í fjörunni stigum við á brimsorfið grjót, því að brim er oftast við lendinguna.
Rétt fyrir ofan lendinguna sjáum við hrörlegar torfbúðir, eru þetta fjárhús segja félagar mínir við skulum skoða nei, þetta eru íveruhús sjómanna sem róa frá Skaga, nú höldum við út á Skaga tána á leiðinni sjáum við nokkra undarlega steinbítshjalla, þeir eru allir úr grjóti og mjög langir og á þeim hanga maltir og þráir steinbítar. Nú erum við komnir yst út á tána og snúum við og göngum heim til bæjar. Stundum erum við að ganga upp stóra hóla alla mosavaxna, en í lægðunum á milli þeirra eru ýmist litlir pollar eða grassléttur og eru þær engi Skagabóndans.
Svona höldum við á hól af hól

og hæð af hæð, alt þangað til
við komum að brötlum og stórum
hól efst á skaganum. Þegar við
komum upp á hólinn blasir við
okkur lítill torfbær og túnblettur.
Við göngum ofan af hólnum og
förum að skoða túnið. Það lítur
út eins og engjarnar víða í mosa-
vöxnum gjóthólum. Ekki erum
við búnir að skoða Skaga, en þegar
við erum búnir að skoða túnið,
göngum við inn fyrir skagann
og inn að klettagjá sem heitir Glufa.
Á leiðinni förum við yfir margar
urðir og stórgrýti og smá grasbletti
þar innan um; loks komumst við
að Glufu og förum að skoða hana.
Hún er svipuð og stórt þaklaust
hús, ~~langir~~ háir kolsvartir klettar
sem skaga langt fram í sjó. Við
göngum fram á kletta barmana
og horfum ofan í sjóinn sem skell-
ur við klettana svo bergmálar
í hinni stóru gjá. Okkur

Skjalasafnið Ísafirði

liggur við að sundla, en við horfum ofan í gjána svo djúp er hún. Heyrt hefi ég sagt að sjórinn sem í gjánni er sé nokkrir faðmar á dýpt og að bátur geti hæglega flotið þar inn þótt nokkuð slór sé. Ekki sáum við til botns enda var dimt í gjánni. Nú erum við að mestu leyti búnir að skoða Skaga og höldum því heim til bæjar aftur til að fá okkur mjólk að drekka. Þegar við komum heim hittum við húsbóndann úti á túni og biðjum við hann að selja okkur mjólk, og fer hann inn í bæ að sækja hana, en við leggjumst niður í túnið því veður var gott og við þreyttir eftir gönguna. Eftir stund kemur gamli maðurinn með mjólkina og drekkum við hana með góðri lyst. Eftir það höldum við til sjávar og förum um borð í bátinn okkar til að sofa og hvíla okkur, og þegar

Skjalasafnið Ísafirði

við vöknuðum var hið mikla slóðavatn að vagga okkur á brjóstum sínum

Jón Guðmundsson

## Athugasemdum svarað.

Mér kom það ekki á óvart þótt hr. verslunarm. Kr. G. Þorvaldsson fyndi hjá sér „þörf" til að skrifa í Röðul út af grein minni um flokkaskiftinguna. Og mér þykir vænt um, að ég virðist eiga þá eiginleika, sem vekja „þörf" Kr. G. Þorvaldssonar, því að hann hefir enn enga grein skrifað í Röðul, sem ekki er mér að þakka, beinlínis eða óbeinlínis. Annars þarf ég fáu einu að svara Kr. G. Þorvaldssyni. Hann segir lýsingu mína á kostum flokkastarfseminnar, rétta í aðalatriðunum, en bætir svo við: „En þó er hún ekki ólík því þegar orðmjúkur kaupmaður er að mæla með nýkominni vörutegund." Samt færir Kr. G. Þorv. ekkert þessum orðum sínum til stuðnings

Verð ég því að líta svo á að þau séu sögð út í bláinn, til að segja eitthvað, því að hr. Kr. G. Þorv. má ekki gleyma því að margir eru því ókunnugir hvernig hann eða aðrir í orðsjúkir "Kaupmenn, eru vanir að hafa meðmælum með nýkomnum vörutegundum. Kr. G. Þorv. segist ekki minnast þess, að hafa heyrt þau andmæli viðhöfð gegn flokkaskiftingunni, að „þetta starf ætti að vera í molum, ræður eru ldar o. s. frv." Ég get þá frætt Kr. G. Þorv. um það að hann viðhafði sjálfur þessi orð, eða önnur samrar merkingar – á Stefnisfundi í fyrra haust. Munu fleiri en ég muna að ég fer hér með rétt mál, og get ég t. d. nefnt hr. kaupm. Kristján Á. Kristjánsson. Og þótt aldrei væri gerð skrifleg tillaga um ræðulengd, þá var um það rætt á Stefnisf. að ræður skyldu eigi vera styttri en svo að þær tækju 3 mínútur og helst eigi lengri en svo að þær tækju hálftíma. Þetta voru því einskonar

Skjalasafnið Ísafirði

„óskrifuð lög“, og ekki brotin að marki af neinum nema Kr. G. Þorv. En satt er það, að ekki hvíldi „lagaleg“ skylda á neinum í þessum efnum. Ég hefi því aldrei með einu orði fundið að síðustu ræðu Kr. G. Þorv. og hefði ekki minnst á hana hér, nema af því að Kr. G. Þ. nefnir hana í athugasemdum sínum. Segir hann þar að erindið hafi ekki verið sparaltið af flokkaskiftingunni. Vel má vera að þetta sé satt, en það kemur málinu ekki vitund við. Aðalatriðið er, að ræðan þurfti að vera svona löng, til þess að „Muninn“ ynni. Það var því sammæli þeirra Páls Hallbjarnarsonar, Gunnólfs Valdimarss. og Kr. G. Þorvaldssonar, að ræðan skyldi standa fundinn út, til þess að „Huginn“ kæmist ekki að með ræður eða annað. Um þetta er ekkert að segja, Kr. G. Þ. varð við skriflegum og munnlegum óskum nefndra flokksbræðra sinna og færði þeim sigurinn heim með þessum hætti. Það ber því ekki að líta á

Skjalasafnið Ísafirði

þessa ræðu, sem venjulega ræðu, heldur sem alveg sérstaka. Og mér hefir aldrei dottið í hug, að áfellast Kr. G. Þ. fyrir þessa ræðu. Ég nefndi ræðuna um Óskar annan og sagði að mér hefði fundist hún óþarflega löng, og hefði sú ræða þótt betri, hefði hún verið styttri. Kr. G. Þorvaldsson segir að það fari dálítið fyrir ofan sitt höfuð, að ræðumenn eigi að hafa það hugfast að ná hylli áheyrenda sinna. Ekki skal ég deila við hann um þetta. Ef hann heldur að best fari á því að ræðumaður hugsi aðeins um sjálfan sig, en taki ekkert tillit til áheyrenda, þá má hann fylgja þeirri reglu mín vegna, en ekki hvet ég neina til þess að feta í fótspor hans í þeim efnum.

Að lokum get ég fullvissað Kr. G. Þ. um það að flokkaskifting væri ekki að neinum mun þunn skipaðri nú, þótt stefvísinga hefði verið haldið eins og í fyrra.

Skjalasafnið Ísafirði

Pétur Kr. G. Þorvaldsson gengið úr skugga um þetta sjálfur, ef hann ekki trúir mér. — Og hafi flokka-skiftingin í fyrra dregið mikið úr áhuga félagsmanna á íþróttum að áliti Kr. G. Þ. mun hún þá ekki gera það líka nú, þótt stigveitingalaus sé? Læt ég svo útrætt um þetta að sinni.

Friðrik Hjartar.

# Sund

Það hlýtur hver Stefnismaður bæði að vita og skilja það, að sundið er einhver nytsamasta, hollasta og fegursta íþrótt sem til er. Þegar við höfum lesið fornsögurnar okkar, þá dylst okkur það ekki að sundíþróttinni hefir þá verið sýnd meiri rækt en nú virðist gert. Við tökum eftir því að sagt er um okkar bestu hetjur að þær hafi verið syndar sem selir. Menn þreyttu sund sín á milli og þótti sá

Skjalasafnið Ísafirði

fræknastan, er lengst gat haldið keppinaut sínum í kafi.

Grettir synti að vetrarlagi yfir Reykjasund, og er sú leið vika sjávar, og hvorki er getið um að hann hafi fengið kvef eða hósta eftir slíkar þrekraunir. Kjartan Ólafsson þreytti einnig sund við Ólaf konung Tryggvason og mátti lítt á milli sjá hvor meiri væri, en Ólafur konungur var umfram flesta menn í öllum íþróttum. Mörg fleiri dæmi mætti taka um sund forfeðra okkar, og eru sum afrek þeirra svo mikil, að þau eru varla trúanleg nú, þar sem íþróttinni hefir farið jafn hrapalega aftur.

Hvað getum við nú gert til þess að glæða áhuga uppvaxandi manna fyrir þessari fögru og nytsömu íþrótt, og koma henni í það horf er hún áður hafði. — Stefnir hefir haft þetta mál á stefnuskrá sinni, og hefir hann gengist fyrir

Skjalasafnið Ísafirði

því að sundkensla hefir farið hér
fram tíma úr tveimur sumrum
Reynslan virðist hafa sýnt að
Sjórinn hér við ströndina er
of kaldur til þess að læra að synda
í honum, þar sem menn þola
ekki að vera lengur niðri í einu
en 5–10 mín. og er það stuttur tími
Það var fyrir nokkru kosin nefnd
í Stefni til að rannsaka hvort
tiltækilegt væri að koma upp
volgri laug við laugina hjá Laugum
Ég var einn í þessari nefnd, og hefir
hún víst lítið starfað, en ég hefi
dálítið um þetta hugsað, og held
ég að vatnsmagnið í lauginni sé
svo lítið, að ei sé að gagni og kost-
naður töluverður við að útbúa þar
sundlaug er að gagni kæmi. Einnig
er langt að fara inneftir ef laugin
yrði köld og lítt notuð.
Mér hefir því dottið í hug
hvort ekki væri tiltækilegt að
koma upp steypuþró hér á Suðureyri

Skjalasafnið Ísafirði

er nota mætti til sundnáms
yfir heitasta tíma ársins. — Ég
hefi hugsað mér að laugin (þróin) væri
öll ofanjarðar svo börnum væri
engin hætta búin að detta í hana.
Vatn gæti ef til vill komið til mála
að fá úr vatnsveitunni til að hleypa
í (laug) þróna og svo geri ég ráð fyrir
að vatnið hitni um nokkrar gráður
er það stendur kyrt í þrónni og hlýtt
er í tíð. Svipaðri laug og ég hefi nú
minst á hafa Siglfirðingar komið
upp hjá sér og lagt þar í mikla
peninga, enda er sú laug meir en
tvöfalt stærri en sú er ég hugsaði
mér að kæmi hér. Ég baðaði mig
einusinni í þessari laug, er vatnið
í henni hafði enga stund staðið og
fanst mér hún samt dálítið heitari
en sjórinn. — Ég álít að þetta sé
mál sem vert er að athuga hvort
tiltækilegt væri að framkvæma eða
ekki, og ég er viss um að Stefnism.
geta komið upp notahæfri laug

Skjalasafnið Ísafirði

með litlum kostnaði ef þeir leggja
allir hönd á plóginn, og sýna
það að þeir standi allir sem
einn maður, í því máli er til
framfara og menningar lýtur.
Mér þykir leitt ef þetta mál
sofnar hjá félaginu óathugað.
Íslendingar missa svo marga góða
drengi í sjóinn árlega, sem sýni-
lega hefðu bjargast ef þeir hefðu
kunnað að fleyta sér á sundi, að
vert er að minnast á þetta mál,
og ætti í raun og veru hver sjómaður
að kunna sund, enda er það
nú kent í sjómannaskólanum
í Reykjavík. Sumir menn halda
því fram að sundmaðurinn muni
líða meira en ósyndur maður ef skip
ferst í stórsjó, en ég held að þess verði
ekki gerður munur. Hin dæmin
að menn drukkna á höfnum
og við land eru svo mörg að vert
er að sýna þessari íþrótt þá rækt
sem hún á skilið. Við Íslendingar

Skjalasafnið Ísafirði

erum svo fámennir, að við
megum ekki við að missa okkar
fræknu fullhuga, er gullið sækja í
greipar Ægis, og nú eru frægir fyrir
dugnað um heim allan. Hinsvegar
getum við aldrei fyrirbygt það alveg
að sjómenn farist í hinum glæsta
hildarleik við höfuðskepnurnar, en
okkur ber að gera það er í okkar valdi
stendur. „Það er of seint að byrgja brunn-
inn þegar barnið er dottið í hann",
og það er hart að maður skuli drukna
ef hann dettur í sjó nokkra faðma
frá landi, og engin hjálp er nærri,
sökum þess að hann kunni
ekki að synda

Einar Sturla Jónsson

Skjalasafnið Ísafirði

# Efnisyfirlit 5. árgangs


| | | bls. |
|---|---|---|
| Athugasemdum svarað | Fr. Hjartar | 393 |
| Brot úr ferðasögu eftir | Gunnar Magnúss. | 361 |
| Fyrsta för mín til R.víkur | — Þórð Maríass. | 295 |
| Fundarför eftir | Kr. A. Kristjánss. | 300, 342 |
| Fjallaskagi | — Jón Guðmundss. | 389 |
| Flokkaskifting | — Friðrik Hjartar | 354 |
| Heill og sæll Röðull | — Þorv. Brynjólfss. | 332 |
| Jói útilegumaður | — Guðm. H. Guðm. s. | 337 |
| Manne | — Guðna A. Guðnason | 323 |
| Nokkrar athugasemdir | — Kr. G. Þorvaldsson | 375 |
| Opið bréf | — Kristinn Kristjánsd. | 298 |
| Sólarlag | — Kristján B. Eirikss. | 281 |
| Skemtiför | — Óskar Þórðarson | 289 |
| Sjóferð | — Jón Guðmundss. | 309 |
| Sendibréf | — Páll Hallbjarnars. | 368 |
| — " — | — Þórð Maríasson | 380 |
| Sjóferð til Ísafj. | — Bjarna Bjarnason | 385 |
| x Sund eftir | Skúla Jónsson | 397 |
| Tapaðar stundir | — Páll Hallbjarnars. | 311. 326. 345. 351. |
| Þjóðtrú og þjóðlíf | — Kr. G. Þorv. | 282. 311 |
| Um íþróttir eftir | Friðrik Hjartar | 295. 320. 335. 349. 358. 373. 387. |
| x Sendibréf | — Friðbert G. Guðm. | 319 |


Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd:

Friðrik Hjartar, Kristján A. Kristjánsson og Gunnar Jónsson

| 1. blað | Suðureyri 1. febr. 1925 | 6. árg. |
|---|---|---|

## Gamli hnífurinn
(Æfintýri)

Það bar við á Slefnisfundi, þegar þar var til umræðu flokkaskiftingin og tildrög hennar á yfirstandandi vetri, að ég gat einhvernvegin ekki fengið mig til að taka neinn þátt í umræðunum, en hugur minn reikaði víða. Tók ég þá eins og ósjálfrátt upp vasahnífinn minn og byrjaði að skafa á mér neglurnar; en varla var ég byrjaður á því ófundarlega starfi, er hnífurinn hóf mál sitt á þessa leið: „Nú er ég búinn að vera nærri því 20 ár í þjónustu þinni og hefi altaf hafst við í hægri vestisvasa þínum og þar hefir ávalt liðið illa ef þú hefir ekki fundið mig þar, og þó að ég hafi nú sjaldan haft

Skjalasafnið Ísafirði

veglegri félagsskap en 5 aura-blinkt og sikkersheds-nálu, þá kann ég nú ekki [orðið] látið að segja ekki við mig annarstaðar. Margt handarvikið ertu búinn að gera með mér á þessum liðnu árum, en einna löður-mannlegasta verkið er þetta þrifa-skap á nöglunum á þér, enda verður litla blaðið í óæðriendanum á mér venjulega fyrir þessu dunde. Eru manstu þegar við vorum heima hjá foreldrum þínum, þá vorum við báðir í broddi lífsins og fullu fjöri, og þótt þú værir orðinn nærri fullorðinn, þótti þér samt gaman að smíða báta fyrir þig og bræður þína, til að sigla á tjörninni. Þá var það eitt rósfagurt vorkvöld að þú varst á leið að sofa og varst langt kominn að afklæða þig, og sast á rúmstokknum; einn bátunum var þá í smíðum, að vanda, og lá þar hjá mér í glugganum. Hefir þér víst fundist að hann þyrfti bráðrar lagfæringar við, því allt í einu tegjaði ég að hamast á skutnum á honum bakborðsmegin. Meðan verkinu var í

Skjalasafnið Ísafirði

besta gengi og hver spónninn flaug af öðrum, varð ég víst of fjörugur því að ég smaug í gegnum kjölinn og risti nálega tveggja þumlunga langan skurð upp eftir úlnliðnum á mér. Í fallinu sem á mig kom kastaðist ég ofan á gólf og lá þar sneyptur í blóði mínu; – Þó fékk ég ekkert samviskubit en þá hoppaði með buxurnar á hælunum til mömmu minnar til að fá stöðvaðan blóðfossinn og bundið um svöðusárið.

Lengi á eftir var enginn bátur smíðaður.

Og nánast þegar ég átti að skera hausinn af heilli vætt af steinbít. 120 kjamma átti að sníða af, það var fjörug vinna. Ég var svo glaður við þetta starf að ég réði mér ekki og um leið og 50. kjamminn fauk af, stakk ég mér á kaf í lærið á mér, nærri inn að beini. Á-ha! Þar varð nú snögglega verkfall. Þú mátti sem skjótast hökta heim og fara í rúmið og gast ekkert gert í heila viku

Skjalasafnið Ísafirði

nema lesið reifara, ónotast við bróður
þína og jagast við vinnukonurnar.
Ég var samt hjá þér og allt ráðunga
daga — bara skafa neglur við og við.
Og manstu, á heiðinni forðum, í
sótsvartagrenjandi frostbyl þegar
tábandið í skíðunum þínum bilaði.
Þá var nú betra að hafa mig með
í förinni. Ég var á mínum stað og
hjálpaði til að gera við bandið.
En það man ég mig hafa orðið þér
fastastan í hendi, því að um leið og
ég rann ofan í vasann aftur vildi
skinnið af gómunum á þér endilega
fylgast með mér. Þú sagðir að það væri
af því að ég hefði járn í kinnunum.
Einu sinni sendir þú mig
einn um skráargat, líklega til að gæta
hvort þar væri kjöt, skegg af lykli, sem
þú varst svo klaufalegur að snúa
sundur, og þegar þangað kom festi
lykilskeggið svo fasta tryggð við oddinn
á mér að það sór að fylgja mér á heims-
enda. Svo leiddi ég það út um skráar

gatið, en þá datt það nú samt af
mér ofan í lófann á þér. Annars hefi
ég aldrei skilið þennan dularfulla
mátt sem ég hefi í oddinum, og
skringilegt hefir stundum verið að
sjá hve saumnálar og húfuprjónar
hafa orðið eins og óðfúsir til að rjúka
að mér og kyssa mig á oddinn
ef ég hefi komið nálægt þeim. Og
til hvers er þessi gormsnúni standur
í bakinu á mér? Sá er nú ekki
skemtilegur. Mig hryllir til þess að
hafa stöku sinnum snúist nokkra
hálfhringi uppi yfir flöskuhálsi
og þá hefi ég fundið ónota rykk
í snjóhryggnum. Mér hefir altaf
verið illa við þennan ófélis staut,
og er viss um að hann gerir mig
ófríðan til baksins. Ódæmi gastu
verið leiðinlegur að skilja mig eftir úti
í „Þvelum“ innan um beinarusl og
pokaluskur, í heilan mánuð. Ég varð
dauðveikur af því, hefi líklega fengið
mislingana og varð allur rauðflekkóttur

Skjalasafnið Ísafirði

og þeirri stund hefi eg orðið fegnastur á æfi minni þegar eg komst ofan í vasa þinn aftur, og gat fengið nálina og koparklunkinn til að mudda úr brotin af kinnunum á mér".

Hnífurinn var nú orðinn ódæmála og vildi endilega halda áfram að grobba af afreksverkum sínum, en eg hlustaði ekki lengur á hann og stakk honum í vasa minn; þar hefir hann víst haldið rausinu áfram meðan nálin og klunkurinn strukuí síðustu útbrotin af kinnum hans.

Kristjan A. Kristjansson

Góði „Röðull" mig hefir lengi langað til að senda þér nokkrar línur, en hefi þó ekkert að segja, sem til fróðleiks eða skemtunar geti orðið. Eg treysti mér ekki til að frumsemja neitt, og verður þá helst fyrir að seilast lengra, og segja frá því sem

fáir hér þekkja, þótt bæði vanti dómgreind og þekkingu. Það eru merkilegir sumir staðir þessa lands, þeir þjóta upp eins og gorkúlur, er þá alt á ferð og flugi og þá jafnan að þúsundir og hundrað-þúsundir streyma þar út og inn, en svo hjaðnar alt, og þessir staðir eru varla nefndir á nafn; tel ég verstöðina „Sandgerði“ við Garðskaga einn þeirra staða og ætla ég nú að reyna að lýsa henni.

Sandgerði er norðantil á þriðju slétti strandlengjunni frá Garðskaga að Reykjanesi og liggur fyrir opnu hafi að ég held frá norðaustri til norðurs og vesturs að suðvestri. Að suðvestan við höfnina gengur fram skerjagarður, sem nær norður að sundinu, sem um er farið, og eru það þau sker sem mynda höfnina. Að norðaustan ganga fram aðrar grynningar að hinu sama sundi, og eru þar lítil hlíf og koma aldrei upp, en ennþó ófærar yfir að fara. Sundið heitir „Hamarssund“ og er svo mjótt að rétt geta tveir bátar í því mæst í góðu veðri. Grunnt er það

Skjalasafnið Ísafirði

líka og sést vel til botns í því þegar
kyrt er. Ekki get ég sagt hvað höfnin
er stór, ef höfn skyldi kalla, en til sam-
anburðar gæti maður tekið línu úr Flateyrar-
bryggju í Sólbakkabryggju og ímynda sér
þá breiddina á þekkur. Útgrynni er
mikið og verður að liggja langt frá
landi, liggja þó menn bátanna svo
grunt að taka menn niðri um stórstraums-
fjöru. Ekki veit ég hvað margir bátar
voru þarna síðastliðna vetrarvertíð, býst
við að þeir hafi varla verið færri en
60-70 og geta menn þá hugsað sér
þrengslin er allir liggja með öllum þeim
keðjum úti er þeir hafa, og hafsjór kemur
æðandi brotinn og óbrotinn inn yfir
skerin og lendir á höfninni. Þá er
betra að vera á verði, enda oft þá ekki
hægt í milli að sjá hvort menn haldi
skipunum eða ekki, má þó merkilegt
heita hversu litlir skaðar verða þarna,
kemur það af því að þarna eru menn
virkilega við öllu því versta búnir. Það
vildi til síðustu vertíð að m/k Svanur annað

Skjalasafnið Ísafirði

frá Akranesi og m/b Svanur frá Garði.
heilsuðust svo rækilega á Hamarssundi
að annar sökk með sama, rétt að hinn
náði mönnum, en Geir tók hann upp
aftur og flutti til Reykjavíkur. Ekki var
það heldur nýtt þegar góufjörurnar voru
í blóma sínum að sjá hóp af bátunum
standa á leiðinni út að Sundinu er
þeir voru að fara í róður og svo stóð
á sjó; mátti þá sjá ýmsar aðferðir til
að losa sig, sumir fóru hægt og reyndu
að losa sig og fara annarstaðar, en aðrir
settu á fullt og létu valla yfir alt.
Einu sinni fór ég á land, og verð
ég að segja að það er lítið hressandi, fyrst
verður að klifra upp á sterka stein-
bryggju sem varla er gangandi ójafn-
urðum fyrir slori og sleipu, svo gengur
maður upp í bæinn, sem er mjög lítill
ég held ekki yfir 10 hús öll mjög smá,
og götur engar en mikil for. Mér er
sagt að tveir menn eigi þessa verstöð
og heita þeir Haraldur Böðvarsson og Loftur
Loftsson. Þeir eiga sína bryggjuna hvor

Skjalasafnið Ísafirði

og sitt húsið hvor, munu þau á stærð
við sameinaðahúsið hér ef bætt væri á
það annari hæð. Í þeim er salt og fiskur
niðri en verbúðir uppi, og er ekki ólíklegt
að þar sé oft glatt á hjalla því að þar
eru margir menn samankomnir. Bæði eru
þessi hús raflýst og sömuleiðis plönin. Á
öðru þessu húsi stendur vitinn, sem
hvítur turn, hann hefir góð ljós, þau eru
fjögur og þannig að hann sýnir rautt
fyrir norðan sundið, en grænt fyrir
vestan (og hvítt á leiðinni) öll blinkljós
fjórða er rautt fast ljós sem er nokkru
neðar en hin og ekki kveikt á því
nema þegar sundið er ófært. Á dag-
inn eru leiðarmerkin fyrst vitaturninn,
svo varða sem stendur uppá melunum
fyrir ofan húsin og fjallhnúkur sem er
langt uppi og heitir „Keilir“. Þegar öll
þessi merki eru í línu er rétt farið.
Þegar komið er inn í sundið er beygt
útaf leið vestur á við, fer maður þá á
daginn eftir tveimur skúrum sem
liggja að heita hvítar og eru það mjög

Skjalasafnið Ísafirði

slæm mið. Á nóttu eru tvö græn ljós sem sýna leiðina. Róðrum haga sumir lendingar svo á minni bátunum, sem eru um 14 tonn eru 8 menn; fara 4 á sjóinn og gjöra þeir ekkert annað nema fletja fiskinn með hinum, alt annað gjöra landmennirnir. Á stærri bátunum sem eru um 30 tn. og þar yfir eru 11 menn, fara 5 á sjóinn en 6 beita í landi. Þegar báturinn kemur að landi koma hinir um borð til að gera til fiskinn og sækja lóðirnar. Alt hirða Sandgerðingar svo sem sundmagakinnar og karfa er keyptur var á 25 aura st. og golu á 7 aura líterinn. Mikið kemur úr sjónum þann dag sem allir róa ef mikill er afli. Mesti róður síðustu vertíð á einn bát var 1200 l. lifur sem gjöra 12000 tt af fiski linsaltað. Ef nú bátarnir eru 60 og gjörum svo 6000 tt að meðaltali á bát verður það 360 þús tt sem ætti að vera yfir 80 þús kr. virði. Þetta er nú úr lausu lofti gripið en mun þó nokkuð nók rétt Strikið þau sem venjulega eru slýjð

Skjalasafnið Ísafirði

til fiskjar eru aðallega á áttar-partinum frá N.V. að V. Þegar maður hefir farið út um 1/2 kl.st. er alt land horfið og ekkert að sjá nema himin og haf, nema vel heiðskýrt sé, þá sér maður Snæfellsjökul og Akrafjöll. Vanalega er farið út 2-3 tíma leið og þar lögð lóðin. Dýpi þar er um 70 faðmar. Straum-látið er og litlar ferðir, og fanst mér ílt alla staða að róa þarna suðurfrá en hér vestra. Sunnan veðrin eru sterk þar og standa af landi. Lenti ég í einu þeirra; höfðum verið 2 tíma út, en vorum 7 tíma til lands og mistum dálítið af fiski. Nú hefi ég reynt að lýsa þessari verstöð eftir bestu getu og læt hér staðar numið.

Oddur Hallbjarnars.

Um íþróttir

niðurlag

Þar á hendin ekki að nema staðar en heldur áfram sveiflunni með því að vinstra eyja. Umfram alt verður at

nota bol og fætur af öllu afli í vindunni fram. Stelling handanna þegar kastað er ræður stefnu (stellingu) kringlunnar í loftinu (hv. hún er flöt eða uppá rönd) Fremri rönd kringlunnar á að vera nokkru hærri en aftari rönd. Þegar búið er að kasta kringlunni, er skift um fætur til þess að halda jafnvæginu. Hreyfingarnar byrja hægt, en svo herst á hraðanum og að síðustu eins fljótar og hægt er. Þó ekki harðara en það að menn hafi fult vald á sér, og geti kastað af öllu afli. Aðalatriðið er að fá öxl og handl. til að vera samtaka í kastinu. Þetta verður ekki nema einungis með því að halda handl. í axlarhæð (skulder plan) þegar honum er sveiflað fram.

## Algengar villur

1 Of fljótar og ákafar liðkunarsveiflur og byrjun snúningsins of fljót. 2 Fæturnir starfa ekki rétt og hnébeygjan gleymist. 3. Öxl og handlegg er ekki haldið nóg aftur meðan snúist er, svo að þegar kastið hefst er handl. kominn hálfa leið fram (á undan á undan öxl) 4. Fætur og bolur eru ekki notaðar til að hækka kastið. 5. Kringlunni er

Skjalasafnið Ísafirði

haldið of lóðrétt (þvert) og hendin nemur staðar beint frammi (uppi) þegar búið er að kasta 6. Handl. er ekki beygður nóg út í snúningnum 7. Skift um fætur of snemma

## Þjálfið.

Kringlukast er oft líkt og spjótkast. Það er ekki eins hætt við tognun í liðum og vöðvum. Það er því hægt að æfa daglega, en aðeins 2var í viku af öllu afli. Af því að erfitt er að ná lagi í kringlukasti verður það að æfast gætilega, og smá auka við. Athugið vel það sem veikast er hjá þér og æfðu hvert atriði útaf fyrir sig t.d. snúninginn, fótaburðinn og armsveifluna, að rétta sig upp o.s.frv. Auk þess sérstaklega æfing í flýti liðleika og afli. Kringlukastari verður umfram alt að vera mjúkur og liðugur og hafa fullkomið vald á líkamanum. Fimleikar (Gymnast) eru því ágætur undirbúningur. Æfið einnig dálítið hraðhl. og stökk. Fáið liðugar axlir svo að hægt sé að halda handlegg vel aftur án þvingunar. Notið þessvegna fimleika með priki (bókin hans Skiði og fl. og armréttingar og sveiflur í allar áttir. Efli æfingar er mjög gott einkum um axlir hliðar og bak, helst 3svar í viku.

Friðrik Hjartar

# Röðull

Ritnefnd:
Friðrik Hjartar, Kristján A. Kristjáns, Sturla Jónsson
2. blað | Suðureyri 15. febr. 1925 | 6. árg.

## Svar við svari

Herra skólastj. Fr. Hjartar hefur í ~~síðasta~~ næst síðasta tölubl. Röðuls svarað athugasemdum þeim er jeg gerði við grein hans um flokkaskiftinguna, og með því að ~~sama~~ það svar er byggt á óvenjulegum grundvelli, vil jeg enn biðja Röðul um rúm til að minnast á nokkur röksemdaatriði hans.
Svarið byrjar með tveimur glóandi gæsalappastjörnum, þar sem sama nafnorðið er lappað í hvorutveggja skiftið en þrívegis viðhefur hann tilsvarandi ~~sagnorð~~ sagnorð í mismunandi beygingu án gæsalappa, og gerir það þetta enn torskildara, mun þurfa sjer

fræðing í þeirri grein til að skilja
þýðing þeirra stjarna. Þá fræðir skóla-
stjórinn lesendur sína á því að jeg
hafi ekki annað ~~ritað~~ í Röðul ritað
en það er honum sje að einhverju leyti
að þakka.
Því skal ekki mótmælt að hann hefur
oftar en einu sinni gefið mjer ástæðu
til að rita í blaðið, með því að halda
fram skoðunum er verið hefa andstæðar
mínum og hefur það dregið úr öðrum
skrifum hjá mjer, en að jeg hafi ekkert
annað skrifað í Röðul, eru ósannindi
sem honum verður ekki fært að standa við.
Jeg hef gert mjer það að skyldu að í-
huga það sem jeg heyri og les og mynda
mjer þannig skoðanir, og skiftir mig
engu þó ekki falli þær ávalt saman við
skoðanir. Fr. Hj. og þó þær kunni að
þykja ofdjarflegar af manni sem ekki hef-
-ur einu sinni notið barnaskólamentunar
auk heldur orðið þeirrar náðar aðnjótandi
að verða stimplaður brjóstmilkingur
nokkurar opinberar mentastofnunar.

Skjalasafnið Ísafirði

þá verður það svo að vera. Finn jeg enga ástæðu til að afsaka þó ekki komi þar saman við skoðanir allra mentamanna, því það mun flestum ljóst að í fáum ~~orðum~~ atriðum er það þarft, því það er ekki síður í þeirra hóp en annara að einn reki horn í annan.
Þó Fr. Hj. látist ekki skilja orð þau er jeg hafi um lýsingu hans á ávöxtum flokkaskiftingarinnar, þá veit jeg að aðrir skilja að mjer fanst þar viðhafði nokkuð sterkir litir, og sjálfur mun hann kannast við orð sem stundum eru notuð í daglegu máli „að flattera myndir" sem í svona líkingu þýðir sama og jeg sagði. Hann vill skipa mjer í flokk með sjer, þar sem hann telur mig kaupmann, en ókunnugt er mjer um þá upphefð.
Jeg gat þess í athugasemdum mínum að jeg kannaðist ekki við þau andmæli gegn fyrirkomulagi flokkanna „Að starfsemi yrði að vera í molum o. s. frv." og mæltist til að heyra hvaða tillögur hefðu komið fram til að bæta úr því. Nú fræðir hann mig á að jeg hafi haldið þessu fram, en minnist ekki á neina felda

Skjalasafnið Ísafirði

tillögu frá mjer um þetta atriði.
Mig undrar mjög staðhæfing hans, og
hjer getur ekki verið nema um tvent
að ræða. Annað hvort er grein hans
Flokkaskiftingin rituð til að lýsa hvernig
flokkaskiftingin hefði orðið ef tillögur
hans hefðu náð fram að ganga, og
þá hef jeg misskilið hana algerlega,
mundi jeg ekki hafa ástæður til að spilla
þeirri mynd af draumalandi hans, eða
greinin er rituð, eins og jeg hef tekið
hana, um fyrirkomulagið og starfið eins
og það var, og þá er þessi staðhæfing
hans svo fjarri sanni, sem framast má verða.
Það breytir engu þó Fr. Hj. beri Kr. A. Krist-
jánsson fyrir að jeg hafi sagt það er hann
til færir eftir mjer, nema hann þá votti
að jeg hafi sagt það, um það er varð flokk-
unum viðloðandi um að takmarka
ræðulengd, þá kemur það ekki þessu máli ~~máli ekki~~
við, og hef jeg engu að bæta við það, sem
jeg hef áður sagt í nokkrar Athugasemdir,
öðru en því að maðurinn sem jeg
minnti á þar var Fr. Hj. og minnist jeg

Skjalasafnið Ísafirði

ekki að aðrir gjefu þeim hugmynd
liðsyrði; og aldrei kom það til atkvæða.
Það kann vel að vera að Fr. Hj. hafi ástæðu
til að telja tillögur sínar „~~hafi~~ óskrifuð
lög" innan Stefnis, en þó viðurkennir hann
— að ekki hvíldi nein „lagaleg" skylda á
"neinum í þessu efni" og virðist það ósam-
rýmanlegt við það er hann segir rjett áður.
Mjer er alókunnugt um hin „óskráðu lög"
og ræði ekki málið frá þeirri hlið. Þau
hafa máske verið mörg og ef til vill þar á
meðal ákvæði um að ná sem hæstri ~~minnstri~~
stigatölu með sem minnstri fyrirhöfn og tíma
Það sem Fr. Hj. segir um síðustu ræðu mína
kemur mjer að ýmsu leyti ókunnuglega
fyrir, jeg kannast ekki við „hinar skrif-
legu og munnlegu áskoranir" til mín um
að láta hana standa fundinn út, og engum
öðrum ~~að~~ en þá honum mundi hafa
fundist hún að betri, þó jeg hefði látið, þar
máli lokið, er jeg var kominn, „þegar síð-
ustu forvöð voru að „Huginn" gæti fengið
orðið. Annars má það vera einkennilegt
höfuð er rumar þá hugmynd að

Skjalasafnið Ísafirði

hjá því yrði komist að annarhvor flokkanna byggði hinum út. Mjer var það ljóst í fundarbyrjun að úrslitin bygðust á hlutskerfi því er þar var varpað.

Jeg vil biðja Fr. Hj. að minnast þess að sjálfur hefir hann sagt að aðaltilganginum með flokkaskiftingunum hafi verið sá að fá sem flesta til að starfa, og hann verður að viðurkenna að þar lá. Hugimm í auglýsum minnihluta, og er óskiljanlegt að þar í hafi verið brotin „ óskrifuð lög".

Þá segir Fr. Hj. „ Kr. G. Þ. segir það fari fyrir ofan sitt höfuð að ræðumenn þurfi að ná hylli áheyrenda sinna."

Þessa er alger rangfærsla. Jeg sagði aðeins að <u>það sem Fr. Hj. segi um þetta</u> fari fyrir ofan mitt höfuð en orð hans eru þessi: „ Það á líka að vera (skýlaus krafa til ræðumanna líka) <u>fyrst og fremst</u> að reyna að verða vinsælir ræðumenn, reyna að ná hylli áheyrenda, ~~reyna að~~ sinna".[I]

Hjer virðist það talið meira virði að ná hylli fjöldans en reynast hugsjón sinni trúr, er því óviðeigandi að tala um

I Auðkent mjer Kr. Þ.

Skjalasafnið Ísafirði

bindindindi, þar sem fjöldinn er því andstæður, svo jeg nefni eitthvað til dæmis. Jeg hef aldrei heyrt það lofað að tala eins og hver vill heyra og völt mun sú vinsæld reynast, sem á þeim sandi er bygð.
Kemur mjer síst til hugar að Fr. Hj. hafi nokkurt sinn farið nærri þeirri reglu er hann hjer virðist kenna öðrum.
Að síðustu vill Fr. Hj. fullvissa mig um að ekki væru flokkarnir „að mun" sundskipaðri nú, þó stigveiting væri, kveður hann mig geta gengið úr skugga um að svo sje en bendir ekki á hvernig jeg eigi að gera það
Ekki veit jeg hve mikla fækkun þarf til að hann álíti hana gera flokkana fámennari „að mun," jeg veit það eitt að til voru menn, er ekki hefðu orðið með ef stigveiting hefði orðið. Veera kann að hann þekki einhverja sem ekki hafa orðið með, sökum þess að stigveiting er ekki, en þar sem þeir ef einhverjir eru, hafa ekki dirfst að láta það álit sitt í ljósi er mjer vafi á að flokk-

Skjalasafnið Ísafirði

aðrir væru„ að mun betur mentir þó þeir væru með.
Flokkaskiftingin síðast var með kjörbreytingu, og munurinn varð svo lítill að tapast verður gert fyrir meiri jöfnuði, þó urðu umræður um úrslitin svo heitar, að því var kastað fram hvort ekki væri rjett að slíta fjelaginu.
Hvernig hefði farið ef um verulegan mun hefði verið að ræða?
Mjer var ánægja að eiga við Fr. Hj. í tveimur fyrri ritdeilum okkar, þar kom hann vel fram og varði sína skoðun sem manni var samboðið, en mjer er óljúft að svara oft slíkum greinum, sem hið umrædda svar hans er, þar sem aðalrökin eru rangfærslur og ósannindi og mun því líða hjá mjer að svara slíku ef unt er.
Kr. G. Þorvaldsson

# Sendibréf

Góði vinur! ? í febr 1925.

Skjalasafnið Ísafirði

Kæra þökk eiga þessar línur að
færa þjer fyrir þitt síðastabrjef, sem
jeg fjekk nokkuð seint sem von var
því jeg kom ekki til „Víkur" fyr en
um veturnætur, en þú hefur ekki
vitað að jeg var kominn upp í sveit,
en þar hefi jeg verið síðan í vor, en
svoleiðis var nokkru eftir að við skildum
kom Brandur gamli á „Höfða" til mín
og bað mig að vera hjá sjer í ár, jeg
gæti fengið að hafa kindurnar mínar með
mjer, því jeg mundi geta slegið fyrir
þær í frístundum mínum því slæjur
væru nógar og þá vantaði ekki húsin
sagði hann, jeg ljet tilleiðast og fór til
hans og hef verið þar síðan og hann
vel við mig. Brandur er nú undir
læknishendi og verður í vetur. Helga
dóttir hans sem er ráðskona hjá honum
~~sem~~ er á aldur við mig, mjög lagleg og
myndarleg stúlka, og hef jeg hugsað
mjer að sleppa henni ekki við hina
piltana og þjer að segja held jeg að
jeg muni vinna sigur, annars skal jeg

Skjalasafnið Ísafirði

segja þjer frá því seinna. Það er margt af unga fólki hjerna í sveitinni og er bæði gott og skemtilegt. Hjer er líka „stúka“ en ekki hef jeg farið í hana, jeg get ekki felt mig við hennar lög og kreddur og eins er um fleyri enda er þar nóg af mönnum sem ekki drekka en fáir af þeim sem drekka og það er henni að kenna því hún gerir lítið til að ná þeim á vald sitt. Ungmennafjelag var hjer með litlu lífi þegar jeg kom en nú hefi jeg komið þeim til að starfa af krafti, eru fjelagsmenn nú um 60 en voru um 25 áður. Hefir stúkan mist þar marga. Bindindi er þar vel haldið aðeins einn hefur brotið síðan jeg kom, það var Siggi músarauga sem þú kannast við, fund höfum við haft annahvern sunnudag sem eru bæði fjörugir og skemtilegir. Jeg fór í kaupstað fyrir jólin og keypti þar ýmislegt þar á meðal kápu sem ekki er ólík þeirri sem Friðfinnur var í þegar hann ljek Svend snemm-

Skjalasafnið Ísafirði

bara í Nýjársnóttinni þá datt mjer í hug; (Nosa flest í neyðinni skal) því ekki var völ á betra. Jæa þá fór jeg til bóksalans og keypti þar nokkrar bækur og skal jeg segja þjer frá þeim í röð eins og jeg las þær, fyrsta bókinn var,, Njáll" eftir Helga Pjetursson doktor ágætis bók um heimsfræði og líffræði þó hún sje nokkuð þung með köflum, en lesi maður hana með samúð og skilningi kemst maður að raun um að hún er góð, og ekki spillir það bókinni að hún er rituð á eitthvert fallegasta og þróttmesta íslenskt mál sem nú er ritað, þar næst las jeg Menn og Mentir, Páll E. Olafsson þetta er mjög fróðlegt og skemtilegt sagnfræðirit vel rökstutt og ritað á gott mál. þar næst kvæðabók eftir Jakob Thorarensen,, Sprettir" áður komið,, Snæljós" báðar eru þessar bækur góðar. Jakob er einkennilega kjarnyrtur og djúpskygn svo fáir munu hans líkar tökum t. d. kvæðin. Hrapið",, Eldabuskan" Bruni",, Skrattakollur" og þá Hrefna á

Heiði sem er reglulegur gimsteinn því þó hann hefði ekkert kvaði orð nema þetta þá hefði mátt setja hann meðal vorra bestu skálda, svo vel líkaði mjer þetta kvæði. Sarnast las jeg. Fornar Ástir eftir Sigurð Nordal, allar eru þessar sögur vel sagðar og þó misjafnar. Síðasta fullið er best, og yndi að lesa hana þetta er ein besta smásagan sem við eigum eftir Íslending, að mjer virðist saga; sem enginn óspiltur maður getur lesið án þess að finna til og muna. Þá kemur síðastabókin ef bók skyldi kallast sem er Silkikjólar og Vaðmálsbuxur það verð jeg að segja að vel gæti jeg trúað því að hún væri eftir Sigurjón Spítalaráðherra en ekki nafna hans í bankanum svo ílt varð mjer við að lesa ~~ana~~ bókina að jeg finn enn til í kroppnum hvað þá höfðinu, jeg bið þig lesa hana ekki því getur hlotist verra af því. Nú fer að minka sem jeg hef til að segja þjer ekki er jeg farinn úr Ármanni og fer ekki fyrst um sinn en jeg frjetti af honum svona við og við því Gunnar bróðir skrifar mjer

Skjalasafnið Ísafirði

að ödrukknum hann segir að nú sje glímt
af krafti meiri en nokkru sinni áður.
Jeg bið þig að gleyma ekki að skrifa mjer
og segja mjer hvernig gengur í Stefni
hjá ykkur og það sem þú veist að jeg
kannast við.

Með virsemd.

Lifðu heill
Sveinn Jóhannsson

## Skrítla

A: Þekkir þú mun á skráðum
og óskráðum lögum?
B: Já, það liggur t. d. engin laga-
leg refsing við því, að vera með
vefið niðri í öllu, er mann
varðar ekki, en það eru óskifuð-
lög allra siðaðra manna, að þetta
sé siðferðislega rangt, — sé ósiður.

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

# „Röðull“

Ritnefnd:
Friðrik Hjartar, Kr. A. Kristjánsson o. Skúli Jónsson

| | | |
|---|---|---|
| 3 blað | Suðureyri 1. mars 1925 | 6. árg. |

## Andsvar

Hr. Kr. G. Þorvaldsson endar svargrein sína, í síðasta tölublaði „Röðuls“ með því að halda því fram, að aðalrök mín séu „rangfærslur og ósannindi“. Skal ég þá í fám orðum sýna að hér veður Kr. G. Þ. reyk, annaðhvort viljandi, eða óviljandi. Fyrstu ósannindi mín, eiga að vera þau, að hann (Kr. G. Þ.) hafi ekki annað í „Röðul“ ritað, en það er mér sé að þakka, beinlínis eða óbeinlínis. — Skal þetta athugað nánar. Þessar greinar Kr. G. Þ. tel ég beinlínis mér að þakka: 1. Valhallartrúin og vígaferli forfeðra vorra 2. Þjóðtrú og þjóðlíf 3 Nokkrar athugasemdir og 4. Svar við svari (nú síðast)

Skjalasafnið Ísafirði

Um „Ávarpsorð“ og greinina „Íþrótta-
kennarinn“ tel ég mér að þakka
óbeinlínis, þar sem ávarpsorðin eru
skrifuð af Kr. G. Þ. fyrir tilmæli mín
og Kr. A. Kristjánssonar en greinin
um íþróttakennarann er rituð um
Jón Þorsteinsson. Nú var ég aðalhvata-
maður þess að Jón Þorsteinsson kom
hingað, og hvatti ég Kr. G. Þ. þar að
auki til að rita umrædda grein, til
þess að gera mönnum ljósari fjárhags-
ástæður félagsins. Og víst er það að
hefði Jón Þorsteinsson aldrei komið hingað,
þá hefði Kr. G. Þ. aldrei ritað umrædda grein;
hún er því mér að þakka óbeinlínis. Fleiri
greinar hefi ég ekki fundið í „Röðli“
með nafni Kr. G. Þorvaldssonar undir,
og þykist nú hafa sýnt að ég hefi ekki
farið með nein ósannindi í þessum efnum.

Önnur ósannindi, sem Kr. G. Þ. ber mér
á brýn, eru þau að það sé rangt hjá
mér (og Kr. A. Kr. s.) að hann (Kr. G. Þ.) hafi
sagt á Stefnisfundi í fyrra haust að
„starfsemi flokkanna þyrfti að vera í

Skjalasafnið Ísafirði

málum o.s. frv." Skilst mér þó að Kr. G. Þ. neiti eigi með öllu, að hann kunni að hafa sagt umrædd orð, en það hafi þá verið um eitthvað „sem ekki var flokknum viðloðandi". Er þessi röksemdafærsla Kr. G. Þ. ágætt dæmi þess, hvernig þeir, er verja rangt mál hrekjast úr einu víginu og í annað. Fyrst heldur Kr. G. Þ. því fram að engum hafi viðhaft nefnd orð. En þegar það er orðið vottfast, að hann hafi sagt það sjálfur, þá snýr hann við blaðinu og segir að þó að hann kunni að hafa sagt orðin, þá hafi þau ekki verið sögð um starfsemi flokkanna, og komi því ekki þessu máli við. — Legg ég það óhræddur undir dóm allra félagsmanna, hvor okkar Kr. G. Þ. muni hér fara með réttara mál.

Þriðju ósannindi mín, eiga að vera þau orð mín, að Kr. G. Þ. hafi orðið við „skriflegum og munnlegum áskorunum flokksbræðra sinna, um að

Skjalasafnið Ísafirði

tala fundartímann út. Segist Kr. G. Þ. ekki kannast við að hafa fengið áskoranirnar. Man þá Kr. G. Þ. ekki eftir því að hr. kaupm. Ö. Valdimarsson sendi honum skrifaðan miða, meðan á rœðunni stóð. Ég er viss um að margir félagsmenn muna það. En ef til vill segir Kr. G. Þ. að engin áskorun í þessa átt hafi verið á miða þessum. En bæði er að Örnólfur Valdimarsson hefir ekki neitað að svo hafi verið, og svo hitt að nokkrir lásu miðann og sáu hvað á honum stóð. Þetta er því vottfast líka, og þýðir Kr. G. Þ. ekki að berja höfðinu við steininn og segja að ég fari því með ósannindi.
Fleiri bein ósannindi, hefir hr. Kr. G. Þorvaldsson ekki borið mér á brýn, og vona ég að hann, er við nánari athugun sjái, að ég hefi allsekki farið með neina „staðlausa stafi".
Ég vil ekki þreyta félagsmenn á því, að fara að benda Kr. G. Þ. á hversu

Skjalasafnið Ísafirði

hann geti fullvissað sig um að
flokkarnir væru ekki að neinu „þunn-
skipaðir nú, þótt einkennum hefði
verið haldið. Ég vona að hann geri
sig ánægðan með það, að ég bendi honum
sjálfum á það. Svo er og um annað
í greinum mínum, er ég sé að Kr. G. J.
hefir misskilið. Ég tel heppilegast,
að við jöfnum það í bróðerni. Ég sé
heldur ekki, að neinn geti haft af
því gagn né gaman, að ég fari að
kenna Kr. G. Þorvaldssyni í Kösli hvernig
ég leyfi mér að nota gæsalappir, en
hafi Kr. G. J. hug á að grenslast
eftir því, þá er ég fús á að gefa honum
þá vitneskju um það sem mér er
fast. Þá sé ég heldur ekki, að það
komi þessu máli vitund við, hvort
hr. Kr. G. J. er „stimplaður brjóstmylk-
ingur nokkurrar opinberrar menta-
stofnunar" eins og hann komst
að orði, eða aðeins pelabarn heimaln-
ingsháttarins. Ég hefi a. m. k. ekki
gefið neitt tilefni til slíkra hugleiðinga.

Skjalasafnið Ísafirði

Að endingu vil ég ekki láta þess
ógetið, að ég hefi engan heyrt viðhafa
þau orð, út af flokkaskiftingunni
í fyrra „hvort ekki væri rétt að
slíta félaginu" en vel getur verið
að Kr. G. Þ. hafi heyrt þau, og það
vil ég ekki rengja. Að svo mæltu
kveð ég Kr. G. Þ. með vinsemd og mun
ekki deila við hann frekar um þessi
mál, nema mikill nauður reki
mig til

Friðrik Hjartar.

## Sundlaug eða baðklefi.

Á síðasta Stefnisfundi voru til
umræðu þrjú merkileg mál. Mæld á
okkar fáláka félagsvísu, eru þau öll
stórmál og í eðli sínu öll merkileg
Skemtigarðsmálið, sem ákveðið var
að skrifa um til annara félaga
verður aldrei framkvæmt. Má vera
að félögin velti því dálítið milli
sín, en svo hverfur það aftur án

Skjalasafnið Ísafirði

fækkar framkvæmda. Trjágróður þrífst
ekki á okkar sandriku og sólskinsfátæku
Suðureyri. Hin málin eiga bæði erfitt
að komast í framkvæmd og þurfa
að komast það. En þau geta ekki fylgst
Annaðhvort verður að bíða, og af því að
mér sýnist að úr því verði skorið á
næsta fundi hvort þeirra verði ráðist
í fyrst, vil ég skrifa nokkur orð um
hvort þeirra ég tel betur ráðið að ganga
fyrir. Um þörf og gagnsemi beggja
málanna get ég verið fáorður. Þau
eru svo auðsæ hverjum sem vill sjá.
Og þó segja megi að sundlaugin muni
koma að algildari og hagnýtari notum,
þá ann ég báðum málunum skjótra
og farsælla framkvæmda. Munu þau
bæði verða firði og félagi til ómetan-
legs gagns og sóma, ef framkvæmdin
tekst vel og notkunin verður almenn.
En það eru önnur atriði, þau er
snerta hina verklegu framkvæmd
málanna, sem í mínum augum
ráða töluvert miklu um, á hvoru

Skjalasafnið Ísafirði

skuli fyrst byrja. Skal þar fyrst nefna það að um byggingu baðklefans er það mjög bagalegt hve langt er að ná til vatnsæðar og hve örðugt verður að koma frárenslinu fyrir á viðunandi hátt. Nú hagar svo til að vatnsæð sú er á að liggja um með aðalgötunni er ekki lengra komin en neðanvert við skólahúsið og þó nú sé útlit fyrir að hún verði ekki bráðlega framlengd, þá getur það þó breyst áður langt líður og verða þá hæg heimatökin er ekki þarf lengra að sækja vatnið en um götuna þvera. Jafnan stað hefir það lengi verið krafa heilbrygðisnefndar að lækurinn verði hleypt í lokræsi til sjávar, til að fyrirbyggja óholl áhrif, sem frá honum kunna að stafa á heilsufar kauptúnsbúa. Og þó að örðugur fjárhagur hreppsins hafi hamlað framkvæmd þess verks um sinn, þá er heldur ekki víst, nema

Skjalasafnið Ísafirði

vetjunartími þess nálgist áður
en varir, og þar eð vatnið hlýtur
að liggja töluvert nálægt Sam-
komuhúsinu er hér enn sama
máli að gegna að þá verður þá-
~~venste~~ vastan leikur einn í
samanburði við það sem nú er.

Hinsvegar má benda á það, um
bygginguu sundlaugarinnar, að
verði henni valinn staður innan-
vert við túngirðingu Suðureyrar, efst
í bugnum, þá virðist eins og þar
sé svo margt við hendina og bara
bíði eftir því að verða tekið í notkun.
Þar er sandur, án þess þurfi að flytja,
og grjót í fárra faðma fjarlægð, bæði
reiðubúin til að falla í órjúfandi
faðmlög er hið útlenda ástameðal
þeirra kemur til og er þar lækur,
sem ótölulega mörg hundruð ár hefir
verið þess albúinn að renna inn
í sundlaugina, og láta sér hlýna
þar um stund, á leið sinni til
sjávar. Þetta eru óneitanlega

Skjalasafnið Ísafirði

meðmæli. Hér er strax hægt að beita samtökunum sem sýna árangur ef menn eru samtaka — Sem Stefnismenn kunna að vera samtaka, það sýnir gatan. — Reynist þörf á að taka lækinn í pípur ætti hreppsnefndin að geta séð af nokkrum vatnsrörum með vægu verði og viðunandi gjaldfresti. Að athuguðu aðeins þessu sem hér hefir sagt verið, virðist sundlaugin eiga að ganga fyrir, en þar kemur fleira til sem gengur í sömu átt, sem sé hið aðkeypta efni. Við baðklefann verður kostnaðurinn miklu meiri í aðkeyptu efni en vinnu; en við sundlaugina verður vinnan miklu meiri en efnið sem kaupa þarf, og það er eflaust álit okkar allra, að það sé mjög þýðingarmikið atriði.

Beri nú Stefnir gæfu til að koma þessum málum í farsæla framkvæmd, er það næst hyggju

Skjalasafnið Ísafirði

minni að hann á sínum tíma
lagnist gildan þátt í því að
uppreisi kirkja í okkar kauptúni
og að hann þar með grafi mynd
sína, í svip og sögu þessa bygð-
arlags þeim rúnum, „aldrei
sem kunni af að má eldur,
frost, vatn, né kraftur vinda."

Kristjan A. Kristjánsson

## Þriðja Stefnisglíman

fór fram þann 26. febr. s. l.
Þátttakendur í glímunni s. Voru þessir:
K. Sturla Jónsson, Einar Óskar Þórðarson, Friðb. G.
Guðmundsson, Gunnar Magnússon og
Ólafur Jónsson.

Dómnefnd skipuðu: Friðrik Hjartar,
Guðni A. Guðnason og Kr. A. Kristjánsson
Skrifarar voru: Páll Hallbjörnsson og
Örnólfur Valdimarsson. Læknir Páll
Sigurðsson viðstaddur. Úrslit urðu

Skjalasafnið Ísafirði

þau að þeir Gunnar og Sturla höfðu að loknum öllum glímunum sína 3 vinninga hvor. Glímdu þeir því úrslitaglímu er lauk þannig að Sturla Jónsson hlaut skjöldinn. Að einróma áliti dómnefndar hlaut Gunnar Magnússon verðlaun fyrir fegurðarglímu. Glíman fór hið besta og drengilegasta fram og var glímumönnunum og félaginu til sæmdar. Eftir glímuna fór fram fimleikasýning. Þáttt. 7 Glímum. 4 og þátttaknum Friðb. G. Guðm. en að auki Gissur Friðbertss. Gissur Guðmundss. og Þorlákur Jónsson. Tókst sú sýning eftir vonum miðað við það að hún var með öllu óundirbúin. Aðsókn var fremur góð. Inngangur kostaði 0/50 kr. f. full. 0/25 f. börn. Glíman hófst kl. 9. en endað var kl. 12½ s.d.

Suðureyri 28 febr. 1925
Friðrik Hjartar

Kappglíman 26/2. 1925

| | S. J. | Ó. Þ. | F. G. G. | G. M. M. | Ó. J. | | Vinningatala |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| E. Sturla Jónsson | . | 1 | 1 | 0 | 1 | = | 3 +1 |
| E. Óskar Þórðarson | 0 | . | 1 | 0 | 1 | = | 2 |
| Friðb. G. Guðmundss. | 0 | 0 | . | 1 | 1 | = | 2 |
| Gunnar M. Magnúss. | 1 | 1 | 0 | . | 1 | = | 3 |
| Ólafur Jónsson | 0 | 0 | 0 | 0 | . | = | 0 |

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

Ritnefnd:
Friðrik Hjartar, Kr. A. Kristjánsson, G. Steinþór Jónsson
4 blað | Suðureyri 15. mars 1925 | 6. árg.

Byggðasafn 332

## Heill og sæll „Röðull“!

Niðurlag.

Daginn þar á eftir var hugsað til ferðar yfir „Klofning“. Þegar við vorum komnir ofarlega í heiðarkinnina buldi við feykna brestur, og dómadagsskruðningur var fylgjandi um leið og kinnin eða ísbungan sprakk á stóru flagi rjett fyrir ofan okkur. Nappaði þetta flóð í Kristján og hafði hann með sjer ofan alla brekku og stal frá honum öðru skíði hans, en skilaði honum heilum tilbaka sjálfum. Var það furðuverk að mjer fanst, horfandi á hann hlúnkast og dúnkast, þar til hann hvarf mjer sjónum. Nú útók hann sitt, hugsaði jeg, þegar jeg sá til hans koma, en brosað gat jeg ekki á þessari alvarlegu stundu.

Skjalasafnið Ísafirði

Kalsárið sem seint gleymist minti mig lengi á þetta ferðalag. –

Opt hef jeg farið sjóleiðis milli Ísafjarðar og Súgandafjarðar, á vjelabát og gengið ymislega, vel eða hálfilla, en einna harðsóttust var maiferðin 1916 með „Svani“ Jóns Einarssonar á heimleið frá Ísafirði.

Síðla um kvöldið kl. 10-11 var lagt á stað. Bakkus skolli flýtti ekki förinni: Veður þá í uppgangi, og þegar rokveður er út fyrir sundin var komið. Vjelin reyndist lin. Í Bolungarvík var numið staðar. Eigi leið á löngu áður en í það óefni var komið að báturinn ætlaði að reka í land sökum veðurofsans. Þótti þá eins og á stóð heppilegast að taka sig þarna upp og halda heimleiðis. En vjelin sagði pass og neitaði að vinna. Var þá gripið til seglanna, slagað fram úr víkinni. Að því búnu fengum við snarpan hliðvind út með Stigahlíðinni, en ofsa veður áskollið með undanhaldi, þegar vestur fyrir hana dróg. Kallaði þá einn er uppi var til mín niður

Skjalasafnið Ísafirði

og sagði með viðeigandi málrómi, ógrandi auðvitað, „komið og sjá prestaveðrið“. Það skal játast að hugdeigum mönnum gat þá orðið órótt innvortis. Útlitið var langt frá glæsilegt, þar sem vjelin var stöðugt í óstandi þrátt fyrir dekur Jóns við hana og dund. Sá jeg að Friðrik Hjartar hjelt daglega um stjórnvölinn þegar á mestu reið. Er fyrir Göltinn kom höfðum við mótvind. Þá fór loks fyrst þráinn úr vjelinni, og var spölinn sem eptir var hin hlýðnasta svo að við náðum heimalendingunni eptir 9. kl. stunda sjóvolk.

Nokkrum sinnum hef jeg slæpst á utanhreppsfundarhöld. Hraðasta ferð á göngu var eitt sinn á Mýrum. Við fundarmenn lögðum hjeðan frá Stað á 7. tímanum árdegis en komum að Mýrum fyrir hádegi, en kl 12 átti að setja fundinn. Sumir fundarmenn ókomnir. Þótti gangan röskleg.

27/3 '24

Þorvarður Brynjólfsson

Skjalasafnið Ísafirði

# Sendibrjef.

Góði Kunningi!

Þú biður mig í brjefi þínu, að skrifa þjer útúr af hversdagsstörfum mínum.
Jeg ætla nú að reyna að verða við þeirri bón þinni og segja þjer frá einni sjóferð minni, er jeg fór síðastliðið haust á m/b. „Landnámsmanninum". Við lögðum af stað hjeðan frá Suðureyri snemma að morgni, veður var allgott, en leit út fyrir að hvessa austan. Á bátnum voru formaður og fjórir hásetar hjet einn Þorgeir annar Jakob, þriðji Magnús og var jeg sá fjórði. Þegar út á fjörðinn kom fór Mangi að hita kaffið, Kobbi fór að skera fyrir sig beituna, en Geiri var í óðaönn að setja á nýjan fiskikrók. Þegar út úr firðinum kom, var kominn renningskaldi austan, kallaði þá formaðurinn til okkar og sagði Hei-u-sið þið se-e glið piltar. Var það jafnsemma að formaðurinn entaði við setninguna

og seglið var komið upp. Var svo siglt litla stund þar til vjelin var stöðvuð og menn fóru að búa sig til að renna færi. Kom Mangi þá upp úr lúkarnum eldrauður í framan með reykjarpípu í munninum, kallaði hann undir flatt og sagði okkur að kaffið væri búið. Fóru þá sumir niður að drekka kaffi en sumir rendu færum til að vita hvort vart yrði, fóru þeir svo að keipa í ákafa, en ekki vildi sá guli bíta. Fór þó svo að að formaðurinn fjekk fisk, markaði hann fiskinn og kastaði honum til hljes, rendi færinu út aftur og dró annann innan litillastundar.
Undi þá Geiri illa hag sínum og fór að ákalla alla sína guði sjer til hjálpar, varð hann þá alt í einu var og dró inn færið sitt þegar hann tók fiskinn innfyrir borðið sáum við að það var steinbítur, gekk Geira illa að losa hann af önglinum, en þegar hann loksins var búinn að

Skjalasafnið Ísafirði

ná önglinum úr honum kastaði hann honum til hljes, og bað kölska að hirða hann. Brá þá Kobbi við sem skjótast og rjeðist á ~~hann~~ steinbítinn með barefli, og fóru svo leikar, að hann gekk af honum dauðum. Fór hann svo í mestu makindum að skera sjer beitu af bráð sinni. Eftir því sem á daginn leið, fór heldur að hvessa, um kl. 3. var kominn stormur. Var þá haldið til lands og siglt með stórsegli og fokku. Stóð formaðurinn við stýrið, en Jakob stóð við mastrið, en við hinir fórum í lúkarann. Fórum við þá að ræða um fiskifeng okkar, bar okkur öllum saman um að hann væri lítill. Mangi hallaði undir flatt og tottaði pípu sína, og sagðist ekki eiga meira en þrjá fiska. Geiri sagði að sá gamli mætti eiga það sem hann ætti fram yfir 4. fiska og eitthvað fimm eða sex kolýsur; og jeg sagði þá þeir hlytu að eiga það Jakob og formaðurinn því ekki ætti jeg yfir 2 fiska. Alt í einu heyrum við að Kobbi hrópar.

Skjalasafnið Ísafirði

„Puff hvalur fyrir stafni." Þustum við þá allir upp á þiljur, til að vita hvað um væri að vera. Sáum þá að þetta var ónýtur blikkdúnkur, sem einhverjir höfðu kastað fyrir borð. Bar svo ekkert við, sem sögulegt er fyr en í land kom og búið var að leggja inn fiskinn. Hafði þá formaðurinn verið hæstur, Geiri þar næst, svo Kobbi, svo jeg, ~~en~~ en Mangi var lægstur. Hjet þá Geiri því að hann skyldi aldrei fara á sjó aftur á þessum bát, því það væri auðsjáanlegt að þar fengi enginn fisk nema formaðurinn. En hvort hann hefir efnt það loforð veit jeg ekki. Hef jeg svo ekki meira að segja þjer, og vertu svo marg blessaður

þinn ..

Narfi

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

# Röðull

## Ritnefnd:

Friðrik Hjartar, Kristján A. Kristjánss. og Skúli Jónsson

3. blað | Suðureyri. 19. April 1925 | 6. ár.

## Þorsteinn Erlingsson sem trúmaður.

Það er stutt síðan, að flutt var í „íþróttafélaginu Stefni" ræða um Þorstein Erlingsson og skáldskap hans. Mér kom það nokkuð undarlega fyrir er ræðumaður kvað hann hafa verið trúmann, án þess að miða við nokkurt sérstakt tímabil í æfi hans, og um leið mótsögn í því er ~~hann~~ ræðumaður gat þess jafnframt að Þorsteinn hefði um langan tíma hafnað trúnni á tilveru annars lífs, því að án þeirrar trúarvissu mun enginn „trúmaður" kallast, hvað rúma merkingu sem menn leggja í það orð.

Í einu kvæði sínu segir Þorsteinn

að hann hafi áður átt trú og segir um hana:

Þetta valin viljakind
var á fyrri dögum
hún varð seinna hölt og blind
hún er nú frá með lögum

og má það teljast ljós játning þess að hann telur hana þá úr sögunni og mundi honum þá engin ósæmd þótt í að vera kallaður „trúmaður“

Jafnframt getur hann þess að trúin sín voni sér batni, þegar hár hans taki að grána og menn sé von hafa ræst; en á þeim árum er þetta var kveðið átti Þorsteinn létið af því er trú kallast.

Þorsteinn Erlingsson var einn af þeim mönnum, sem óblíð æfikjör komu til að glata trú og trausti á meðbræðrum sínum, nema þá þeim, er líkum kjörum áttu að sæta, og um leið misti hann trúna á guði. Það var ekki örbyrgðin ein er hann átti við að stríða heldur einnig sjúkdómar og heilsuleysi.

Skjalasafnið Ísafirði

sem hverjum manni er þyngsta bölið; munu þetta hvorttveggja hafa stutt að því að hann leit svo öllum augum á þjóðskipulag sem líðar sinn-ar, og málaði það svo svörtum myndum, að öllum sanngjörnum mönnum, mun ofmælt þykja. Hið sama gildir einnig um það er hann segir í garð kirkju og kristindóms. Kemur þar í ljós lítilsvirðing hans á hvorttveggju og um leið ósanngirni, er hann eignar kirkjunni þær kenningar, sem enginn kristinn maður kannast við. Það er rétt hjá ræðumanni er hann sagði að Þorsteinn hefði hafnað trúnni á annað líf, minnist ég í því ~~orða~~ sambandi á orð er Skúli Thoroddsen hafði eftir honum, rétt eftir síðustu aldamót.

Thoroddsen hafði þá fyrir skömmu hitt Þorstein í 20. fr. Átti Þorsteinn þá mjög bágt efnalega, og þjáðist einnig af heilsuleysi. Þeir ræddu um hjúmál og líf

Skjalasafnið Ísafirði

þá Þorstein þá skoðun í ljósi að öll bíarbrögð væru eingöngu sprottin af því að menninir hefðu ekki hug á að deyja, nema upp á annara ábyrgð, og sköpuðu þau svo sér til fróunar. Ég man ekki hvernig orðum var hagað í „Þjóðv. unga", enda voru ummæli Þorsteins ekki tekin orðrétt, en þó þessi tími sé liðinn man ég nóg til að meiningu er ekki hallað. Thoroddsen var þá efasemdamaður, en þó fundust honum þessi ummæli ofmælt, en ekki þarf að ætla að hann hafi fært orð Þorsteins til verri vegar, þar sem þeir voru bestu vinir.

Eins og áður er sagt lét Þorsteinn í ljósi lítilsvirðingu á kristinni trú og vil ég í því efni minnast á kvæði hans „Örlög guðanna" þar sem hann velur kristindóminum slík nöfn sem „austrænaskrímslið" og „óvætturi" enda andar svipaðri hlýju í þann garð gegnum alt kvæðið. Það kann vel

Skjalasafnið Ísafirði

að vera að Þorsteinn hafi áður elskað „samleikskonunginn Krist" en þetta kvæði sýnir að þá efast Þorst. ekki að hann muni eiga sömu örlög og gömlu goðin, enda segir hann:

En Krist og Jehova þyrmdu þeir þá
og þeir eiga að sitja þar lengur;
en eitt sinn mun dagurinn upprenna sá
að yfir þá dómurinn gengur.

Þá má nefna kvæðið „Guðsmyndin" er sýnir virðingu Þorsteins fyrir guðstrúnni, þar segir hann:

Kenna mun sitt mark á þér
mannafaðirinn eini;
stofn af vígtönn eftir er
og ögn af rófubeini.

Kvæðið „Örbyrgð og auður" sýnir ljóslega hvernig hin óblíðu æfikjör hafa blindað svo sjón skáldsins að það sér þar myndir sem enginn kannast við, nægir í því efni að nefna niðurlagserindið:

Þú félaus maður mátt hér líða nauð

og munt í Víti síðar kenna á hörðu,
en takist þér að eignast nógan auð
þig englar geyma bæði á himni og jörðu.

Í fyrstu útgáfu Þyrna (1897) er ekki ein Góðlína, er bendi á trú á nokkra guðlega tilveru, en mörg eru þau kvæðin er votta andúð hans í garð trúarbragðanna, og sumstaðar ber á því að hann þrái að tilveran væri tilgangsmeiri en honum finst hún vera, en trú annara á því sviði finst honum hégilja, enda „ofin að helmingi glingri“ til að skafa það út er skrifað hefir verið í lífsbók hans um það efni. Með þeim einum vill hann sigla á dauðahafið er láta sig engu skifta, hvað fyrir stafni er, hvort það er ströndin lífsins eða boðinn, sem brýtur yfir fleyið og gerir enda á allri tilveru.

Á þeim árum, sem þessi kvæði eru ort, mun ástand Þorsteins hafa verið líkt og Kristjáns Jónssonar þegar hann kvað: „Þú sem betra lífi lofar o. s. frv.
Þeir voru báðir jafnir í því að telja

Skjalasafnið Ísafirði

það „tál" að vona að annað líf væri til. Þetta vonleysi varð til þess að Kristján svifti sjálfan sig lífi, en það var dýrmæt vöggugjöf er leiddi Þorstein fram hjá því skeri. Ástin til dýranna og náttúrunnar, sem varð til að skapa beztu ljóðin hans, hún leiddi hann einnig yfir efasemda árin, og hin óblíða örlaganorn gat aldrei svift hann þeim verndar engli.

Þessi ást og ástin til konunnar, sem fylgdi honum síðasta lífsáfangann mun hafa orðið til þess að leiða hann til trúar á æðri tilveru, og trúar á framhald lífsins, svo hann gat loks öruggur lagt út í „Svörtu nóttina". Því að þótt hann á trúleysisárunum talaði hraustlega, þá er ekki ósennilegt að farið hefði fyrir honum sem félaga hans, er hann getur um í kvæðinu „Á spítalanum" sem áður var sammála honum, en honum fanst bugast er á hólminn kom. Jafnvel þó að ég þekki ekki vel skoðanir Þorsteins á síðustu árum hans.

Skjalasafnið Ísafirði

þá skal ég ekki mótmæla því að þá hafi hann mátt kallast trúmaður, hvernig sem trú hans hefir þá verið varið, þá er það víst að hann trúði á framhald lífsins, en hver sá er hafnar þeirri trú, hann stendur í því efni á lægra stigi en jafnvel þeir þjóðflokkar, sem við vitum hafa staðið lægst í trúarefnum, og það jafnt þó að sá maður standi mitt í menningu nútímans, því að á hvað hefir sá að trúa á, sem neitaði að nokkuð sé til annað en hið sýnilega og hvers hefir sá að vona, sem er fullviss um, að dauðinn sé endir allrar tilveru.

Kristján G. Þorvaldsson

## Hugleiðingar.

Mig langaði til að segja nokkur orð á síðasta fundi í fyrra vor, en ég hefi týnt blaðinu, sem ég var búin að skrifa á mér til minnis.

Skjalasafnið Ísafirði

Mér þótti vant um að það var aftur skift í flokka í Stefnir því að ég gat ekki annað séð en alt fór vel og skipulega fram hjá flokkunum þó að einn maður væri á móti þeim þá fengu þeir framgang samt.

Ég hafði gaman af að sitja á fundum og hlusta á það sem fram fór. Það voru bæði ungir og gamlir sem reyndu að skemta á fundum eftir bestu getu

Það var ánægjulegt að sjá stákana sem aldrei höfðu gert neitt áður á fundi draga upp úr vasanum ræður kvæði eða sögu til þess að lesa, því að mínu áliti hafa allir gott af að hugsa eitthvað, það gefur hvöt til að starfa

Stefnismenn eru búnir að sýna að þeir geta verið samtaka það sýnir Stefnisvegurinn sem verður minnisvaði hans heima á mölunum. Fleira á Stefnir eftir að koma í framkvæmd

Skjalasafnið Ísafirði

næst leggur sundlaugin og svo kemur hvert af öðru. Einn maður sagði um daginn: „Jeg vildi nú að snjóinn færi að leysa svo hægt væri að spekúlera í lauginni."

Það er altaf hægt að fá nóg til að vinna en það er misjafnt hvað ungir menn eru fúsir á að vinna smásnúninga, þeir mega trúa því að þeir mega vera viljugri og vinnusamari þegar þeir eru búnir að eignast konu og börn. Jeg ætla nú ekki að tala meira um það því að jeg er ekki fær um að eyða mörgum orðum um það mál, þar sem jeg er ómentuð. Hvernig stendur á því að ungu strákarnir eru miklu daufari með að koma með eitthvað á fundi í vetur en í fyrra? Það er ekki eins gaman að hlusta altaf á sömu mennina tala á fundum, heldur en þeir skiftist á sem í Stefni eru. Jeg held að deyfð-in stafi af því að flokkaskiftingin er öðruvísi en í fyrra. Jeg óska öllum gleðilegra páska.

Kristín Kristjánsdóttir

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið-Ísafirði

46

468

470

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði